

Óttar Guðmundsson

HETJUR OG HUGARVÍL

GEÐSJÚKDÓMAR
OG PERSÓNULEIKARASKANIR
Í ÍSLENDINGASÖGUM



JPV ÚTGÁFA

Íslenska kynlífsbókin 1990

Tíminn og tíarið 1992

Það sem máli skiptir 1994


Kvennamaður deyr 1996

Listin að lifa, listin að deyja 2000

Kleppur í 100 ár 2007

Hetjur og hugarvíl 2012

Óttar Guðmundsson



**HETJUR
OG HUGARVÍL**
GEÐSJÚKDÓMAR
OG PERSÓNULEIKARÁSKANIR
Í ÍSLENDINGASÖGUM

JPV
JPV ÚTGAFA

*Bókin er tileinkuð öllum
óhamingjusömum hetjum þessa lands.*

Hetjur og hugarvill
Geðsjúkdómar og persónuleikaraskanir í Íslendingasögum
© Óttar Guðmundsson 2012

Umbrot, myndskreytingar og kápuhönnun: Jón Ásgeir Hreinsson
Letur í meginmáli: Adobe Garamond Pro 10/14 pt.
Prentun: Oddi, umhverfsvottuð prentsmíðja

1. útgáfa apríl 2012
Endurpr. maí 2012

JPV útgáfa · Reykjavík · 2012

Öll réttindi áskilin.

Gefin út í Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9935-11-266-8

JPV útgáfa er hluti af Forlaginu ehf.
www.forlagid.is



EFNISYFIRLIT

FORMÁLI

11

Tungumál geðlæknisfræðinnar, 12 · Siðgæðishugmyndir þá og nú, 13 · Uppbygging þessarar bókar, 14

BRENNU-NJÁLS SAGA

17

Viðtal við Hrút, 19 · Viðtal við Gunnhildi, 21 · Viðtal við Unni, 22 · Kynlíf í heljarkulda, 23 · Geðgreining Gunnhildur kóngamóðir Össurardóttir, 24 · Unnur Marðardóttir, 26 · Hrútur, Gunnhildur og Unnur í nútímanum, 27 · Viðtal við Hallgerði, 29 · Viðtal við Þjóstólf, 30 · Banvænt samband, 31 · Geðgreining Þjóstólfur þræll, 32 · Þjóstólfur í nútímanum, 33 · Viðtal við Hallgerði, 34 · Viðtal við Gunnar Hámundarson, bónda á Hlíðarenda, 37 · Geðgreining Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir, 39 · Gunnar Hámundarson, 41 · Eitrað samband, 43 · Fögur er hlíðin?, 44 · Gunnar, Njáll og Rannveig, 45 · Gunnar og Hallgerður í nútímanum, 46 · Viðtal við Þráin Sigfússon og Þórhildi skáldkonu, konu hans, 48 · Grár fiðringur, 49

Viðtal við Hrapp Örgumleiðason, 51 · Viðtal við Mörð Valgarðsson stjörnulögfræðing, 52 · Geðgreining Hrappur Örgumleiðason, 54 · Mörður Valgarðsson, 54 · Hrappur og Mörður í samtímanum, 55 · Bræðraspjall við Skarphéðin og Helga Njálssyni, 57 · Viðtal við Njál, 60 · Geðgreining Njáll Þorgeirsson, 61 · Makaval á söguöld, 61 · Geðgreining Skarphéðinn Njálsson, 62 · Skarphéðinn í nútímanum, 63 · Höskuldur Hvítanesgoði og ödipusarduld Skarphéðins, 64 · Geðgreining Höskuldur Þráinsson, 65 · Höskuldur í nútímanum, 66 · Viðtal við Bergþóru, 66 · Geðgreining Bergþóra Skarphéðinsdóttir, 67 · Njáll og Bergþóra í nútímanum, 68 · Sorglegur hjónavandi, 68 · Björn og Valgerður í nútímanum, 69 · Viðtal við Hildigunni Starkaðardóttur, 71 · Viðtal við Kára Sölmundarson, 74 · Geðgreining Kári, 76 · Hildigunnur, 76 · Hefnd Flosa, 77 · Kári og Hildigunnur í nútímanum, 78 · Í sögulok, 79



EGILS SAGA 81

Egill í æsku, 83 · Frásögn móður, Beru Yngvarsdóttur, 84 · Geðgreining Egill Skalla-Grímsson, 85 · Bera Yngvarsdóttir, 86 · Frásögn bróður, Þórólfs Skalla-Grímssonar, 86 · Geðgreining Egill Skalla-Grímsson á fullorðinsárum, 87 · Frásögn föður, Skalla-Gríms Kveld-Úlfssonar, 87 · Frásögn vinar, 88 · Geðgreining Kveld-Úlfur, Skalla-Grímur, Þórólfur og Egill, 90 · Frásögn sonar, 91 · Erfitt gamalmenni, 92 · Egill í nútímanum, 93 · Í sögulok, 94



FÓSTBRÆÐRA SAGA 97

Viðtal við Þormóð Bersason Kolbrúnarskáld og Þorgeir Hávarsson, 98 · Geðgreining Þorgeir Hávarsson, 100 · Þormóður Kolbrúnarskáld, 102 · Læknisfræði og sálfræðipækking höfundar, 103 · Þorgeir og Þormóður í nútímanum, 105 · Í sögulok, 106



GÍSLA SAGA SÚRSSONAR 107

Viðtal við Gísla Súrsson, Þorkel Súrsson, Þórdísi Súrdsóttur og Auði Vésteinsdóttur, 109 · Geðgreining Gísli Súrsson, 116 · Auður Vésteinsdóttir, 117 · Þórdís Súrdsóttir, 118 · Gísli og Auður í nútímanum, 119 · Í sögulok, 120



GRETTIS SAGA 123

Viðtal við Ásdísi Bárðardóttur á Bjargi, 124 · Geðgreining Grettir Ásmundsson, 125 · Ásdís Bárðardóttir, 126 · Viðtal við Gretti, 127 · Geðgreining Grettir Ásmundsson, 131 · Lítið undir stórum manni, 132 · Viðtal við Þorstein drómund, bróður Grettis, 133 · Ólíkir bræður, 135 · Persónur Grettis sögu í nútímanum, 135 · Í sögulok, 137



HARÐAR SAGA OG HÓLMVERJA 139

Óhamingjusamur utangarðsmaður, 141 · Geðgreining Hörður Grímkelsson, 143 · Hörður og fjölskylda í nútímanum, 143 · Í sögulok, 144



HÁVARÐAR SAGA ÍSFIRÐINGS 145

Viðtal við Bjargeyju, eiginkonu Hávarðar, 146 · Geðgreining Hávarður Ísfirðingur, 147 · Þorbjörn Þjóðreks-son, 148 · Kynlíf á Vestfjörðum, 149 · Í sögulok, 150



HREIÐARS ÞÁTTUR HEIMSKA 151

Geðgreining Hreiðar heimski, 152 · Hreiðar í nútímanum, 152



LAXDÆLA SAGA 153

Hópsamtal við Höskuld Dala-Kollsson, Jórinni, konu hans, Gilla kaupmann og Melkorku ambátt, 155 · Erlend bróður í köldu landi, 158 · Geðgreining Melkorka Mýrkjartans-

dóttir, 158 · Jórunn Bjarnardóttir, 159 · Höskuldur, Melkorka og Jórunn í nútímanum, 160 · Guðrún, Bolli og Kjartan, 161 Viðtal við Guðrúnu Ósvífursdóttur, 168 Geðgreining Guðrúnu Ósvífursdóttir, 162 · Guðrún í nútímanum, 169 Viðtal við Kjartan Ólafsson, 170 · Geðgreining Kjartan Ólafsson, 173 · Kjartan í nútímanum, 174 Viðtal við Bolla Þorleiksson, 174 · Geðgreining Bolli Þorleiksson, 177 · Bolli í nútímanum, 178 · Þuríður, 179 Dauðasyndirnar, 180 · Í sögulok, 180

SKÁLDASÖGUR 182

HALLFREÐAR SAGA VANDRÆÐASKÁLDS 183

Geðgreining Hallfreður vandræðaskáld Óttarsson, 184 Kolfinna Ávaldadóttir, 185 · Hallfreður og Kolfinna í nútímanum, 185 · Í sögulok, 186

KORMÁKS SAGA 187

Viðtal við Kormák, 188 · Geðgreining Kormákur Ögmundarson, 191 · Steingerður Þorkeldsdóttir, 192 · Kormákur og Steingerður í nútímanum, 192 · Geðgreining Bersi Véleifsson (Hólmgöngu-Bersi), 193 · Í sögulok, 194

BJARNAR SAGA HÍTDÆLAKAPPA 197

Viðtal við Björn Hítðælakappa Arngeirsson, 198 Geðgreining Björn Hítðælakappi Arngeirsson, 200 Viðtal við Þórð Kolbeinsson, 201 · Geðgreining Þórður Kolbeinsson, 203 · Oddný eykyndill Þorkeldsdóttir, 204 Björn, Þórður og Oddný í nútímanum, 205 · Í sögulok, 206

GUNNLAUGS SAGA ORMSTUNGU 207

Viðtal við Gunnlaug ormstungu Illugason, 208 · Geðgreining Gunnlaugur ormstunga Illugason, 211 · Viðtal við Hrafn

Önundarson, 211 · Geðgreining Hrafn Önundarson, 213 Viðtal við Helgu fögru Þorsteinsdóttur, 214 · Geðgreining Helga Þorsteinsdóttir, hin fagra, 215 · Gunnlaugur, Hrafn og Helga í nútímanum, 216 · Skáldin og Freud, 217 Í sögulok, 219

AÐ LOKUM 220

BÓKARAUKI 223

EFTIRMÁLI, TORFI TULINIUS 231



FORMÁLI

Þessi bók byggir á hugarflugi höfundar og áhuga á Íslendingasögum, sérþekkingu á geðtruflunum, persónuleikaröskunum og samskiptum fólks. Sögurnar hafa sífellt fundið samhljóm hjá nýjum kynslóðum sem hafa reynt að varpa ljósi á persónur og leikendur og höfunda.

Margar aldir eru liðnar síðan punktur var settur aftan við Brennu-Njáls sögu og tækniframfarir hafa verið ótrúlegar. En maðurinn sjálfur hefur ekkert breyst að innræti eða eðli þrátt fyrir byltingarkenndar breytingar á lífi hans og kjörum. Íslendingasögur höfða til nútímamannsins vegna þess að persónur þeirra eru tímalausar og fást við sömu vandamál og aðrar kynslóðir í þessu landi. Öfund og afbrýðisemi, höfnunarkennd og minnimáttartilfinning, sjálfsvorkunn, hefndarþorsti, ágirnd og hégómeiki ráða nú sem fyrr ferðinni og dyggðirnar eiga erfitt uppdráttar. Kynlíf og samskipti hjóna ganga enn misvel og freistingar heimsins eru á hverju stráí. Sögurnar eru á landamærum veruleika og skáldskapar og höfundarnir hafa verið ófeimnir við að gefa gömlum flökkusögum og þjóðsagnapersónum líf.

Ég hef lesið sögurnar með augum geðlæknis og notað greiningar og skýringar fræðanna til að skilja betur nokkrar áhugaverðar persónur eins og um raunverulegt samferðafólk væri að ræða. Sama hafa

fjölmargir geðlæknar gert varðandi persónugalleríð hjá Shakespeare og fleiri höfundum þótt vitað sé að um hugarfóstur skáldanna sé að ræða.

Ég hef um nokkurra ára skeið verið leiðsögumaður fyrir ferðamenn í Berlín. Sú borg var að hluta sprengd í loft upp í heimsstyrjöldinni og endurbyggð og margt er nýtt og stundum fátt sem minnir á forna fegurð gamalla stræta. Ég hef því orðið að lýsa borginni eins og ég held að hún hafi verið. Sama hef ég gert í þessari bók, virt persónur sagnanna fyrir mér og ráðið í tilfinningar og innræti sem dylst bak við meitlaðan textann.

Ég valdi að gera stærstu og vinsælustu og lengstu sögurnar að viðfangsefni mínu og bjóða nokkrar persónur þeirra velkomnar í draslið og óreiðuna sem lengi hefur verið ríkjandi á lækningastofu minni. Rúmsins vegna varð að sleppa mörgum spennandi sögum svo að stór hópur fólks situr enn á biðstofunni og verður að bíða eftir viðtali og greiningu enn um hríð.

TUNGUMÁL GEÐLÆKNISFRÆÐINNAR

Innan geðlæknisfræðinnar tíðkast að nota „geðgreiningar“ til að flokka og skilja geðræna kvilla og vanlíðan betur. Greiningin er verkfæri sem hópar með sameiginlegan skilning á viðkomandi ástandi geta unnið með samtímis. Hún er tungumál sem menn geta notað milli landa og heimsálfa þar sem fengist er við sömu vandamálin.

Orðið *diagnosis* er þekkt í læknisfræði fornaldar og þýðir vitneskja um kjarna málsins. Greiningakerfi geðsjúkdómafræðinnar er ekki eins fast í reipum og aðrar greiningar innan læknisfræðinnar enda er oftsinnis verið að lýsa huglægum fyrirbærum sem erfitt er að slá á mælistikum rannsóknarlæknisfræði. Menn eru aldrei á einu máli um þessar skilgreiningar og túlka tilfinningar og tilsvör á mismunandi vegu. Þetta sést vel þegar vinnubrögð geðlækna eru skoðuð þar sem sami sjúklingur fær mismunandi greiningar vegna þess að einkennin eru ekki alltaf eins og skilningi og mati læknanna ber ekki alltaf sam-

an. Þetta stafar líka af því hve erfitt er að draga skýr mörk milli þess eðlilega og hins óeðlilega. Geðlæknar eru ekki á einu máli hvort til séu andlega fullheilbrigðir menn.

Starfsmenn heilbrigðisstofnana nota alþjóðleg greiningarkerfi þar sem sérhver greining byggir á ákveðnum einkennum sem verða að vera fyrir hendi. Greiningin sjálf ber alþjóðlegt og íslenskt heiti og auk þess sjúkdómsnúmer sem auðveldar vísindalega vinnu og uppgjör. Í bókarklok eru helstu greiningarnar dregnar saman og útskýrðar nánar.

Ég nota þessar greiningar við að skilgreina ýmsa annmarka á persónuleika helstu söguhetjanna og hvaða áhrif alls kyns geðkvillar hafi haft á framvindu sögunnar. Eflaust eru einhverjir mér ósammála um þessar greiningar en hér er ekki um nákvæm vísindi að ræða. „Allt orkar tvímælis þá er gert er,“ sagði Njáll kallinn á Bergþórshvoli og sennilega verða menn aldrei sammála hvernig túlka á Íslendingasögur.

SIÐGÆÐISHUGMYNDIR ÞÁ OG NÚ

Umhverfið með lögum sínum, reglum og hefðum mótar viðbrögð einstaklingsins. Það er því oft erfitt að meta háttarni og hegðun fólks án þess að þekkja nákvæmlega gildismat viðkomandi samfélags. Hugmyndir manna um siðferði á söguöld voru um margt keimlíkar skoðunum nútímamanna. Foreldrar brýndu fyrir börnum sínum aðhald í kynferðismálum eins og nú er gert og reyndu að innræta ungvíðinu heiðarleika og góða siði.

Íslendingasögur eru fjölskyldusögur og segja frá hjónaböndum og barnauppeldi og samskiptum hjóna. Sagt er frá ástum og samdrætti kynjanna og misheppnuðum samböndum þar sem ósveigjanleiki og geðræn vandamál draga dilk á eftir sér. Lög um samskipti kynjanna kváðu á um óskorad vald heimilisföður til að ráðstafa dætrum sínum í hjónabönd án samráðs við þær sjálfar. Ungum mönnum sem ekki virtu þetta vald fedranna var refsad grimmilega fyrir að fara á fjörur við stúlkur án tilskilinna leyfa og samþykkis.

Einn reginmunur er þó á samfélagi sögualdar og nútímans. Ekkert

frankvæmdavald var í landinu svo að menn urðu að treysta á sjálfa sig og frændstyrk sinn til að ná fram hefndum og refsa brotlegum. Hefndarskyldan lagði þungar byrðar á samvisku manna enda var ætlast til að hún væri öllum öðrum skuldbindingum æðri og mikilvægari. Margir fórnðu lífinu til að koma fram hefndum fyrir léttvæga móðgun eða ósvífni. Stöðug átök og hefndir grófu undan siðgæðisvitund manna í samfélagi þar sem hefndarskylda og heiður voru ofar lögnum. Víða er í sögunum getið um hefnd sem fær eigið líf svo að hvert víg kallar á annað.

Hugmyndir um heiður og sæmd stjórnðu lífi manna og fylgdu þeim yfir í annan heim. Margir vildu fremur deyja en lifa við skömm sem nútímamenn eiga erfitt með að skilja. Þegar persónur sögualdar eru dregnar inn í greiningakerfi geðlækninga þarf að taka tillit til slíkra krafa sem höfðu mikil áhrif á gang sagnanna.

Geðlæknar nota hugtök eins og siðblindu mjög frjálsglega, en hvaða merkingu hafði það á ritunartíma sagnanna? Samfélag sögualdar býður upp á siðblindu og alls konar glæpaverk sem menn réttlæta fyrir sjálfum sér og öðrum með hugtökum eins og hefndarskylda, heiður og hetjuskapur. Lagabókstafurinn var veikur og menn komust upp með alls kyns ójöfnuð í skjóli vopna, ættarveldis og öflugt tengslanets.

Margir virtust ósnertanlegir í þessu samfélagi og fóru sínu fram hvað svo sem tautaði og raulaði. Í þeim tilvikum skipti persónuleikinn miklu máli. Ekki höguðu allir sér eins og villimenn en margir gerðu það og virtust njóta þess að drepa fólk í nafni einhvers illa skilgreinds málstaðar. Þegar svo er má tala um siðblindu eða alvarlega persónuleikaröskun. Í þessu mikla tilfinningalega umróti og deilum koma ákveðin persónuleikaeinkenni sérlega vel í ljós sem eru viðfangsefni mitt í þessari bók.

UPPBYGGING ÞESSARAR BÓKAR

Sögurnar eru teknar í stafrófsröð. Ég segi stuttlega frá þeim til að skýra út umhverfi söguhetjanna. Persónur sagnanna setjast inn á lækninga-

stofuna og segja frá sjálfum sér og tilfinningum sínum. Þær koma venjulega fram í þeirri röð sem fylgt er í bókinni. Ég túlka í samræmi við venjur og kunnáttu geðlæknisfræðinnar, spjalla við þetta fólk og ræð í hugsanir þess og tilfinningar. Mörgu er sleppt sem gaman hefði verið að segja frá og fjölmargar skemmtilegar persónur komast aldrei af biðstofunni og inn í bókina. Í lok hvers kafla velti ég því fyrir mér til gamans hver hefðu orðið afdrif þessara einstaklinga í nútímasamfélagi.



BRENNU-NJÁLS SAGA

Njála eða Brennu-Njáls saga er lengst Íslendingasagna og mannflest. Þar koma við sögu rúmlega 600 manns og fjórðungur þeirra eru konur. Hún gerist á löngu tímabili, kemur víða við og greinir frá frægum atburðum eins og kristnitöku á Íslandi og konungaskiptum í Noregs-sögu.

Brennu-Njáls saga er tvískipt og fjallar fyrri hlutinn aðallega um líf og dauða Gunnars Hámundarsonar á Hlíðarenda. Sagan hefst á frásögn af kvennamálum Hrúts nokkurs Herjólfssonar og hjónabandi hans og Unnar Marðardóttur frændkonu Gunnars. Sú saga er fyrirboði þess sem síðar gerist. Næst er kynnt til sögunnar bróðurdóttir Hrúts, Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir. Hún giftist tveimur mönnum sem báðir eru drepnir af fóstura hennar, rustamenninu Þjó-stólfi. Gunnar kvænist Hallgerði mörgum árum síðar og flytur hún með honum í Fljótshlíðina ásamt dóttur sinni. Hallgerður eldar grátt silfur við vini Gunnars, hjónin að Bergþórshvoli, Njál og Bergþóru og syni þeirra. Þær Hallgerður og Bergþóra láta drepa húskarla hver fyrir annarri og hata hvor aðra eins og pestina. Vínátta þeirra Gunnars og Njáls bíður þó engan hnekki við þessi átök. Þessar deilur og afleiðingar þeirra leiða smám saman til falls Gunnars.

Í seinni hlutanum er rakin saga Njáls og Bergþóru og sona þeirra.

Órlogaríkustu atburðir sögunnar eru víg þeirra feðga Þráins Sigfússonar og Höskuldar sonar hans en Skarphéðinn Njálsson vegur þá báða fyrir litlar sakir. Þeir eru náfrændur Gunnars á Hlíðarenda sem flækir söguna mikið. Eftirmál þessara víga eru flókin og umfangsmikil. Njáll er brenndur inni að Bergþórshvoli með sínu fólki en tengdasonur hans Kári kemst undan og hefnir brennunnar grimmilega. Í sögulok takast sættir og Kári kvænist Hildigunni sem áður hafði verið gift Höskuldi Þráinssyni.

Söguvið bókarinnar er fyrst og fremst Rangárvallasýsla þótt sagan berist víðar um land og til fjarlægari landa. Höfundurinn býr yfir mikilli mannþekkingu og lýsir á lifandi hátt hjónabandsvandamálum sem eru tímalaus og gætu allt eins verið viðfangsefni félagsráðgjafa á geðdeildinni. Enginn er algóður eða alvondur enda felst styrkleiki sögunnar í því hversu mannlegar og breyskar persónur hennar eru.

Engin saga hefur náð öðrum eins vinsældum á Íslandi og Brennu-Njáls saga. Hún hefur smám saman runnið inni Íslandssöguna og orðið hluti af henni og persónur hennar hafa öðlast sjálfstætt líf í þjóðarvitundinni. Mörg spakmæli sögunnar hafa orðið hluti af málvitund þjóðarinnar. Þegar Jón Hreggviðsson þvælist mállaus um hið blauta og flata Holland í Íslandsklukku Laxness harmar hann mest það hlutskipti sitt að geta ekki sagt innfæddum frá afreksverkum Gunnars á Hlíðarenda.

GUNNHILDUR KÓNGAMÓÐIR, HRÚTUR HERJÓLFSSON OG UNNUR MARÐARDÓTTIR STÍGA FYRST Á SVIÐ Í FLÓKINI PERSÓNUSÖGU NJÁLU.



HRÚTUR HERJÓLFSSON: *Dalamaður og mikill kappi og ástmaður Gunnhildar kóngamóður. Hrútur kemur bæði við sögu í Njálu og Laxdæla sögu. Hann var hálfbróðir Höskuldar Dala-Kollssonar föður Hallgerðar langbrókar. Hrútur kvæntist Unni Marðardóttur gígju en þau skildu eftir mikil átök. Hrútur lét þó ekki deigan síga því að í Landnámabók er getið um 20 börn Hrúts og í Laxdælu um 16 syni og 10 dætur með seinni eiginkonum.*



VIÐTAL VIÐ HRÚT

GEDLÆKNIR: Hver voru tildrögin að samskiptum þínum og Unnar og Gunnhildar kóngamóður?

HRÚTUR: Höskuldur bróðir minn lagði til að á Alþingi skyldi ég biðja mér Unnar Marðardóttur af Rangárvöllum fyrir konu. Ég efaðist strax um þennan ráðahag en þrátt fyrir það fórum við bræður og sömdum við Mörd gígju föður hennar um heimanmund og brúðkaupið sjálft. Mördur var vel ríkur svo að Unnur þótti ágætur kvenkostur en ég var fullur efasemda.

Skömmu síðar fór ég til Noregs á fund Noregskonungs eins og þá var síður og frestaði brúðkaupinu. Þar hitti ég fyrir Harald gráfeld konung Eiríksson að Konungahellu. Hjá honum við hirðina var móðir hans Gunnhildur Össurardóttir sem kölluð var kóngamóðir. Ég hafði heyrt miklar sögur af henni og hversu vergjörn og glæsileg hún væri. Hún horfði á mig án afláts og benti mér fljótlega að fylgja sér á svefnloftið og spurði hvort ég vildi ekki gista í rekkju hennar um nóttina. Gerði ég það án nokkurs hiks og Unnur hvarf mér algjörlega

úr huga. Áður en varði var ég orðinn ástmaður Gunnhildar kóngamóður og hirðmaður hennar og konungs. Þetta samband færði mér alls konar upphæfð við hirðina þótt Gunnhildur vildi að þetta færi leynt.

GEÐLÆKNIR: Hvernig endaði þetta ástarævintýri?

HRÚTUR: Smám saman skynjaði ég að við gátum ekki haldið lengur áfram þennan veg. Aldursmunurinn var mikill og menn þískruðu og töluðu um mig á bak. Stundum hugsaði ég til Unnar og fannst ég þurfa að efna heit mín við hana. Ég var á milli tveggja elda og bað konung um fararleyfi til Íslands og fékk það fyrir orðastað Gunnhildar. Hún spurði mig hvort einhver kona biði mín á Íslandi sem ég neitaði. Gunnhildur fylgdi mér til skips, gaf mér fallegan hring að skilnaði og lagði á mig galdur og sagði mig aldrei geta notið ásta með Unni. Mér brá en ákvað að sýna styrk minn með því að hlæja að illspám hennar. Ég kveið því á leiðinni heim að ná fundi Unnar og saknaði Gunnhildar og ástastunda okkar. Fljótlega hitti ég Unni og við héldum brúðkaup. Hún var döpur í veislunni eins og hún vissi af samskiptum mínum og drottningar.

GEÐLÆKNIR: En þú hélst leikritinu áfram?

HRÚTUR: Já, það voru engar aðrar leiðir færar. Þegar við gengum til rekkju reyndi ég að serða hana en það gekk engan veginn. Mér stóð eðlilega en þegar við reyndum að hafa samfarir var eins og limurinn væri of stór eða hún gæti ekki opnað skaut sitt. Þannig var þetta alla okkar sambúð. Ég hugsaði oft til Gunnhildar og álaga hennar og bölvæði henni í huganum. Svo fór að Unnur sagði skilið við mig og það var á allra vitorði að ég hefði ekki sorðið hana. Eftirmálar voru dapurlegir. Ég var hafður að háði og spotti og smásveinar léku mig öðrum til skemmtunar í baðstofum og höfðu á orði að ég hefði ekki gagnast Unni. Þetta voru erfiðustu dagar lífs míns og engu skipti þótt mér tækist að snúa á Unni og föður hennar í búskiptunum.



GUNNHILDUR KÓNGAMÓÐIR ÖSSURARDÓTTIR:

Femme fatale eða örlagakvendi í Íslendingasögum. Hún var fegurst kvenna, vitur, margkunnug og gladmælt en líka mikill undirbyggjumaður, ágjörn og grimm. Ung giftist hún Eiriki blóðöx sem útvalinn hafði verið til að taka við ríkinu öllu af Haraldi hárfagra föður sínum. Gunnhildar er víða getið en aðallega í Brennu-Njáls sögu og Egils sögu Skalla-Grimssonar.



VIÐTAL VIÐ GUNNHILDI

GEÐLÆKNIR: Hvert var upphaf samskipta ykkar Hrúts?

GUNNHILDUR: Ég var við hirðina hjá syni mínum konunginum og hafði óljóst hlutverk. Mér leiddist og saknaði þeirra tíma þegar ég var drottning. Þegar Hrútur kom frá Íslandi, leist mér strax vel á þennan unga, vasklega mann enda lágum við á loftinu meira og minna í hálfan mánuð. Það var gott að finna mátt sinn þegar hann hlýddi mér umyrðalaust, þrátt fyrir aldursmun okkar.

Ég hafði hann mér til skemmtunar um veturinn og gaf honum ný fót að klæðast svo að hann yrði ekki eins og sveitamaður við hirðina. Þetta var tími mikils ástarbríma og Hrútur fullnægði mér með miklum ágætum enda yngdist ég þennan vetur. Þegar aftur voraði fannst mér Hrútur verða svo hugsjúkur að ég spurði hann hvers væri vant. Hann sagðist vilja halda til Íslands. Þá spurði ég hvort hann ætti unnustu á Íslandi en hann neitaði því. Þetta hafði ég þó heyrt aðra Íslendinga flimta með svo að ég vissi að hann laug. Skömmu síðar fór hann á fund konungs og beiddist fararleyfis. Mér fannst hann hafna mér en verstar voru lygarnar. Ég spáði þessu sambandi hans illu en hann hló og gekk á braut eins og honum stæði á sama. Þá sárnaði mér enn frekar.



UNNUR MARÐARDÓTTIR: *Sveitastúlka á Rangárvöllum, dóttir Marðar gígju Sighvatssonar hins rauða og eiginkona Hrúts Herjólfssonar. Mördur faðir hennar var álitinn einn mesti lögspek-ingur á landinu. Þau Unnur og Hrútur skildu og giftist hún síðan Valgarði gráa og með honum átti hún soninn Mörd Valgarðsson sem er illræmdastur allra íslenskra stjörnulögfræðinga fyrr og síðar. Unnur var mjög háð föður sínum og skoðunum hans.*



VIÐTAL VIÐ UNNI

GEÐLÆKNIR: Segðu mér frá sambandi ykkar Hrúts.

UNNUR: Ég fann fljótlega að hann vildi ekkert með mig hafa að gera. Hann bað mín fyrir orð bróður síns og ásældist fjármuni föður míns. Eftir stutta trúlofun fór hann til Noregs og skildi mig eftir í festum. Þegar hann kom heim aftur fann ég vel hversu fráhverfur hann var mér. Fljótlega heyrði ég af sambandi hans við Gunnhildi kóngamóður. Ég reiddist þessu og fannst hann sýna mér mikla óvirðingu. Í brúðkaupinu var ég döpur enda langaði mig ekki í þetta hjónaband eða þennan mann.


Skilnaðarorð eða illspá Gunnhildar voru á allra vörum. Hún rættist enda tókst okkur aldrei að hafa samfarir. Þegar hann kom við mig var limur hans eða hörund svo mikið að hann mátti ekki hafa við mig eftirlæti eða kynmök. Svo fór að ég skildi við hann með fulltingi föður míns og annarra ættingja. Ég sagði opinskátt frá því að ráði föður míns að hann hefði ekki getað notið ásta með mér. Þetta var haft í flimtingum um allt land og ég gladdist yfir þeirri niðurlægingu sem Hrútur varð að sæta.

KYNLÍF Í HELJARKULDA

Sagan af Hrúti og Gunnhildi er goðsögn um volduga konu eða kven-skímsli sem dregur hetju sögunnar á talar. Sírenur í Ódysseifskviðu reyndu að leika þennan leik við Ódysseif og fjöldi rammíslenskra álfkvenna vildu tæla ágæta menn eins og Ólaf heitinn liljurós. Kristin trú lagði mikla áherslu á að vara unga menn við slíkum konum sem sættu færís að leiða þá af vegi dyggðanna. Hrútur er einn þessara auðtælanlegu manna sem orðalaust fylgir sinni aldurhignu álfkonu inn í hólinn og dvelst þar langdvölum. Reyndar er Gunnhildur illa þokkuð hjá höfundum Íslendingasagna. Það er vel við hæfi að gera hana bæði kynóða og rammgöldrótta enda fer það saman. Samband eldri konu eins og Gunnhildar og yngri manns eins og Hrúts leiðir hugann að flóknum kenningum sálkönnuða um kynferðislegar kenndir barna til foreldra sinna og öfugt. Gunnhildur er eins og kærleiksrík móðir eða amma og ástríðufull ástkona gagnvart Hrúti og sinnir öllum þörfum hans. Hann er háður henni og hlýðir hverri bendingu eins og besti sonur. Hún velur á hann tignarleg klæði, beinir honum til áhrifa við hiðrina og elskast með honum allar nætur eins og draumkona.

Samband þeirra Hrúts og Unnar var dauðadæmt frá upphafi. Hann hefur litlar tilfinningar gagnvart þessari konu og girnist fremur peninga föður hennar en hana sjálfa. Kynlífsvandi þeirra Unnar og Hrúts er sá frægasti í öllum Íslendingasögum og hafa menn reynt að ráða í hann á marga lund. Sagan rekur þessi vandræði að sjálfsgöðu til galdurs Gunnhildar. Það er að einhverju leyti rétt. Allir vita að kynlíf stendur sjaldnast með blóma í hjónaböndum þar sem kalt er á milli hjóna og gömul ástarævintýri liggja á milli þeirra í hjónasænginni.

En hvar liggur vandamálið? Hvers vegna gátu þau ekki haft samfarir? Hrútur hafði sýnt að hann



var ágætlega til þess fallinn að fullnægja konum, og síðar á lífsleiðinni eignaðist hann fjölda barna. Mögulega var vandamálið hjá Unni en ekki Hróti. Nútímahjónabandsráðgjafar hefðu eflaust fundið margar aðrar skýringar á kynlífsleysi þeirra hjóna en galdur Gunnhildar. En kannski lamaði stöðug nærvera hennar þau bæði sem kynverur. Kannski má kalla það galdur eða ást sem er sami hluturinn þegar öllu er á botninn hvolft.

GEÐGREINING

Hrútur Herjólfsson gengur ekki rakleiðis inn í einhvern greiningar-
arbás geðlækna. Hann er fyrst og fremst tækifærissinni sem hugsar um
eigin hag, giftist til hjár og sefur hjá Gunnhildi til að styrkja stöðu sína
við hirðina. Nútímamaður hefur engin efni á því að gagnrýna slíka
framkomu eða skilgreina hana sem sjúklega. Þegar upp er staðið er
Hrútur einn af sigurvegurum Njálu og kemur nokkurn veginn heill
út úr átökum hennar.

Gunnhildur kóngamóðir Össurardóttir:

Hambrigða persónuröskun (*Borderline personality disorder*)

Hambrigðapersónuröskun eða „borderline“-röskun er ein algengasta
og alvarlegasta persónuröskunin. Einu sinni var talið að þessir ein-
staklingar lægju á mörkum hins eðlilega og geðrofsástands og þaðan er
enskt heiti þessara einkenna komið („borderline“ eða landamærafólk).
Menn töldu þetta fólk vera við það að sturlast en yfirleitt tækist því að
halda sér réttu megin við strikið. Fólk með þessa röskun er hégómlegt,
viðkvæmt og auðsæranlegt og lendir oft í miklum deilum við um-
hverfi sitt. Heimsmýndin er venjulega svört eða hvít og fólki skipt í
vini og óvini. Lundin sveiflast öfganna á milli. Aðra stundina er fólk
ofsareitt en hina mjög glatt. Heit ást snýst í einni sjónhendingu upp í
hatur. Þessir einstaklingar geta villst yfir landamæri geðrofsins og fara
þá að heyra raddir eða sýna önnur alvarleg geðræn einkenni.

Þessu landamærafólki tekst oft að valda klofningi í umhverfi sínu
enda skiptir það öllum í vini og óvini og etur hópunum saman. Allar
hættulegustu og kraftmestu konur Íslendingasagna eru „borderline“
og því skiptir miklu að átta sig á helstu greiningarskilmerkjum og
einkennum þessara einstaklinga.

Hegðunarmynstur þeirra einkennist af miklum óstöðugleika í
samskiptum við aðra og ótryggi sjálfsmýnd og mikilli hvarvísi. And-
legt líf þeirra einkennist af miklum tómleika. Þeir sakna alltaf einhvers
án þess að vita hvað það er. Innst inni finna þeir fyrir óskilgreindri
reiði eða sársauka vegna einhvers sem þeir átta sig engan veginn á.
Lífið er oft gleðilaust og innantómt og ekkert stendur í raun undir
þeim væntingum sem gerðar eru.

Þessi mikli sársauki verður oft til þess að fólk sýnir af sér sjálfs-
skaðandi hegðun og sker sig í framhandleggina eða lærin. Þetta stafar
venjulega af því að sjúklingurinn reynir að beina sársaukanum út úr
sálinni og gera hann sýnilegan.

Samskiptin við hitt kynið eru venjulega stormasöm og einkennast
af tilfinningalegum ofursveiflum. Kona með hambrigðapersónurösk-
un er venjulega að leita sér að manni sem gengur henni í föðurstað,
sinnir þörfum hennar í hvívetna og veitir henni stöðuga viðurkenn-
ingu. Hún er eins og lítið barn sem krefst skilyrðislausrar ástar og
athygli enda efast hún stöðugt um eigið manngildi. Þegar sambandið
kólnar eða vandamál koma upp finnur hún fyrir mikilli höfnun og
ofsareiði. Hún gerir allt til að komast hjá raunverulegri eða ímyndaðri
höfnun. Túlkar allt á versta veg og saklaus tilsvör verða að grófum
móðgunum.

Flestir hallast að því að „borderline“-röskun eigi rætur að rekja
til frumbersku og þeirrar tengslamyndunar sem þá fer fram. Börn
mynda fljótlega tengsl við umhverfi sitt sem bæði geta verið neikvæð
og skadleg eða jákvæð og æskileg. Sum börn verða fyrir stöðugum
raunverulegum eða ímynduðum vonbrigðum með foreldra sína og
forráðamenn og fá aldrei þá svörun sem þau hafa þörf fyrir. Þau þróa
með sér stórt tóm eða gap í sálinni sem þau eyða ævinni í að fylla með

öllum tiltækum ráðum. Fólk með þessa röskun er fast í tilfinningalegri síbernsku þar sem öll viðbrögð minna á hegðun barns sem ekki fær vilja sínum framgengt. Allir hafa séð reitt barn kasta sér í gólfíð í kjörbúð og æpa og góla og berja frá sér vegna þess að það fær ekki að kaupa eitthvað sem því hugnast. Fullorðinn „borderline“-einstaklingur hagar sér íðulega þannig og virðist missa öll raunveruleikatengsl og gleyma þeim reglum sem gilda í samskiptum fólks. „Borderline“-greiningin er mjög mikið notuð í nútímageðlæknisfræði og sífellt fleiri virðast falla undir hana. Einu sinni var talið að einungis konur væru „borderline“ en svo er alls ekki. Gunnhildur drottning gengur rակleidis inn í þessa greiningu með sína sveiflóttu lund og hefndarhug.

Unnur Marðardóttir: 1. Sálrænn leggangakrampi (*Psychogenic vaginismus*). 2. Hæðispersónuröskun (*Dependent personality disorder*)

Margt bendir til þess að rekja megi kynlífsvanda Hrúts og Unnar til hennar sjálfrar. Leggangakrampi lýsir sér í því að leggöng konunnar herpast saman við samfarir. Þrátt fyrir miklar rannsóknir finnst ekki líkamleg skýring. Venjulega er um að ræða einhverja sálarlega mótstöðu hjá konunni gagnvart þeirri ógn sem henni finnst sér stafa af karlmanninum. Stundum eru þessar konur með önnur kynlífsvandamál, þær finna ekki fyrir eðlilegri æsingu, blotna illa og hafa jafnvel andúð á kynlífsathöfnum sem má jafnvel rekja til sífjaspella eða misnotkunar. Nærtækast er að álíta að Unnur hafi heyrt af sambandi Hrúts og Gunnhildar og hafi reiðst svo mjög að hún ákveði ómeðvit- að að slíkur svikahrappur muni aldrei fá aðgang að kvenleika sínum.

Persónuleiki Unnar einkennist af undanlátsssemi, ósjálfstæði og mikilli þörf fyrir efnalegan og tilfinningalegan stuðning. Hún finnur fyrir djúpri ófullnægju og bjargarleysi og treystir á hjálp og stuðning annarra.

Fólk með hæðispersónuröskun á erfitt með að lifa einsamalt og leitar sér stöðugt aðstoðar og uppörvunar og finnur fyrir miklum aðskilnaðarkvíða og höfnunarkennd. Það hefur límkennda nærveru sem

venjulega þreytir aðra í umhverfi þeirra fljótt enda finnst því sem aðrir beri ábyrgð á lífshamingju þeirra.

Unnur fellur ágætlega að þessum greiningum. Hún er óeðlilega ósjálfstæð og háð föður sínum, Merði gígju, og leitar til hans varðandi öll vandamál lífsins, jafnvel kyngetu eiginmannsins. Hann leggur á ráðin varðandi skilnað hennar við Hrút og virðist fjarstýra dóttur sinni af miklum klókendum. Það þarf ekki að koma á óvart að seinni maður hennar, Valgarður grái, er eins og spegilmynd föður hennar.



Hrútur, Gunnhildur og Unnur í nútímanum

Hrútur er mikill mannkostamaður auk þess að vera samviskudaufur tækifærissinni. Hann hefði því eflaust náð langt sem læknir eða lyfsali. Góð greind hans hefði notið sín vel og ekki hefði ófyrirleitnin spillt fyrir honum á framabrotinni. Hann hefði víða komið við í kvennamálum og hláðið niður börnum.

Gunnhildur hefði sómt sér ágætlega við norsku hirðina sem ættmóðir konungsfjölskyldunnar. Hún hefði komið fram á svölum konungshallarinnar á 17. maí og öðrum hátíðardögum og verið hyllt af þegnum sínum. Enginn hefði vitað um ástalíf hennar í bakherbergjum hallarinnar með ungum hirðmönnum og gestum konungs. Síðareglur konungafjölskyldna Evrópu hefðu reyndar sniðið henni þröngan stakk svo að hún hefði ekki orðið jafn áhrifamikil og á söguöld.

Unnur hefði notið auðæfa föður síns og margir vonbiðlar viljað kvænast henni til fjár. Eftir fyrsta hjónaskilnaðinn hefði hún reynt að hasla sér völl í viðskiptum en mistekist hrapallega og tapað miklu fé. Seinni maður hennar hefði verið litlaus og henni þóknanlegur. Hún hefði verið áberandi í flokki ríkra fullorðinna kvenna sem víða láta að sér kveða í góðgerðarstarfsemi. Unnur hefði ávallt verið ósátt við hlutskipti sitt og öfundast út í aðra sem hún taldi að bæru meira úr býtum en hún sjálf.

Hefði þessi þrenning hist í nútímanum er hætt við að sagan hefði endurtekið sig. Gunnhildur hefði átt auðvelt með að tæla Hrút frá eiginkonu sinni og upp í rúm hjá sér. Unnur hefði hefnt sín grimmi-lega með fulltingi föður síns og skilið við Hrút með miklum látum og yfirlýsingum. Þau hefðu öll haldið hvert í sína áttina full sárinda og haslað sér völl annars staðar.

HALLGERÐUR LANGBRÓK KEMUR FRAM Á SJÓNARSVIÐIÐ



HALLGERÐUR LANGBRÓK var Dalakona og mikið örlaga-kvendi. Hún var dóttir Höskuldar Dala-Kollssonar og Jörunnar Bjarnardóttur sem bjuggu að Höskuldsstöðum í Dölum. Hún var þriggifi, þriggja barna móðir og ein glæsilegasta kona landsins. Fyrsti eiginmaðurinn hét Þorvaldur Ósvífursson, annar Glúmur Óleifsson og sá þriðji sjálfur Gunnar Hámundarson á Hlíðarenda. Fóstri hennar Þjóstólfur var og mikill örlagavaldur í sögunni. Henni er lýst sem ægifagurri konu, vel búinni með fallett slegið hár niður á mitti. Höfundur sögunnar er mjög í nöp við Hallgerði og varar lesendur við henni frá byrjun.

Hallgerður var skapstór, stolt og hreinskiptin og greiddi alltaf í sömu mynt hvort heldur um vináttu eða fjandskap var að ræða. Hallgerður eignaðist dótturina Þorgerði með Glúmi, og tvo syni með Gunnari á Hlíðarenda, þá Högna og Grana. Allir eiginmenn hennar voru vegnir. Eftir víg Gunnars flutti hún um tíma til dóttur sinnar að Grjóta og síðan í Laugarnes í Reykjavík þar sem hún dó stuttu eftir kristnitöku.

VIÐTAL VIÐ HALLGERÐI

GEDLÆKNIR: Segðu mér frá samskiptum þínum við suðureyska þrælinn Þjóstólf og föður þinn, Hallgerður.

HALLGERÐUR: Ég vandist snemma athygli og aðdáun karlmanna. Menn sögðu að ég væri allra meyja fallegust enda var faðir minn vanur að sýna mig gestum til þess að láta dást að mér. Ástandið á heimilinu var samt erfitt sakir ósamlyndis foreldra minna og svo fór að faðir minn bað Þjóstólf þræl að vera sér hjálplegan við uppeldi mitt og fylgja mér eftir. Eftir þetta var Þjóstólfur alltaf kallaður fóstri minn. Aldrei skildi ég af hverju hann valdi Þjóstólf til þessa starfa, því að maðurinn var óvinsæll ójafnaðarmaður en kynþokkafullur á grófan hátt. Þjóstólfur varð ástfanginn af mér og vildi allt gera fyrir mig enda tilbað hann mig eins og drottningu.

GEDLÆKNIR: Hvernig endaði þetta?

HALLGERÐUR: Faðir minn ákvað að ég skyldi giftast Þorvaldi nokkrum Ósvífurssyni og þá reiddist ég mjög. Hann var á engan hátt mér sambodinn svo að faðir minn brást mér illilega með því að samþykkja þennan ráðahag. Það var eins og hann vildi allt til þess vinna að losna við mig af heimilinu. Þegar ég sagði Þjóstólfi frá þessu fyrirhugaða brúðkaupi glotti hann við tönn og sagði að ég mundi giftast fleiri mönnum en Þorvaldi. Í brúðkaupinu sýndi ég brúðgumanum mikið fálæti en gerði mér þeim mun dælla við Þjóstólf og daðraði opinskátt við hann til að storka bæði Þorvaldi og föður mínum. Þegar heim kom lenti okkur Þorvaldi fljótlega saman vegna aðfanga til búsinis og fjárumsýslu.

Ég kallaði hann með réttu niskan og hann sló mig utan undir. Þjóstólfur brást við eins og karlmenni og drap Þorvald. Mér leið eins og raunverulegri konu sem hetjur berjast um og deyja fyrir. Nokkru síðar var ég gefin Glúmi nokkrum Óleifssyni sem var mikill ágætismaður. Nú var ég ástfangin enda var hann mun betri kostur en Þorvaldur. En Þjóstólfur tók þessu hjónabandi illa. Í brúðkaupinu lét hann dólgslega og gekk með reidda exi meðal gestanna. Glúmur lét sér ekki bregða, þrátt fyrir það orðspor sem af Þjóstólfi fór, enda

kunni hann ekki að hræðast. En mér stóð stuggur af þessu atferli Þjóstólfs.

GEDLÆKNIR: En hvernig gekk samband ykkar Glúms?

HALLGERÐUR: Það gekk vel. Við eignuðumst saman litla stúlku sem nefnd var Þorgerður og ég var hamingjusöm í fyrsta sinn á ævinni. Mér fannst ég örugg hjá Glúmi en smám saman fór allt á versta veg. Þjóstólfur flutti til okkar og þeim Glúmi lenti saman. Við rifumst og hann sló til mín. Þjóstólfur trylltist og drap Glúm en nú hafði hann gengið of langt og verðskuldaði að deyja. Ég sendi hann til Hrúts föðurbróður míns sem ég vissi að mundi drepa Þjóstólf þegar hann frétti af vígi Glúms. Það gekk eftir. Ég var orðin ekkja rétt um títugt með eitt barn og tvö hjónabönd að baki og Þjóstólfur dauður. En ég var reynslunni ríkari og hafði kynnst ástinni í Glúmi, villidýrinu í Þjóstólfi og aulanum í Þorvaldi.



VIÐTAL VIÐ ÞJÓSTÓLF

GEDLÆKNIR: Hvernig stóð á því að þú sem ert þræll og ánaudugur maður varst gerður að fóstura Hallgerðar?

ÞJÓSTÓLFUR: Höskuldur faðir hennar treysti mér betur en öðrum mönnum en ég varð strax ástfanginn. Hún var höfðingjadóttir, ég var þræll, en í örmum hennar var ég eins og konungborinn maður. Mér leist að sjálfsögðu illa á brúðkaup hennar og Þorvaldar enda fannst mér Þorvaldur henni á engan hátt sambodinn. Ég fann að hún vildi hann ekki, heldur átti ég hjarta hennar. Þegar hann barði Hallgerði fyrir engar sakir drap ég hann án umhugsunar. Einhver eftirmál urðu en Hallgerði tókst að koma mér undan reiðum ættingjum Þorvaldar og var síðan samið um vígið.

Hallgerður og Glúmur virtust ástfangin og mér fannst eins og hún hefði gleymt mér. Ég fylltist mikilli afbrýðisemi og reyndi eftir mætti að ögra Glúmi og komast upp á milli þeirra hjóna. Það tókst

og Glúmur sló til hennar. Ég ákvað að hefna þessa og binda endi á líf þessa vesæla manns. Nokkru síðar vann ég á honum með exi minni og sagði við hann að nú fengi hann ekki lengur að brólta á maga Hallgerðar. Það var gott og æsandi að ögra honum á banastundinni.

Mér leið vel eftir vígið og vonaði að Hallgerður kæmi mér undan eins og þegar ég drap Þorvald. Auðvitað vissi ég að mikil eftirmál yrðu eftir Glúm enda var hann af höfðingjaættum. Það kom mér í opna skjöldu að Hallgerður virtist syrgja Glúm og fagnaði mér ekki eins og áður. Ég fylltist bæði afbrýðisemi og öryggisleysi og vissi ekki hvað gera skyldi. Hún sendi mig til Hrúts föðurbróður síns en ég treysti Hallgerði svo að mig grunaði ekki að þetta yrðu mín endalok.

BANVÆNT SAMBAND

Samskipti þeirra Hallgerðar og Þjóstólfs voru í hæsta máta óeðlileg. Höfundur gefur ótvírætt í skyn að þau hafi átt í kynferðissambandi og Þjóstólfur hafi því brugðist illilega trausti Höskuldar. Kynórar hans koma skýrt fram í orðum hans við eiginmenn hennar á banastund þeirra þar sem hann gleðst yfir því að þeir muni ekki njóta blíðu hennar framár.

Hallgerður lærir að karlmönnum er ekki treystandi. Þjóstólfur er sá eini sem alltaf vill veita henni liðsinni en hún þarf að greiða það dýru verði. Svo fer að gerandi og þolandi koma sér upp sjúku atferlismynstri. Smám saman breytast hlutverkin, Hallgerður áttar sig á því valdi, sem hún býr yfir gagnvart karlmönnum og hversu auðvelt það er að stjórna þeim með kynþokka, daðri og ógnunum. Henni lærist að sterkustu karlmenn eru hé-gómlegir og veiklundaðir og að á bak við hetjumyndina býr lítill, hræddur drengur sem konum veitist auðvelt að vefja um fingur sér. En hún ber mörg einkenni konu sem var misnotuð kynferðislega á unglingsaldri.



GEDGREINING

Þjóstólfur þræll: Andfélagsleg persónuröskun (*Antisocial personality disorder*)

Eitt sinn voru menn af þessu tagi kallaðir sýkópatar eða siðblindingjar en sú málnotkun hefur breyst í árána rás. Nú eru þeir sagðir andfélagslega sinnaðir enda eru þeir einkar samviskudaufir og viðurkenna sjaldnast að þeir hafi brotið af sér. Sá ás sem allt snýst um er eigin hagur og fullnægja. Öll fangelsi eru full af mönnum af þessu tagi sem sitja af sér langa dóma fyrir afbrot sem þeir segjast alls ekki hafa framið eða verið neyddir til að fremja. Þeir virða ekki samfélagslegar reglur og lög, sem leiðir til árekstra við réttarkerfið, og sýna algjört tillitsleysi gagnvart hagsmunum eða velferð annarra. Siðblindingjar lenda stöðugt í vandræðum fyrir einskært ólán, tilviljun eða samsæri óvinveittra manna.

Þegar ég vann við áfengismeðferð kynntist ég mörgum Þjóstólfum þessa lands, mönnum sem aldrei læra af reynslunni og halda ávallt glaðbeittir á vit nýrra ævintýra. Þeir eru reknir áfram af frumstæðum hvötum sem ekkert hafa breyst í mörg þúsund ár þrátt fyrir allar tækni-framfarir og siðmenningu aldanna. Þeir fara alltaf sínu fram enda sannfærðir um eigið ágæti og athafnafrelsi. Lífið er einn stór leikur þar sem mestu skiptir að vinna og ná fram heilögum rétti sínum. Í þessari endalausú baráttu lenda þeir oft í árekstri við lög og rétt og ríkjandi samfélagshefðir og þurfa stundum að sitja af sér dóma. En alltaf koma þeir aftur sannfærðir um eigið ágæti. Þegar illa gengur er það öðrum að kenna og þeir líta venjulega á sig sem fórnarlömb mannvönsku og heimsku annarra.

Konur fara oft illa út úr samskiptum sínum við þá enda eru þeir oftast en ekki með ágætan talanda og persónutöfra svo að þeim veitist létt að komast að öllum þeirra leyndardómum. Svonefndir plastpökamenn fara á milli kvenna með eigur sínar í plastpoka og tala sig inn á nýja konu um leið og sú fyrri hefur vísað þeim á dyr eða sjóðir hennar eru þurrausnir.

Ég hef haft með allmarga menn að gera sem hafa gert sig seka um kynferðisbrot gagnvart börnum eða unglungum. Langflestir segjast ekki bera neina ábyrgð á atburðarásinni heldur hafi telpan eða unglungurinn átt allt frumkvæði að meintum kynmökum og í raun ögrað þeim og dregið á talar. Mestu skiptir þó að þeir trúu þessum framburði sínum og efast aldrei um eigið ágæti og heiðarleika.



Þjóstólfur í nútímanum

Hann hefði fyllt flokk smáglæpamanna og siðblindingja sem stöðugt eru í útistöðum við lögreglu og samfélag. Þjóstólfur hefði víða farið og dregið niður fæti í svefnskálum ungmeyja og eldri kvenna og stundað vafasöm viðskipti með þýfi og lyf. Hann hefði iðkað handrukku og misþyrmingar og átt viðburðaríka og erfiða ævi en hvílt sig reglulega í fangelsum eða meðferðarstofnunum um hríð. Þjóstólfur hefði án efa fengið dóm fyrir einhver kynferðisafbrot gagnvart unglungum eða fullorðnum konum. Hann hefði líklegast endað ævi sína á voveiflegan hátt og fengið dapurleg eftirmæli hjá flestum en einhverjir velviljaðir sakleysingjar hefðu þó orðið til að kenna samfélaginu um allar ófarir Þjóstólfs í lífinu.

**NÚ KOMA TIL SÖGUNNAR AÐALPERSÓNURURNAR
Á HLÍÐARENDA Í FLJÓTSHLIÐ OG FJÖLSKYLDAN
AÐ BERGPÓRSHVOLI Í LANDEYJUM.
LIÐINN ER ÁRATUGUR FRÁ FALLI GLÚMS
OG DAUÐA ÞJÓSTÓLFS OG ÖRLÖGIN LEIÐA
GUNNAR OG HALLGERÐI SAMAN MEÐ
ÓFYRIRSJÁANLEGUM AFLEIÐINGUM.**



GUNNAR HÁMUNDARSON Á HLÍÐARENDA: *Ein mesta hetja Íslendingasagna, sonur Hámundar Gunnarssonar og konu hans Rannveigar Sigfúsdóttur. Gunnar var ljóshærður og bláeygur íþróttamaður sem stökk hæð sína í öllum herklæðum, syndur sem selur. Hann var ótrúlega mörgum kostum búinn enda var hann fjarlægt kyntákn íslenskra kvenna í margar aldir og ófáar konur sem létu sig dreyma um Gunnar og glæsímennsku hans. Gunnar átti sér Njál lögmann Þorgeirsson á Bergþórshvoli að einkavini og leitaði oft ráða hjá honum. Hann var drepinn að Hlíðarenda eftir mikinn bardaga og frækilega vörn.*



VIÐTAL VIÐ HALLGERÐI

GEDLÆKNIR: Hvernig hittust þið?

Hallgerður: Við vorum bæði stödd á Þingvöllum. Ég veitti honum athygli enda var hann allra manna glæsilegastur. Miklum sögum fór af hetjuskap hans og öðrum mannkostum. Hann settist hjá mér og við spjölluðum saman lengi dags. Þegar hann spurði hvort ég væri enn ógefin sagði ég honum að ekki væri á margra færi að hætta á hjúskap með mér. Ég sagðist líka vera mannvönd en þetta virtist hvetja hann fremur en letja. Mér fannst Gunnar myndarlegur og fylltist stolti yfir því að svo víðfrægur kappi sýndi mér áhuga.

Þegar hann sagðist vilja biðja mín, bað ég hann að fara og finna föður minn og ámalga þetta við hann. Gunnar ræddi við föður minn og Hrút bróður hans en þeir tóku þessu fálega, sögðu báðir að þetta væri girndarráð og vörðu hann við mér og skaplyndi mínu. Þá var mér allri lokið enda voru þetta enn ein svikin við mig. En Gunnar hélt ótrauður áfram og svo fór að við vorum trúlofuð. Mér leið vel með þetta enda minnti Gunnar mig bæði á Glúm og Þjóstólf. Frá sveitungum hans fregnaði ég um frægðarverk hans og vináttu hans og Njáls Þorgeirssonar að Bergþórshvoli í Landeyjum. Ég hlakkaði til að flytja úr Dölum og eignast aftur mann og heimili.

GEDLÆKNIR: Hvernig breyttist þetta?

HALLGERÐUR: Gunnar fór heim frá Þingvöllum og talaði við Njál vin sinn og eftir það var hann breyttur maður enda hafði Njáll varað hann við mér. Ég reiddist og fannst mér hafa verið hafnað. En ekki varð aftur snúið. Við giftum okkur og ég flutti austur í Fljótshlið. En það var erfitt. Ég áttaði mig strax á því að vinir Gunnars voru ekki mínir vinir enda fjandskapaðist Bergþóra á Bergþórshvoli við mig frá fyrstu stundu. Mér fannst að við Gunnar yrðum að standa saman í þessum illdeilum enda átti ég enga vini eða ættingja í sveitinni. Í veislu sem Bergþóra hélt að Bergþórshvoli rak hún mig úr sæti til að rýma fyrir Þórhöllu tengdadóttur sinni en þá var mér nóg boðið. Ég svaraði henni fullum hálsi og sagðist engin hornkerling vera. Svívirðingar gengu á víxl og ég áttaði mig á því að Gunnar stóð ekki með mér. Hann tók afstöðu með andstæðingum mínum og sagðist eiga Njáli marga sæmd að launa og hann vildi ekki vera eggjanarífl mitt.

Þetta var mér mikið áfall og þarna urðu vatnaskil í okkar samskiptum því að ég skildi að hjúskapur okkar skipti hann minna máli en vináttan við Njál. Ég áttaði mig á því að það var til lítils að vera gift hraustasta manni landsins ef hann taldi sig ekki eiga neinar skyldur að rækja við mig. Andrúmsloftið á heimilinu varð mjög þungt við þessar aðstæður og svo fór að Gunnar sló mig utan undir eins og Þorvaldur hafði áður gert. Þá saknaði ég Þjóstólfs og áttaði mig á því að ég stóð ein. Gunnari stóð á sama um allt nema vináttu þeirra

Njáls. Ég gerði mér dælt við frænda hans og vin, Sigmund Lambason, sem bjó hjá okkur um hríð, en Gunnar skeytti því engu. Mér leið eins og ég væri stödd úti á víðavangi fjarri allri mannlegri hlýju, vináttu og virðingu. Við Gunnar áttum synina Högna og Grana sem drógust inn í heimiliserjurnar og stóð Grani með mér en Högni dró taum föður síns.

GEDLÆKNIR: Hvert varð framhald þessa máls?

HALLGERÐUR: Við Bergþóra héldum áfram að elda grátt silfur og létum jafnvel drepa húskarla hvor fyrir annarri. Heiftin jókst stig af stigi. Gunnar dróst smám saman inn í þessar deilur og drap einhverja gilda bændur í sveitinni fyrir litlar sakir og var fyrir vikið dæmdur til útlegðar erlendis. Hann reið til skips en sneri aftur fljótlega og kom heim á Hlíðarenda. Ég fagnaði honum þótt við vissum bæði að óvinir hans hlytu að sækja að honum fyrr eða síðar og drepa hann. Einværinn veginn var mér alveg sama og honum líka. Hann var búinn að ögra mér um of með stuðningi sínum við Njál og Bergþóru og kinnhestinum. Gunnar varð dapur og einrænn og beið þess sem verða vildi en ég skipti mér ekkert af honum.

Svo kom að fjandmenn hans sóttu að Gunnari en hann varðist vel og drap einhverja menn. En smám saman þrengdi að honum og bað hann mig þá um hárlökk í bogastreng. Mér fannst þetta hjákátleg bón og enn eitt leikritið enda enginn tími til að flétta bogastreng úr hári mínu við þessar aðstæður. Þetta gerði hann til að finna sér blóraböggul og fylla mig af sektarkennd. Ég ákvað að taka ekki þátt í þessu rugli og þverneitaði. Skömmu síðar felldu þeir Gunnar, en ég grét ekki, heldur fann fyrir létti. Rannveig móðir hans bað mér bölbæna sem ég skeytti ekkert um. Henni tókst reyndar að hrekja mig frá Hlíðarenda til Þorgerðar dóttur minnar að Grjóta en það skipti mig engu máli. Ekki langaði mig til að vera áfram á bænum með kerlingarflagðið stöðugt yfir mér fjasandi um Gunnar og hetjudáðir hans.

GEDLÆKNIR: Hvaða tilfinningar hafðir þú gagnvart Gunnari?

HALLGERÐUR: Ég elskaði hann í byrjun en hataði hann eftir að hann hafnaði mér. Hann var hégómlegur og barnalegur og leit á Njál á Bergþórshvoli eins og æðri mátt. Gunnar gat stokkið hæð sína aftur á bak en hann gat ekki staðið með konunni sinni þegar að henni var sótt úr öllum áttum.



VIÐTAL VIÐ GUNNAR HÁMUNDARSON, BÓNDA Á HLÍÐARENDA

GEDLÆKNIR: Segðu mér lítillega frá þér, Gunnar.

GUNNAR: Ég var mesti íþróttamaður landsins og afrek mín voru á allra vörum. En líf mitt fór allt á verri veg eftir að ég kynntist Hallgerði langbrók Höskuldsdóttur og trúlofaðist henni. Njáll vinur minn lét í ljósi miklar efasemdir um þennan ráðahag en það varð ekki aftur snúið og við Hallgerður gengum í hjúskap. Ég var saklaus í ástamálum en hún mun reyndari á þessu sviði enda tvígift.

Það var ójafnt með okkur komið í hjónasænginni sem gerði mig bæði óruggan og hræddan. Þetta ræddi ég oft við Njál vin minn á Bergþórshvoli, enda sagði ég honum frá öllum hjónabandsrjum og vandamálum okkar Hallgerðar. Hún sá miklum ofsjónum yfir vináttu okkar Njáls en þó keyrði fyrst um þverbak þegar henni lenti saman við Bergþóru á Bergþórshvoli. Hún bað Hallgerði að víkja úr sæti í veislu en hún brást illa við og hreytti svívirðingum í Bergþóru. Þær létu báðar stór orð falla og Bergþóra sagði að Hallgerður hefði látið drepa Þorvald bónda sinn sem varð til þess að hún ærðist og krafðist þess að ég hefndi þessara ummæla. Ég var milli tveggja elda en gat ekki hugsað mér að lenda í ófriði við vini mína á Bergþórshvoli.

GEDLÆKNIR: Af hverju stóðstu ekki með konu þinni í þessum deilum, Gunnar?

GUNNAR: Ég gat það ekki! Hallgerður stóð öðrum megin og ragmanaði mig að standa með sér en hinum megin voru Njáll og fjölskylda hans. Þetta var eins og herfjötur og ég gat mig hvergi hreyft. Við

Njáll reyndum að standa utan deilna en það gekk illa enda var um fátt meira slúðrað í sveitinni en þessi samskipti þeirra húsfreyja og húskarla þeirra. Mér fannst ég leiddur í gildru þar sem sótt var að mér úr öllum áttum. Hallgerður og Bergþóra fóru hamförum og létu húskarla sína berjast og drepa hvern annan. Samskipti okkar Hallgerðar voru stírn og sýndi hún mér mikla lítilsvirðingu. Ég tók frænda minn Sigmund Lambason inn á heimilið og gerðist brátt mjög dátt með honum og Hallgerði enda sinnti hún honum eigi verr en mér. Hann varð að gjalda fyrir vináttu sína við Hallgerði með lífi sínu því að Njállssynir drápu hann fyrir nið. Ég var í mikilli úlfakreppu og lífið orðið lítils virði og flókið enda réð ég ekki lengur á mínu heimili. Hallgerður sýndi mér mikla fyrirlitningu og sagði einhvern tíma að við Njáll værum líkir og hvorutveggi blauður. Með þessu gaf hún í skyn að við værum bæði huglausir og hneigðumst til eigin kyns.

GEDLÆKNIR: Hvernig þróuðust þessi mál?

GUNNAR: Þetta var löng saga og blóðug. Ég lét draga mig nauðugan inn í deilur við bændur í nágrenninu. Þær voru allar fremur hjákátlegar og lítilmótlegar en drógu skelfilegan dilk á eftir sér þegar ég neyddist til að drepa nokkra þessara karla í sjálfsvörn. Fyrir þetta var ég dæmdur til að fara úr landi. Það var mér þungbært. Hvernig mundi mér vegna í útlöndum án Njáls og hvað biði Hallgerðar? Mér leið illa þegar ég reið til skips og fann fyrir þungum trega og öryggisleysi.

Einu sinni var ég álitinn hraustasti og mannvænlegasti maður á landinu en varð núna að flýja ættjörð mína, eiginkonu og vini eins og hver annar óbótamaður. Hestur minn hrasaði og ég snaraðist af baki og leit upp í Fljótshlíðina og ákvað þá að fara hvergi þótt ég vissi að það yrði minn bani.

Allt var þolanlegt á milli mín og Hallgerðar um tíma en við biðum endalokanna. Samskiptin voru kurteisleg en ég fann vel að hún bar enga virðingu fyrir mér lengur. Mér leið vel enda búinn að taka ákvörðun um að deyja. Þegar óvinir mínir sóttu að okkur með ofurefli liðs vonaðist ég til þess að hún mundi standa með mér en það gerði

hún ekki. Ég bað hana um loka úr hári sér til að nota í bogastreng en þá minntist hún kinnhestsins sem ég hafði rekið henni og vildi ekki koma mér til hjálpar. Þá voru mér allar þjargir bannaðar og ég gafst endanlega upp.

GEDGREINING

Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir: Hambrigða persónuröskun (*Borderline personality disorder*)

Engin ein persóna Íslendingasagna hefur verið hötuð jafn heitt og innilega og Hallgerður langbrók. Þjóðin hefur verið sammála um að hún hafi verið hið mesta flagð og komið illa fram við þjóðhetjuna Gunnar á Hlíðarenda og svikið hann á ögurstund. Persónuleiki Hallgerðar samsvarar vel nútímaskilgreiningum á „borderline“-persónuröskun. Hallgerður er allra kvenna fegurst en þrátt fyrir það full efasemda og leitar sér stöðugt staðfestingar á eigin verðleikum. Skapferli hennar er sveiflött og hún elskar og hatar af jafn mikilli ástríðu. Hún er fjöllynd í karlamálum og notar ástmenn sína og eiginmenn til að staðfesta eigið manngildi. Hún er auðsærleg, afbrýðisöm og öfundsjúk með höfnunarkennd og fyllist réttlátri reiði þegar henni er gert eitthvað á móti skapi.

Faðir Hallgerðar, Höskuldur Dala-Kollsson, átti sér írsku frillu, Melkorku. Laxdæla segir frá ofsafengnum viðbrögðum Jórunnar móður Hallgerðar en þegir um tilfinningar barnsins. Jórunn er fjarlæg og sennilega þunglynd og reið vegna ástkonunnar á heimilinu sem hún þarf að þola. Heimilisbragurinn á Höskuldsstöðum einkennist af spennu, deilum og flokkadráttum.

Í Njálu er ekkert getið um móður Hallgerðar sem væntanlega þýðir að samband þeirra er stírt og erfitt enda eru þær líkar að skapferli. Öll tengslamyndun á heimilinu er ruglingskennd og rekst þar allt hvert á annars horn og engum að treysta.

Allir hjónabandsráðgjafar þekkja vel hvernig börn lenda á milli

foreldra sinna í heimiliserjum. Bæði móðir og faðir krefjast þess að barnið sýni þeim samstöðu sem leiðir til mikillar sálarangistar og röskunar á eðlilegum samskiptum og tengslum. Það er engum vafa undirorpið að Höskuldi þykir vænt um dóttur sína en honum gengur illa að sannfæra hana um ást sína og umhyggju meðan hann þarf að sinna Melkorku frillu sinni og ganga á milli hennar og Jórunnar húsfreyju. Það er auðvelt að sjá hvernig Hallgerður fyllist höfnunarkennd við þessar aðstæður og efast um ást föður síns.

Höskuldur gefst upp á uppeldi dóttur sinnar og fær Þjóstólf þræl til að fóstora hana. Sagan gefur ótvírætt í skyn að þau hafi átt í ástarsambandi sem flækir alla tengslamyndun stúlkunnar við umhverfi sitt. Tömleikinn í sál hennar hefur verið mikill og hún hefur verið í sárri þörf fyrir þá viðurkenningu og ást sem hún finnur hjá Þjóstólfi. Þau verða eins og tveir samsærismenn með sameiginlegan glæp. Eftir dráp Glúms situr Hallgerður eftir með barnunga dóttur sína og æpandi tóm í sálinni.

Í hjónabandinu með Gunnari blómstra persónuskafankar hennar sem aldrei fyrr. En Hallgerður er fyrst og fremst litla telpan sem leitar sífellt að öryggi og ást sem hún finnur hvergi. Hegðun hennar er síbernsk og kvik og sveiflurnar minna á barnslundina. Hún efast um heilindi og karlmennsku Gunnars og horfir á samskipti hans og Njáls með vanþóknun. Ógæfa Hallgerðar er Bergþóra á Bergþórshvoli sem ögrar henni og storkar sem mest hún má.

Geðlæknar nútímans myndu rekja flestóll vandamál Hallgerðar til þessarar persónuleikaröskunar sem blómstrar í þessu sjandsamlega umhverfi þar sem eiginmaðurinn gengur í lið með verstu óvinum hennar og gerir sér svo dælt við annan karlmann að hún fyllist efasemdum um eigin kvenleika.

Mörgum lesendum Njálu hefur þótt höfundur hennar bera Hallgerði illa söguna en yfirleitt má finna henni eitthvað til málsbóta. Það er athyglisvert að málsbæturnar eru sóttar í söguna sem sýnir að höfundur tekst að gæða Hallgerði slíku lífi að glöggur lesandi tekur eftir því að henni er oft ekki sjálfrátt heldur rekin áfram af innri heift eða sökin sé hjá fleirum.

GEÐGREINING

Gunnar Hámundarson: Sjálfsdýrkunarpersónuröskun, sjálfhverf persónuröskun (*Narcissistic personality disorder*). Hæðipersónuleikaröskun (*Dependent personality disorder*)

Sjálfsdýrkunarpersónuröskun er nefnd eftir Narsissusi í grísku goðafræðinni. Hann var ungur prins sem smáði ást stúlku og reitti guðina til reiði. Hefndargyðjan Nemesis lagði á hann að verða svo ástfanginn af eigin spegilmynd að hann gæti ekki slitið sig frá henni. Endalok hans urðu þau að deyja einn á vatnsbakka yfirkominn af ást á sjálfum sér. Sigmund Freud ætteleiddi þessa gömlu sögn og kom henni inn í greiningakerfi geðlæknisfræðinnar. Hann sagði einkennin bæði geta komið fram snemma á lífsleiðinni, þegar einstaklingurinn er algjörlega heillaður af sjálfum sér, og síðar meir þegar menn eru uppteknir af einhverri hugmynd um eigin frama og afrek. Mestu skiptir að menn laðast að hjarlægri draumsýn um sjálfa sig sem þeim finnst speglast í vatnsfletinum. En í hvert sinn sem þeir reyna að nálgast myndina, faðma hana og kyssa, hverfur hún ofan í vatnið.

Einkennin eru stórmennskuhugmyndir um eigið ágæti, skortur á hluttekningu eða tillitsemi gagnvart umhverfinu og óslökkvandi þrá eftir viðurkenningu. Narsissistinn sér miklum ofsjónum yfir afrekum annarra, er öfundsjúkur og ávallt hræddur um að vera sniðgenginn eða hafnað. Hann er barnalegur, hégómlegur og auðsæranlegur með tóm í sálinni sem hann reynir að fylla í með vegtyllum og sigrum. En það tekst aldrei svo að líkja má leit og baráttu narsissistans til að fá viðurkenningu við söguna af Bakkabræðrum, þegar þeir reyndu að bera vatn í botnlausri fötu. Vandinn var alltaf sá að botninn var suður í Borgarfirði og því tókst þeim aldrei að bera vatn í þessu hripleka íláti. Narsissista tekst aldrei að fylla tómið í eigin sál vegna þess að enginn er botninn.

Narsissistinn hefur viðvarandi stórmennskuhugmyndir og stórlega ýktar hugmyndir um eigið mikilvægi. Hann er uppfullur af draumum um stöðuga velgengni, sigra, völd, áhrif og glæsileika sem hann á skil-


ið. Narsissistinn öfundast oft út í aðra og sýnir af sér mjög hrokafulla og barnalega framkomu. Þessi persónuleikaröskun er mun algengari meðal karla en kvenna.

Gunnar Hámundarson er ákaflega upptekinn af eigin hetjuskap og hreysti og leitar stöðugt eftir viðurkenningu umhverfisins. Á sama tíma er hann óöruggur og kvíðinn og treystir illa á eigin dómgreind og ályktanir. Hann spyr Njál vin sinn stöðugt ráða og virðist eiga erfitt með einföldustu ákvarðanir. Litlum sögum fer af föður Gunnars en Rannveig móðir hans hefur verið sterk og ákveðin kona. Líklega hefur Gunnar verið alinn upp við mæðraveldi og lært að treysta móður sinni og dáð hana í blindni.

Stundum er eins og Gunnar viti ekki hvort hann sé að koma eða fara, hvort hann eigi að drepa eða þyrma lífi, elska eða hata, standa með Hallgerði eða snúast gegn henni. Í öllum þessum vandræðum leitar hann til Njáls og þannig grefur hann eigin gröf vegna þess að hann getur ekki bæði verið trúr Njáli og Hallgerði. Þetta hefur valdið honum ómældum kvíða og þunglyndi.

Gunnar er allra manna glæsilegastur en ekki er þó getið um aðrar konur en Hallgerði í lífi hans. Þegar hann er í útlöndum býður konungur honum kvonfang og ríki ef hann vilji staðfestast en hann vill heldur fara heim.

Gunnar virðist óöruggur með eigin kynímynd sem kannski skýrir á einhvern hátt hjónabandsvandráðin á Hlíðarenda.



EITRÆÐ SAMBAND

Það er algengt að sjálfhverfur karlmaður hitti „borderline“-konu og þau heillist hvort af öðru. Bæði eru að leita að ást sem fyllir upp í sálartómið. Hann er á höttunum eftir móðurímynd eða konu sem dáist að honum og metur alla verðleika hans. Hún er að leita að föðurímynd eða manni sem elskar hana skilyrðislaust og veitir henni öryggi. Venjulega gengur allt að óskum í byrjun og þau finna fullkominn sálufélag hvort í öðru. Kynlífið er bæði gott og fullnægjandi í byrjun og þau spegla sig hvort í aðdáun annars.

En oftar en ekki koma fljótlega brestir í sambandið. Þau reyna að fylla í tómið í eigin sál með aðdáun hins en komast að raun um að ekkert fær fyllt þetta ginnungagap. Þau rísa engan veginn undir væntingum hvort annars. Hann þolir ekki hversu háð hún er honum og henni finnst hann verða sér afhuga og fyllist ofsareiði. Tilfinningar beggja sveiflast eins og íslenskir umhleyppingar að vori.

Allir geðlæknar og fjölskylduráðgjafar þekkja til slíkra sambanda. Frumstæðustu hvatir og kenndir losna úr læðingi og fljúgast á eins og tvær risaæðlur eða elskast eins og turtildúfur. Fræg sambönd slíkra persónuleikaraskaðra einstaklinga á síðustu öld voru hjónaband Marilyn Monroe og Arthurs Millers og samband Elisabethar Taylor og Richards Burton. Bæði þessi hjónabönd enduðu með ósköpum eftir mikil átök og miklar ástir. Sama máli gegnir um fjölmörg sambönd fólks með þessar persónuleikaraskanir sem ég hef haft með að gera. Tilfinningahitinn og spennan eru slík að oft fer fólk í hár saman og slæst í viðtalinu eins og reiðir sölumenn á markaðstorgi. Fólk leggur sig fram við að særa og meiða hvort annað í slíkum samtölum af ógnvekjandi miskunnarleysi.

Það gústar um Gunnar og hetjudáðir hans, en skelfing held ég að hann hafi verið leiðinlegur, kvíðinn og sjálfhverfur maður. Greinilegt er að Hallgerður þreytist fljótt á þessari hómorslausu og ósjálfstæðu hetju og leitar sér að félagsskap skemmtilegri manna eins og Sigmundar Lambasonar frænda Gunnars sem bæði er hagameltur og kvensamur. Vinátta Gunnars og Njáls veldur henni hugarangri og höfnunarkennd enda sakar hún þá um samkynhneigð.

Kynlíf þeirra hjóna hefur verið bæði stopult og ófullnægjandi enda erfitt að halda uppi þróttmiklu ástalífi þegar allt andrúmsloft er lævi blandað og eldar loga í skotgröfunum. Bæði reyna þau að fá hitt til að standa með sér og lýsa yfir órofa stuðningi, en það gerist ekki, heldur fara þau hvort í sína áttina og fjarlægjast eins og tvær reikistjörnur. Átök þeirra magnast og ná hámarki þegar hann leggur á hana hendur. Glæsimegnið breytist í kvennakúgara og ofbeldismann.

Hallgerður og Gunnar eignast saman tvo syni, þá Grana og Högna, en lítið er fjallað um uppleidi þeirra. Greinilegt er að heimilisbragurinn á Hlíðarenda hefur verið eins og versta martröð fjölskylduráðgjafans, þar sem allt loft er lævi blandið og drengirnir hafa ekki vitað hvaða afstöðu þeir ættu að taka í vandamálum daglegs lífs. Foreldrarnir draga þá inn í eigin deilur og krefja þá um hlýðni við sig sem leiðir til brotinnar sjálfsmyndar. Persónuleikaraskað fólk hefur einstakt lag á því að skipa fólki í flokka og valda klofningi í smáum hópum sem stórum.

Grani tekur upp þykkju móður sinnar gagnvart fólkinu á Bergþórshvoli og gengur í lið með óvinum Njáls og sona hans eftir fall föður síns. Hann geldur móður sinnar því að Skarphéðni var sérlega uppsigað við Grana og sætti lagi að niðurlægja hann sem mest.

Högni kemur skár út úr uppleidinu en hann er þó enginn hamingjumaður. Þeir, hann og Skarphéðinn, voru ágætir mátar og saman hefndu þeir Gunnars. Þeir bræður fara inn í fullorðinsárin án þess að vita hverjir þeir í raun eru.

FÖGUR ER HLÍÐIN?

Eitt frægasta atvik Brennu-Njáls sögu er andartakið þegar Gunnar snýr aftur. Fagurt kvæði var ort um þennan atburð og gert að herhvöt kúgaðrar þjóðar í baráttu fyrir sjálfstæði sínu. En hvað gekk Gunnari til? Nútímageðlæknar mundu líta þetta atferli Gunnars sem drög að sjálfsmorði. Hann er tekinn að reskjast, brestir komnir í hetjumynd hans og hann getur ekki horfst í augu við ósigur sinn gagnvart lögum og hefðum samfélagsins og fyrirlitningu konu sinnar. Efasemdir um eigin kynhneigð valda honum örvinglan og sjálfshatri.

Geðlæknar þekkja vel sjálfsvíg þar sem einhver annar ber ábyrgð á hinni eiginlegu aftöku. Margir hafa skrifað um svokölluð lögreglu-sjálfsvíg þegar einstaklingur dregur upp byssu umkringdur af vopnum lögreglumönnum. Þeir skjóta hann venjulega umsvífalaust og þannig bindur hann sjálfur endi á líf sitt með vopnum lögreglumannanna. Sama gerir Gunnar. Hann kemur hlutum þannig fyrir að óvinir hans eiga einskis annars úrkosta en að drepa hann. Þannig tekst honum að fyrirfara sér án þess að nokkur líti svo á að um sjálfsmorð hafi verið að ræða. Þetta er dæmigert heidurssjálfsvíg þar sem maður ræður sér bana í vonlausri stöðu.

GUNNAR, NJÁLL OG RANNVEIG

Gunnar og Njáll eru í sonar-föður sambandi þar sem Gunnar leitar í sífellu til Njáls um ráð og leiðbeiningar. Samband þeirra er hafið yfir deilur og dægurþras. Í sögunni er Njáll eins og æðri máttur Gunnars sem hann umgengst af óttablandinni virðingu. Ekki kemst hnífurinn á milli Gunnars og Njáls þrátt fyrir þann ófrið sem þær Hallgerður og Bergþóra magna sín á milli með tilheyrandi mannvígum. Er hrifning Gunnars á Njáli á einhvern hátt kynferðisleg eða er hér einungis um að ræða hreina og platónska ást lærisveins á gömlum og virtum kennara sínum? Sagan segir að Hallgerði hafa grunað að ekki væri allt með felldu í samskiptum vinanna. Pólitísk réttþugsun Íslendingasagna mundi aldrei viðurkenna slíkar tilgátur enda væru menn þá að breyta aldagamalla karlmenskufyrirmynd þjóðarinnar. Sú hugmynd að væna Gunnar á Hlíðarenda um samkynhneigð er viðlíka móðgun við íslenska þjóðarsál og virkjun Gullfoss eða stór alþjóðaflugvöllur á Þingvöllum.

Rannveig Sigfúsdóttir, móðir Gunnars, leikur stórt hlutverk í sögunni. Reyndar er ekkert sagt um útlit hennar eða skapgerð en hún býr á heimili Gunnars að Hlíðarenda og henni líst ekki meira en svo á Hallgerði tengdadóttur sína. Henni býður í grun að deilur Hallgerðar og Bergþóru muni enda illa og hún varar við vígaferlum þeirra húsfreyjanna. Þegar Hallgerður neitar Gunnari um hárið í bogastrenginn

átelur Rannveig hana og rekur síðan frá Hlíðarenda þegar Gunnar er fallinn. Greinilegt er að hún velur, eins og margar mæður, að kenna tengdadóttur sinni um alla ógæfu sonarins.

Það er kært með þeim mæðginum, Gunnari og Rannveigu, og greinilegt að Rannveig sér í Hallgerði keppinaut sinn um ást og hylli sonarins. Hún er ein þeirra mæðra sem stendur með sonum sínum í blíðu og stríðu og trúir á þá hvað svo sem gerist. Stundum er sagt að synir sem eigi slíkar mæður verði aldrei hamingjusamir í hjónabandi vegna þess að þeir beri allar konur saman við móðurina sem trúir á þá eins og Guð. Engin eiginkona stenst nokkru sinni samanburð við þessar fórnfúsu og göfugu mæður. Venjulega trúá þeir mæðrum sínum fyrir ósætti sínu við eiginkonuna sem verður mjög til þess að efla fjandskap tengdamóður og tengdadóttur en styrkja samband móður og sonar. Stundum verða þau eins og tveir samsærismenn sem eiga sér sameiginlegan óvin.



Gunnar og Hallgerður í nútímanum

Þau Gunnar og Hallgerður voru bæði ágætum gáfum og mannkostum gædd sem þau hefðu notið góðs af í nútímasamfélagi. Að loknum frækilegum íþróttuferli hefði Gunnar lært lögfræði undir handarjaðri gamals vinar frá keppnisárunum, prófessors Njáls Þorgeirssonar við lagadeild. Hann hefði eftir það makið krókinn í vafasömum viðskiptum í samstarfi við Njál. Gunnar hefði alltaf þótt mjög traustvekjandi maður og notið mikils álits í samfélaginu. Lögfræðistofa hans hefði verið skreytt verðlaunapeningum og skjölum og myndum af Gunnari í keppni undir blaktandi fána. Þetta hefði tryggt honum viðskiptavinum úr íþróttahreyfingunni og verkað mjög traustvekjandi fyrir alla aðra. Hann hefði alltaf þótt ákvarðanafælinn og treyst um of á ráðleggingar annarra. Í samskiptum við konur hefði Gunnar verið óruggur og fullur efasemda um sjálfan sig.

Hallgerður hefði notið gáfna sinna og glæsileika og byrjað sem kvenréttindakona og baráttumaður fyrir jafnrétti kynjanna. Hún hefði

þótt kaldlynd og sveiflukenn í skapi og margar sögur af henni sagðar. Skaplyndið hefði gert henni erfitt um vik og valdið árekstrum við umhverfi sitt. Smám saman hefði hún áttað sig á því að frami hennar yrði meiri í stjórnmalaflokkum þar sem karlmenn réðu öllu svo að hún hefði yfirgefið kvennahreyfinguna og gengið til liðs við hefðbundna stjórnmalaflokka. Hún hefði þó ekki unað lengi á þingi heldur gerst blaðakona, sjónvarpsstjarna og ritstjóri. Hallgerður hefði bjargað sér á öllum tímum þrátt fyrir alvarlega persónuleikabresti.

Hætt er við að hjónaband þessara tveggja einstaklinga hefði endað illa. Hallgerður hefði snemma tekið öll völd í sambandinu og fengið leið á hinni hégómlegu og kvíðnu íþróttahetju. Gunnar hefði flúið í faðm Njáls vinar síns sem hefði fyllt Hallgerði höfnunarkennd og sambandið versnað til muna. Hún hefði haldið fram hjá honum og þau skilið með miklum látum og hamslausri forræðisdeilu. Gunnar hefði æ síðan búið einn og barist við prálátan orðróm tengdan samkynhneigð sem hann hefði neitað staðfastlega.



DULARFULLT HJÓNABAND OG SKILNAÐUR ÞRÁINS SIGFÚSSONAR



ÞRÁINN SIGFÚSSON, systkinabarn við Gunnar á Hlíðarenda, mikill kappi en fljóthugi. Þráinn var kvæntur Þórhildi skáldkonu en unni henni lítið. Hann kemur mjög við sögu bæði fyrir og eftir fall Gunnars á Hlíðarenda og var þá í sæmilegu vinfengi við Njálssyni. Þráinn skildi við konu sína í brúðkaupsveislu Gunnars og Hallgerðar og kvæntist Þorgerði dóttur Hallgerðar og Glúms. Þráinn og Þorgerður eignuðust soninn Höskuld og tóku sjálfa Hallgerði langbrók inn á heimili sitt þegar Gunnar var fallinn. Þráinn lenti í deilum við Njálssyni sem enduðu með því að Skarphéðinn Njálsson drap hann við Markarfljót að konu hans ásjáandi.



ÞÓRHILDUR SKÁLDKONA; *eiginkona Þráins. Hún þótti mik-ill svarkur, svarköld og dugmikil og ágætlega hagnæm eins og viðurnefni hennar sýnir. Engir kærleikar voru í þeirra sambandi. Þau voru barnlaus.*



VIÐTAL VIÐ ÞRÁIN SIGFÚSSON OG ÞÓRHILDI SKÁLDKONU, KONU HANS

GEÐLÆKNIR: Hvernig kom til að þið skilduð í þessari brúðkaupsveislu?

ÞRÁINN: Í brúðkaupi Hallgerðar og Gunnars veitti ég strax athygli Þorgerði dóttur Hallgerðar og Glúms. Hún var aðeins 14 vetra og mun yngri en ég en óvenju glæsileg og kynþokkafull. Við Þórhildur höfðum lítið ræðst við dagana fyrir brúðkaupið svo að óvenju stirt og kalt var á milli okkar þar sem við sátum í veislunni. Mér varð starsýnt á Þorgerði sem fór ekki fram hjá neinum. Þórhildur reiddist þessu mjög og kastaði fram svívirðilegum kviðlingi. Ég snöggreiddist og ákvað að binda enda á þetta hjónaband og losa mig við Þórhildi enda fyrir löngu búinn að fá nóg.

ÞÓRHILDUR SKÁLDKONA: Ég tók eftir því hvernig Þráinn starði á Þorgerði með mikla girnd í augum. Mér var nóg boðið svo að ég kastaði fram lítilli stöku þar sem ég sagði að öll spjót Þráins stæðu á Þorgerði. Kannski mátti skilja vísuna eins og hann réði ekkert við eigin líkama og bæði augu og böllur stæðu á stilkum. En svona vísur mega konur ekki láta um munn sér fara. Þráinn varð ofsareidur og stóð þegar upp og skildi við mig og krafðist þess að ég yfirgæfi brúðkaupið. Enginn tók til varna og mér var vísað úr veislunni eins og hverjum öðrum umrenningi.

GEÐLÆKNIR: Hvað fannst þér um þessi málalok?

ÞRÁINN: Þórhildur kallaði þetta yfir sig með gaspri sínu og illmæli. Þegar hún var farin bar ég upp bónorð til Þorgerðar við afa hennar Höskuld Dala-Kollsson. Hann vísaði málinu til Gunnars en hann gerði eins og hann var vanur og bað mig að spyrja Njál. Hann bar mér vel söguna og var gengið frá öllum samningum þessu að lútandi á staðnum og slegið upp tvöfaldri brúðkaupsveislu okkar frænda þar sem þær mæðgur sátu saman á brúðabekk. Um nóttina sængaði ég hjá Þorgerði í fyrsta sinn og fannst ég verða ungur maður á ný. Mestu skipti þó að ég var laus við Þórhildi.

GEÐLÆKNIR: Hvernig leið þér með þessi málalok, Þórhildur?

ÞÓRHILDUR SKÁLDKONA: Mér var gróflega misboðið og ég áttaði mig á þeirri kúgun sem karlasamfélagið beitir konur sem ekki eru þóknanlegar. Mér fannst eins og þeir Þráinn, Gunnar og Njáll og Höskuldur snerust allir gegn mér og ég átti engra kosta vól. Hallgerður, Bergþóra og tengdadætur hennar sátu hjá eins og ambáttir og létu karlana fara svona með sig.

GRÁR FIÐRINGUR

Sagan um þetta bónorð og aðdraganda þess er mjög neyðarleg. Þórhildur eiginkona fór út fyrir mörk kvenleikans og kastaði fram vísu sem Þráni fannst vega að karlmennsku sinni og virðingu. Hann refsaði henni grimmilega fyrir þetta tiltæki, skildi við hana og bað sér Þorgerðar fyrir konu. Þetta gerði hann allt í sömu andránni.

Höfundur Njálu hefur enga samúð með þessari seinheppnu skáldkonu. Hann kynnir hana til sögunnar rétt fyrir brúðkaupið og segir þá að hún tali mikið og háðslega enda ynni Þráinn henni lítið. Gamall fyrirboði úr Gamla testamentinu gengur aftur. Konur eiga ekki að blaðra eða fara með háð og fleipur. Karlasamfélagið þolir slíkt illa eins og Þórhildur skáldkona fær að finna fyrir þegar hún skyndilega stendur fyrir utan veisluna eins og Adam og Eva við aldingarðinn Eden

eftir syndafallið. Meira að segja hinn alvitri Njáll er spurður álits á þessum ráðahag og hann segir Þráin bæði mikilmenni og auðmann! Hver getur beðið um meira?

En eftir stendur að Þráinn var graður og öflugur karl sem vildi yngja upp í hjónabandi sínu og notaði þetta tækifæri til að skilja og biðja sér nýrrar konu. Samkvæmt greiningarskilmerkjum og ríkjandi lögum nútímamanna var Þráinn unglingsafkili og perri sem svaf hjá stúlku langt undir lögaldri. Lög sögualdar leyfðu slíkt kynferðislegt samneyti eldri manna og kornungra telpna. Í samfélagi nútímans hefði hann farið bak við lás og slá fyrir þessar kenndir til stúlkunnar og Þórhildur skáldkona hefði fengið ómælda samúð fólks og jákvæða fjölmíðlaumfjöllun.

**MESTU ILLMENNI
BRENNU-NJÁLS SÖGU
ERU ÞEIR HRAPPUR ÖRGUMLEIÐASON
OG MÖRÐUR VALGARÐSSON.
BÁÐIR ÞÓTTU ÞEIR SLÍK FÚLMENNI
AÐ NÖFN ÞEIRRA ERU NOTUÐ Í TUNGUNNI
TIL AÐ LEGGJA ÁHERSLU Á ÁKVEÐNA
PERSÓNULEIKAÞÆTTI, SVIKAHRAPPINN
OG LYGAMÖRÐINN.**

HRAPPUR ÖRGUMLEIÐASON: *Hrappur var inn í Brennu-Njáls sögu á litlum árabát að skipi í Gautavík og hittir þar að máli skipstjórnann, Kolbein Arnljótason. Hrappur er á flotta undan Vopnfirðingum vegna vígamála og fer Kolbein til að flytja sig til Noregsstranda. Hann kemur sér illa um borð í skipinu vegna frekju og yfirgangs og svikur stýrimann um fargjaldið. Þegar til Noregs er komið hefst ævintýri Hrapps sem fá ekki endi fyrr en á Íslandi nokkeru síðar. Njálssynir drápu hann við Markarfljót ásamt Þráni Sigfússyni.*



MÖRÐUR VALGARÐSSON: *Mörður var náfrænda Gunnars á Hliðarenda, bjó að Hofi á Rangárvöllum og var annálaður fyrir baktjaldamakk og undirferli. Hann ræðdi Höskuld Þráinsson í eyru Njálskona með þeim afleiðingum að þeir fóru og drápu hann. Þetta vig leiddi óbeint til Njálsbrennu. Í eftirmálum brennunnar tókst Merði að vera við allar hliðar samningaborðsins enda slapp hann nokkurn veginn heill frá hörmungum Njáls sögu. Það er hins vegar í bróplegu ósamræmi við þau eftirmáli sem hann fékk hjá þjóðinni því að nafn hans var ekki notað sem skirnarnafn í margar aldir af tilfinningalegum ástæðum. Mörður er einn þeirra manna sem gengið hafu ljóslifandi inn í Íslandssöguna og orðið hluti af henni og samnefnari fyrir undirróðursmenn og lygara.*



VIÐTAL VIÐ HRAPP ÖRGUMLEIÐASON

GEÐLÆKNIR: Segðu mér sögu þína, Hrappur.

HRAPPUR: Ég kom mér til Noregs frá Íslandi með brögðum. Þangað kominn gekk ég á fund Guðbrands í Dal sem var mestur höfðingi í héraðinu og mikill vinur Hákonar jarls. Þeir áttu saman hof sem aldrei var upp lokið nema jarl væri viðstaddur. Hann vildi í fyrstunni ekki taka við mér en mér tókst að fá hann til þess með smjæðri og fagurmælum. Guðbrandur átti tvö börn, Guðrúnu og Þránd. Mér leist strax vel á Guðrúnu og fíflaði hana fljótlega eftir komu mína í Dal. Guðbrandur hafði varað hana við mér en hún skeytti því engu og gerðist ástkona mín. Guðbrandur sendi þá verkstjóra sinn til að njósna og fann okkur í ástaratlotum í runni einum. Hann reyndi að drepa mig, en ég varð fyrri til og keyrði exi í bak honum og drap hann. Guðrúnu brá mikið við þetta, og sagði mér að hún væri með barni og nú væru góð ráð dýr.

Ég fór til Guðbrands með blóðuga exina í hendi. Hann spurði hverju það sætti, og ég kvaðst hafa læknað verkstjórnann af bakverkjum hans. Guðbrandur skildi hvað ég átti við og spurði af hverju ég hefði vegið hann. Ég sagðist hafa neyðst til þess því að hann vildi drepa mig þar sem ég lá með dóttur hans. Guðbrandur brást illa við þessu og skipaði mönnum sínum að handtaka mig en ég komst undan á flóttu. Mér tókst að felast hjá nágrönnum Guðbrands og dvaldist þar um hríð og hélt áfram að hitta og serða Guðrúnu Guðbrandsdóttur. Það var sérlega ánægjulegt að fífla dóttur þessa oflátungs og hrokagikks fyrir allra augum, jafnvel þótt hann hefði fengið jarl til að dæma mig útlaga. En sókn er alltaf besta vörnin. Ég ákvað að verða fyrri til og brenndi hof þeirra Guðbrands og jarls og rændi ýmsum dýrgripum. Á flóttanum drap ég Þránd Guðbrandsson auk nokkurra annarra manna. Guðbrandur og jarl voru mér ævareidir enda höfðu þeir ærin tilefni til. En þessir menn fengu bara það sem þeir áttu skilið.

GEÐLÆKNIR: Hvernig tókst þér að komast út úr þessum ógöngum og til Íslands?

HRAPPUR: Mér tókst að kaupa mér far til Íslands af Þráni Sigfússyni og komst þannig undan reiði og refsingum jarls og hans manna. Ég flutti heim að Hrappsstöðum en var lengstum að Grjótá hjá Þráni og Þorgerði. Þar bjó Hallgerður Höskuldsdóttir langbrók og leið ekki á löngu þar til hún varð ástkona mín. Samskipti mín við Hallgerði voru hin ánægjulegustu enda var þar um alvöru konu að ræða.

Smám saman dróst ég inn í deilur Njálssona og Þráns sem enduðu við Markarfljót.

VIÐTAL VIÐ MÖRD VALGARÐSSON STJÖRNULÖGFRÆÐING

GEÐLÆKNIR: Segðu mér frá sjálfum þér, Mördur.

MÖRDUR: Mér fannst alltaf meira gaman að gömlum lagabókstaf og

fróðleik heldur en vopnaburði og tilgangslausum mannalátum. Ég skildi snemma að það er auðveldara og hættuminna að græða fé með samningum en með hetjudáðum á vígvelli. Aldrei var ég vinsæll af alþýðu manna en gerðist fljótlega auðugur enda klókur í samningum. Tungan var mitt hvassasta vopn.

GEÐLÆKNIR: Hvernig komst þú að málum Njálssona og Höskuldar Þráinssonar?

MÖRDUR: Þegar Njáll veitti Höskuldi fóstursyni sínum goðorð í óþökk minni ákvað ég í samráði við föður minn að losa mig bæði við Höskuld og Njálssyni og Njál sjálfan. Það var létt verk því að Njálssynir voru vitgrannir menn og leiðitamir, hégómlegir og afbrýðisamir. Ég hvatti þá mjög til að drepa Höskuld þótt hann væri fósturbróðir þeirra og Njáli sérlega kær.

Þetta gerðu þeir og drápu Höskuld eins og ég hafði ráðlagt þeim að gera. Njálssynir voru nú komnir í mikla úlfakreppu því að vígið spurðist illa og Njáll var harmi sleginn. Margir voru til hefnda eftir Höskuld og voru Njáll og allt hans fólk brennt inni á Bergþórshvoli. Í eftirmálum brennunnar var ég einn af aðallög mönnum málsins og fékk af því mikinn sóma. Mér tókst að bera kápuna á báðum öxlum og vinna fyrir alla sem komu að málinu.

Þegar öllum þessum átökum lauk var ég hinn eiginlegi sigurvegari án þess að hafa sveiflað sverði eða lagt líf mitt í hættu. Andstæðingar mínir voru allir fallnir. Vitið sigrar alltaf vopnin! Sagt var að ég bæri ábyrgð á öllum þessum hörmungum en svo var alls ekki. Þessir menn gátu við engan sakast nema sjálfa sig. Ég aðstoðaði þá við að gera veruleika úr hugsunum sínum en hafði að öðru leyti engin áhrif á gang mála. Það er alvanalegt að sakborningar kenna lögmanninum sínum um allt sem miður fer en ég get ekki borið ábyrgð á slíkum réttlætningum. Ég vann eftir bestu getu fyrir alla mína skjólstæðinga samkvæmt eigin siðareglum.

GEÐGREINING

Hrappur Örgumleiðason: Andfélagsleg persónuröskun
(*Antisocial personality disorder*)

Það er gaman að bera saman þessi tvö skilgreindu illmenni sögunnar. Hrappur er siðblindur glæpamaður sem svífst einskis. Hann er ofurseldur frumstæðri kynhvöt sem verður öllum öðrum kenndum yfirsterkari. En Hrappur er líka geðþekkur og veitist auðvelt að fá fólk til að ganga erinda sinna. Hann er einn þessara hættulegu siðblindingja sem hafa mikla persónutöfra og tekst því að komast langt. Saga mannkyns er full af slíkum mönnum og allir geðlækna eru með nokkra slíka á sjúklingaskrá sinni. Á langri læknisævi hef ég hitt marga sýkópata sem oft hafa verið svo ótrúlega geðþekkir að þeim hefur tekist að snúa bæði ráðgjöfum og læknum um fingur sér með persónutöfrum sínum. Konur eru sérlega viðkvæmar fyrir fagurgala þessara manna og láta oft blekkjast með skelfilegum afleiðingum eins og sést vel í tilfelli Hrapps.

Hrappur er samviskulaus og stærir sig af öllum sínum glæpaverkum, fer í gegnum lífið undir eigin gunnfána og lætur sig litlu skipta hvað öðrum finnst. Viðskipti hans við Guðbrand í Dal eru dæmigerð fyrir samskipti siðblinds manns og sakleysingjans sem trúir öllu góðu um fólk. Eftir þau viðskipti situr Guðbrandur uppi með sárt ennið, sonurinn fallinn, dóttirin þunguð og hofíð rústir einar. Sennilega áttaði hann sig aldrei til fulls á eigin trúgírni í samskiptum við hinn geðþekka Hrapp sem laug, sveik og stal án þess að blikna eða blána.

Mörður Valgarðsson: Andfélagsleg persónuröskun
(*Antisocial personality disorder*)

Mörður hagar sér eins og ormurinn í Paradís, spillir hugarfari manna og tælir þá út af vegi dyggðanna. Hann er persónugervingur hinnar slægu lögmannastéttar, sjálfhverfur og tilfinningalega flatur án samviskubits eða eftirþanka þótt hann komi iðulega illu til leiðar. Mörður

er rekinn áfram af gróðavon, hégómagirnd og miklum metnaði og hikar ekki við að beita öllum ráðum.

Hrappur kemur til dyranna eins og hann er klæddur og er drepinn en Mörður er undirföruhl og kemst heill á húfi út úr hörmungum og sviptingum Njálssögu. Hvítflibaglaþoninn lifir alltaf af og heldur áfram viðskiptum sínum eins og ekkert hafi í skorist þótt hvarvetna blasi við brunnir akrar og kalin beitolönd þar sem hann hefur farið yfir. Hann finnur sér nýja viðskiptavini vegna þess að alltaf er þörf fyrir þjónustu hans í heimi óheiðarleikans. Kannski er ofmælt að setja einhverja geðgreiningu á Mörð þar sem hann hagar sér fyrst og síðast í samræmi við siðareglur stéttar sinnar og hirðir ekki um siðferðislegar spurningar. Hann minnir því á hina raunverulegu sigurvegara íslenska efnahagshrunsins árið 2008, lögfræðinga sem tókst að sitja við allar hliðar borðsins og selja öllum málsaðilum álit sín og sannfæringu.

Mörður er fyrsti alvöru íslenski lögfræðingurinn og ætti skilið að klækjaverðlaun stéttarinnar yrðu kennd við hann og afhent árlega að Bessastöðum að viðstöddum fjölmiðlum.



Hrappur og Mörður í samtímanum

Bæði Hrappur og Mörður hefðu komist vel af á okkar tímum. Þeir eru svo samviskudaufir og sjálfmiðaðir, en jafnframt geðþekkir, að þeir hefðu fundið sér ágætan starfsgrundvöll í heimi ótakmarkaðs viðskiptafrelsis og eftirlitsleysis.

Hrappur hefði gert sig sekan um einhver afbrot og lent í fangelsi um tíma en ávallt komið standandi niður og barist til nýrra áhrifa. Konur hefðu heillast af þessum geðþekka og óheiðarlega manni og hann hefði nýtt sér þessa kvenhylli til hins ýtrasta. Hann er manna duglegastur og hefði náð langt sem byggingaverktaki, fasteignasali og formaður í hverfafélagi stjórn málaflokks og íþróttafélagi.

Mörður hefði siglt fram hjá öllum skerjum og hlotið mikinn frama í lögmannastétt. Hann hefði orðið lifandi goðsögn í lögfræðiheiminum og komið fram í fjölmiðlum sem álitsgjafi um stjórnarskrána

og alla mögulega lagakróka. Mördur hefði verið vinsæll kennari við lagadeild Háskólans enda hafsjór af fróðleik og allra manna færastur í lagaklækjum og formsatriðum. Enginn hefði staðið honum á sporði við að finna galla á málatilbúnaði og fá málum vísað frá dómi. Mördur hefði verið vellauðugur en ekki borist mikið á heldur barmað sér sífellt vegna lélegra launa og skuldseigra viðskiptamanna. Hann hefði um langt skeið verið óumdeildur formaður Lögmannafélags Íslands.

Á BERGPÓRSHVOLI BJUGGU HJÓNIN NJÁLL ÞORGEIRSSON LÖGSPEKINGUR OG KONA HANS BERGPÓRA SKARPHÉÐINSÓTTIR HÚSFREYJA ÁSAMT SONUM SÍNUM SKARPHÉÐNI, HELGA OG GRÍMI OG DÆTRUM (SEM REYNDAR ERU EKKI ALLAR NAFNGREINDAR). Í NJÁLSBRENNU VORU ÞAU HJÓNIN OG SYNIRNIR BRENND INNI EN DÆTURNAR KOMUST LÍFS AF ÁSAMT KÁRA SÖLMUNDARSYNI, TENGDASYNI ÞEIRRA. UNANFARI ÞESS VAR VÍG HÖSKULDAR ÞRÁINSSONAR, FÓSTURSONAR NJÁLS, SEM NJÁLSSYNI DRÁPU.



SKARPHÉÐINN NJÁLSSON var elsti sonur Njáls og Bergþóru á Bergþórshvoli. Skarphéðni er lýst sem vöskum manni, óráðþægum og þverum í lund, ógefulegum í útliti, stórskornum, kjaftforum og stóryrtum. Hann hefur alltaf verið í miklum metum og er opinber fyrirmynd ungmenna á Suðurlandi þar sem Héraðssambandið Skarphéðinn ber nafn hans. Helstu afrek Skarphéðins í sögunni eru víg Þráins Sigfússonar á Markarfljóti og löngu síðar sonar hans, Höskuldar Þráinssonar, sem hafði skelfilegar afleiðingar.

HELGI NJÁLSSON: Yngri bróðir Skarphéðins og mikill kappi þótt minna sé um hann fjallað.

BRÆÐRASPJALL VIÐ SKARPHÉÐIN OG HELGA NJÁLSSYNI

GEDLÆKNIR: Hvernig voru samskipti ykkar bræðra við foreldra ykkar?

SKARPHÉÐINN: Við systkinin bjuggum öll heima og biðum eftir því að faðir okkar tæki ákvörðun um gjaforð okkar eða kvonfang. Einu sinni spurði hann hvort ég hefði ekki áhuga á að kvænast og ég sagði að hann skyldi ráða því. Eiginlega hafði ég lítinn áhuga á konum og langaði ekki til að láta binda mig í hjónaband. Þá bað hann Þórhildar Hrafnadóttur mér til handa og við urðum hjón. Hún flutti heim að Bergþórshvoli eins og allar mágkonur mínar gerðu og þar bjuggum við öll saman. Við Þórhildur eignuðumst engin börn saman en sambandið var vandræðalítið og hún hafði sig ekkert í frammi á heimilinu.

GEDLÆKNIR: Hvernig leið þér með samband föður þíns og Gunnars á Hlíðarenda og Höskuldar Þráinssonar?

SKARPHÉÐINN: Ekki vel. Ég var elsti sonurinn og mér bar virðing og metorð í samræmi við það en fékk ekki. Faðir okkar hafði mun meiri mætur á Gunnari á Hlíðarenda en mér og mörgum árum síðar á Höskuldi, syni Þráins Sigfússonar. Samband mitt við móður mína var mun betra enda var ég í miklu dálæti hjá henni. En ég hafði litla þörf fyrir félagsskap annarra enda leið mér yfirleitt best einum með sjálfum mér. Aldrei fór ég til útlanda eins og bræður mínir enda langaði mig ekki til þess.


GEDLÆKNIR: Hvaða sögu segir þú, Helgi?

HELGI NJÁLSSON: Eiginlega gegndi sama máli um mig og Skarphéðin. Faðir okkar ræddi við Ásgrím Elliðagrímsson, gildan bónda hér í sveitinni, og bað mér til handa Þórhöllu dóttur hans. Ég var ekki einu sinni spurður á lits en sagði eins og alltaf að þessu skyldi faðir minn ráða, enda vissi hann best.

Njáll gifti Grím bróður okkar ríkri ekkju, Ástríði á Djúpárbakka, án þess að spyrja hann á lits. Þau bjuggu líka með okkur á Bergþórshvoli í stórfjölskyldunni. Eiginkonur okkar spurðu þrásinnis hvenær

við gætum flust að heiman og skapað okkur sjálfstætt líf en það var fátt um svör. Við vorum dæmdir til að búa í foreldrahúsum meðan Njáll og Bergþóra lifðu. Þetta skapaði alls konar kergju og leiðindi eins og oft vill verða þegar konum finnst þær sniðgengnar. Þegar Kári Sölmundarson kvæntist Helgu systur okkar bjuggu þau líka að Bergþórshvoli. Þar voru allar þessar fjölskyldur í einu samfélagi sem var oft mjög þreytandi og erfitt.

Höskuldur hafði heldur ekkert um eigið kvonfang að segja. Njáll ákvað að hann skyldi kvænast Hildigunni nokkurri Starkaðardóttur og samdi um það við frænda hennar, Flosa Þórðarson á Svínafelli. Eftir brúðkaupið fékk hann þeim bæði land og vinnufólk að Os-sabæ og meira að segja goðorð. Þau ein fengu að lifa eigin lífi.



Við vorum allir sem lamaðir við þessar aðstæður. Njáll vissi hvað okkur var fyrir bestu og við hlýddum. Við vorum ómyndugir gagnvart föður okkar og urðum að spyrja hann leyfis og álits eins og hverjir aðrir húskarlar. Þegar við bræður vorum komnir á fimmtugsaldur vildum við sigla utan en urðum að beiðast fararleyfis af föður okkar eins og strákhvolpar.

GEÐLÆKNIR: Segðu mér frá viðskiptum þínum og Þráins Sigfússonar, Skarphéðinn.

SKARPHÉÐINN: Ég drap Þráin Sigfússon á Markarfljóti og var það annálað hreystiverk. Hann var náfrændi Gunnars eins og Sigmundur Lambason sem ég drap líka. Ekki get ég sagt að Þráinn hafi mikið til saka unnið en hann hafði móðgað bræður mína í Noregi og komið að húskarladrápum þeirra Hallgerðar og Bergþóru. Ég naut þess að drepa Þráin að konu hans, Þorgerði Glúmsdóttur, og tengdamóður, Hallgerði langbrók, ásjáandi, enda hataði ég Hallgerði. Hún var alltaf óhrædd við okkur bræður svo að ekki spillti það ánægju minni að við drápum Hrapp, ástmann hennar, með Þráni. Þegar þeir voru dauðir

tók ég í hnakkadrambið á Grana Gunnarssyni, syni Hallgerðar, og gerði hann að athlægi.

Njáll samdi um bætur fyrir vígið við bræður Þráins og greiddi allt féð sjálfur. Nokkru síðar bauðst hann til að taka Höskuld, son Þráins, í fóstur. Þetta gerði hann til að innsigla sættina, en mér fannst kvíðvænlegt að hafa fyrir augum ungan dreng sem var viðstaddur þegar ég hjó föður hans í herðar niður. Njáll varð svo elskur að drengnum að okkur öllum þótti nóg um. Þegar við bræðurnir höfðum drepð Höskuld brást faðir okkar ókvæða við þeim tíðindum og ég fann hversu mjög hann hafði elskað Höskuld. Bræður mínir og Njáll og Kári reyndu að ná sáttum við ættingja Þráins á Alþingi, en ég hafði engan áhuga á því, enda urðu engar sættir. Við fórum heim og biðum þess sem verða vildi. Þegar þeir Flosi og hans menn komu að Bergþórshvoli til að hefna fyrir dráp Höskuldar hlýddi ég ráðum föður okkar og fór inn í hús þótt ég vissi að við yrðum allir brenndir inni eins og melrakkar í greni. Ég hræddist ekki dauðann og leið aldrei betur en í þessum lokabætti lífs míns, enda fékk ég óskipta athygli brennumanna sem gerðu hróp að mér. Mér þótti verst að Njáll gekk snemma til hvílu til að deyja svo að hann varð ekki vitni að hetjulegum tilsvörum mínum og viðbrögðum.



NJÁLL ÞORGEIRSSON bóndi og lögspekingur að Bergþórshvoli á Landeyjum. Stjórnsamur höfðingi sem ræð ríkjum eins og kóngur á heimili sínu þar sem allir sátu og stóðu eins og hann vildi. Honum er svo lýst að hann hafi verið bæði vitur og forspár og langminnugur en þó var sá ljóður á hans ráði að honum óx ekki skegg. Hann var auðugur að fé og leysti hvers manns vandræði sem til hans leitaði. Njáll kemur víða við sögu enda slægur pólitikus en svo fór að hyggindi hans dugðu ekki til og hann var brenndur inni að Bergþórshvoli fyrir afglöp og glæpi sona sinna sem hann átti óbeina aðild að.

VIÐTAL VIÐ NJÁL

GEDLÆKNIR: Hvað segir þú um þessi mál?

NJÁLL: Ég var alltaf maður sátta og helst hefði ég viljað stunda ráðgjöf og lögmennsku í friði við Guð og menn. Ég vildi alltaf afstýra ófriði og manndrápum en neyddist þó til að samþykka ýmsar hefndaraðgerðir sona minna þegar ég dróst inn í alvarlegar deilur þeirra við umhverfi sitt og tókst ekki að koma málum á réttan kjöl aftur. En sæmd fjölskyldunnar var í veði og frumskylda hvers manns er að gæta sóma síns.

Ég áttaði mig aldrei á afbrýðisemi sona minna og Bergþóru gagnvart Höskuldi Þráinssyni. Þegar þeir fóru og drápu hann fyrir áeggjan Mārðar féll mér allur ketill í eld og kenndi mér um dauða hans. Ég hefði heldur viljað missa tvo syni mína en hann. Eftir vígið reyndi ég allt hvað ég gat til að ná sáttum en það mistókst vegna dólgsláta Skarphéðins. Reyndar var ég búinn að gefast upp fyrir örlögum. Þegar þeir voru dánir, Gunnar og Höskuldur, var lífið ekki þess virði að lifa því.

GEDLÆKNIR: Áttir þú í ástarsambandi við Gunnar og Höskuld?

NJÁLL: Hver elskar ekki fegurðina í hvaða mynd sem hún birtist? Ég hreifst af glæsileika þeirra beggja og æsku Höskuldar. Er það glæpur? Ég mundi skilgreina samband mitt við þá sem djúpstæða vináttu.

GEDLÆKNIR: Hvernig brást þú við þegar Flosi kom með sína menn að Bergþórshvoli?

NJÁLL: Ég vildi fara inn í hús og fá að deyja með mínu fólki. Þessu var lokið og ég sá engan tilgang í enn einum bardaganum og enn meiri dauða og hörmungum. Þegar Flosi bauð mér útgöngu hafnaði ég því enda taldi ég mig ófæran um að hefna sona minna. Ég gafst endanlega upp fyrir örlögum mínum og lagðist til hvílu til að deyja.

GEDGREINING

*Njáll Þorgeirsson: Kvíðahliðrunarpersónuröskun
(Anxious avoidant personality disorder)*

Njáll er ein sorglegasta persóna eigin sögu. Hann er mikill lögspeklingur og reynir alltaf að leita sátta og semja í hverju máli. En lögspeki hans kemur oft fyrir lítið og lagakrókar hans koma ekki í veg fyrir blóðug átök. Hann er allra manna voldugastur en honum tekst hvorki að hemja syni sína né eiginkonu. Hann tekur kristni og elur upp Kristsímmynd sögunnar, Höskuld, sem synir hans taka síðar af lífi eins og hvern annan óbótamann.

Njáll er oft lamaður af ákvarðanafælni og hann lætur hlutina gerast án þess að reyna að grípa í taumana. Hjónaband hans og Bergþóru hefur ekki verið hamingjusamt og Njáll sækir í félagsskap ungra og fallelgra manna eins og Gunnars og Höskuldar. Hann veltir fyrir sér eigin kynhneigð og óttast hvert þær hugsanir geti leitt hann. Þegar Njállssaga er skoðuð kemur í ljós mikill lamandi kvíði sem kemur í veg fyrir að Njáll bregðist rétt við aðstæðum hverju sinni.

MAKAVAL Á SÖGUÖLD

Ósjálfstæði Njállsóna er himinhrópandi og greinilegt að þeim er ókleift að brjótast undan föðurvaldi Njáls og skapa sér sjálfstæða tilveru. Íslendingasögur eru fullar af dæmum sem þessum þar sem ungu fólki er haldið í heljargreipum laga og aldagamallar siðvenju. Feður ákváðu upp á sitt eindæmi hverjum börn þeirra skyldu gefast og höfðu þá að leiðarljósi eigin hagsmuni og ættarinnar. Hjónabönd barna voru venjulega hluti af flóknu pólitísku spili þar sem menn reyndu að efla völd sín og áhrif með mægðum við voldugar ættir. Ungu fólki var á engan hátt treyst til að finna sér maka við hæfi heldur skyldu feður þeirra eða forráðamenn sjá um það. Þannig er þessu reyndar ennþá háttáð víða um heim þar sem hjónabönd og sambönd barna eru ákveðin af feðrum þeirra.

Menn höfðu mikla vantrú á tilfinningum og töldu þeim allt til for-
 áttu þegar kom að makavali. Og allra verst var girndin sem allir höfðu
 skömm á og vildu alls ekki hafa við stjórnvölinn. Eitt mesta skamm-
 aryrdi sem menn viðhöfðu um fyrirhugað hjónaband var girndarráð.
 Í slíku tilviki réðu tilfinningar eða gredda brúðhjóna en ekki vilji og
 skynsemi föðurins. Þegar hörmungar margra Íslendingasagna eru
 skoðaðar kemur í ljós hvernig feðravaldið lamar helstu persónur sagn-
 anna og gerir þær bæði ósjálfstæðar og vanmegnugar. Þær reyna að
 brjótast undan þessu valdi með því að grípa til örþrifaráða sem venju-
 lega enda með ósköpum. Óviða eru þó dæmi um svo ósjálfstæðan
 barnahóp og á Bergþórshvoli þar sem börnin gátu ekki flutt að heiman
 heldur bjuggu áfram heima hjá foreldrum sínum með mökum sínum
 og lutu húsbóndavaldi Njáls og Bergþóru.

GEÐGREINING

Skarphédinn Njálsson: Hæðispersónuröskun (*Dependent person-
 ality disorder*), geðklofalík persónuröskun (*Schizoid personality disorder*),
 andfélagsleg persónuröskun (*Antisocial personality disorder*)

Skarphédinn er með geðklofalíka persónuröskun sem lýsir sér í tilfinn-
 ingalegri flatneskju og fjarlægð, sjálfhverfu og lítilli félagslegri virkni.
 Slíkir einstaklingar eru venjulega einrænir, fara sínar eigin leiðir og
 eru sjálfum sér nógir og telja sig ekki þurfa nein samskipti við aðra.
 Þeir hafa skerta færni til að setja sig inn í hugarástand eða tilfinningar
 annarra.

Hann er kaldranalegur og stuttur í tilsvörum og glottir til að fela
 tilfinningar sínar þótt verið sé að tala um mál sem ættu að hreyfa
 við honum. Skarphédinn er siðblindur og vænisjúkur eins og margar
 aðrar hetjur sagnanna enda er hann svo upptekinn af eigin hugarheimi
 að siðgæðisvitund samtíðarinnar hefur lítill áhrif á hann.

Það vekur furðu hversu fáorður höfundur Njálu er um hjónaband
 Skarphéðins en kona hans Þórhildur er eiginlega ósýnileg í sögunni.

Engum sögum fer af sambúð þeirra eða hjúskaparfari sem bendir til
 þess að fátt hafi verið með þeim hjónum og Skarphédinn verið jafn
 fjarlægur konu sinni og öðrum í umhverfi sínu. Lítill áhugi á kynlífi er
 venjulegt einkenni hjá fólki með þessa persónuröskun.

Stundum er reyndar eins og hann sé ástfanginn af Hallgerði
 langbrók, svo umhugað er honum um að skaprauna henni sem allra
 mest. Þetta sjá margir geðlæknar hjá mönnum með þessa persónu-
 leikaröskun. Þeir gera allt sem þeir geta til að ganga fram af konunni
 sem þeir eru hrifnir af og þá er eins og ástin snúist upp í andhverfu
 sína. Ofbeldi og yfirgangur verður ástarjátning þessara manna vegna
 þess hversu illa tengdir þeir eru tilfinningum sínum. Margir hrellar
 sem ofsækja konur, njósna um þær og elta þær á röndum eru með slíka
 tilfinningalega ringulreið í kollinum. Öllu slær saman, ást og hatrí,
 gleði og reiði og þeim finnst þeir elska konu sem þeir virðast hata og
 fyrirhlíta.



Skarphédinn í nútímanum

Skarphédinn hefði á öllum tímum lent í árekstrum við umhverfi sitt
 vegna skapgerðar sinnar og persónulegra vandamála. Foreldrar
 hans hefðu varið hann og aðstoðað á alla lund en hann hefði verið
 þeim erfiður í skauti. Líklega hefði Skarphédinn verið tíður gestur á
 bráðamóttökum geðdeildar glottandi við tönn og rífandi kjaft. Hann
 hefði sennilega ekki haft uppburði í sér til að kvænast eða hefja sam-
 band við einhverja konu. Skarphédinn hefði verið kominn á örorku
 vegna andlegra og félagslegra vandamála um þritugt og verið einn af
 kynlegum kvistum samfélagsins sem lifa meira og minna utangarðs.
 Hann hefði setið inni um tíma vegna einhverra smáglæpa en notið
 pólitískra tenginga föður síns og losnað úr fangelsinu vegna heilsu-
 brests. Skarphédinn hefði notið virðingar meðal undirmálsmanna
 samfélagsins vegna gáfna sinna, krafta og orðheppni en honum
 hefði gengið mun verr að fóta sig í nútímanum en á síðum Njálu.

HÖSKULDUR HVÍTANESGOÐI ÞRÁINSSON OG ÖDIPUSARDULD SKARPHÉÐINS

Ævi og endalok Höskuldar eru einhver hin sorglegustu í öllum Íslendingasögum. Þegar Njálssynir og Kári drápu föður hans við Markarfljót var Höskuldur sennilega viðstaddur. Hann mun þá hafa verið tíu ára gamall. Eftir það var drengurinn tekinn frá móður sinni eins og þá var alsíða og komið í fóstur til föðurbróður síns, Ketils Sigfússonar í Mörk. Þangað kom Njáll og bauðst til að fóstura hann til að innsigla sættir eftir víg Þráins. Drengurinn fór því til banamanna föður síns og var alinn þar upp. Njáll varð helsta athvarf drengsins og myndaðist fólkskvalaus vinátta milli þeirra.

Örlög Höskuldar eru því eins og grískur harmleikur þar sem elsti sonurinn gengur svo langt að drepa fósturbróður sinn sem er hluti af ímynd föðursins. Skarphéðinn vissi að víg Höskuldar kæmi til með að draga dilk á eftir sér og leiða til dauða Njáls og kannski þeirra allra. Sennilega skipti rógur og undirróður Marðar litlu máli í þessu samhengi því að sjúkur hugur og vænisýki Skarphéðins réðu ferðinni hér sem oftast. Skarphéðinn var með geðklofalíkan persónuleika þar sem alls konar ranghugmyndir blómstruðu eins og framandi bananatré í íslensku gróðurhúsi.

Freud setti fram hugmyndir sínar um ödipusarduldina sem hann kallaði eftir goðsögninni um Ödipus konung í leikriti Sófóclesar. Því er spáð að Ödipus muni drepa föður sinn og giftast Jóköstu móður sinni. Hann reynir allt hvað hann getur til að komast undan spádómnum en þrátt fyrir það fer svo að hann ræður föður sinn af dögum og gengur í eina sæng með móður sinni, án þess að vita það. Þegar Ödipus áttar sig á því sem gerst hefur fyllist hann sektarkennd og samviskubiti og stingur úr sér bæði augun með glóandi járn.

Freud segir að einkenni þessa séu fjandsamlegar og kynferðislegar hugsanir barnsins í garð foreldranna. Barnið gírnist foreldrið af hinu kyninu og hatar hitt sem er því samkynja eða öfugt. Þetta leiðir til mikilla sálarlegra vandamála þar sem barnið hatar móður sína eða föður sem því finnst vera í samkeppni við sig um hylli hins. Þessi sálar-

lega deila getur grafið um sig lengst inni í sálarjúpunum og valdið alls konar vandamálum. Algengast er að ungir menn gírnist mæður sínar kynferðislega og sjái föðurinn sem keppinaut um ástir hennar, leggi á hann mikla fæð og vilji allt til þess vinna að bera sigurorð af honum.

Þetta er vandamál Skarphéðins. Honum fannst Njáll vanrækja sig og hampa Gunnari og Höskuldi meira en sér. Hann náði fram hefndum með því að drepa þann sem föðurnum var kærastur, Höskuld.

Geðlæknar þekkja til margra fjölskyldna þar sem börn feta í fótspor foreldra sinna, læknisbörnin verða læknar, lögfræðingsbörnin nema lögfræði, börn byggingarmeistarans fara að byggja hús. Ástæður þessa geta verið margar, bæði einfaldar og flókna. Hluti skýringa er löngun barnsins til að sigrast á foreldrinu og sanna sig þannig fyrir sjálfu sér og umheiminum. Læknissonurinn vill verða betri og meiri læknir en faðir hans til að sýna móður sinni hvor þeirra feðga sé öflugri.

GEÐGREINING

Höskuldur Þráinsson

Það er ómögulegt að setja einhverja geðgreiningu á Höskuld. Hann er í sögunni heilagur maður eða Kristsímynd sem fyrirgefur óvinum sínum á banastundinni. Hjónaband hans og Hildigunnar er með miklum ágætum en barnlaust. Hann er kannski of góður og grunlaus fyrir þá viðsjárverðu veröld sem umlykur hann. Höskuldur er algjör andstæða allra ribbaldanna sem ríða um hérað drepanði mann og annan og ógnandi saklausu fólki. Kannski má segja að góðmennskan hafi orðið honum að falli. Höskuldur er einhver óspilltasta persóna sagnanna og gegnir furðu að frægð hans skuli ekki hafa orðið meiri. En það er gangur og kaldhæðni lífsins að góðmennid gleymist en morðingjanum er hampað og ungmennafélag sveitarinnar ber nafn hans.

Höskuldur í nútímanum

Hann hefði helgað kirkjunni krafta sína og náð langt innan ræða hennar. Höskuldur hefði orðið biskup og öflugur trúarlegur leiðtogi. Hann hefði verið trúgjarn og treyst fólki út í ystu æsar sem mögulega hefði orðið honum fjötur um fót. Höskuldur hefði átt erfitt með að átta sig á klækjum heimsins og allri þeirri mannvönsku sem blasir við sjónum. Líklega hefði honum þó tekist að snúa á fjandmenn sína og freistarann og leiða kirkjuna til aukinnar virðingar og áhrifa í samfélaginu.



VIÐTAL VIÐ BERGPÓRU

GEÐLÆKNIR: Hvernig var hjónaband ykkar Njáls?

BERGPÓRA: Það var mjög gott og bar aldrei neinn skugga þar á. Mér líkaði þó aldrei vel við Gunnar Hámundarson og fannst Njáll gera sér of dælt við hann. En ég hafði megna andúð á konu hans Hallgerði og gerði mér far um að skaprauna henni eins og ég gat. Mér fannst Hallgerður ógna mér og tengdadætrum mínum þegar hún flutti í Fljótshlíðina. Hún var glæsileg, fögur og fláráð og mér stóð stuggur af henni. Þegar ég lenti í útistöðum við Hallgerði hélt ég að Gunnar mundi hverfa út af heimilinu en það gerði hann ekki.

Ég fagnaði falli Þráins enda fannst mér það vera síðbúin hefnd gagnvart Hallgerði tengdamóður hans. Þegar Njáll tók Höskuld inn á heimilið var mér nóg boðið en lét ekki á neinu bera. Mér fannst Njáll vera full elskur að drengnum en sagði ekkert. Samband Njáls og Höskuldar minnti mig á vináttu hans við Gunnar Hámundarson sem fólk slúðraði mikið um. Ég heyrði ávæning af orðum Marðar við syni mína og lét mér vel líka þegar þeir fóru til að drepa hann. En Höskuldur var ágætur piltur og mér þótti alltaf vænt um hann þótt enginn væri hann jafningi sona minna.

GEÐGREINING

Bergþóra Skarphéðinsdóttir: Persónuröskun með óstöðugum geðbrigðum, hambrigðapersónuröskun (*Borderline personality disorder*), aðsóknarpersónuröskun (*Paranoid personality disorder*)

Bergþóra er flókin persóna og á sér óvenju sjálfstæða tilveru. Kannski er Bergþóra mesti örslagavaldur sögunnar þegar hún æsir til mikils ófriðar við Hallgerði langbrók og segir henni stríð á hendur eftir að hún kemur að Hlíðarenda. Hún er greinilega mjög viðkvæm, hégómleg, öfundsjúk, afbrýðisöm og sveiflött í skapi. Bergþóra er sjálfmiðuð og tortryggin og mistúlkar umhverfi sitt á neikvæðan hátt. Kannski eru deilur hennar og Hallgerðar svo illvígar vegna þess hversu líkar þessar konur eru. Þær magna upp verstu lesti hvor í fari annarrar og sjá fyrir sér flóknar samsæriskenningar í öllum hornum. Bergþóra er „borderline“ eins og Hallgerður en auk þess með miklar ofsóknarhugmyndir. Hún er sjúklega meðvirk með börnum sínum eins og Rannveig móðir Gunnars og Ásdís á Bjargi og fleiri góðar konur.

Allir geðlæknar þekkja andrúmsloftið á geðdeild þegar tvær konur með þessa persónubresti leggjast inn samtímis. Þær reyna allt hvað þær geta til að koma hinni á kné og svífast einskis til að svo geti orðið. Venjulega leiðir það til mikils uppgjors þar sem allir starfsmenn deildarinnar dragast inn í deilurnar og skiptast í fylkingar. Sjálfur hef ég orðið vitni að svo hatrömmum átökum inni á geðdeild að fá varð einn eða tvo sálfræðinga og prest utan úr bæ til að róa öldurnar þegar báðar þessar konur höfðu verið útskrifaðar. Deildin var öll í uppnámi eftir þetta stríð þar sem starfsfólk og sjúklingar skipaði sér í flokka á tilfinningalegum forsendum. Stundum varð að loka deildum í kjölfar slíkra árekstra.

Njáll og Bergþóra í nútímanum

Ekki er að efa að Njáll hefði orðið mikill áhrifamaður í íslensku samfélagi sakir afburðagáfa sinna og hæfileika. Hann hefði setið á þingi eða í hæstarétti og einhvern tíma á ferlinum hefði hann verið prófessor í lögum við Háskóla Íslands og deildarforseti og rektor. Njáll hefði verið einhver vinsælasti álitsgjafi fjölmiðla og í lögfræðilegum álitafnum. En Njáll hefði þurft að berjast við drauga eigin lífs. Synirir hefðu verið honum erfiðir og andleg vandamál Skarphédins hefðu dregið dilk á eftir sér. Hann hefði barist við þrálátan orðróm um samkynhneigð sem hann hefði neitað í viðtölum við fjölmiðla.

Bergþóra hefði staðið eins og klettur við hlið manns síns í öllum átökum samtíðarinnar. Hún hefði verið hann og ódæla syni sína með oddi og egg og látið sem ekkert væri þótt hann gerði sér dælt við fallega lærisveina sína. Hjónabandið hefði verið steindautt um árabíl en þau haldið áfram að leika í gegnsæju hamingjuleikriti. Undir lokin hefðu þau ekki átt neitt annað sameiginlegt en sömu geð- og svefnlyf sem þau hefðu tekið að læknisráði.

SORGLEGUR HJÓNAVANDI

Geðlæknar og fjölskylduráðgjafar þekkja óhamingjusöm hjónabönd sem einkennast af miklum deilum og ójafnvægi milli hjóna. Í Brennu-Njálssögu er fjallað lítillga um hjónin Björn í Mörk og Valgerði konu hans. Hjónabandi þeirra er lýst stuttlega en Björn bóndi býr við mikið kvennaríki þar sem Valgerður niðurlægir hann á allan hátt fyrir framan gesti og gangandi. Hún er mikill svarkur en hann fremur atkvæðalítill. Henni finnst greinilega að hann sé sér ekki samboðinn og sýnir honum það sífellt í verki. Höfundur sögunnar gerir úr þessu gamanleik þar sem Valgerður lítilsvirðir mann sinn fyrir framan hetjuna Kára Sölmundarson sem tekur þessu góðlátlega. Björn sjálfur bregst illa við og reynir að bera hönd fyrir höfuð sér en Valgerður fer sínu fram hvað svo sem tautar og raular.

Þetta er gamalkunn saga og sorgleg og hjón eins og Björn og Valgerður eru fastagestir á öllum stofum geðlækna.

Ástin er löngu dauð í slíku sambandi og hjónin bæði óhamingjusöm og ósátt en halda áfram að vera saman af gömlum vana og þora ekki að skilja. Samskiptin einkennast af stöðugum deilum og rifrildum, hálfkveðnum vísnum og neikvæðni. Valgerður setur sig aldrei úr færi að hafa háðuleg orð um mann sinn, og hann reynir allt hvað hann getur til að hafa hana góða. Andrúmsloftið á slíku heimili er óþolandi og gestum og gangandi líður illa af hnausþykki spennunni sem liggur eins og mara yfir öllum samskiptum. En þetta stríð er löngu tapað og þau verða aldrei nokkru sinni hamingjusöm enda löngu hætt að reyna.

Lýsingin gæti sómt sér vel í hvaða kennslubók sem væri um hjónabandsvandræði og ósamstíga fólk. Hetjan Kári reynir að hjálpa Birni að hafa einhvern hemil á heift konu sinnar en ekkert fær sefað reiði húsfreyju og fyrirritningu hennar á manni sínum. Hjónum sem þessum er venjulega ráðlegast að skilja, sem þau gera sjaldan. Þau eru orðin svo háð eigin óhamingju og ósamlyndi að þau geta ekki hugsað sér annað líf. Orsök slíkra hjónavandræða er venjulega óöryggi beggja og ósætti við eigið líf. Úr verður sorglegur leikþáttur sem áhorfendum fellur sjaldnast í geð þótt enginn segi neitt. Kári reynir þó að bera í bæti fláka fyrir Björn en venjulega leiðir fólk hjónaerjur sem þessar hjá sér. Reyndar má segja að hjónaböndin í Njálu eru yfirleitt fremur dapurleg.



Björn og Valgerður í nútímanum

Þau hefðu átt auðveldar með að skilja í nútímanum en á söguöld. Þó er á engan hátt víst að þau hefðu farið þá leið heldur barist áfram í þessu vonlausa hjónabandi. Þau hefðu mögulega leitað sér ein-

hveirrar hjálpar en fjölmörg viðtöl hefðu engu breytt, heldur einungis staðfest þá fjarlægð sem væri á milli þeirra. Sennilega hefðu þau bæði endað á geðlyfjum sem hefðu gert þeim auðveldara um vik að sættast við eigin óhamingju og lífa saman. Geðlæknir sem situr með fólki eins og Valgerði og Birni í endurteknum árangurslausum viðtölum veltir því oft fyrir sér hvort lífið sé ekki allt of stutt til að eyða því í óhamingjusömu hjónabandi.



**KÁRI SÖLMUNDARSON, TENGDASONUR NJÁLS
OG BERGPÓRU, KEMST LÍFS AF OG KLAKKLAUST FRÁ
ÖLLUM ÁTÖKUM SÖGUNNAR EFTIR AÐ HAVA HEFNT
BRENNUNNAR GRIMMILEGA. SEINNI KONA KÁRA ER
HILDIGUNNUR STARKAÐARDÓTTIR.**



HILDIGUNNUR STARKAÐARDÓTTIR: *Dóttir Starkaðar Þórðarsonar, bróður Flosa Þórðarsonar á Svínafelli. Hún var fögur og glæsileg en grim og skaphörð. Hildigunnur var gefin Höskuldi Þráinsyni og hvatti mjög til hefnda eftir að Njálssynir höfðu drepið hann.*

KÁRI SÖLMUNDARSON: *Kári sigldi inn í söguna í fangið á Njálssonum í Skotlandsfjörðum á mikilli ögurstundu. Þeir átta í höggi við ofurefli liðs sona Moldans í Dungalsbæ þegar Kári kom með nokkur skip og veitti þeim liðsinni. Mikil vinátta tókst með Kára og Njálssonum eftir þessi ævintýri og fór hann með þeim til Íslands og kvæntist Helgu dóttur Njáls. Þau gerðu bú að Dyrhólum í Mýrdal en þau fengu sér ráðsmann og ráðskonu til sjá um búiið og voru sjálf langdvölum að Bergþórshvoli í stórfjölskyldunni.*

Kári er eins og álfasveinn án fortíðar eða sögu, mikill kappi, hann særst aldrei, hann mæðist ekki, algóður, göfugur og hvers manns

hugljúfi. Hann komst einn undan úr Njálsbrennu og hefndi hennar grimmilega. Kári var lengi í vikingaferðum og gerðist fullnuma í þeirri mannfyrirlitningu sem einkenndi marga víkinga. Aðgerðir hans eftir Njálsbrennu snerust fljótleiga upp í glórulaust drápsfylliri þar sem hefndin fékk eigið líf.



VIÐTAL VIÐ HILDIGUNNUR STARKAÐARDÓTTUR

GEÐLÆKNIR: Segðu mér frá hjónabandi ykkar Höskuldar Þráinssonar.

HILDIGUNNUR: Ég var ung gefin Höskuldi. Njáll fóstri hans kom ásamt sonum sínum og Kára Sölmundarsyni og fleirum austur að Svínafelli og það Flosa föðurbróður minn um hönd mína fyrir Höskuld. Hann kallaði mig til og spurði hvað mér þætti um þennan ráðahag. Ég kvaðst vera kona skapstór og vildi ekki gefast goðorðslausum manni. Setti ég þau skilyrði að Höskuldur yrði að fá mannaforráð ef við ættum að giftast. Njáll bað um þriggja vetra frest til að ráða þessum málum. Það gekk eftir og tókst honum með flóknum samningum að fá Höskuldi nýtt goðorð í Hvítanesi og vorum við síðan gift. Njáll fékk okkur bústað að Ossabæ og þjuggum við þar en ekki að Bergþórshvoli með öllum hinum. Samband okkar Höskuldar gekk vel enda var hann mikill mannkostamaður. Mér líkaði alltaf vel við Njál enda var hann einkar viðfelldinn og mannlegur. Höskuldur var honum mjög kær og þeir elskir hvor að öðrum. Bergþóru kynntist ég ekki eins vel en hún var alltaf köld og fjarlæg.

Ég treysti aldrei föðurbönum hans, þeim Njálssonum og síst Skarphéðni. Mér stóð stuggur af glottinu sem sífellt lék um varir hans. Ég vissi að Mördur Valgarðsson hafði horn í síðu bónda míns vegna goðorðsins og ég treysti honum ekki, heldur óttaðist að honum tækist að snúa þeim gegn okkur í Ossabæ. Mördur kom til okkar og rægði þá Njálssyni en Höskuldur vísaði því á bug. Ég velti því þá

fyrr mér hvernig Njálssynir brygðust við rógburði Marðar og óttaðist að þeir yrðu að gjalti í höndum hans. Höskuldur trúði engu illu um fósturbræður sína og treysti þeim í hvívetna. Njáll og hann töluðu oft saman og engan skugga bar á vináttu þeirra.

GEÐLÆKNIR: Hvert varð svo framhald þessara mála?

HILDIGUNNUR: Ég vaknaði einn morgun í blíðskaparveðri og fann að Höskuldur var á brott. Mig hafði dreymt illa um nóttina og grunaði að ekki væri allt með felldu. Það ég húskarla að fara og leita hans og fundum við hann fljótlega alblóðugan og dauðan. Það var hryllileg sjón. Frétti ég fljótlega að þeir Njálssynir og Kári hefðu þar verið á ferð og Skarphéðinn hefði lýst víginu á hendur sér. Mér fannst þetta niðingsverk með miklum endemum. Ég lét færa líkið úr skikkju sem Höskuldur hafði klæðst um morguninn og tók mér til handargagns. Ég trúði ekki á fyrirgefningu hins nýja síðar. Þegar Flosi frændi minn Þórðarson kom að Ossabæ stepti ég yfir hann blóðugri skikkjunni sem Höskuldur hafði borið og eggjaði hann til að hefna allra þeirra sára sem Höskuldur hafði á sér dauðum. Hann brást illa við og kallaði mig mikið forað og sagði að köld væru kvenna ráð. Þegar hann reið á braut vissi ég að hann ætti erfitt með að sitja undir þessum eggjunarorðum og að hann yrði að hefna Höskuldar.

GEÐLÆKNIR: Hvernig leið þér?

HILDIGUNNUR: Ég var ofsareid og full af hatri gagnvart þessu fólki að Bergþórshvoli. Allir draumar og vonir okkar Höskuldar voru að engu orðin vegna þessara manna. Auðvitað sá ég að Mördur hafði æst þá upp gegn okkur vegna þess að hann vildi komast yfir goðorðið en mér sárnaði hvílik ginningarfífl þeir Njálssynir voru. Ég gladdist mjög þegar ég sá hvernig málin þróuðust. Þeir Njálssynir voru öllum heillum horfnir og sjálfum sér verstir.

Menn Flosa sóttu að Bergþórshvoli og brenndu þar inni Njál og Bergþóru og syni þeirra og Þórð Kárason, son Kára og Helgu. Verst þótti mér að einn af banamönnum Höskuldar, Kári Sölmundarson, skyldi sleppa lífandi úr brennunni. Mér fannst eins og fleirum að

Njáll væri harmdauði. Hann var alltaf mannlegur og mikill vinur Höskuldar en réði ekkert við syni sína og Mörd. Ekki get ég sagt að ég hafi saknað hinnar köldu Bergþóru. En mér þótti verst að heyra stöðugt af hefndaraðgerðum Kára. Hann elti uppi brennumenn og drap þá bæði hér heima og erlendis. Þetta voru náfrændur Höskuldar og heimagangar hjá okkur í Ossabæ og góðir vinir okkar. Mér fannst mjög miður að allir þessir menn skyldu týna lífinu fyrir hendi Kára. Flosi var mjög mæddur enda bærust okkur einungis skelfileg tíðindi af láti margra ágættra manna. Hann fór að lokum til Rómar og fékk þar aflausn hjá sjálfum páfanum.

GEÐLÆKNIR: Síðan hittir þú Kára sjálf?

Hildigunnur: Já, Kári kom að Svínafelli og hafði ég þá ekki hitt hann frá því fyrir víg Höskuldar. Mér brá þegar ég leit þennan mann sem hafði verið einn þeirra sem drápu manninn minn og síðan valdið okkur þessum búsisifjum. Glæsilegur frændgarður Höskuldar eiginmanns míns, föðurbræður og synir þeirra, var að mestu dauður fyrir tilverknað Kára.

Fjöldi kvenna voru ekkjur og börn föðurlaus vegna þessa manns. Mig langaði til að drepa hann en þorði það ekki. Það kom mér mjög á óvart þegar Flosi sagðist ætla að gefa mig Kára um vorið. Var greinilegt að Flosi vildi treysta sátt við Kára og notaði mig til þess. Enn og aftur gekk ég kaupum og sölum og hafði ekkert um það að segja.

Lífið með Kára var erfitt og ég gældi oft við þá hugmynd að vege hann. Oft bauð mér við honum en stundum kunni ég vel að meta mannkosti hans og karlmennsku. Hann var allra manna sjálfhverfastur og ánægður með sjálfan sig. Við eignuðumst saman nokkur mannvænleg börn og lífið fékk tilgang með þeim. En það er erfitt hverri konu að vera í hjónabandi með manni sem hún hatar. Samskipti okkar voru venjulega kurteisleg en undir niðri ólgaði mikil spenna.

VIÐTAL VIÐ KÁRA SÖLMUNDARSON

GEDLÆKNIR: Hvernig lágu leiðir þínar og Njálssona saman, Kári?

KÁRI: Ég hitti þá Njálssyni fyrir tilviljun á Skotlandi og mál skipuðust þannig að ég fylgdi þeim til Íslands. Við Helga Njálsdóttir felldum hugi saman og gengum í hjónaband. Ég fylgdi þeim bræðrum í einu og öllu og fór með þeim til að drepa Þráin Sigfússon og löngu síðar son hans að áeggjan Marðar Valgarðssonar.

GEDLÆKNIR: Hvernig tóku Njáll og Bergþóra þessu ráðabruggi?

KÁRI: Þú verður að átta þig á heimilisbragnum á Bergþórshvoli. Fólk talaði ekki saman af neinni hreinskiptni heldur dróst í flokka og skipti sér í lið. Njáll og Bergþóra stjórnðu öllu innanstokks með óbeinum og beinum skilaboðum en þau voru á engan hátt samstíga. Þetta var samfélag samsærismanna þar sem enginn treysti öðrum og mikið var hvíslað og þískrað í útihúsum og bæjargöngum. Ég vissi aldrei hversu mikið Njáll vissi af rógburði Marðar en Bergþóru var fullkunnugt um alla málavexti. Hún vildi Höskuld feigan eins og Mördur en af öðrum ástæðum.

GEDLÆKNIR: Segðu mér frá vígi Höskuldar?

KÁRI: Það er erfitt að segja hvernig þessi ákvörðun var tekin. Við vorum lagðir af stað án þess að hafa rætt þetta sérstaklega. Þegar við komum var Höskuldur óvopnaður á akrinum að sinna bústörfum. Við unnum allir á honum enda var þetta aftaka fremur en bardagi. Höskuldur varð ákaflega vel við dauða sínum og bað Guð að hjálpa sér en fyrirgefa okkur. Skarphédinn var kátur eftir vígið og virtist lífa samkvæmt öðrum forsendum en við hinir. Hann hafði náð fram hefndum á Hallgerði og Þorgerði og drepið þann sem þeim var kærastur.

GEDLÆKNIR: Hvað gerðist eftir það?

KÁRI: Ég áttaði mig æ betur á þessu vöðaverki okkar sem hvarvetna spurðist illa út. Okkur var ómögulegt að ljúka málinu með sætt meðan Skarphédinn hafði einhver áhrif á málalyktir. Það var eins og

hann vildi engar sættir og Njáll var sem lamaður af sorg og alvöru stundarinnar. Þeir feðgar klúðruðu því sættagerðinni og þá varð ekki aftur snúið. Ég komst lifandi úr brennunni en sonur minn brann inni við hlið þeirra Njáls og Bergþóru. Upphófst nú mikill ófriður og hefndir. Ég hundelti brennumenn og drap þá hvar sem ég náði til þeirra. Helga kona mín lést nokkru eftir Njálsbrennu. Ég sinnti henni ekkert enda önnum kafinn við að hefna fyrir bræður hennar og aðra fjölskyldu bæði á Íslandi og ytra. Börnum mínum skipti ég mér ekki af heldur vegna hefndarskyldunnar.

GEDLÆKNIR: En var aldrei fullhefnt?

KÁRI: Jú, það má segja það. Þegar ég hafði drepið þá Kol Þorsteinson og Gunnar Lambason í útlöndum sigldi ég heim á leið og ætlaði að takast á við lífið á nýjan leik. En þegar ég kom heim úr þeirri ferð braut ég skip okkar við Ingólfshöfða og varð að leita á náðir Flosa á Svínafelli. Hann tók okkur félögum mínum ákaflega vel og leiddi mig í há sæti og bauð mér að vera um kyrrt hjá sér þennan vetur. Þá fann ég vel hversu þreyttur og mæddur Flosi var orðinn á þessum manndrápum öllum og vildi ekkert annað en frið og sættir.

GEDLÆKNIR: Hvernig leist þér á að kvænast Hildigunni Starkaðardóttur eins og Flosi lagði til?

KÁRI: Mér leist ekki meira en svo á hjúskap við Hildigunni. En mér skildist að það væri nauðsynlegt til að treysta vináttu við Flosa og tryggja öryggi mitt og líf. Konan var glæsileg en ég fann að hún hataði mig og kenndi mér um fall Höskuldar. Ég velti því fyrir mér hvernig hún tæki því að ganga í eina sæng með manni sem valdið hafði henni svo miklum búsiþjum. En hún var ekki spurð ráða svo að við vorum gift og bjuggum saman að Breiðá. Við eignuðumst þrjá syni, þá Flosa, Starkað og Þórð, í óhamingjusömu hjónabandi. Ég var alltaf var um mig og þorði stundum ekki að sofna þar sem ég óttaðist hvað hún gæti gert mér. Ástandið heima fyrir minnti um margt á heimilisbraginn á Bergþórshvoli. Við vorum eins og tveir samsærismenn sem sátu stöðugt á svikráðum hvor við annan.

GEDLÆKNIR: Hver heldur þú að hafi verið ætlun Flosa með þessu hjónabandi ykkar?

KÁRI: Ég velti því oft fyrir mér hvort þetta væri hin endanlega hefnd Flosa. Hann refsaði mér fyrir dráp á brennumönnum og Hildigunni fyrir eggjunarorð sín og hvatningu. Hann dæmdi okkur til ævilangrar óhamingju í vonlausu sambandi og hefði allt eins getað dæmt okkur í endalausa fangelsisvist.

GEDGREINING

Kári: Sjálfsdýrkunarpersónuröskun (*Narcissistic personality disorder*)

Hildigunnur: Hamskiptapersónuröskun (*Borderline personality disorder*)

Kári er enn einn narsissistinn í sögunni sem er mjög upptekinn af eigin verðleikum og hreystiverkum. Hann er ekki maður sátta eða friðar heldur sætir færi að staðfesta eigin sjálfsmýnd í bardögum og lofi annarra. Kári er að mörgu leyti sálufélagi Gunnars á Hlíðarenda og fær á sig sama hetjuorð og hann. Innst inni var hann óöruggur með sjálfan sig og efaðist stöðugt um eigið manngildi enda sótti hann í félagsskap Njálssona sem styrkti sjálfsmýnd hans.

Gedlækna sjá oft hvernig menn með þessa persónuröskun ganga í herþjónustu eða hasla sér völl í íþróttum til að njóta góðs af því hópeffi sem þar ræður ríkjum. Þegar menn eldast ganga þeir í karlaklúbba eða stúkur sem stofnaðar eru með hagsmunagæslu og bræðralag fyrir augum. Þeir verða hluti af heild sem saman vinnur einhver afrek og þurfa venjulega ekki að taka ákvarðanir sjálfir heldur geta fylgt hópnum. Þetta minnkar oftast valkvíða og styrkir sjálfsmýnd þeirra sem aftur eflist í samræmi við getu hópsins til að ná fram markmiðum sínum. Verkefni og líf hópsins verður sá ás sem lífið snýst um og gefur því tilgang.

Engum sögum fer af sambandi þeirra Kára og Helgu eftir Njál-

brennu enda var hann svo upptekinn af því að elta uppi og drepa brennumenn að hann gleymdi algerlega konu sinni. Sagan segir að á bæ þeirra Helgu í Mýrdalnum sé Helguhóll þar sem hún skimaði eftir bónda sínum. Hún fór upp á hólinn og skyggndist til allra átta í þeirri von að brátt riði Kári í hlað alkominn heim, en það gerðist ekki því að hann var á hefndarfylleri.

Hildigunnur er „borderline“-kona eins og Hallgerður með sama kalda og sveiflótta skaplyndið. Hún er ekki kona málamíðlana og hún elskar og hatar af sömu ástríðunni. Að sjálfsgöðu vildi hún láta hefna Höskuldar og taldi sig engan frið fá í sálina fyrr en það hefði verið gert. Örlög hennar eru óvenju dramatísk og eiginmennirnir tveir mjög ólíkir að öllu innræti, annars vegar Kristur sjálfur í líki Höskuldar en hins vegar siðblindi vígamaðurinn Kári. Þetta sjá gedlækna reyndar oft hjá marggiftu fólki þar sem makarnir virðast koma hvor af sinni plánetunni og eiga fátt sameiginlegt.

HEFND FLOSA

Hjónaband þeirra Kára og Hildigunnar er á valdi sömu lögmála og önnur sambönd fólks með þessar persónuraskanir. Þau kalla fram verstu eiginleika og hégómleika hvors annars enda ólík eins og dagur og nótt. Kári er hlýr og viðfældinn maður en Hildigunnur köld og fjarlæg kona. Hann hefur kímningáfu, hún er húmorlaus, en þau eru bæði frek, sjálfmiðuð og barnaleg.

Fjölskyldulífið einkennist af bannsvæðum sem ekki má tala um. Hildigunnur þolir ekki að Kári segi frægðarsögur af Skarphéðni eða sjálfum sér í viðureign við brennumenn. Hún má ekki minnast á hjónaband sitt við Höskuld án þess að Kári finni fyrir ásökunum og reiði hennar. Kári fær ekki nægilega aðdáun til að vökva blóm narsissismans og finnur fyrir miklum tómeika. Hildigunnur efast alltaf um ást Kára sem fyllir hana gamalli höfnunarkennd og gerir hana tortryggna og fjandsamlega. Þetta vindur upp á sig eins og spirall þar sem ein misgjörð leiðir til annarrar og móðganir og sárindi dafna eins og feitir púkar á fjósbita sambandsins. Dagleg samskipti einkenn-

ast af þögn, augnagotum og mikilli tortryggni. Þau bera núverandi maka saman við þau Höskuld og Helgu sem bæði eru dái. Í slíkum samanburði sigrar hinn dauði alltaf.

Þessi hefnd Flosa gagnvart Kára og Hildigunni er ein sú miskunnarlausasta í sögunum. Hann kemur þeim saman og býr til samband sem einkennist af tortryggni og óhamingju, þar sem þeim báðum er refsað fyrir óbilgirni sína og ósveigjanleika.



Kári og Hildigunnur í nútímanum

Þau hefðu bæði komist klakklaust gegnum lífið og staðið uppi sem sigurvegarar. Skaplyndi þeirra fellur einkar vel að samtímanum.

Kári hefði náð langt í íþróttum eða á viðskiptasviðinu og notið kímni-gáfu sinnar, kynþokka og viðmóts.

Hildigunnur hefði haslað sér völl í háskólasamfélaginu eða stjórnámum og notið virðingar fyrir ákveðni, glæsileika og góðar gáfu. Hún hefði orðið rektor háskóla eða menntaskóla og notið stjórnsemi sinnar og ákveðni.

Hjónaband þeirra Kára og Hildigunnar er martröð hjónabandsráðgjafans enda bera þau ótrúlega mörg vandamál með sér inn í sambandið. Börnin fara venjulega illa út úr samskiptum sem þessum þar sem mestu skiptir að feta í sífellu mjóan og seinfæran veg milli foreldranna, gæta þess að misstíga sig hvergi og móðga engan. Sjálfur hef ég margsinnis haft hjón sem þessi í víðtölum þar sem bæði koma klyfjuð vandamálum inn í hjónabandið sem engin leið er til að leysa. Þau bæta síðan um betur með því að eignast eigin börn svo að barnahópurinn skiptist í hennar börn, hans börn og sameiginleg börn. Þetta hefur venjulega í för með í óleysanlegar deilur þar sem lífið einkennist af flokkadráttum, afbrýðisemi, öfund og systkinadeilum. Foreldarnir skilja sjaldnast neitt í neinu og átta sig ekki á því að ástin deyr venjulega í þessu andrúmslofti eins og suðrænn skrautfugl í íslensku vetrarhreti.

Í SÖGULOK

Njála er saga mikilla örlaga sem einkennist af litríkum og áhrifamiklum persónulýsingum. Í miklum átökum sögunnar sigra fáir en flestir tapa. Flest hjónabönd sögunnar eru slæm og menn eru misvondir og misgóðir. Höfundur Njálu hefur haft næmt auga fyrir mannlegum veikleikum og styrkleikum og tekst að skapa ótrúlega mikla dramatík í kringum atburðarás sögunnar og persónur hennar.

Í sögulok má líta yfir farinn veg og draga persónurnar í dilka eftir örlögum og persónuleikabáttum.

Sigurvegarar: *Mörður Valgarðsson, Hrótur Herjólfsson, Flosi Þórðarson, Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir.*

Mestu tapararnir: *Gunnar Hámundarson á Hlíðarenda, Skarphéðinn Njálsson, Njáll Þorgeirsson.*

Óhamingjusömustu hjónin: *Gunnar og Hallgerður, Björn í Mörk og Valgerður, Njáll og Bergþóra.*

Hamingjusömustu hjónin: *Hildigunnur og Höskuldur.*

Mestu illmennin: *Þjóstólfur, Hrappur Örgumleiðason, Skarphéðinn Njálsson.*

Mestu góðmennin: *Höskuldur Þráinsson, Njáll Þorgeirsson, Flosi Þórðarson.*

Mesti kvenskörungurinn: *Hallgerður langbrók.*

Mesta vandræðakonan: *Bergþóra Skarphéðinsdóttir.*

Mesta hetjan: *Kári Sölmundarson.*

Andstyggilegasti atburður sögunnar:
Víg Höskuldar Hvítanesgoða.

Njáls saga er merkilegasta saga sem rituð hefur verið á íslenska tungu

og kannski eitt merkasta bókmenntaverk sögunnar. Höfundur er óþekktur og mun aldrei dreginn fram úr myrkraskonsum sögunnar. Margir hafa þó leitað hans og mikið hefur verið skrifað um mögulega höfunda og ætterni og uppruna þeirra. Galdur Njálu felst í fjölbreytileika og endalausum möguleikum til að túlka söguna. Sumir hafa litið á Njáls sögu sem lofsöng til karlmennsku og hetjudáða en samfélag samkynhneigðra á Íslandi á liðinni öld leit ávallt á Njálu sem homma-væna sögu þar sem aðalhetja sögunnar væri augljóslega hinum megin við stakketið. Menn hafa ekki verið sammála um túlkun sína á Hallgerði langbrók eða öðrum kvenhetjum sögunnar enda má lesa bæði lof og last um þær allar.

Það er athyglisvert að höfundurinn dregur taum sumra persóna sögunnar sem hann hefur meira dálæti á en öðrum. Hrifnastur er hann af Gunnari á Hlíðarenda og Njáli, Kára og Bergþóru, en hann hatar Hallgerði, Mörd og þá brennumenn (nema Flosa). Í bókarlok eru allar hetjurnar dauðar nema Kári en illmennin Hallgerður og Mördur lifa ágætu lífi. Kannski er boðskapur sögunnar sá að hið illa sigri á endanum eða höfundur sjái tilgangsleysi hetjuskapar og blóðhefnda.



EGILS SAGA

Egils saga Skalla-Grímssonar gerist á 150 árum, hefst á miðri níundu öld og lýkur seint á þeirri tíundu. Sögusviðið er Noregur framan af en leikurinn berst þaðan til Íslands og síðan til annarra landa og aftur til Íslands. Aðalpersónur sögunnar eru Kveld-Úlfur Bjálfason og afkomendur hans í þrjá ættliði. Í upphafi sögunnar er getið um deilur þeirra Kveld-Úlfssona og ættingja hans við norska konungavaldið. Þórólfur sonur Kveld-Úlfs fellur í bardaga við sjálfan Harald hárfagra og Skalla-Grímur bróðir hans neitar að gerast hirðmaður konungs, leitar hefnda og flýr að því loknu til Íslands.

Egill Skalla-Grímsson fæst við afkomendur Haraldar hárfagra og veldur þeim þungum búsisfum. Sagan fjallar því að miklu leyti um viðureign nokkurra stoltra bænda og alþýðumanna við norska konunga. Ævi og athafnir Egils innan lands og utan eru skrautlegar og lýsir sagan miklum og skáldmæltum ójafnaðarmanni sem sýnir á sér ótrúlega margar hliðar og margar geðgreiningar.

Egils saga er því fjölskyldusaga þar sem lífi ættliðanna er fylgt og lýst. Þessir frændur skiptust í tvö horn eftir útliti sínu. Annars vegar voru fríðir menn og ljósir yfirlitum en hins vegar ljótir menn og dökkleitir. Þeir síðarnefndu voru taldir hamrammir og minntu að útliti og innræti á úlfinn sem bundinn var í nafn Kveld-Úlfs ættföður. Í

sögunni er látið að því liggja að þeir hafi verið af ætt hálftrölla eða berserkja. Skapgerð manna var mjög mismunandi. Sá ættbogi sem var ljós og bjartur yfirlitum var hlýr í viðmóti og venjulega fullur af persónutöfrum en svartu ættliðurinn var geðstirður og ákaflega viðkvæmur fyrir alls kyns móðgunum og áreiti.

VIÐMÆLENDUR OG HELSTU PERSÓNUR SÖGUNNAR:



EGILL SKALLA-GRÍMSSON: Hann er ein af uppáhaldshetjum Íslendinga í sögunum enda mikill kappi og ágætt skáld. Hann ólst upp að Borg á Mýrum en lagðist snemma í siglingar og viking víða um Norðurlálfu. Sagan segir frá afrekum hans og vígafærlum á þessum ferðalögum. Egill giftist Ásgerði Bjarnardóttur, ekkju Þórólfs bróður síns, og ól upp dóttur þeirra Þórólfs, Þórdísi. Þau Egill og Ásgerður eignuðust saman nokkur börn. Margir telja sér það til tekna að vera komnir út af Agli og enn þann dag í dag hitti ég íslenska alþýðumenn sem segjast vera attaðir frá Agli að langfæðgatali og telja það helstu skrautfjöðrina í höfuðbúnaði sínum.

SKALLA-GRÍMUR KVELD-ÚLFSSON: Skalla-Grímur var yngri sonur Kveld-Úlfs Bjálfasonar, svartur og ljótur og mikill hagleiksmaður á tré og járn. Hálfprítugur að aldri varð hann sköllóttur og fékk af því viðurnefni sitt. Hann nam land að Borg á Mýrum þegar hann hrökkladist frá Noregi undan ofriki Noregskonunga.

BERA YNGVARSDÓTTIR: Eiginkona Skalla-Gríms, dóttir Yngvars sem áður var hirðmaður konunga. Þau Bera og Skalla-Grímur eignuðust nokkur börn saman sem önduðust í frumbersku en svo fór að lokum að upp komust synirnir Þórólfur og Egill og dæturnar Sæunn og Þórunn.

ÞÓRÓLFUR SKALLA-GRÍMSSON: Hann var eldri sonur Skalla-Gríms og Beru og andstaða Egils. Þórólfur var manna vinsælastur af allri alþýðu manna og mikill íþróttamaður og kappi. Hann var augasteinn foreldra sinna enda liktist hann mjög föðurbróður sínum og nafna sem féll í Noregi áður en fjölskyldan flutti til Íslands.

ARINBJÖRN HERSIR ÞÓRISSON: Þórir faðir hans var sonur Hróalds jarls við hirð Auðbjarnar konungs yfir Firdafylki. Hann hafði í barnasku verið í föstri hjá Kveld-Úlfi og voru þeir hann og Skalla-Grímur jafnaldrar og miklir vinir. Björn Brynjólfsson nam á brott Þóru hlaðhönd systur Þóris jarls og flutti með sér til Íslands. Þeirra dóttir var Ásgerður sem síðan varð eiginkona Þórólfs Skalla-Grímssonar og að honum föllnum Egils bróður hans. Sonur Þóris hét Arinbjörn og var hann nokkru eldri en Egill. Arinbjörn þessi var ágætur íþróttamaður og skörulegur maður. Hann og Egill urðu ágætir vinir líkt og feður þeirra höfðu verið.

ÞORSTEINN HVÍTI EGILSSON: Þorsteinn var yngsti sonur Egils og Ásgerðar konu hans. Hann var allra manna fríðastur, hvítur á hár og bjartur yfirlitum. Þorsteinn þótti mikill vitmaður og vel sterkur þótt hann væri á engan hátt jafnoki föður síns enda unni Egill honum lítið. Hann tók einhverju sinni silkislæður föður síns, hafði með sér til þings og skilaði þeim skítugum. Egill varð ofsareiður og orti vísu um atburðinn þar sem hann fer háðulegum og niðrandi orðum um Þorstein. Mikill og frægur attbákur er frá honum kominn sem kallast Mýramannakyn.

EGILL Í ÆSKU

Egill Skalla-Grímsson kemur ekki til sögunnar fyrir en nokkuð er liðið á frásögnina og búið er að lýsa ævintýrum föður hans og frænda í Noregi. Höfundur gerir sér tíðrætt um bernskubrek Egils og lýsir böldnum dreng sem fer sínu fram án nokkurs tillits til annarra í umhverfi sínu.

FRÁSÖGN MÓÐUR, BERU YNGVARSDÓTTUR

GEDLÆKNIR: Segðu mér frá æskuárum Egils sonar þíns.

BERA: Hann var mjög skýr og bráðger og fljótt altalandi og hafði orð á öllu. Þegar hann lék sér með öðrum börnum og unglíngum var hann fyrirferðarmikill enda var hann snemma stærrí en jafnaldrar hans. Strax á barnsaldri vildi hann fara með föður sínum í veislu en var neitað um það. Faðir hans sagði í gríni að hann væri nógu illur viðskiptis ódrukkinn þó að hann færi ekki í fjölmenni þar sem drykkjur væru stundaðar. Egill tók þá til sinna ráða og reið einn til veislunnar og fór þar með vísur eftir sig enda vel hagnæltur. Í einhverjum leik drap hann annan unglíng, Grím Heggsson, með exi af ungæðishætti. Faðir hans lét sér fátt um finnast en ég sagði hann vera víkingsefni. En Skalla-Grímur var litlu betri því að í knattleik nokkru síðar drap hann einn af leikfélögum Egils, Þórð Granason, í hita leiksins.

Hann greip síðan til Egils eins og hann ætti að fara sömu leið. En föstra Egils, Þorgerður brák, gekk þá í milli og átaldi hann fyrir að hamast að Agli. Skalla-Grímur varð þá enn reiðari og réðist á Brák en hún hljóp undan. Viðskiptum þeirra lauk með því að hún steypti sér til sunds en Skalla-Grímur kastaði bjargi á eftir henni sem kom á milli herða hennar og kom hún aldrei upp aftur. Eftir þetta drap Egill einn af verkstjórum Skalla-Gríms til að hefna fyrir Brák. Þeir Egill ræddust ekki við um hríð eftir þetta og var andrúmsloftið á heimilinu lævi blandið.

GEDLÆKNIR: Hvernig var Þórólfur bróðir hans?

BERA: Hann var allt öðruvísi maður og viðráðanlegri. Þórólfur fór ungur í víking og kom aftur heim. Þegar hann ætlaði aftur utan krafðist Egill þess að fara með honum. Við vildum ekki leyfa honum það en þá gerði hann sér lítið fyrir og leysti skipið í æðiveðri og útsynningi svo að það stórskemmdist. Fór svo að Þórólfur tók Egil með sér utan þrátt fyrir þetta óhapp.

GEDGREINING


Egill Skalla-Grímsson: Mótfroaþrjúskuröskun (*Oppositional defiant disorder*), hegðunarröskun (*Conduct disorder*)

Hegðunarröskun hjá börnum og unglíngum einkennist af lítilsvirðingu fyrir þörfum og rétti annarra og virðingarleysi gagnvart lögum og reglum og venjum samfélagsins. Barnið lýgur, hótar, ógnar öðrum og stofnar til átaka og beitir oft líkamlegu ofbeldi.

Egill er með alvarlega hegðunarröskun á barns- og unglíngsaldri og líkist mjög Gretti Ásmundarsyni enda eru engin börn svo ódæl sem þeir tveir í sögunum. Þegar þeir eru bornir saman hefur Egill þó vinninginn í siðblindu og mannvönsku. Egill fer sínar eigin leiðir og hlýðir engu og sýnir mikla lítilsvirðingu fyrir mannlífum og eigum annarra. Snemma kemur fram að hann á erfitt með að leika sér með öðrum börnum vegna þess hversu sjálfselskur hann er. Dráp hans á Grími Heggssyni staðfestir siðvillu hans og viðbrögð foreldranna endurspeglar hrokafull viðhorf þeirra og virðingarleysi fyrir lífshamingju annarra.

Skalla-Grímur er jafn siðblindur og sonurinn. Undir venjulegum kringumstæðum hefðu menn verið kallaðir til ábyrgðar fyrir morðin á Þórði Granasyni og Þorgerði brák en Skalla-Grímur er höfðingi og leyfist ýmislegt sem alþýðumönnum er ekki líðið. Hann gerir það sem honum sýnist hverju sinni án tillits til þarfa eða óska annarra. Það er erfitt að réttlæta þessi dráp með skírskotun í tíðarandann því að athæfi sem þetta hefur verið fordæmt á öllum tímum.

Egill er alinn upp við það að hann sé hafinn yfir lög og siðferði og hann geti þjónað lund sinni. Siða-



boðskapur Skalla-Gríms til sonar síns er ótvíræður og á sinn þátt í því að móta manndráparann og siðblindingjann Egil Skalla-Grímsson.

Bera Yngvarsdóttir: Sjúkleg meðvirkni. Hæðispersónuröskun
(*Dependent personality disorder*)

Bera er enn ein móðirin sem stendur með ódælum syni sínum gegnum þykkt og þunnt og ver hann fyrir allri gagnrýni og átöllum. Hún sér ekki hversu siðblindur Egill er og mælir upp í honum illmennskuna með því að segja hann víkingsefni þegar hann drepur jafnaldra sinn.



FRÁSÖGN BRÓÐUR, ÞÓRÓLFS SKALLA-GRÍMSSONAR

GEÐLÆKNIR: Segðu mér frá bróður þínum, Þórólfrur.

ÞÓRÓLFRUR SKALLA-GRÍMSSON: Ég féllst á að taka Egil bróður minn með mér í víking þrátt fyrir öll hans bernskubrek. Ég uppgötvæði snemma á okkar ferðalagi að Egill var erfiður viðskiptis. Þegar ég gekk að eiga unnustu mína, Ásgerði Bjarnardóttur, sagðist hann vera veikur og vildi ekki fara með mér. Síðan fór hann í ferð með mönnum Þóris jarls til að innheimta einhverja landskuld hjá Bárði landseta. Þessu ferðalagi lauk með miklum ósköpum.

Egill drakk sig ofurölvi í veislu, sagði að Bárður hefði reynt að byrta sér eitur og drap hann. Eiríkur konungur blóðöx og Gunnhildur drottning voru í þessari veislu enda var Bárður þeim mjög nær. Á flóttanum eftir þetta voðaverk bætti Egill gráu ofan á svart með því að drepa enn fleiri menn fyrir konungi. Vinir okkar bræðra urðu að leggja mikið á sig til að koma í veg fyrir grimmilegar hefndir konungs. En mér stóð stuggur af drykkjuskap bróður míns. Hann varð ofurölvi þegar hann drakk og þá urðu skapbrestir hans enn sýnilegri hverjum manni. En hann var alltaf viss um sakleysi sitt og átti aldrei neina sök í neinu máli heldur var allt öðrum að kenna.

GEÐGREINING

Egill Skalla-Grímsson á fullorðinsárum

Geð- og atferlisraskanir af völdum alkóhólnotkunar (*Mental and behavioural disorder due to use of alcohol*)

HUGLEIÐINGAR GEÐLÆKNIS

Engin hetja Íslendingasagna drekkur eins stórkaralega og Egill Skalla-Grímsson. Hann verður iðulega ölvaður og hagar sér venjulega illa. Höfundur sögunnar er reyndar meðvirkur með Agli og reynir eftir megni að réttlæta dólgslega framkomu hans. Þetta er þekkt aðferð á öllum tímum til að firra alkóhólistann ábyrgð á gerðum sínum. Það afsakar þó trauðla alls konar vígaferli sem hann gerir sig sekan um á fyllirí. Það sannast á Agli að siðblinda og alkóhól eru vond blanda sem endar venjulega með miklum ósköpum. Þetta þekkja allir læknar sem fengist hafa við meðferð á siðvilltum alkóhólistum sem oftsinnis stefna eigin lífi og annarra í bráða hættu með gáleysi, dómgreindarleysi og ofbeldi. Á nútímameðferðarstofnunum fyrir alkóhólista hefði Egill verið skilgreindur sem ofbeldisfullur, siðblindur alkóhólisti í mikilli afneitun.



FRÁSÖGN FÖÐUR, SKALLA-GRÍMS KVELD-ÚLFSSONAR

GEÐLÆKNIR: Segðu mér frá samskiptum ykkar feðga.

SKALLA-GRÍMUR KVELD-ÚLFSSON: Stundum var sagt að við værum hamrammir eins og úlfar. Bæði faðir minn Kveld-Úlfur og ég vorum þeirrar náttúru að á okkur rann berserksgangur við vissar aðstæður. Skömmu áður en faðir minn dó lentum við í miklum bardaga þar sem hann varð ungur í annað sinn og barðist eins og sannur víkingur. Var svo að sjá sem mörg sverð væru á lofti þar sem hann fór og engin járn virtust bíta á hann. Eftir þetta varð hann algjörlega kraftlaus og lagðist í flet sitt og dó.

Ég var þungur í skapi og dulur en átti erfitt með að hemja skap mitt og varð sem annar maður þegar ég reiddist. Í einu slíku æði missti ég alla stjórn á mér og drap Brák fósturu Egils sonar míns og einn leikfélaga hans.

En enginn varð trylltari en Egill. Það var eins og vargseðlið yrði öllu yfirsterkara og hann sást alls ekki fyrir og drap menn á báðar hendur. Þetta var sérlega bagalegt vegna þess að Egill var allra manna sterkastur og hraustastur svo að hann lenti ítrekað í miklum vandræðum gagnvart umhverfinu þegar hann missti alla stjórn á skapsmunum sínum. Þegar við bættist að stundum drakk hann sér til óbóta var eins og Miðgarðsormur leystist úr fjötrum. Egill sveifl- aðist líka niður í dýpstu lægðir óyndis. Hann var þá vart mönnum sinnandi og talaði ekki við neinn, heldur þjáðist innra með sér.



FRÁSÖGN VINAR

GEDLÆKNIR: Segðu mér frá vináttu ykkar Egils.

ARINBJÖRN ÞÓRISSESSON: Við Egill urðum ágætir vinir þegar hann kom ásamt Þórólfi bróður sínum í heimsókn til föður míns. Þórólfr kvæntist Ásgerði frænku minni svo að mikil tengsl voru á milli fjöl- skyldnanna. Eftir brúðkaupið drap Egill nokkra menn sem hand- gengnir voru Eiríki konungi í Atley. Þórir faðir minn sættist við kon- ung en Egill mátti ekki vera langvistum í Noregi. Eftir þetta fór Egill í víking ásamt Þórólfi bróður sínum í austurveg til Kúrlands. Hann var handtekinn en tókst að leysa sig úr haldi. Egill skildi svo við þá bændur á Kúrlandi að hann brenndi inni marga menn og drap aðra með eggjárnum.

Ég var nú farinn að þekkja Egil allvel og skynjaði styrk hans og afl og vígfími en jafnframt að hann var morðóður og virtist líða best í orrustum. Í bardaga á Englandi nokkru síðar féll Þórólfr Skalla- Grímsson og Egill gekk berserksgang þegar hann áttaði sig á því.

Hann fékk sigur í bardaganum og rak flóttann með gifurlegu offorsi og drap hvern mann sem hann náði. Þeir bræður börðust þá í liði með Aðalsteini Englandskonungi gegn Ólafi Skotakonungi. Eftir bar- dagann og greftrun Þórólfs hélt Aðalsteinn Agli mikla veislu. Hann var lengi kvölds mjög þungbrýnn en tók ekki gleði sína fyrr en kon- ungur hafði borið í hann gull og margvíslegar gersemar.

Þegar Egill kom til Noregs aftur úr þessari herför kvæntist hann Ásgerði mágkonu sinni og ekkju eftir Þórólfr. Hann var eins og feim- inn smástrákur í því máli og lagðist í mikið þunglyndi áður en honum tókst að bera upp bónorðið. Þá áttaði ég mig á því að hann hafði alltaf verið ástfanginn af Ásgerði og verið afbrýðisamur gagnvart bróður sínum. Eftir þetta hélt hann til Íslands með brúði sína og gnótt fjár. Egill var mikill peningamaður og samansaumaður aurapúki. Þegar Björn höldur faðir Ásgerðar féll frá, hélt Egill þegar til Noregs til að innheimta arfahlut konu sinnar. Það gekk engan veginn sem skyldi og lauk með miklum mannvígum og bardögum.

GEDLÆKNIR: Varðst þú var við einhver þunglyndisköst?

ARINBJÖRN: Já, hann kom aftur til Noregs og bjó hjá mér um tíma ásamt föruneysi sínu. Um jólin fór hann í mikið þunglyndi vegna pen- ingamála. Eftir þetta fórum við saman í víking til Fríslands. Egill var allra manna ákafastur í þeirri för og drap fjölda manna. Nokkru síðar fór hann í sendiför til Vermalands og hitti þar fyrir Ármód bónda og gisti hjá honum og fjölskyldu hans. Þeim viðskiptum lauk á þann veg að Egill spjói í andlit Ármóds og krækti úr honum auga að konu hans og dóttur ásjáandi. Eftir þetta urðu enn meiri mannvíg áður en Egill fór endanlega til Íslands.

GEDLÆKNIR: Hvað viltu segja að lokum um Egil vin þinn?

ARINBJÖRN: Egill var allra manna traustastur vinur og enginn honum fremri í vopnaburði og skáldskap. En Egill var meingallaður maður og mjög sveiflöttur í skapi. Hann gat verið allra manna glaðastur en líka niðurdreginn og dapur. Þá var eins og ekkert gæti glatt hann nema fé. En við vorum ágætir vinir meðan við lifðum báðir.

GEÐGREINING

Kveld-Úlfur, Skalla-Grímur, Þórólfur og Egill:

Slitrótt bræðisröskun (*Manic stupor, intermittent explosive disorder*)

Egill Skalla-Grímsson: Tvíhverf lyndisröskun

(*Bipolar affective disorder, unspecified*)

Miðaldamenn þekktu vel geðhvörf. Þeir voru handgengnir gömlum hugmyndum Forn-Grikkja um skapferli manna sem þeir töldu ráðast af því hvernig vessakerfi líkamans væri samsett. Menn töldu að líkamanum væru fjórir aðalvessar eða vökvar; rautt blóð, svart gall, gult gall og slím. Þessir vessar samsvöruðu höfuðskepnunum lofti, eldi, jörð og vatni. Ákveðin skapgerðareinkenni voru talin stafa af því að einhver þessara vessa væri ráðandi í líkamanum í allt of miklu magni. Sá sem var blóðrikur var eins og loftið, glaður og hæverskur og bjartur yfirlitum. Þeir sem höfðu of mikið af svörtu galli voru kallaðir melankólískir (*melan cholera* = svart gall), þeir voru dökkir yfirlitum og tengdust jörðinni eða moldinni. Egill var dökkur yfirlitum og hvað eftir annað verður hann ákaflega dapur, annaðhvort vegna einhverra áfalla eða algjörlega að tilefnislausu. En Egill tekur venjulega kæti sína á nýjan leik. Það hefur lengi verið vitað að geðhvarfasjúkdómur ganga í ættum. Greinilegt er að þessir feðgar verða trylltir og manískir við ákveðnar aðstæður og missa þá alla stjórn á skapi sínu og atferli. Þeir drepa menn að nauðsynjalausu og verða siðblindir í hita leiksins. Ber-serksgangur þeirra feðga er tímabundið æði sem á þá rennur í bardaga þegar þeir virðast missa öll tengsl við raunveruleikann.

Egill: Andfélagsleg persónuröskun (*Antisocial personality disorder*), tvíhverf lyndisröskun (*Bipolar affective disorder unspecified*)

Egill er siðblindur maður, jafnvel á mælistiku samtíðar sinnar. Hann byrjar að drepa fólk strax á unglingsaldri af litlu tilefni og heldur því áfram allt sitt líf. Í orrustum drepur hann alla sem liggja vel við höggi og virðist sjaldnast hlífa nokkrum manni. Hann hættir reyndar við að

drepa Ármóð bónda en krækir úr honum annað augað í kveðjuskyni. Það er erfitt að verja gjörðir hans með tíðarandanum einum saman. Hann leggst í viking og þar leysast úr læðingi allir helstu persónuleikagallar hans. Í víkingaferðum er hann óbundinn af siðalögmálum samtíðar sinnar og getur hagað sér að vild. Egill hefur enga tilfinningu fyrir harmi eða sorg umhverfisins þegar hann fer um byggðir drepanði fólk og brennandi bæi.

Það er greinilegt að Egill er þjakaður af geðhvarfasýki. Hann sveiflast upp og niður og nokkrum sinnum er sagt frá þunglyndisköstum hans eða alvarlegri ógleði. Hann er barnalegur og hégómlegur eins og sagan af kvonbænum hans sýnir. Egill er blóðniskur og gaman að sjá hvernig hann notar fyluköst til að afla sér fjár og vilar ekki fyrir sér að láta vin sinn Arinbjörn greiða skuldir annarra til að komast hjá enn frekari mannvígum.



FRÁSÖGN SONAR

GEÐLÆKNIR: Segðu mér frá föður þínum í ellinni.

ÞORSTEINN EGILSSON: Hann var alltaf erfiður og gerði mjög upp á milli barna sinna. Þorgerður og Böðvar voru í mun meira uppáhaldi hjá honum heldur en ég. Allir sögðu að Böðvar væri líkastur honum og Þórólfi bróður hans. Hann drukknadi í Borgarfirði og fór Egill í þunglyndi við þann sorgaratburð og var ekki mönnum sinnandi. Þegar hann hafði gengið frá haugi Böðvars lokaði hann sig af í lokrekku og þorði enginn að tala við hann. Hann lá í tvo daga án þess að neyta neins eða tala við nokkurn mann. Ásgerður móðir mín sendi eftir Þorgerði systur minni í Hjarðarholt. Hún kom strax riðandi og gekk að lokrekki og krafðist þess að Egill opnaði lokuna þar sem hún vildi fara sömu leið og hann. Egill varð kátur við þetta og hleypti henni til sín í lokrekki. Ég vissi að Þorgerður var að blekkja karlinn en áttaði mig ekki á ráðagerð hennar. Hún hóf þá að tryggja sól sem hún hafði með sér og Egill gerði það líka. Saltið í sölnum gerði

Þau bæði þyrst og fékk Þorgerður sér vatn að drekka en Agli var rétt mjólk í drykkjarhorni. Hann drákk og áttaði sig þá á því að hann hafði verið blekkur og hungurverfallinu væri lokið.

Þau komu sér saman um að hann yrði að reisa Böðvari bautastein og það gerði hann með því að yrkja um hann kvæði. Ég heyrði Þorgerði segja að ekki mundi ég yrkja slíkt kvæði svo að Egill yrði að gera það. Kvæðið kallaði hann „Sonartorrek“ þar sem hann lofar Böðvar mjög og harmar örlög hans. Skemmtilegast er hvernig hann ávarpar guðina í kvæðinu eins og jafningja sína. Reyndar finnst mér Sonartorrek fjalla að mestu leyti um Egil sjálfan og tilfinningar hans. Eftir andlát móður okkar flutti hann frá Borg og suður til Mosfells. Þegar hann var orðinn fjörgamall maður vildi hann ríða til þings, hafa með sér silfurkisturnar sem Aðalsteinn Englandskonungur hafði gefið honum og dreifa peningunum yfir þingheim til að sjá menn berjast. Ekki varð af þessari ráðagerð en faðir minn fór þess í stað með silfurkisturnar upp í gil fyrir ofan bæinn og faldi þær. Með honum fóru tveir þrælur sem hann drap þegar hann hafði komið kistunum fyrir svo að enginn væri til frásagnar um felustaðinn. Þetta var eiginlega síðasta þrekvirki Egils Skalla-Grímssonar og hans hinstu víg. Eftir þetta dó hann og var grafinn að Mosfelli.

ERFITT GAMALMENNI

Þessi frásögn Þorsteins staðfestir í raun fyrri greiningar um siðblindu og geðhvörf. Egill leggst í þunglyndi eftir fráfall Böðvars en jafnar sig smátt og smátt eftir að hafa ort Sonatorrek. Það er skemmtileg þversögn í þessari frásögn. Sjálfur drap hann fjölda ungra og mannvænlegra manna í tilgangslausum átökum. Foreldrar misstu syni, konur menn sína og börn feður sína. Þetta virðist aldrei hreyfa við honum og hann sýnir engin tilfinningaleg viðbrögð við öllum þessum manndrápum en þegar Böðvar deyr leggst hann í þunglyndi.

Margir hafa túlkað þessa dvöl Egils í lokrekkjunni sem sjálfsmorðstilraun og Þorgerður hafi í raun með klókindum sínum bjargað

föður sínum. Nútímageðlæknar myndu líta á þessa „tilraun“ sem bæði barnalega og hálfhlægilega. Egill er frekjuhundur sem alltaf sýnir vald sitt og snýr öllum í kringum sig. Hann er „dramadrottning“ og þessi dvöl í lokrekkjunni eins og hver annar leikþáttur til að vekja á sér athygli. Egill gerir sig að aðalsyrgjanda, dregur alla athygli að sjálfum sér og eigin harmi og frá hinum látna. Þetta sjá geðlæknar og prestar oft við dauðsföll. Nokkrir sjálfmiðaðir eftirlifendur keppast um að vera í fararbroddi syrgjenda og ýta gjarnan líkinu til hliðar til að geta notið alvöru og athygli stundarinnar. Dauði Böðvars snýst fyrst og fremst um harm Egils og sá látni gleymist í öllum atganginum í lokrekkjunni og frekjulátum Egils. Kvæðið sjálft fjallar að mestu um Egil sjálfan en minna um Böðvar. Þetta sjá nútímamenn oft í minningargreinum Moggans þar sem höfundur ræðir fyrst og fremst um sjálfan sig en þeim mun minna um hinn látna. Greinin verður sjálfsupphafning þess sem ritar á kostnað þess dauða.

Sagan af kistunum og drápi þrælanna sýnir enn og aftur hversu sjálfmiðaður Egill er. Hann fer sínu fram hvað sem tautar og raular og felur silfurkisturnar svo að enginn annar fái notið þeirra. Egil langar til að sjá menn berjast á Alþingi og þá ákveður hann að fara með silfrið og dreifa því. Engu máli skiptir sá skaði sem hlotist hefði af þessari tilgangslausu skemmtun gamla mannsins. Frekjan er alltaf söm við sig. Þegar litið er yfir veg Egils Skalla-Grímssonar blasir við hégómlegur, fylgugjarn og barnalegur maður sem lét eigin hagsmuni alltaf sitja í fyrirrúmi. Allt sitt líf þjónaði hann lund sinni af stakri trúmennsku og tók aldrei tillit til nokkurs annars en sjálfs sín. En hann var skáld gott og snillingur.



Egill í nútímanum

Það er erfitt að ímynda sér örlög Egils í nútímasamfélagi. Það gefur auga leið að siðblindan yrði honum ávallt fjötur um fót en sennilega hefði hann fleytt sér langt á skáldskapargáfu sinni og líkamlegu atgervi. Egill er þó maður með margbrotinn persónuleika sem rekst

ekki í hóp og lagar sig illa að siðmenntuðu samfélagi. Helsti kostur og galli Egils er í raun hversu óútreiknanlegur hann er. Af þeim sökum er ómögulegt að segja fyrir um örlög þessa mikla meistara í nútímasamfélagi. Sennilega hefði hann haslað sér völl sem stjórn-málamaður, þingmaður og bændahöfðingi þar sem hann hefði sinnt eiginhagsmunagæslu bæði utan þings og innan. Hann hefði líka getað helgað sig skáldskap og bókmenntum og hlotið að launum Nóbelsverðlaunin úr hendi sænska kóngsins.

Egill hefði þó alltaf verið umdeildur maður enda einn af þeim sem aldrei fóðrar tölvu sína sömu forritum og samtímamenn. Egill hefði snemma orðið viðfang geðlækna sem hefðu ausið í hann alls konar lyfjum til að hafa taumhald á böldnum huga hans. Það má um það deila endalaust hver áhrif þessar lyfjagjafir hefðu á skaphöfn Egils eða snilligáfu. Egill Skalla-Grímsson hefði á öllum tímum verið hið mesta ólíkindatöl og skautað fimlega á milli geðgreininga. Hann hefði litið á viðskipti sín við geðlækna eins og einvígi þar sem mestu skipti að hafa betur í orðræðunni.

Í SÖGULOK

Snorri Sturluson hefur um langt skeið verið talinn höfundur Egils sögu. Hann átti í miklum deilum við norska konungavaldið og var í raun drepinn af útsendurum þess í september 1241. Í frásögn Snorra af Agli hefur söguhetjan alltaf betur í viðureign sinni við norsku hirðina svo að frásögnin er lituð af óskhyggju og biturleika höfundarins. Sumir hafa viljað túlka Egils sögu sem ádeilu á hetjuhugmyndir og vígafærlí Sturlungaaldar og Snorri máli upp ýkta mynd af afrekum Egils á svipaðan hátt og Halldór Laxness gerði mörgum öldum síðar í Gerplu. Stundum er eins og Snorri vilji mála upp tvær samhliða myndir þar sem annars vegar stendur ruddinn og siðblindinginn Egill en hins vegar fagurkerinn og skáldið. Hann leikur sér þannig að tveimur ólíkum persónuleikum í sama manni.

En það breytir engu um það að Íslendingar hafa alltaf tekið Egils sögu mjög alvarlega og litið á söguhetjuna sem eina af þjóðhetjum sínum. Agli hefur alltaf verið gert hátt undir höfði og fæstir hafa litið á hann sem einhverja ýkjusögu eða ádeilu á dólga Sturlungaaldar. Mikill fjöldi Íslendinga telur sér til tekna að vera afkomendur Egils og þessi ættmenni hans líta ekki á kappann sem einhverja skrípamynd.

Glöggur geðlæknir greinir vel systkinaafbrýðisemina milli Þorsteins og Þorgerðar Egilsbarna og þá sérlega beiskju Þorsteins. Arinbjörn er sjúklega meðvirkur með Agli eins og Bera móðir hans. Það er reyndar einkenni manna eins og Egils að þeir safna í kringum sig mönnum sem þurfa á sterkum foringja að halda og þrifast ekki nema í námunda við leiðtoga.

Engin persóna Íslendingasagna fellur að eins mörgum greiningum geðsjúkdómafræðinnar og Egill. Hann sýnir af sér alvarleg hegðunarvandamál í æsku og á fullorðinsárum er hann haldinn geðhvörfum sem sveifla honum frá hæstu tindum örlætis niður í dýpstu dali þunglyndis með sjálfsmorðshótunum. Hann er auk þess persónuleikaraskaður, sjálfmiðaður og siðblindur og nánast morðóður. Drykkjuskapur hans er til vandræða og bætir hvorki skap hans né gerir hann viðráðanlegri. Egill hefði á okkar tímum verið viðfangsefni margra geðlækna og sálfræðinga sem hefðu oftsinnis fórnað höndum yfir kappanum og uppátækjum hans. Það sem einkennir Egil er hversu ófyrirsjáanlegur og ófyrirleitinn hann er. Menn eiga bággt með að spá fyrir um athafnir hans og áform og hann kemur sífellt á óvart.



FÓSTBRÆÐRA SAGA

Sagan af þeim svarabæðrum Þormóði Kolbrúnarskáldi Bersasyni og Þorgeiri Hávarssyni er ein frægasta Íslendingasagan. Fóstbræðrasaga fjallar um ævintýri og bernskubrek þeirra fóstbræðra á Vestfjörðum þar sem þeir eru saman í slarki.

Þegar þeir fullorðnast skilja leiðir og Þorgeir fer í víking og við tekur frásögn af vandamálum Þormóðar í kvennamálum. Sögunni víkur þá aftur að Þorgeiri og vígaferlum hans sem lýkur með falli kappans. Þormóður heldur af stað til að hefna hans og stór hluti sögunnar fjallar um leit hans að banamönnum Þorgeirs. Leikurinn berst víða og nokkrir kaflar sögunnar gerast á Grænlandi. Sögunni lýkur með falli Þormóðar á Stiklastöðum með Ólafi konungi Haraldssyni hinum digra.

ÁSTIR OG ÁTÖK Á VESTFJÖRÐUM



ÞORGEIR HÁVARSSON: *Mikill kappi sem missti á unglingsaldri föður sinn, Hávar Kleppsson. Hávar þessi var mikill ójafnaðarmaður og hvergi auþúsugestur. Móðir Þorgeirs, Þórelfur Álfadóttir, ól hann upp á sögum af hetjum og konungum. Hann var bráðger, mikill vexti, sterkur og kappsfullur. Ungur lærði hann að bera vopn og beita þeim og hefndi föður síns. Þorgeir eyddi ævinni í hermennsku eftir að hann hrökklaðist frá Íslandi vegna manndrápa. Hann var einkavinur og svarabróðir Þormóðar Kolbrúnarskálds. Þorgeir var drepinn norður á Melrakkaslétu þar sem enn má sjá grjóthrúgu sem við hann er kennd.*

ÞORMÓÐUR KOLBRÚNARSKÁLD BERSASON: *Ættadur úr Ísafjardardjúpi frá Dyrðilmýri. Hann var meðalmaður á hæð og ekki sterkur, brokkinhærður og málhaltur og óforbetranlegur kvenna- maður. Hann var sémilegt skáld og notaði skáldskapargáfu sína bæði til að komast yfir konur og innundir hjá konungum. Þormóður leitaði lengi banamanna Þorgeirs föstbróður síns til að hefna hans.*



VIÐTAL VIÐ ÞORMÓÐ BERSASON KOLBRÚNARSKÁLD OG ÞORGEIR HÁVARSSON

GEDLÆKNIR: Hvað sameinar ykkur félagar?

ÞORMÓÐUR: Við svarabræður erum líkir um margt og ólíkir um annað. Báðir höfum við mikið dálæti á hetjuskap og sögnum um forna kappi og konunga en áhugi okkar á konum er mismikill. Ég hrífst af kvenfólki en Þorgeir hefur sagt að hann muni aldrei hokra að konum.

ÞORGEIR: Ég hef mestan áhuga á vopnaviðskiptum og hetjudáðum.

GEDLÆKNIR: Hvenær byrjaðir þú að drepa menn, Þorgeir?

ÞORGEIR: Faðir minn, Hávar, var drepinn þegar ég var á unglingsaldri og ég hefndi hans grimmilega. Það voru mín fyrstu víg.

GEDLÆKNIR: Hvernig voru fyrstu samskipti þín við konur, Þormóður?

ÞORMÓÐUR: Ég skynjaði snemma að þær hrifust af mér og skáldskap mínum. Mér veittist létt að yrkja mig inn í svefnskála heimasætanna og þaðan upp á og inn í þær. Ég átti um tíma tvær unnustur, Þórdísi í Ögri og Þorbjörgu kolbrúnu í Arnardal. Þær bjuggu hjá einstæðum mæðrum sínum sem báðar voru rammgöldróttar. Gríma móðir Þórdísar bauð mér dóttur sína til kvonfangs af ótta við að ég mundi annars fífla stúlkuna. Ég neitaði því enda hafði ég ekki skaplyndi til að kvongast og gerast búandkarl á Íslandi.

ÞORGEIR: Ég skildi aldrei þennan áhuga svarabróður míns á konum. Mér fannst alltaf skemmtilegra að berjast eða lenda í svaðilförum en að tala við konur. Þær fylltu mig vanmetakennd og mér tókst varla að koma upp orði í kvannahópi. Konur gerðu að mér gys svo að mér féll betur að láta vopnin tala.

GEDLÆKNIR: Segðu mér frá þessum vígum.

ÞORGEIR: Einhverju sinni drap ég smaladreng vegna þess að hann lá vel við höggi en hafði að öðru leyti ekkert til saka unnið. Annan mann drap ég vegna þess að hann þóttist ekki heyra þegar ég talaði til hans. Reyndar var hann talinn heyrnarlaus en mér fannst það ekki skipta máli. Ég lét engan mann komast upp með að sýna mér lítillsvirðingu. Ýmis smámenni og ræflar lágu mér á hálsi fyrir þessi víg og önnur en sjálfum fannst mér gaman að drepa menn. Þormóður var eini maðurinn sem ég gat treyst. Mér fannst oft erfitt að sætta mig við að konur skipuðu veglegri sess í huga hans en ég.

GEDLÆKNIR: Lentir þú aldrei í neinum vandræðum vegna kvennamála?

ÞORMÓÐUR: Jú, ég orti eitt sinn kvæði til Þorbjargar kolbrúnar og

var eftir það kallaður Kolbrúnarskáld. Nokkru síðar sneri ég kvæðinu upp á Þórdísi í Ögri til að blíðka hana og liðka fyrir okkar samskiptum. Katla móðir Þorbjargar refsaði mér grimmilega með galdri sem sló mig með ægilegum höfuðverk og blindu. Þetta gekk ekki yfir fyrr en ég hafði játað á mig svikin við Þorbjörgu. Mér fannst þetta saklaust spaug en þær mæðgur tóku þessu mjög alvarlega. Faðir minn sagði eitt sinn við mig: „Óþarfar unnustur áttu!“ enda ofbauð honum þetta kvennastúss.

Þegar ég hélt til Grænlands til að hefna Þorgeirs svarabróður míns gisti ég um tíma í Bröttuhlíð. Þar hitti ég fyrir Loðin þræl og Sigríði fylgikonu hans. Hún var fengin til að þjónusta mig í skemmu þar sem ég svaf. Ekki leið á löngu þar til ég fór að serða Sigríði og dvaldi hún hjá mér fram á nætur. Þetta mislíkaði þrælnum mjög og reyndi hann að koma í veg fyrir okkar fundi sem varð til þess að ég varð að drepa hann.

Eftir þetta hélt ég fljótlega á braut og vissi aldrei hvað varð um Sigríði þegar Loðinn þræll var dauður og ég farinn. Engri konu var ég trúr. Á hinn bóginn sýndi ég Ólafi kóngi Haraldssyni mikla trúmennsku enda var hann hetja sem ég var reiðubúinn að falla fyrir. Í Stiklastaðabardaga særðist ég alvarlega og hitti fyrir fallega konu sem sinnti sárum mönnum í kornhlöðu einni. Ég gaf henni gullhring fyrir læknishjálpina til að leggja inn ef við skyldum hittast síðar á lífsleiðinni en það varð ekki.

GEÐGREINING

Þorgeir Hávarsson: Áfallahugröskun (*Traumatic neurosis*), geðklofalík persónuröskun (*Schizoid personality disorder*), andfélagsleg persónuröskun (*Antisocial personality disorder*), ofsóknarpersónuröskun (*Paranoid personality disorder*)

Þorgeir tekur fréttunum af láti föður síns með miklu jafnaðargeði

og greinilegt að höfundinum þykir nóg um þetta tilfinningaleysi. En Þorgeir er stjarfur af sorg. Þetta sjá læknar reyndar oft þegar fólk fær skelfileg tíðindi og sýnir engin eða lítil tilfinningaleg viðbrögð. Hann jafnar sig smám saman og hefnir föður síns sem markar lok þessa þunglyndis.

Þorgeir er býsna líkur Skarphéðni Njálssyni og Gretti Ásmundssyni. Allir eru þeir andfélagslega sinnaðir, einrænir ofbeldismenn og feta ekki almannastigu. Litlum sögum fer af uppeldi Þorgeirs í foreldrahúsum en faðir hans var sagður hávaðasamur og ódæll vígamaður sem hrökklaðist frá Akranesi sakir vígaferla. Sagan gefur konu hans Þórelfi hærrí einkunn enda var hún af göfugum ættum. Þorgeir er alinn upp við mikið öryggisleysi eins og oft er raunin þegar heimilisfaðirinn var óvinsæll ófriðarseggur sem getur alltaf átt von á vígamönnum. Þetta er á okkar tímum sambærilegt við að alast upp á heimili þar sem mikill alkóhólismi er ráðandi. Slíkir einstaklingar verða óöruggir og viðkvæmir í lund með mikla höfnunartilfinningu. Þeir þurfa að sanna sig fyrir umheiminum en finnst þeir falla á hverju prófi.

Þorgeir er mun háðari móður sinni en föður og finnur öryggi hjá henni. Þegar Hávar er drepinn leitar Þorgeir hefnda og stendur eftir það í stöðugum manndrápum. Hægt er að réttlæta drápið á banamanni föður hans út frá hefndarhugmyndum samtímans en mörg önnur mannvíg Þorgeirs eru tilefnislítill og glórulaus.

Þorgeir hefur mörg geðklofalík einkenni. Hann er einrænn og tortrygginn og leitar lítt eftir félagskap annarra. Hann lifir í veröld sem hann byggir upp úr óraunsæjum væntingum, eigin ímyndun og gömlum hetjusögum. Þorgeir segir fátt og sýnir engin tilfinningaleg viðbrögð og líðan annarra hefur engin áhrif á hann.

Kappinn hefur engan áhuga á konum eða kynlífi og átelur Þormóð fyrir kvennamál sín. Þetta er eitt af einkennum geðklofa-persónuröskunar en oft hafa slíkir einstaklingar lítinn áhuga á nánum kynnum við annaðhvort hitt kynið eða sitt eigið kyn. Þormóður verður fyrirmynd hans og æðri máttur og stundum er eins og Þorgeir sé ástfanginn af fóstbróður sínum án þess að vita af því. Hann gæti vel hafa verið blessunarlega óafvitandi um eigin samkynhneigð. Þorgeir hefur sennilega dáið hreinn sveinn og ekki saknað kynlífs í sinni innihaldslausu tilveru enda hræddur við slíkar kenndir.

Hann er gjörsamlega húmorlaus eins og þessir einstaklingar eru gjarnan. Hann lítur tilveruna alvarlegum augum og sér ekkert spaugilegt við eigið líf enda viðkvæmur og móðgunargjarn og lendir í stöðugum árekstrum við umhverfi sitt.

Maður með allar þessar erfiðu geðgreiningar og þveru lund er eins og tifandi tímasprengja enda lendir Þorgeir alls staðar í árekstrum og útistöðum við umhverfið og dauðdagi hans er í samræmi við það.

Ég hef á minni læknisævi hitt marga menn sem minna mjög á Þorgeir Hávarsson. Þetta eru venjulega gæfuryrir, gleðisnauðir einfarar sem tengjast sjaldnast öðru fólki tilfinningalega. Sumir vinna sem naturverðir á hótelum eða öryggisverðir svo að þeir þurfi ekki að hafa nein alvöru samskipti við fólk. Margir hafa sókkst sér niður í tölvuheiminn enda býður hann alla einstæðinga hjartanlega velkomna.

GEÐGREINING

Þormóður Kolbrúnarskáld er sveimhugi sem lifir fyrir líðandi stund og trúir á mátt sinn og megin. Hann uppgötvar snemma hæfileika sína, skáldskapargáfu og kvenhylli og lífið hverfist eftir það um þessa eiginleika. Þormóður er ófyrirleitinn kvennamaður, spjátrungur og gleðimaður og jafnframt ágætlega greindur og skemmtilegur náungi. Hann er tækifærissinni og veit að mestu skiptir að vera fljótur til ákvarðana hverju sinni.

Þormóður velur sér félagsskap Þorgeirs vegna þess að honum líkar vel takmarkalaus aðdáun hans og tryggð. Ból hans er fólgið í því að smám saman missir hann stjórn á vinskapanum og sambandinu og verður fórnarlamb atburðarásar sem grípur hann með sér. Fóstbræðra saga er mikil harmsaga þar sem menn hrekjast stjórnlausir á flótta undan sjálfum sér. Þormóður er einn þessara hæfileikaríku manna sem finna sig hvergi í samfélaginu og leita stöðugt að einhverjum tilgangi með eigin tilveru. Hann finnur köllun í hefndinni eftir Þorgeir og þá fyrst fær líf hans eitthvert innihald og markmið. Í sögulok áttar hann

sí á því hversu tilgangslaus þessi barátta var og í því felst harmleikur Þormóðar Kolbrúnarskálds.

Þormóður er marglyndur í ástamálum og elskar þá konu mest sem er nálæg hverju sinni. Ótryggð hans í kvennamálum er eftirtektarverð í ljósi ofstækisfullrar tryggðar hans við minningu Þorgeirs og hann hikar ekki við að hætta lífinu margsinis til að leita hefnda. Engu minni er tryggð hans við Ólaf Noregskonung þrátt fyrir stutt kynni þeirra. Hann vill falla með konungi og verður að ósk sinni.

Það er erfiðt að setja geðgreiningar á þennan hæfileikaríka og skemmtilega mann. Hann er með margvísleg einkenni sem ættuð eru úr kennslubókum persónufræða eins og allir aðrir. Einhvers staðar leynist talsverð siðblinda, sjálfhverfa og þráhyggja. Hann er þó nægilega heilsteyptur til að komast ógreindur og án lyfseðils frá geðlækninum.

Á árum mínum á Vogu og Vífilsstöðum kynntist ég nokkrum mönnum sem minntu mjög á Þormóð kolbrúnarskáld. Þeir voru venjulega skemmtilegir kvennamenn sem heilluðu bæði starfsfólk og sjúklinga með persónutöfrum sínum. Þeir kunnu að haga seglum eftir vindi og lögðu net sín í sífellu og reyndu að fanga tilkippilegar konur. Líf þeirra var varðað sambýliskonum, fyrrum unnustum og barnsmæðrum sem þeim fannst að hefðu snúist gegn þeim á lævísan hátt. Öll þeirra vandamál í lífinu stöfuðu af óheppni en sjálfir báru þeir aldrei neina ábyrgð. En þrátt fyrir ágjöf og margvísleg áföll voru þeir alltaf tilbúnir í ný ævintýri og notuðu hvert tækifæri sem gafst til að „leggja inn“ hjá þeim konum sem urðu á vegi þeirra.


LÆKNISFRÆÐI OG SÁLFRÆÐIÞEKING HÖFUNDAR

Enginn veit hver skráði Fóstbræðra sögu fremur en flestar aðrar Íslendingasögur en hún hefur sérstöðu um margt. Höfundurinn er vel heima í læknisfræði samtíma síns og veltir fyrir sér ýmsum hugtökum hjartalækninga. Þegar frá því er sagt hversu mjög Loðinn saknar

Sigríðar sýnir höfundur að hann sakni þess að hún leggi sjaldnar tíu fingur um háls sér og reiðist „en reiði hvers manns er í galli en líf í hjarta, minni í heila, metnaður í lungum, hlátur í milti, lystisemi í lifur“. Þarna koma fram helstu grunnatriði í læknisfræði Hippókratesar um skiptingu eðlislægra eiginleika eftir líffærum.

Í sögunni er fjallað um hjartað í Þorgeiri sem var smátt og blóðlítið. Þetta skýrir óttaleysi og samviskuleysi kappans vegna þess að hjartablóði fylgdi hræðsla. Höfundurinn lýsir því hvernig banamenn hans krufðu líkið og undruðust hversu lítið hjartað var. Á þessum árum var talið að hjartað væri heimkynni sálarinnar og helstu tilfinninga. Þorgeir var eiginlega hjartalaus á tilfinningalegum berangri og gat því hvorki fundið til með fólki né heldur elskað aðrar manneskjur. Þetta var án efa skýringin á sálarleysi hans, siðblindu og kynleysi að mati höfundar.

Margt bendir til að höfundur hafi haft talsverða reynslu af konum og þekkt vel sálarlíf þeirra. Hann skýtur inn setningum sem sýna innsei í mannlega hegðun og samband kynjanna. Þegar Þormóður hafði móðgað Þórdísi segir sagan að hún hafi reigt sig og skotið öxl við honum, „eins og konur eru jafnan vanar, þá er þeim líkar eigi allt við karla“. Boðskapur sögunnar er jákvæður gagnvart konum enda sagt frá miklum kvennamanni. Þegar sagt er frá vígi Þorgeirs er því lýst hversu karlmannleg vörn hans var. Samkvæmt sögunni var það banamönnum hans meiri manna-raun að sækja að honum en „klappa um maga konum sínum“. Þarna er látið að því liggja að meiri hetjuskapur sé í því fölginn að drepa menn í bardaga en njóta ásta með konum sem var mjög í anda Þorgeirs Hávarssonar.



Þorgeir og Þormóður í nútímanum

Örlög þeirra félaga hefðu orðið gjörólík í nútímanum. Þorgeir hefði lent fljótlega í alvarlegum útistöðum við lög og reglur samfélagsins en Þormóður lagað sig mjög vel að lífinu. Þorgeir hefði snemma hafið afbrotaferil með ofbeldisverkum og venjulegri siðblindu, setið í fangelsum, legið á geðdeildum og vistast á réttargeðeild um tíma. Á stofnunum hefði hann ávallt verið við sama heygardshornið, einrænn og samviskudaufur. Hann hefði ekki vingast við nokkurn mann og flestum hefði staðið stuggur af þessum fúllynda kraftamanni og hugmyndum hans. Þorgeir hefði farið á örorku tæplega þrítugur vegna andlegra meina og einhverra stoðkerfisvandamála en alltaf unnið svart sem dyravörður og handrukkari. Hann hefði aldrei vitað um raunverulega kynhneigð sína og sýnt henni lítinn áhuga. Lífslíkur hans hefðu verið verulega skertar vegna ábyrgðarlaus líferniss.

Þormóður hefði á hinn bóginn komið sér vel í samfélaginu og haslað sér völl sem glaðbeittur kvennamaður, skáld og hæfileikamaður. Allar dyr hefðu staðið Þormóði opnar og sennilega hefði hann lagt fyrir sig dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi áður en hann sneri sér að kvikmyndaleikstjórn og ritstörfum. Konur hefðu heillast af þessum skemmtilega manni og margar farið illa á samskiptum við hann.

Þeir Þormóður og Þorgeir hefðu mögulega tengst vináttuböndum í nútímasamfélagi þar sem báðir hefðu reynt að hafa gott af hinum. Þeir gætu hafa hist í meðferð eða í sumarvinnu á unglingsárunum. Eftir dauða Þorgeirs hefði Þormóður hefnt hans með því að skrifa ævisögu hans, gera um hann kvikmynd eða söngleik og kennt samfélaginu um öll hans vandamál og gæfuleysi.



Í SÖGULOK

Fóstbræðra saga hefur orðið mörgum fræðimanninum umtalsefni. Menn hafa deilt um það hvort sagan sé skopstæling á hetjum og hetjuhugsjónum eða þar sé haldið á lofti í fullri alvöru hetjudýrkun samtímans. Menn eru þó sammála um að sagan sýni frábæran húnur og höfundurinn áttar sig á persónuleikaskafönkum þeirra fóstbræðra. Þeir Þorgeir og Þormóður eru skemmtilegar persónur vegna þess hversu ólíkir þeir eru. Annar er glaðbeittur kvennamaður en hinn fylgjarn og einrænn vígamaður sem alls staðar lendir í árekstrum við umhverfi sitt. En hetjuskapnum er gert hærra undir höfði en ástinni svo að niðurstaðan er sú að ódauðleg afrek verði einungis unnin í orrustum eða bardögum en ekki milli rekkjuvoða hjá heimasætum í afdölum.

Halldór Laxness notaði Fóstbræðra sögu sem fyrirmynd þegar hann skrifaði Gerplu sem er napurt háð um hetjuskap og heiðurshugsjónir Íslendingasagna. Deilurnar sem urðu við útkomu Gerplu sýna hversu viðkvæmir margir eru fyrir Íslendingasögum og umfjöllun um þær. Halldór endurskrifar söguna og beitir háði, kímni og raunsei til að lýsa atburðum hennar á nýjan leik. Í lokakafla sögunnar er Þormóður orðinn mæddur á öllum sínum þvælingi og raunum og áttar sig á fánýti hefndarinnar sem stjórnað hefur lífi hans um langt skeið. Ólafur konungur biður hann að fara með kvæðið um sig sem skáldið hafði ort en þá snýr hann baki við konungi sínum og segist hafa gleymt kvæðinu.

Þessi endalok ríma engan veginn við þá mynd sem Fóstbræðra saga dregur upp af hinum konungholla hirðmanni Þormóði Bersasyni en er kannski nær sannleikanum. Þau endalok henta á hinn bóginn greiningum geðlæknisins ágætlega því að allir þekkja hinn helsærða narsissista sem gefst upp gagnvart væntingum og kröfum heimsins þegar hann skynjar eigin ósigur.



GÍSLA SAGA SÚRSSONAR

Sögusvið Íslendingasagna er Ísland og Norðurlönd fyrir og eftir kristniöku. Höfundar þeirra voru kristnir menn sem bæði voru geistlegrar og veraldlegrar stéttar. Víða má sjá átök hins nýja siðar við gömul rótgróin trúarbrögð í landinu. Heiðin hefndarskylda tekst á við kristna fyrirgefningu og hefur venjulega betur. Sögurnar bera þess ljóslega merki að menn skrifa þær undir áhrifum kristni og þekkja vel kennisetningar kirkjunnar.

Víða í helgum bókum er lögð áhersla á skaðsemi blaðurs kvenna. Samkvæmt Gamla testamentinu átti konan að vera manni sínum undirgefin. Eva lét freistast af fagurgala höggormsins, las epli af skilningstré góðs og ills, gaf manni sínum með sér og tældi hann af vegi guðsótta og dyggða. Adam og Eva voru eins og venjulegir karamelluþjófvar og kenndu öllu öðru um en sjálfum sér og Guð refsaði þeim báðum grimmilega. Óhlýðni Evu var dýru verði keypt enda kostaði hún manninn ódauðleikann og eilífa Paradísarvist.

Allt frá þeirri stundu ráðlagði heilög ritning mönnum að hlusta ekki á konu sína. Nýja testamentið hvetur konur til að þegja á að minnsta kosti þremur stöðum: „skulu konur þegja á safnaðarsamkomum því að þeim er ekki leyft að tala“ (1. Kor. 14:32–33). Sagan hefur

að geyma óteljandi frásagnir af því böli og öllum þeim leiðindum sem stafað getur af málugri konu.

Í Íslendingasögum er skýrt að illt eitt hljótist af slúðri kvenna. Kjafatífur sögðu þeim Ósvífurssonum og Guðrúnu frá ferðaáætlun Kjartans Ólafssonar sem auðveldaði mjög fyrirsát og dráp hans. Í Brennu-Njáls sögu gegna kjaftakerlingar stóru og veigamiklu hlutverki og bera slúður á milli bæja og kynda þannig undir ófriðarbálinu sem logar glatt á síðum bókarinnar.

En engin bók er eins mótuð af kvennahjali og Gísla saga Súrssonar. Þar er spunninn mikill örlagavefur af lausmælgri nokkurra kvenna. Vanhugsuð orð leiða til skelfilegrar atburðarásar þar sem hefndin fær smám saman eigið líf og aðalpersónur sögunnar verða leiksoppar örlaganna og snúast hver gegn annarri.

Gísla saga hefst í Noregi en söguviðið flyst til Íslands þegar ættfaðirinn Þorbjörn Þorkelsson flýr undan átökum og illindum til Íslands ásamt fjölskyldu sinni. Hann fékk viðurnefnið súr af því að verjast með sýru þegar reynt var að brenna hann inni. Eftir það voru börn hans alltaf kennd við sýruna og kölluð Súrsbörn en þau voru Þorkell, Þórdís og Gísli. Þau byggðu sér bæ að Sæbóli. Skömmu eftir komuna til Íslands létust Þorbjörn súr og Ísgerður kona hans og tóku synirnir Gísli og Þorkell við búinu. Í bókinni er fjallað um þá bræður og mága þeirra Véstein Vésteinson og Þorgrím Þorsteinsson og eiginkonur þeirra. Þessir menn voru tengdir á ýmsa vegu bæði með mágsemdum og frændsemi. Þeir ákváðu að sverjast í fóstbræðralag en hættu við það á síðustu stundu sakir ósamlyndis.

Vésteinn var veginn og Gísli drap Þorgrím mág sinn í hefndarskyni. Fyrir þetta dráp var hann dæmdur í útleðð sem stóð í 18 ár. Gísli þvældist víða ásamt konu sinni, Auði Vésteinsdóttur, leitandi athvarfs hjá vinveittum bændum eða skyldmennum uns hann var drepinn eftir harðan bardaga af fjandmönnum sínum. Seinni hluti sögunnar fjallar um þessi flóttarár og höfundur tíundar bragðvísi Gísla við að komast undan ofsækjendum sínum. Útlegðarsaga Gísla er eins og nútímaævintýri frá Hollywood þar sem útlaginn snýr sífellt á lög-gæslumenn og kemst undan úr hverri raun á ævintýralegan hátt.

ÖRLÖG VIÐ DÝRAFJÖRÐ



GÍSLI SÚRSSON: *Gísli er aðalpersóna sögunnar, svartur yfirlitum, stór og sterkur, mikill iðjumaður og hagur í höndum. Gísli þótti mikill vitmaður, þokkalegt skáld og ósvikin hetja.*

ÞORKELL SÚRSSON: *Bróðir Gísla, hann var mikill vexti, rammur að afli, friður sýnum og skartmaður. Hann var letihaugur og vann ekki að búi sínu eins og aðrir karlar heldur undi sér best heimavið í fleti sínu. Þeir bræður voru ákaflega ólíkir að upplagi en ágætir vinir.*

ÞÓRDÍS SÚRSSDÓTTIR: *Systir Gísla, frið sýnum og mikill skörungur, harðfeng í skapi og svarkur.*

AUÐUR VÉSTEINSDÓTTIR: *Eiginkona Gísla, systir Vésteins fóstbróður hans. Henni og Gísla varð ekki barna auðið en ólu upp eina fósturdóttur.*



VIÐTAL VIÐ GÍSLA SÚRSSON, ÞORKEL SÚRSSON, ÞÓRDÍSI SÚRSSDÓTTUR OG AUÐI VÉSTEINSDÓTTUR

GEÐLÆKNIR: Þórdís, segðu mér frá samskiptum ykkar Gísla.

ÞÓRDÍS: Örlög okkar voru alltaf samtvinnuð. Þegar við bjuggum enn úti í Noregi í Súrnadal hjá föður okkar kom ungur maður iðulega til að heimsækja mig. Hann hét Kolbeinn og var ágætlega fjáður. Mér líkaði vel við Kolbein og hafði gaman að heimsóknnum hans. Þorbjörn faðir okkar reiddist Kolbeini og hvatti syni sína til að koma í veg fyrir þessa fundi okkar enda sagðist hann hræddur um sóma minn. Svo

fór að Gísli drap Kolbein fyrir þessar heimsóknir og sagði föður okkar að nú hefði endanlega tekist að koma í veg fyrir að Kolbeinn glepti mig. Vígið sjálft var niðingslegt. Gísli brá sverði á Kolbein þegar hann var óviðbúinn og óvopnaður og drap hann. Ég sá eftir Kolbeini en varð að lúta þessu feðravaldi sem ráðskadist með dætur sínar eins og hvern annan búfénað. Ekki grunaði mig þá að Gísli ætti eftir að drepa fleiri menn sem mér væru kærir.

GEDLÆKNIR: Segðu mér frá þér, Gísli.

GÍSLI: Ég var því vanastur að hlýða föður mínum og lét sverfa til stáls þegar hann sagðist óttast um heiður Þórdísar systur minnar. Það var létt verk að drepa Kolbein enda hafði hann engan vara á sér.

Eftir mikinn ófrið í Noregi héldum við öll til Íslands og settumst að á Vestfjörðum að Sæbóli í Haukadal. Ég kvæntist Auði Vésteinsdóttur en Þorkell bróðir minn konu sem Ásgerður hét Þorkeldsdóttir. Vésteinn bróðir Auðar var mikill og góður vinur minn og fóstbróðir. Við Þorkell bjuggum saman að Sæbóli í eins konar tvíbyli og skiptum ekki með okkur fé þótt við værum báðir kvongaðir. Þórdís systir okkar giftist Þorgrími Þorsteinssyni þorskabíts frá Þórsnesi. Þau fluttu saman að Sæbóli en við Þorkell bróðir fluttum þá að Hóli. Mjög skammt var á milli bæjanna enda gott vinfengi milli okkar allra og mikil samskipti.

Við Þorkell, Vésteinn og Þorgrímur ákváðum að ganga í fóstbræðralag til að staðfesta ævarandi vináttu. Það fór út um þúfur vegna þess að Þorgrímur vildi ekki rækja neinar skyldur við Véstein mág minn. Ég reiddist þessu svo mjög svo ekkert varð af þessu bandalagi okkar frænda og mága. Við skildum í styttingi og ég hafði eftir þetta mikinn ímugust á Þorgrími og var ósáttur við samband hans og Þórdísar. Nokkru síðar fór allt í bál og brand og mikið ósætti kom upp á milli bæjanna þegar Þorkell reiddist bæði konu sinni og Auði eiginkonu minni.

GEDLÆKNIR: Þorkell, hverju reiddist þú svo mjög?

ÞORKELL SÚRSSON: Ég undi mér betur heimavið en í heyverkum úti.

Einn þurrkdag um sumarið voru allir karlmenn í heyskap en ég svaf heima í bæ í eldaskálanum eins og löngum var minn vandi. Ég heyrði þá gegnum hurð spjall þeirra Ásgerðar konu minnar og Auðar mágkonu minnar sem sátu við sauma inni í herbergi. Ásgerður bað þá Auði að sníða skyrtu handa mér en hún sagðist ekki kunna það betur en hún. Á hinn bóginn sagði Auður Ásgerði ekki mundu biðja sig þessa ef skyrtan væri ætluð Vésteini bróður sínum. Ásgerður svaraði því til að hún elskaði Véstein meira en mig þótt þau fengju aldrei að unnast. Hún bætti því svo við að Auður hefði átt vingott við Þorgrím áður en hún var gefin Gísla. Auður neitaði þessu og bað Ásgerði að hætta þessu tali. Ég hafði heyrt hvert orð og gerði þá vart við mig og lét þess getið að þetta ætti eftir að draga dilk á eftir sér enda var ég ævareiður. Mér fannst liggja í orðanna hljóðan að Ásgerður kona mín elskaði Véstein á laun og hefði haft mig að ginningarffli. Ég lagði mikið hatur á Véstein eftir þetta og var því fegnastur að við gengjum ekki í fóstbræðralag eins og ætlunin var. Mér fannst hádulegt að konurnar töluðu á þennan hátt um okkur karlana.

GEDLÆKNIR: Hvernig brást þú við þessum atburðum, Auður?

AUÐUR: Mér var mjög brugðið þegar ég áttaði mig á því að Þorkell hafði legið á hleri og hlustað á þetta gaspur okkar. Oft hlýst illt af kvannahjali. Ég sagði Gísla frá þessum atburðum og lét í ljósi þann ótta að Þorkell mundi gera Vésteini bróður mínum mein. Hann sagði að ekkert væri hægt að gera úr því sem komið væri og best að biða átekta. Honum virtist bregða þegar ég sagði honum frá þeim orðum Ásgerðar að ég hefði átt vingott við Þorgrím.

GEDLÆKNIR: Hvað um þig, Þorkell?

ÞORKELL: Þegar Ásgerður ætlaði að koma upp í rúmið til mín um kvöldið rak ég hana frá mér. En við sættumst þegar hún hótaði að fara frá mér og láta föður sinn heimta allar sínar eigur úr búinu. Hún áttaði sig líka á því hversu reiður ég var en vildi sættast. En mér leið ekki betur. Næsta vor ákváð ég að skipta öllum eigum við Gísla og flytja til Þorgríms mágs míns að Sæbóli enda vildi ég ekki búa

lengur undir sama þaki og þau Auður. Urðu eftir þetta miklir fáleikar með okkur búendum og bræðrum og buðum við ekki hvor öðrum til vetrarblóta eins og áður hafði verið siðvenja.

GEDLÆKNIR: Hver urðu þín viðbrögð, Gísli?

GÍSLI: Ég vissi að brátt mundi draga til tíðinda. Vésteinn kom að Hóli þótt ég hefði beðið hann að gera það ekki. Hann vildi færa okkur bróður mínum gjafir en Þorkell vildi ekki þiggja. Mikil spenna var í lofti og allt gat gerst. Eina nótt nokkru síðar var Vésteinn veginn. Menn grunaði að annað hvort Þorgrímur Þorsteinsson eða Þorkell bróðir minn hefði verið að verki en ekkert var sannað. Ég var harmi sleginn en vissi jafnframt að ég yrði að hefna Vésteins. Við knattleika nokkru síðar kastaði Þorgrímur mágur minn fram vísuparti sem skilja mátti sem viðurkenningu á því að hann hefði vegið Véstejn. Ég ákvað að drepa Þorgrím og gerði það nokkru síðar í vetrarveislu. Í skjóli myrkurs gekk ég að Sæbóli og fór að lokrekku Þorgríms og Þórdísar systur minnar og drap mág minn með því að leggja hann með spjóti og laumaðist síðan á braut.

GEDLÆKNIR: Hvernig varð þér við þennan verknað, Þórdís?

ÞÓRDÍS: Ég var þunguð að frumburði okkar Þorgríms og vaknaði þessa nótt við það að einhver tók um annað brjóst mitt kaldri hendi. Fyrst hélt ég að þetta væri Þorgrímur sem hefði tekið á mér og vildi hefja ástaleiki. En þá varð mér ljóst að eitthvað skelfilegt var að gerast. Maður stóð við rúmstokkinn og lagði spjóti í gegnum Þorgrím bónda minn. Ég kallaði upp og bað menn að vakna því að veginn væri Þorgrímur en menn voru lengi að koma sér á fætur eftir drykkjuna daginn áður.

Nokkru síðar var ég gift Berki bróður hans eins og stundum var siðvenja. Ég fæddi svein í fyllingu tímans sem kallaður var Þorgrímur eftir föður sínum. Einhverju sinni að knattleikum heyrði ég Gísla kasta fram vísu sem tók af allan vafa um að hann hefði drepð Þorgrím. Ég minntist Kolbeins og afdrifa hans og velti því fyrir mér af hverju hann dræpi þá menn sem ég elskaði. Mér leið skelfilega

en eftir langa umhugsun ákvað ég að segja Berki þessa vísu þótt ég vissi hvaða afleiðingar það hefði í för með sér fyrir Gísla og Auði. Ég gat ekki látið Þorgrím bónda minn liggja óbættan hjá garði, jafnvel þótt bróðir minn ætti í hlut. Auðvitað vissi ég að þetta mundi þýða bana Gísla því að ættingjar Þorgríms voru öflugir menn og hefni-gjarnir.

GEDLÆKNIR: Hverjar urðu afleiðingar alls þessa?

GÍSLI: Ég var dæmdur sekur skógarmaður fyrir víg Þorgríms og nú fór í hönd ömurlegur tími þar sem ég var hundeltur um alla Vestfirði af skyldmönnum hans og fylgismönnum þeirra. Fór þar fremstur mágur minn, Börkur digri. Auður fylgdi mér á flóttanum og ung fósturdóttir okkar, Guðríður að nafni. Sárast var þó að vita að Þórdís systir mín hefði sviðið mig og sagt Berki manni sínum að ég væri banamaður Þorgríms. Ég elskaði Þórdísi og mér fannst ég hafa bjargað henni bæði frá Kolbeini forðum og Þorgrími en hún leit þessa atburði ekki sömu augum. Útlegðin og öryggisleysið sem henni fylgdi reyndist okkur erfið. Oftsinnis slapp ég með miklum naumindum undan óvinum okkar. Einu sinni sem oftast skall hurð nærri hælum en þá fórnadi ég þræli mínum, Þórði huglausa, svo að við kæmumst undan. Ég blekkti hann með því að bjóða honum bláa kápu sem ég klæddist oft og setti hann efstan á stóran sleða. Hann hreykti sér og var hinn ánægðasti og skildi engan veginn þá gildru sem hann var genginn í. Hatursmenn mínir héldu að ég sæti á sleðanum og skutu spjóti að Þórði og drápu hann.

GEDLÆKNIR: Hvernig leið þér með þetta, Auður?

AUÐUR: Þetta var ekki líf sem nokkur kona hefði kosið sér enda var Gísli í útlegð í 18 skelfileg ár. Við vorum elt og ofsótt og urðum að treysta á vináttu og heilindi fólks. Við bjuggum lengstum í Geirþjófsfirði við knappan kost og var Gísli annaðhvort heima hjá okkur eða faldist í einhverju fylgsni sínu. Einhverja vetur var hann í Hergilsey á Breiðafirði en hann var hvergi öruggur og menn þorðu ekki að aðstoða hann af ótta við reiði og hefnd Barkar digra. Fjandmenn Gísla

voru sífellt á hælum okkar og buðu mér meira að segja digra sjóði fyrir að svíkja hann í hendur þeim.

Hlutskipti okkar var dapurlegt og ég kenndi oft Gísla um, hvernig fyrir okkur var komið. Ég velti því fyrir mér hvort hefndin væri allra þessara hörmunga virði. En ég vildi standa með mínum manni í þrengingum og raunum. Mest langaði mig til að eiga venjulegt líf með Gísla þar sem við sætum óhult eins og hverjir aðrir búendur en værum ekki á þessum stöðugu hrakningum og flóttu. Ég vissi sem var að þessu gæti aldrei lokið nema á einn veg.

GEDLÆKNIR: Hvað um þig, Gísli?

GÍSLI: Mér leið lengst af illa í útleðinni enda var ég myrkfælinn og fannst erfitt að vera einn á löngum vetrarnóttum í fylgsni. Í einsemd minni orti ég mikið og spjallaði við tvær draumkonur mínar sem vitjuðu mín reglulega. Önnur var mér hliðholl og lagði mér jafnan heilræði en hin sagði mér það sem mér þótti miður. Hún spáði mér jafnan illu. Einhverju sinni sögðu þær mér hversu marga vetur ég ætti eftir ólífada. Sú betri lagði mér heilræði og bað mig að forðast galdur og forneskju og vera góðan við haltan og blindan og mér minni menn.

Ég fann oft fyrir sekt gagnvart Auði og Guðríði fósturdóttur okkar og ásakaði mig um allar okkar hörmungar. Síðasti veturinn í útleðinni var verstur. Þá ásótti verri draumkonan mig stöðugt og vildi ata mig blóði eða þvo mér upp úr því. Ég varð enn myrkfælnari og þorði hvergi að vera einsamall og hélt mig með Auði og Guðríði en það var erfitt. Þetta var ömurlegt líf en ég var þess fullviss að ég hefði gert rétt þegar ég lagði Þorgrím í gegn með spjótinu.

GEDLÆKNIR: Hvernig endaði þessi útleð?

AUÐUR: Þar kom að lokum að mikið ofurefli liðs sótti að honum og felldi eftir frækilega vörn. Gísli drap átta menn af þeim fimmtán sem sóttu að honum. Við Guðríður reyndum að veita honum lið eftir föngum í síðustu orrustunni með lurkum en urðum að gefast upp

fljótlega. Ég fann fyrir miklum létti eftir fall Gísla. Þetta var búið að vera erfitt og við höfðum öll þjáðst mikið í útleðinni.

GEDLÆKNIR: Hvað varð um þig, Þórdís?

ÞÓRDÍS SÚRSSDÓTTIR: Þegar Gísli var fallinn var ég ein eftir. Synir Vésteins höfðu sótt að Þorkeli bróður okkar og drepið hann svo að nú voru þeir allir dauðir sem áður ætluðu að sverjast í fóstbræðralag. Sennilega mátti rekja þessar hörmungar til lausmælgja þeirra Auðar og Ásgerðar og viðbragða Þorkels bróður míns.

Ég bæði elskaði Gísla bróður minn og hataði hann. Hann drap mennina sem ég elskaði og sjálfur var hann gerður útlægur og drepinn fyrir mín orð. Þegar Börkur kom til mín kvöldið sem þeir höfðu vegið Gísla með banamann hans, Eyjólf gráa, var mér allri lokið og ég reyndi að drepa Eyjólf með því að leggja til hans sverði. Það misheppnaðist og hann fékk einungis lítið sár. Eftir þetta sagði ég skilið við Börk og fór frá honum enda gat ég ekki hugsað mér að búa með bróðurbana mínum.

GEDLÆKNIR: Hver varð þín saga, Auður, eftir fall Gísla?

AUÐUR: Eftir dauða Gísla fór ég til Danmerkur og tók þar kristna trú og þaðan til Rómar og kom aldrei fram til Íslands. Aldrei vissi ég hvort Gísli hefði drepið réttan mann þegar hann hefndi Vésteins bróður míns og drap Þorgrím. En var hefndin alls þessa virði? Aldrei skildi ég heldur hvað Gísla gekk til að játa fyrir Þórdísi systur sinni verknaðinn eins og hann vildi láta hana ákveða hvort honum yrði refsað eða ekki. Það var einkennilegt að vega mann á þennan hátt um nótt úr launsátri og viðurkenna morðið undir rós fyrir eiginkonu hans.

GÆÐGREINING

Gísli Súrsson: Andfélagsleg persónuröskun (*Antisocial personality disorder*), blandin kvíða og geðlægdarröskun (*Mixed anxiety and depressive disorder*)

Gísli Súrsson er margbrotinn persónuleiki sem fellur engan veginn að einni geðgreiningu. Honum er lýst sem dulum, hógværum og laghentum manni sem ekki ber tilfinningar sínar á borg. En það er erfitt að skilgreina hegðun hans sem eðlilega jafnvel þótt tekið sé fullt tillit til tíðarandans. Dráp hans á Kolbeini, ástmanni Þórdísar systur hans, er mögulega réttlætjanlegt en það er níðingslegt. Þegar við bætist að hann myrðir eiginmann Þórdísar líka leitar hugurinn ofan í sífjaspells-skúffuna og grunur vaknar um að hann hafi verið afbrýðisamur gagnvart þeim mönnum sem nutu blíðu Þórdísar. Bæði þessi víg liggja víðs fjarri öllum hetjuskap eða göfuglyndi.

Hann réttlætir drápið á Þorgrími með vígi Vésteins en kannski lágu allt aðrar ástæður að baki. Hann grunaði að Auður kona sín hefði átt vingott við Þorgrím og mögulega var hann sjálfur ástfanginn af Þórdísi systur sinni og eiginkonu Þorgríms. Hann hafði því margar ástæður til að drepa Þorgrím en morðið sjálft bendir til siðblindu, svo níðingslegt er það. Gísli rekur spjót í gegnum Þorgrím í rekkjunni um nótt, játar fyrir Þórdísi undir rós að hafa drepíð mann hennar og lætur hana ákveða hvort honum verði refsað eða ekki. Það virðist koma honum mjög á óvart þegar Þórdís segir til hans og eftir það er ekki aftur snúið.

Gísli er sjálfmiðaður eins og aðrir siðblindir menn. Hann er öryggislaus og sífellt þjakaður af myrkfælni og einveru. Þegar fram í sækir, leita aðallega á Gísla tvær draumkonur. Gísli vaknar venjulega að morgni eftir órólegan nætursvefn og fer með langan og erfiðan kveðskap sem hann eignar draumkonunum. Þessar vísur eru margar hverjar illskiljanlegar og greinilegt að Gísli hefur legið andvaka í einmanaleik sínum og ort sér til dægurstyttingar og hugarhæðdar. Í vísunum teflir hann fram andstæðum góðs og ills, birtu og myrkurs,

hamingju og böls. Þessar vísur leggur hann draumkonunum í munn en greinilega er hann fyrst og fremst að tjá eigin ótta og efasemdir um lífið.

Var önnur hvor draumkonan Þórdís systir sem sakaði hann um ókunna glæpi? Var það skýringin á því hversu blóði drifnir hinir svokölluðu draumar og vísur voru? Var Gísli að segja undir rós frá sífjaspellamáli? Líklega áttu þau Gísli og Þórdís í ástarsambandi sem hvíldi yfir öllum samskiptum þeirra eins og skuggi.

Hann umgengst draumkonurnar eins og lifandi verur sem gæti bent til ofskeynjana og hann hafi ruglast í einveru útleigðarinnar. Gísli hefur verið ákaflega þunglyndur eins og myrkar vísurnar reyndar benda til. Greinilegt er að undir lokin hefur hann misst allan lífsvilja og sekkur í vonleysi og þrúgandi hugsanir.

Gísli hefur líka verið heillandi maður enda vinsæll og dáður af mörgum. Aðdáendur Íslendingasagna hafa alltaf haft miklar mætur á Gísla og litíð fremur á hann sem fórnarlamb illra orlaga en geranda í eigin lífi. Höfundur sögunnar hefur mikla samúð með Gísla og sýnir hann í þessu ljósi. Sníld frásagnarinnar liggur í því að kynna til sögunnar siðblindan morðingja á þann hátt að lesendur vorkenna honum og leggjast í mikla meðvirkni. Gísli er sérlega geðþekkur glæpamaður með barnshjarta.

Auður Vésteinsdóttir: Hæðispersónuröskun (*Dependent personality disorder*)

Auður er leiksoppur orlaganna. Hún er trú Gísla manni sínum og fylgir honum í útleigðinni inn í ótrúlegar þrengingar og erfiðleika. Það var erfitt að vera útskúfað úr mannlegu samfélagi og eiga sér hvergi skjól í friði og öryggi. Þau hjónin eru hundelt um Vestfirði og víðar og hún verður að setta sig við þessi kröppu kjör síbrotamannsins. Auður er góður fulltrúi hinnar meðvirku, trúu og traustu eiginkonu sem fórnar lífi sínu fyrir manninn sinn en sinnir í engu eigin þörfum. Hún gerir Gísla að æðri mætti sínum og fylgir honum í hvívetna.

Ég hef kynnst fjölmörgum meðvirkum konum sem fórnðu lífi sínu til að fylgja manni sínum eftir á dapurlegri ógæfubraut. Þær

köstuðu frá sér möguleikum til menntunar og starfsframa til að geta gengið með manni sínum til glötunar og gerðu honum auðveldar um vik að klúðra öllu sem hægt var.

Fræg er sagan af Eyjólfri gráa sem eitt sinn bauð Auði stórfé fyrir að segja til felustaðar Gísla. Hún bað hann setja silfrið í poka og barði hann síðan á nefið svo að hann fékk fossandi blóðnasir. Hann reiddist mjög og vildi drepa Auði en góðgjarnir menn gengu á milli.

Þessi frásögn hefur stundum verið borin saman við kaflann um síðustu daga Gunnars á Hlíðarenda og viðbrögð Hallgerðar. Menn hafa ávallt lofað framgöngu Auðar en fordæmt hina illu Hallgerði. En heimsmyndin breytist stöðugt því að nútímamenn líta þetta öðrum augum og skilgreina Auði sem sjúklega meðvirka með manni sínum en segja að Hallgerður hafi staðið með sjálfri sér. Nú á tímum væri litið á Hallgerði sem kvenskörung og baráttukonu en Auði sem undirgefna og kúgaða húsmóður. Það verður Auði til lífs að Gísli er veginn í útlegðinni og henni tekst að komast utan þar sem hún tók trú og gekk suður og kom aldrei aftur. Afdrif hennar eru ókunn eftir það en vonandi tókst henni að finna einhverja lífshamingju.

Þórdís Súrsdóttir

Það er erfitt að setja einhverja geðgreiningu á Þórdísi. Líf hennar er mótað af áföllum og sorg. Samband þeirra systkina hefur verið í hæsta máta óeðlilegt og sennilega hefur Gísli misnotað Þórdísi. Hún er því fórnarlamb sífjaspella og sýnir tilfinningaleg viðbrögð sem einkenna slíkar konur. Afstaða hennar til Gísla einkennist af reiði og sektarkennd, ást og hatri. Hún hefur kennt sér um dauða Kolbeins og Þorgríms.

Hver maður getur ímyndað sér sálarangist þungaðrar konu sem vaknar upp við það að bóndi hennar hefur verið rekinn í gegn með spjóti. Stuttu áður verður hún vör við bróður sinn sem stendur við rúmstokkinn og káfar á brjóstum hennar. Gömul samskipti hennar og Gísla rifjast upp og hún áttar sig á þeirri bölvun sem hvílir yfir samskiptum þeirra. Hann lætur hana ákveða hvort sér verði refsað eða ekki og hún velur að segja frá glæpaverki hans. Eftir það fylgist hún

með fréttum af því hvernig hann er hrakinn og ofsóttur árum saman uns hann fellur að lokum fyrir ofureflinu.

Afstaða hennar til Gísla er alltaf margklofin og hún ætlar að hefna hans þegar hann loksins er dauður af hennar völdum. Sú tilraun er máttlaus og eiginlega skopleg. Hjónaband hennar og Barkar digra hefur sennilega alltaf verið óhamingjusamt enda erfitt að ímynda sér einhverja gleði í hjónasænginni við þessar aðstæður. Hvorugt hefur treyst hinu og ekki að efa að Börkur hefur kennt henni um dauða Þorgríms bróður síns. Allt þeirra samband er í raun tilhlaup að þeim skilnaði sem endanlega verður löngu síðar.

Góður geðlæknir mundi hjálpa henni að greiða úr öllum þessum flækjum og rísa undir þeim ákvörðunum sem hún tekur. Aðalvandamál hennar hefði verið alvarlegur kvíði og áfallakvíðaröskun.



Gísli og Auður í nútímanum

Gísli hefði komist betur frá nútímalífi en söguöldinni. Hann hefði notið hagleiks síns, handlagni og ágætrar greindar og náð langt sem byggingarmeistari og verktafi. Andfélagslegar kenndir hefðu þó getað gert honum lífið leitt og freistað hans til að fara á svig við reglur og lög samfélagsins og svíkja viðskiptamenn sína. Gísli hefði orðið þekktur í heimi framkvæmda og einkaframtaks og ekki hefðu nokkur lítil ljóðakver hans spillt fyrir orðsporinu.

Gamalt sífjaspellamál hans og Þórdísar hefði mögulega elt hann uppi og hrakið hann í samfélagslega útlegð. Hann hefði flúið málaferli og slúður inn í eigin íbúð og einangrast þar í eynd og torræðum skáldskap.

Auður kona hans hefði staðið með honum í gegnum þykkt og þunnt og lifað í skugga manns síns. Þeim hjónum hefði eflaust græðst mikið fé og tapað því aftur á vafasömum fjárfestingum. Auður hefði aldrei látið bilbug á sér finna og elskað Gísla hvort heldur hann vissi ekki aura sinna tal, barðist blóðugri baráttu við innheimtulögfræðinga eða hraktist á flótta undan samfélagslegu einelti. Auður


hefði lært hjúkrun að loknum menntaskóla og farið að vinna á öldrunardeild þegar syrti í álinn peningalega vegna vandamála Gísla. Hún hefði alltaf trúað á sakleysi manns síns og fórnað eigin lífi til að geta staðið sem klettur við hlið hans í stormum tilverunnar.



Í SÖGULOK

Sagan af Gísla Súrssyni útlaga og skáldi hefur alltaf verið fólki sérlega hugleikin. Hún hefur verið kvikmynduð ein fárra Íslendingasagna. Gísla saga er eins og nútímaglæpasaga þar sem morð eru framin og lesandinn skilinn eftir í vafa um raunverulegan geranda. Náttúra og landslag gegna mikilvægu hlutverki í Gísla sögu eins og í flestum glæpasögum. Veðrið er þátttakandi í atburðarásinni og höfundurinn lýsir óblíðu veðurfari í afskekktum byggðarlögum á Vestfjörðum. Spor eru rakin í snjó og dög og hélaðir skór koma upp um morðingja. Það er eftirtektarvert að samúð höfundar er öll með Gísla og bandamönnum hans en andstæðingar hans fá fremur dapurleg eftirmæli.

Margir hafa fundið samstöðu með þessari óhamingju-sömu hetju sem hraktist útlægur um hrjóstruga Vestfirði og víðar yfirkominn af myrkfælni. Kannski höfðar sagan betur til þeirra sem aldrei kynntust rafmagnsljósum og uppljómuðum nútímanum og gátu því sett sig í snjóug spor hetjunnar sem hímdi



ein í svartamyrkri og kvaðst á við blóðþyrstar draumkonur. Sagan er mikil harmsaga þar sem leitun er á raunverulegum sigurvegurum. Auður og Þórdís standa uppi í sögulok sem einmana konur sem hafa kastað lífi sínu á bál ófriðar og meðvirkni.



GRETTIS SAGA

Sagan er venjulega talin yngst hinna þekktustu Íslendingasagna enda ekki rituð fyrr en snemma á fjórtánu öld. Hún byggir á munnmælasögum og þjóðsögum og fjallar um þekktan útlaga, kraftajötun og ógæfumann, Gretti Ásmundsson, og ár hans í útlegð fjarri mannabyggðum. Hann varð snemma ódæll og lenti í útistöðum við umhverfi sitt. Grettir glímdi og bardist bæði við menn og drauga og hlaut af því mikla frægð. Erfiðust var þó glíman við drauginn Glám sem spáði honum illu á banastundinni. Draugurinn verður persónugervingur þeirrar ógæfu sem æ síðan fylgir Gretti. Hann var dæmdur í útlegð fyrir að vera valdur að dauða tólf manna í bruna í Noregi. Grettir var sekur skógarmaður í tæp 20 ár, lengur en nokkur annar Íslendingur. Árin í útlegð voru erfið enda var hann þjakaður af myrkfælni og þurfti sífellt að verjast óvinum sínum. Hann sýndi þó mikinn hetjuskap og bragðvísi í útlegðinni og tókst að verjast ótal atlögum óvina sinna. Grettir leitaði að lokum athvarfs í Drangey á Skagafirði ásamt Illuga bróður sínum. Þar voru þeir báðir vegnir af Þorbirni nokkrum öngli og mönnum hans. Grettis og Illuga var síðar hefnt í Miklagarði af Þorsteini drómundi bróður sínum.



GRETTIR ÁSMUNDSSON FRÁ BJARGI Í MIÐFIRÐI:

Hann var orðheppinn gáfumaður sem hafði lag á að klúðra málum í avintýralegan hátt. Grettir var fríður sýnum, breiðleitur, rauðhærður og freknóttur. Sagt er að hann hafi ekki verið bráðger meðan hann var á barnsaldri.

Einungis Egill Skalla-Grimsson getur státað af jafn mörgum gedgreiningum og Grettir. Hann er eins og gangandi kennslubók í gedlæknisfræði þar sem ægir saman gedröskunum, hegðunartruflunum og snilligáfu. Grettis saga er ein fárra sagna þar sem söguhetjunni er fylgt í gegnum barnæsku og unglingsár svo að þroskaferlið er mjög augljóst.

ÁSDÍS BÁRÐARDÓTTIR: *Móðir Grettis, eiginkona Ásmundar hærulangs, var bæði trygg og förnfús kona og unni syni sínum mjög þrátt fyrir alla hans óknytti. Hún missti aldrei trúna á Gretti og taldi hann ekki bera neina ábyrgð á óförum sínum. Ásdís var mikil meðukona sem varð að sjá á bak sonum sínum og eiginmanni í vopnaskaki samtíðarinnar. Hún gaf Gretti unglingspiltinn Illuga, son sinn, til fylgdar í útlegðina í Drangey þótt hún vissi að hún mundi aldrei sjá hann framar.*



VIÐTAL VIÐ ÁSDÍSI BÁRÐARDÓTTUR Á BJARGI

GEDLÆKNIR: Geturðu lýst æskuárum og ævi Grettis?

ÁSDÍS Á BJARGI: Þetta var ósköp venjulegt heimili. Þarna bjuggum við Ásmundur bóndi minn hærulangur ásamt sonum okkar og tveimur dætrum. Elstur sonanna var Atli, næstur Grettir en yngstur var Illugi. Grettir var ódæll og til vandræða sem barn og hafði lag á að koma sér í vandræði og sérstaklega gagnvart föður sínum. Hann var óhlýðinn

og ofsafenginn í skapi og vílaði ekkert fyrir sér. En hann var dæmdur hart og fékk ekki alltaf að njóta sannmælis. Mestar áhyggjur hafði ég af framkomu hans gagnvart skepnum enda drap hann og pyntaði dýr að ástæðulausu. Hann gekk af Kengálu, uppáhaldshesti Ásmundar bónda míns, dauðri á skelfilegan hátt og drap auk þess kjúklinga og vængbraut gæsir.

GEDLÆKNIR: Réðst hann líka á fólk?

ÁSDÍS: Ja, það má kannski segja það. Einu sinni átti hann að nudda bak föður síns við langeldinn um kvöld. Ásmundi fannst hann latur og mjúkhentur og bað hann að draga af sér slenið. Grettir sagði þá: „Illt er að eggja óbilgjarnan,“ og réðst á föður sinn með ullarkömbum og reif hann til blóðs. Hann var fljótur að skipta skapi og svaraði alltaf fyrir sig þegar á hann var ráðist. Margir sáu ofsjónum yfir því hversu sterkur og hraustur hann var og gerðu sér leik að því að egna hann til reiði. En ég trúði því alltaf að hann mundi sjá að sér og verða að manni enda var hann bráðgreindur og mjög orðheppinn.

Grettir var hraustastur allra sona minna, en það varð honum ekki til blessunar. Öfundarmenn hans komu honum á kné og fengu hann dæmdan sekan skógarmann fyrir upplognar sakir. Hann var hundeltur um land allt um fjölda ára skeið og öllum meinað að veita honum liðsinni. Hann var að lokum felldur ásamt Illuga bróður sínum eftir frækilega vörn í Drangey. Mér leið illa eftir fall sona minna en reyndi að bera mig vel og lofa hreysti þeirra. En tótleikinn í sálinni var mikill og mér rann til rífa giftuleysi þeirra beggja.

GEDGREINING

BARNA- OG UNGLINGAGEÐDEILDAR

Grettir Ásmundsson: Hegðunarröskun gagnvart fjölskyldu (*Conduct disorder*), móþróðarþrjúskuröskun (*Oppositional defiant disorder*)

Grettir Ásmundsson fellur vel að greiningarskilmerkjum alvarlegra

hegðunarfandamála í æsku. Hann hefur sennilega verið seinþroskaframan af eins og oft má sjá hjá persónuleikaröskudum börnum. Grettir beitir aðra líkamlegu ofbeldi, skaðar föður sinn, er andstyggi- legur gagnvart dýrum, lýgur þegar hann telur sig græða á því og eyðileggur eigur foreldra sinna. Hann fer út í lífið eins og tifandi tíma- sprengja fullur af sjálfsréttlætingu sem hefur hann yfir lög og hefðir samfélagsins.

Ásdís Bárðardóttir: Meðvirkni. Hæðispersónuröskun
(*Dependent personality disorder*)

Ásdís er óörugg og kvíðin með þungar og eðlilegar áhyggjur af sonum sínum, meðvirk með Gretti, trúir engu illu á hann og ver hann þegar sagðar eru sögur af óknyttum hans og framkomu gagnvart mönnum og málleysingjum. Hún lifir stöðugt í þjakandi óvissu og kvíða. Grettir er langdvölum einn í óbyggðum og enginn veit hvort hann er lífs eða liðinn. Hún getur hvenær sem er búist við andlátsfréttinni enda sótt að honum af miklu kappi. Ásdís er sjúklega meðvirk og dregur engin mörk utan um eigin tilveru.

Allir geðlæknar þekkja ástandið þegar einhver fjölskyldumeðlimur dansar ekki í takt við aðra á heimilinu vegna persónuleikaröskunar, drykkjuskapar eða annarrar afbrigðilegrar hegðunar. Ástandið á slíkum heimilum einkennist af óbeinum skilaboðum, þögn, pirringi, deilum og miklu ósamkomulagi. Vandamálabarnið fær venjulega mesta athygli og hin systkinin sitja á hakanum. Fólk skiptist í fylkingar sem bæði berjast innbyrðis og hver gegn annarri.

Fjölskyldan að Bjargi hefði á okkar tímum verið viðfangsefni sálfræðinga og félagsfræðinga sem hefðu skilgreint ástandið og reynt að breyta valdahlutföllum og samskiptum á löngum og erfiðum fjölskyldufundum. Menn hefðu reytt hár sitt yfir gagnrýnislausri aðdán Ásdísar á vandræðabarninu. Samskipti hennar og Ásmundar hærulangs hefðu einkennst af deilum, þögn og gagnkvæmum ásökunum.

VIÐTAL VIÐ GRETTI

GEÐLÆKNIR: Bernskuminningar?

GRETTIR: Ég var alinn upp í stórfjölskyldu að Bjargi í Miðfirði. Þegar ég óx úr grasi varð ég stór og sterkur og reyndi krafta mína við aðra unga menn í sveitinni og hafði alltaf betur. Fljótlega fór miklum sögum af afli mínu og afrekum enda vann ég mér ýmislegt til frægðar. Ég fór til útlanda og lenti þar í miklum mannraunum sem spurðust til Íslands. Fræg varð för mín í haug afturgengins bónda, Kárs að nafni, og glímdum við lengi og hart áður en mér tókst að drepa drauginn. Auk þess tókst mér að drepa tvo berserki auk margra fylgismanna þeirra.

En fjölmargir voru öfundsjúkir og mér andsnúnir og vildu leggja stein í götu mína. Ég var allra manna sterkastur og hafði á orði að aldrei mundi ég renna fyrir fjórum. Þetta reitti marga til reiði og varð til þess að menn vildu berjast við mig.

En sumir leituðu til mín um hjálp. Einhverju sinni var ég beðinn að ráða niðurlögum draugsins Gláms að Þórhallsstöðum í Forsæludal. Ég sat fyrir Glámi og glímdi við hann lengi nætur og hafði hann undir en áður en hann drapst endanlega lagði hann á mig illan galdur og bað mér bölbæna. Hann sagði að ég yrði ekki sterkari en ég var. Þá og öll mín verk mundu snúast mér til ógæfu. Hann spáði því að ég lenti í sekt og yrði gerður útlægur og mundi alltaf sjá fyrir mér augu sín þegar ég væri einn. Eftir þessi viðskipti við drauginn varð ég mjög myrkfælinn sem stafaði af galdrinum. Fleira veit sá er fleira reynir.

GEÐLÆKNIR: Hvernig stóð á því að þú lentir í útlegð?

GRETTIR: Það er sorgleg saga um misskilning og óheppni. Skömmu eftir átökin við Glám ákvað ég að fara til útlanda og sigldi til Noregs. Skípið lenti í ofsavæðri og tókst okkur að komast í land við illan leik. Við vorum eldlausir og kaldir en sáum eld loga í húsi handan fjarðarins. Varð að ráði að ég skyldi bjarga málum og synda yfir fjörðinn. Ég gekk að sæluhúsi þar sem við höfðum séð eldinn og hitti fyrir

tólf menn sem sátu að drykkju. Þegar ég kom inn í sæluhúsið greip um sig mikil skelfing enda var ég svo ógnvekjandi eftir sunðið að þeir héldu mig vera tröllkarl eða draug og réðust á mig. Eftir nokkur átök, pústra og hrindingar fóru svo leikar að ég komst á braut með eldinn en fyrir óheppni kviknaði í skálanum í atganginum og brunnu þeir allir inni.

Félagar mínir snerust gegn mér af miklum ódrenskap og sögðu mig hafa brennt mennina inni. Kom þar fram sem ég hafði sagt: illt er að veita ódrensjum lið. Urðu af þessu mikil eftirmál en ég hélt alltaf fram sakleysi mínu. Ég fór á konungsfund og hann bauð mér að hreinsa mig með járnburði.* En þegar ég átti að bera járníð spratt fram piltur nokkur og hóf að atyrða mig og svívirða sem varð til þess að ég missti alla stjórn á mér og barði hann í rot. Illt er að eggja óbilgjarnan. Konungur reiddist mjög og lét mig hætta við að bera járníð og rak mig á braut með illyrðum.

GEDLÆKNIR: Hvaða piltungur var þetta sem þú slóst kaldan?

GRETTIR: Ég leit svo á að þessi drengur hefði verið óhrein andi sendur mér til óheilla. Þetta var allt á eina bókina lært. Eindæmin eru verst.

GEDLÆKNIR: En hvað með útlegðina?

GRETTIR: Þessir atburðir urðu til þess að ég var dæmdur sekur skógarmaður á Alþingi fyrir brennuna. Þetta frétti ég þegar ég sneri aftur til Íslands næsta sumar. Faðir tveggja manna sem höfðu brunnið í skálanum fór til þings með fjölmenni og fékk mig dæmdan sekan um allt Ísland. Enginn tók til varna fyrir mig vegna þess að faðir minn var dauður og Atli bróðir minn veginn. Eftir þetta fór ég fyrst til móður minnar að Bjargi og tók hún ástúðlega á móti mér enda trúði hún ekki þeim sakargiftum sem á mig voru bornar.

* Járnburður var í því fólgin að sá er talinn var sekur, átti að bera glóandi járn með berum höndum. Gæti hann það án þess að skaða sig, var talið, að hann hefði sannað sakleysi sitt.

Æ síðan varð ég að fara huldu höfði um land allt. Um tíma var ég á laun hjá vinum og vandamönnum og móður minni en brátt þorðu fáir eða engir að skjóta yfir mig skjólshúsi af ótta við hefndaraðgerðir. Eftir það hafðist ég við á heidum uppi, í skógum eða á fjöllum einn míns liðs bæði sumar og vetur. Ég varð að ræna mér til matar og vegfarendur fletti ég klæðum til að afla mér fata. Fé var lagt til höfuðs mér og reyndu margir að drepa mig en ég var alltaf var um mig og tókst að verjast þessum atlögunum. Eftir því sem á leið átti ég í miklum erfiðleikum með að vera einn þótt mér liði best einum. Þetta var ömurlegt líf enda var engum að treysta og myrkfælnin var skelfileg. Í þessu var mikil þversögn fólgin. Ég bæði vildi vera einn og óttaðist það mjög.

GEDLÆKNIR: Hvernig stóð á því að þú fórst út í Drangey?

GRETTIR: Guðmundur ríki Eyjólfsson á Möðruvöllum benti mér á Drangey og sagði hana gott vígi. Þetta sama haust reið ég heim að Bjargi og ræddi við móður mína og sagði henni frá þessari tillögu Guðmundar og myrkfælni minni. Ég sagðist vilja fara út í eyna en yrði að hafa með mér fylgdarmann. Illugi bróðir minn sem þá var 15 ára bauðst til að fylgja mér eftir. Móðir okkar leyfði honum að fara þótt henni væri það ekki ljúft. Þegar hún kvaddi okkur grátandi sagðist hún aldrei mundu sjá okkur framar og spáði því að við yrðum vopnbitnir í eygni. Ég reyndi að hugga hana en það gekk illa. „Fátt er rammara en forneskjan,“ sagði hún og varaði okkur við göldrum. Okkur leið vel í Drangey en dvölin var leiðinleg og lítið við að vera.

Ég var aðgerðarleysi og einveru vanur en Illugi undi sér verr. Okkur var aldrei matarvant enda nóg af fugli og eggjum í eygni. En auðvitað vissi ég að fyrr eða síðar gætu óvinir okkar komist upp í eyna og drepið okkur því að Skagfirðingum gramdist mjög dvöl okkar þarna. Fyrir þeim fór maður sem Þorbjörn hét öngull. Svo fór að við vorum unnir með fjölkynngi eins og móðir okkar hafði óttast. Fóstara Þorbjarnar var rammgöldrótt og sendi okkur trjábol einn mikinn út í eyna. Ég hjó í bolinn með exi minni og hljóp hún þá í annað lærið svo að mikið sár hlaust af. Illt kom í sárið og ég var fársjúkur. Illugi sat

yfir mér veikum öllum stundum og varð þetta til þess að við uggðum ekki að okkur og óvildarmenn okkar komust að okkur.

GEDLÆKNIR: Hvað um samskipti þín við konur?

GRETTIR: Þau voru alltaf af skornum skammti. Konur heilluðu mig aldrei og mér stóð alltaf stuggur af þeim. Ég óttaðist þiskur þeirra og fliss sem mér fannst beinast gegn mér. Eina konan sem mér þótti vænt um var móðir mín. Hún missti aldrei trúna á mér, fyrirgaf mér allt og tók mér vel enda átti ég alltaf athvarf hjá henni. En víða úti um land voru einmana konur sem tóku útlaga eins og mér fagnandi enda var ég gangandi goðsögn. Allir vissu um afl mitt og hreysti og afreksverk mín voru á allra vörum. Einhverju sinni glímdi ég við tröllkonu á bænum Sandhaugum og drap hana. Steinvör húsfreyja varð verklaun mín fyrir þetta afrek og í fyllingu tímans eignaðist hún sveinbarn sem kallað var Skeggi. Almennarómur sagði að ég væri faðir að þessu barni sem ekki var ólíklegt miðað við samskipti okkar Steinvarar eftir tröllkonudrápið. Þessi piltur dó ungur svo að ég eignaðist enga afkomendur sem komust til manns. Ég hafði sjaldnast frumkvæði að samskiptum við konur en kæmu þær upp í rúm mitt tók ég vel á móti þeim.

GEDLÆKNIR: Voru einhver vandamál á þessu sviði?

GRETTIR: Einhverju sinni synti ég úr Drangey til lands til að sækja eld. Ég var þreyttur og kaldur eftir sundið og lagðist á bekk á Reykjum. Bóndadóttir og griðkona komu þar að mér sofandi og lyftu upp brek-áni sem lá yfir mér til að skoða mig að neðan. Þær hlógu mikið og gálulega þegar þær sáu liminn og höfðu á orði að hann væri lítill. Ég vaknaði við þessi læti og kippti annarri upp í til mín og gerði henni góð skil og hló hún ekki eftir það. Í sömu atrennu kastaði ég fram vísu þar sem ég viðurkenndi að þetta væri vandamál en bætti því við að ég hefði mikinn og stóran pung.

Þessi saga af griðkunni varð landsfræg og fólk henti að því gaman að svo stór og mikill maður væri með lítinn böll. En þetta var eins og hver önnur hvímeið flökkusaga sem var á kreiki. Mörgum þótti ég

tröllslega vaxinn og hentu gaman að því að böllurinn var í engu samræmi við annan líkamsvöxt. Ég reyndi að segja þessum rógtungum að ég hefði nýlega synt í köldum sjó og limurinn skryppi saman við það en allt kom fyrir ekki. Menn skemmtu sér yfir sögunni. En ég lét þetta ekki á mig fá enda heilluðu náin samskipti við konur mig aldrei.

GEDGREINING

Grettir Ásmundsson: Áfallahugröskun (*Traumatic neurosis*), geðklofalík persónuröskun (*Schizoid personality disorder*), andfélagsleg persónuröskun (*Antisocial personality disorder*)

Grettir er einfari sem kærir sig lítið um félagsskap annarra. Hann á enga nána vini sem getið er um í sögunni og sýnir af sér tilfinningalegan kulda og flatneskju. Manndráp og glæpir hreyfa ekki við honum. Þegar hann fer í Drangey tekur hann Illuga bróður sinn með sér þótt hann viti að bráður bani biði þeirra beggja. Ásdís móðir þeirra grætur beisklega á skilnaðarstund en tilfinningaleg fíring Grettis er algjör og ekki að sjá að hann skynji alvöru stundarinnar eða eigin ábyrgð á ótímabærum dauða bróður síns. Hann hefur hvorki samúð með móður sinni né unglíngnum. Áhugi hans á konum eða kynlífi er næsta lítill eins og venjulega má sjá hjá mönnum með þessa persónuröskun. Hann sér stöðugt fyrir sér augu draugsins Gláms sem mögulega bendir til einhverra ofskynjana og áfallastreituröskunar. Eftir viðureign þeirra fylgir Glámur honum hvert sem hann fer eins og vond minning. Þetta sjá geðlæknar oft hjá fólki sem verður fyrir einhverri skelfilegri lífsreynslu. Atburðurinn tekur smám saman öll völd í sálarlífi einstaklingsins og stendur fólki fyrir svefni og hugarró.

En Grettir er líka með geðklofalíka röskun ofan á mótþróaþrjósku-röskun æskuáranna og siðblindu fullorðinsáranna sem flækir allar greiningar.

Grettir fellur ágætlega að skilmerkjum andfélagslegrar persónuröskunar. Hann fer sínu fram án tillits til tilfinninga þeirra sem ná

lægt honum standa. Grettir segist alltaf vera saklaus af öllum sínum verkum. Þegar hann brennir inni tólfmenningana geta þeir sjálfum sér um kennt en hann er fórnarlamb örlaga og óheppni. Eiðinn getur hann svarið og borið járn vegna galdra og áлага. Hann kennir öðrum um alla sína ógæfu enda telur hann sig ekki bera neina ábyrgð.


Allir geðlæknar og glæpalögfræðingar þekkja menn eins og Gretti sem eiga sér að baki langan glæpaferil en eru sífellt alsaklaus fórnarlömb falskra sakargifta. Tillitsleysi hans og sjálfhverfa er alger og hann fer sínu fram hvað sem tautar og raular í nánasta umhverfi hans. Grettir veit að hann er manna sterkastur og öllum stendur mikill stuggur af honum. Það nýtir hann sér í hvívetna til víkjast undan ábyrgð enda er hann húðlatur. Grettir er ágætlega greindur eins og margir sýkóparar með persónutöfra sem einkennast af orðheppni og skemmtilegum tilsvörum.

LÍTIÐ UNDIR STÓRUM MANNI

Grettir Ásmundsson er ein skemmtilegasta og forvitnilegasta persóna Íslendingasagna. Hann er siðblindur afbrotamaður og mikill vitmaður sem yrkir þokkaleg kvæði og talar í spakmælum.

Sagan um griðkonu og bóndadóttur sem skopuðust að því hversu lítið væri undir honum er einstæð í sögunum. Grettir var nýkominn af sundi í sjó og allir vita að limurinn skreppur saman í kuldum. Höfundur velur samt að segja þessa tvíráðu

gamansögu Gretti til háðungar. Var það kannski eitt af vandamálum hins stóra og sterka Grettis að limurinn var í engu samræmi við annað vaxtarlag? Hentu menn gaman að þessu þegar hetjan var víðs fjarri? Hafði Grettir ungur veitt því eftirtekt að hann hafði styttri lim en allir aðrir? Þurfti hann að sanna sig á öðrum sviðum? Þegar hann kippti griðkunni upp í til sín á



fletið gerði hann sig að sjálfsgöðu sekan um kynferðislegt ofbeldi sem undirstrikar siðblindu þessa mikla kappa og spakvitnings.

Freud hefði sennilega staldrað við þessa sögu enda lagði hann mikið upp úr áhyggjum ungra manna af eigin lim sem hann tengdi inn í ödipusarduldina. Grettir hataði föður sinn en var ákaflega elskur að móður sinni. Hann hafði ómeðvitað ímugust á öllum þeim karlmönnum sem kepptu við hann um hylli Ásdísar. Kannski var þetta ástæðan fyrir því að hann krafðist þess að hún léti Illuga af hendi og sendi hann með sér út í opinn dauðann til Drangeyjar. Með þessu valdi hún á milli Illuga og Grettis og sá síðarnefndi sigraði í þeim slag um ást móðurinnar.



VIÐTAL VIÐ ÞORSTEIN DRÓMUND, BRÓÐUR GRETTIS

Þorsteinn drómundur var grannvaxinn og beinaber og í engu jafningi bróður síns að líkamlegu atgervi. Einhverju sinni er lýst samveru þeirra bræðra þar sem Þorsteinn dáist mjög að vasklegum líkamsvexti bróður síns en Grettir skopast að renglulegum líkama Þorsteins og efast um að svo væskilslegur maður sé kvensterkur. Drómundur svaraði því til að þessir mjóslegnu handleggir ættu eftir að hefna hetjunnar. Þorsteinn drómundur kemur reyndar lítið við sögu fyrr en eftir dauða bræðranna, Grettis og Illuga, og má líta á söguna af honum sem skemmtilega kristilega viðbót.

GEÐLÆKNIR: Hver voru viðbrögð þín við falli Grettis og Illuga?

ÞORSTEINN DRÓMUNDUR: Þegar ég heyrði um fall bræðra minna í Drangey ákvað ég að elta banamann þeirra, Þorbjörn öngul, uppi og hefna. Ég seldi allar eignir mínar, hélt úr landi á eftir honum og fylgdi honum eftir alla leið suður í Miklagarð þar sem hann réð sig í hermennsku í væringjalið konungs. Öngull þekkti mig ekki og heyrði ég hann stæra sig af drápi Grettis. Tókst mér með brögðum að fá hann til að afhenda mér saxið sem Grettir hafði átt og keyrði ég

Það í höfuð hans svo að það nam staðar á jöxlunum. Féll Öngull þá dauður niður en mönnum þótti þetta mikið óhæfuverk og griðrof. Var ég handtekinn og dæmdur þótt mönnum fyndist ég eiga mér málsbætur. Ég átti að sitja í myrkvastofu í dýflissu þar til einhver leysti mig út með fé. Í fangelsinu hitti ég fyrir mann sem beið dauða síns vegna þess að enga átti hann frændur sem greitt gætu fyrir lausn hans. Ég ákváð þá að syngja mér til skemmtunar og hugarhægðar enda þótti ég alltaf mikill raddmaður og gat skemmt fólki með söng mínum. Maðurinn hálfdaudi vaknaði til lífsins þegar hann heyrði mig syngja og hressist allur við.

Skyndilega kom hefðarfrú, Spes að nafni, í fangelsið en hún hafði heyrt mig syngja og hrifist af. Við tókum spjall saman og fór svo að Spes keypti mig og féлага minn lausan og galt fyrir okkur ærið fé. Hún var gift kona en í ástlausu hjónabandi. Ég gekk í lið með væringjum eftir þessa höfuðlausn og fór með þeim í bardaga og þótti standa mig með miklum ágætum. Samband okkar Spesar varð nánara með tímanum og ég var tíður gestur í rekkju hennar. Eiginmanninn grunaði að ekki væri allt með felldu og hann reyndi allt sem hann gat til að góma okkur saman en það tókst aldrei. Svo fór að Spes tókst að skilja við þennan leiðinlega mann og var hann meira að segja rekinn úr landi. Spes og ég gengum í hjónaband samkvæmt ríkjandi reglum þessa tíma í samráði við frændur hennar. Við eignuðumst börn í ágætu sambandi og fluttumst búferlum til Noregs. Í ellinni ákváðum við að halda til Rómur. Við vildum fá fyrirgefningu þeirra synda sem við höfðum drýgt þegar við lifðum í heimi blekkinga og lyga sem voru á engan hátt Guði þóknarlegar. Við settumst að hvort í sínu klaustrinu enda ákváðum við að hafna öllum lystisemdum lífsins og tileinka það drottni. Ég sá Spes aldrei eftir þetta en var sannfærður um að við myndum hittast aftur á himnum og fá aflausn allra synda.

ÓLÍKIR BRÆÐUR

Ástarsaga Drómundar og Spes er hugljúf lesning og skemmtileg andstaða við hina ömurlegu sögu af Gretti sterka. Allt snerist Drómundi til gæfu. Boðskapur sögunnar er skýr. Mestu skiptir iðrun og yfirbót og þá mun fólki verða fyrirgefningu alvarlegustu brot. Grettir kallinn fékk á hinn bóginn að fullreyna að enginn fær hlaupist undan örlögum sínum. Hann lifði samkvæmt eigin spakmæli: „svo má böll bæta að bíði annað meira“. Merking þessa er augljós. Meiri sem dynur yfir menn læknast með því að hann þoli annað enn þyngra. Þetta minnir á Job í Gamla testamentinu sem varð að þola eignamissi, lát barna sinna og líkamlega kröm. Með hverju nýju bölli hverfur hið fyrri í skuggann. En Þorsteinn drómundur og Spes húsfreyja fara brosandir gegnum lífið þrátt fyrir lauslæti sitt og drjúgan syndalista.

Það er erfitt að setja með vissu einhverjar geðgreiningar á þau Drómund og Spes. Drómundur er kvennamaður og svífst einskis til að komast yfir konuna sem bjargar honum frá öllum háska. Hann þroskast með tímanum og í sögulok stendur andspænis lesandanum ábyrgur öldungur sem vill fá fyrirgefningu drottins.

Þegar þeir bræður eru bornir saman blasa við mjög ólíkir menn. Grettir er eins og gæfusnaður þurs sem lendir sífellt í vandamálum sakir ósveigjanleika síns og óbilgirni en Þorsteinn smýgur eins og straumlínulagaður áll gegnum lífið og lagar sig að hverri raun og kemst í gegnum hana ómeiddur. Að auki ber Drómundur ábyrgð á eigin lífi og reynir ekki að kenna öðrum um þegar á móti blæs.



Persónur Grettis sögu í nútímanum

Grettir Ásmundsson hefði lent í miklum vandamálum strax á barnsaldri, rekið sig á ríkjandi hefðir og venjur samfélagsins og lent í úti-stöðum við kennara, samnemendur, lögreglu, barnaverndaryfirvöld og fjölskyldu. Eftir fjölmargar tilraunir til að koma einhverju lagi á geðheilsu drengsins með innlögnum á barna- og unglingsgeðdeild hefði hann leiðst út í alvöru afbrot og ofbeldisverk og eytt einhverj-

um hluta ævi sinnar bak við lás og slá. Hann hefði getað fleytt sér á gáfum sínum og orðheppni um tíma en smám saman hefði umhverfið hætt að fyrirgefa honum.

Grettir hefði verið sami utangarðsmaðurinn í nútímasamfélagi og forðum. Geðlyf hefðu sennilega mildað lund hans og dregið úr geðsveiflum og ofbeldi en hann hefði alltaf verið sami gleðisnaudi einfarinn. Hann hefði reynt fyrir sér á einhverjum vinnustöðum en mistekist vegna skapbresta og ósveigjanleika. Grettir hefði verið kominn á varanlega örorku vegna geðrænna vandamála og bakverkja innan við þrítugt og dvalist eftir það í samfélagslegri útlegð á sambýlum, litlum félagslegum íbúðum og herbergjum milli innlagna á geðdeildir og meðferðarstofnanir. Hann hefði alltaf verið ómannblendinn einfari í fjötrum eigin persónuleikabresta og geðveiki.

Ásdís á Bjargi hefði haft sama hlutverk í samtímanum og á söguöld. Hún hefði vakin og sofin barist fyrir Gretti sinn og reynt að koma honum til manns með öllum tiltækum ráðum. Þrátt fyrir mikil vandræði Grettis og árekstra við umhverfi hefði hún aldrei gefist upp né heldur misst trúna á son sinn. Þessi barátta hennar fyrir Gretti hefði skapað mikil vandræði gagnvart hinum börnunum sem hefðu fundið fyrir afbrýðisemi og öfund gagnvart ógæfusama prinsinum, augasteini móður sinnar. Ásdís hefði því einangrast eins og Grettir í sameiginlegri ógæfu þeirra enda hefði líf hennar einungis snúist um örlög hans og gæfuleysi. Í öllum veðrum hefði hún heimsótt hann á Litla-Hraun og aldrei talið eftir einhver viðvik fyrir sakamanninn.

Geðlæknar þekkja vel konur eins og Ásdísi sem vakir yfir velferð ógæfumannsins og sýnir mikinn móðurkærleik sem nútímamenn skilgreina reyndar sem sjúklega meðvirkni. Menn hefðu reynt að kenna henni að draga einhver mörk gagnvart Gretti en aldrei haft erindi sem erfiði í þeim tilraunum.

Illugi Ásmundsson hefði lifað af í samtímanum, tekið við búinu að Bjargi og orðið sómabóndi í Miðfirði. Illugi hefði verið meðvirkastur barnanna á Bjargi með móður sinni og reynt allt hvað hann gat til að gera henni til geðs og létta lund hennar. Hann hefði snemma komist að raun um að Grettir var henni kærastur og hann gæti aldrei keppt

við hann um aðdáun og dálæti móður sinnar. Þetta hefði valdið Illuga miklum sálarkvölum og vanmetakennd sem hefði spillt fyrir honum allri lífsgleði. Hann hefði þó reynt að standa með móður sinni og Gretti og heimsækja afbrotamanninn á stofnanir eða taka hann til styttri dvala að Bjargi. Mögulega hefði hann sogast inn í ógæfu Grettis með því að skrifa upp á einhver skuldabréf fyrir orðastað móður sinnar og misst vegna þessa bæði höfuðbólíð og æruna.

Þorsteinn drómundur hefði í samtímanum komist langt sakir mannkosta sinna og glæsileika – og sönghæfileika. Líklega hefði hann slegið í gegn sem stórsöngvari og hetjutenór á ítalskri grund, kvænst góðri og vel stæðri fráskilinni konu og átt með henni ágætt líf. Hann hefði aldrei komið heim til langvala enda búinn að fá nóg af öllum vandræðunum kringum Gretti og því haldið sig fjarri fósturjörðinni.



Í SÖGULOK

Engin persóna Íslendingasagna hefur lifað svo góðu lífi í vitund þjóðarinnar og Grettir Ásmundsson. Þetta stafar að sjálfsgöðu af hinni miklu hreysti sem hann sýnir og sérstöðu hans sem útлага. Hann þvælist um landið sem sekur skógarmaður í tæpa tvo áratugi í stöðugri baráttu við yfirnáttúrlæg ill öfl annars vegar og máttarstólpa samfélagsins hins vegar. Óvenjulegt og lýsandi nafn hans bendir til þess að hann hafi frá öndverðu verið vættur eða hálftröll sem síðan fékk mannlega drætti í höndum sagnamanna. Grettir er einhvers staðar á milli hins náttúrulega og hins yfirnáttúrléga, á mörkum síðaðs samfélags og villtrar náttúru. Í glímu sinni við alls kyns utangarðsöfl er hann verndari lítilmagnans sem hann bjargar frá berserkjum og tröllum og hann kemur í veg fyrir mikla reimleika með því að vinna drauga eins og Glám með skelfilegum afleiðingum. Grettir hefur alltaf notið mikillar samúðar og skilnings þjóðar sinnar og veldur þar miklu að allir þekktu vel myrkfælnina og skelfingar hennar. Menn gátu í svartamyrkri skammdegisins ímyndað sér vist í köldu hreysi fjarri mannabyggðum.

Drátt fyrir öll sín glæpaverk hafa fáar hetjur notið annarra eins vinsælda og Grettir enda er hann konungur þeirra sem lúta í lægra haldi. Margir Íslendingar hafa séð sjálfa sig í dapurlegum örlögum kappans og einu frægasta spakmæli sögunnar „að sitt er hvað, gefa eða gjörvuleikur“. Þegar ég vann með alkóhólistum fyrir löngu síðan höfðu margir miðaldra menn orð á þessu spakmæli og líktu sér og örlögum sínum við ævi útlagans frá Bjargi í Miðfirði. Þetta færði mér heim sanninn um vinsældir kappans meðal undirmálsmanna og utan-garðsmanna sem hafa á öllum tímum litið á Gretti sem fyrirmynd sína, verndardýrling og foringja.

Engin Íslendingasaga er eins hlaðin mannviti og Grettis saga enda hafa spakmæli sögunnar öðlast sjálfstætt líf fjarri atburðarásinni. Ófáir tækifærisræðumenn hafa tekið sér spakmæli Grettis í munn til að gera víðlæsi sitt opinbert öllum veislugestum. Margir mættu þó kannski hafa í huga enn eitt spakmæli sögunnar: „Engi er allheimskur ef þegja má,“ sem haft er eftir Spes húsfreyju.

Gamlar goðsagnir um nán tengsl geðsjúkdóma og mikils andlegs atgervis fá nýtt líf í Grettissögu. Stór hluti lífs hans einkennist af ósigrum og ógæfu þar sem dapurleg endalokin eru öllum ljós frá upphafi.



HARÐAR SAGA OG HÓLMVERJA

Í Harðar sögu og Hólmverja er sögð saga af vondu hjónabandi þar sem hjón fara í hár saman út af óhefðbundnum uppeldisaðferðum móðurinnar. Sagan er martraðarkennd lýsing á grímulausu ofbeldi gagnvart börnum. Ekki er að furða að afleiðingar þessa urðu endalaus vandamál og óhamingja þeirra sem áttu hlut að máli. Þær uppeldisaðferðir sem hér er lýst eru hneykslunarhella hvers barnageðlæknis en þær varpa ljósi á ákveðin persónuleikavandamál og hvernig þau verða til. Algjört réttleysi barna er himinhrópandi og engin furða að sum börn koma illa sköðuð úr heimahúsum.

Hjónin heita Grímkell Bjarnason og Signý Valbrandsdóttir. Þegar þau giftast varar Torfi, bróðir brúðarinnar, við Grímkatli og segir manninn bæði gamlan og harðráðan. En þessar hrakspár breyttu engu né heldur illir fyrirboðar eða vondir draumar og þau voru gefin saman. Signý fæddi sveinbarn sem nefnt var Hörður. Þegar hann loksins fór að ganga þriggja ára gamall missti hann í gólfid men sem móðir hans átti. Hún brást reið við og spáði drengnum illu einu. „Ill var þín fyrsta ganga og munu hér margar illar eftir fara og mun þó verst hin síðasta.“ Grímkell bóndi kom aðvífandi og reiddist mjög og sagði að pilturinn

hafi átt sér vonða móður. Eftir þetta tók hann piltinn frá móður sinni og kom honum í fóstur til annarra hjóna sem ólu hann upp.

Signý húsfreyja undi hag sínum illa og bað Grímkel leyfis að fara að heiman til frænda sinna. Meðan hún dvaldi hjá Torfa bróður sínum ól hún mey barn en sjálf lést hún af barnsförum. Torfi varð þá svo reidur að hann skipaði svo fyrir að telpan skyldi borin út. Bóndi nokkur fann barnið svo að því var bjargað líkt og fleiri höfðingjabörnum sem borin voru út. Þegar Torfi komst að raun um að barnið lifði varð hann enn reidari en þá hafði telpan verið skírd Þorbjörg. Torfi gat illa látið drepa meyna eftir að hún hafði verið skírd því að það hefði jafngilt morði.

Hann afhenti stúlkuna umrenningi nokkrum og hyski hans sem þvældist með hana á bakinu milli bæja Grímkatli bónda til svírvirðing- ar. En lyktir þessa máls urðu þær að bæði börn Grímkels og Signýjar voru alin upp af fóstura Signýjar sem Grímur hét. Á heimilinu var Geir, sonur Gríms og konu hans, og var mjög kært með þeim öllum.

Hörður varð bæði stór og sterkur og ákaflega einþykkur og þrjúskur. Hann fór utan ásamt Geir fósturbróður sínum, lagðist í víking og síðspilltist þar eins og aðrir sem gerðust atvinnumenn í tilgangslausum manndrápum, ránum og nauðgunum.

Hörður kom með konu sína, Helgu jarlsdóttur, og allt sitt fylgdarlið til Íslands. Hann dróst inn í deilur manna og fékk að reyna að Torfi móðurbróðir hans fandskapaðist enn við hann. Hann drap nokkra menn og brenndi hús ofan af fólki og urðu tvær konur eftir inni. Þessi manndráp voru bæði tilgangslaus og tilviljanakennd og greinilegt að þarna fór maður sem bar litla virðingu fyrir mannlífum.

Hörður var dæmdur í útleð og fékk að reyna dapurleg örlög útlaga- ans. Hann safnaði um sig harðsnúnum bófaflokki og fór um sveitirnar rænandi og ruplandi og drap fólk. Geir fósturbróðir lét draga sig inn í alla þessa ógæfu og fylgdi Herði alla leið til annars heims. Þeir félagar settust að í Geirshólma á Hvalfirði og réðust þaðan á byggðamenn. Þeir voru að lokum allir felldir eftir frækilega vörn. Síðustu stund Hardar er lýst á dramatískan hátt þar sem hann hoppar yfir marg- faldan mannhringinn og verður fjölmörgum að bana. Hardar biðu því grimmileg örlög svo að bölbænirnar við móðurkné rättust allar.

ÓHAMINGJUSAMUR UTANGARÐSMAÐUR

Mikil spenna er allt frá upphafi í hjónabandi Grímkels og Signýjar. Torfi móðurbróðir gerir allt hvað hann getur til að spilla sambandinu og tekst ágætlega að dýpka og breikka gjána milli hjónanna. En hinir eiginlegu þolendur eru börnin tvö, Hörður og Þorbjörg, sem fara á vergang og stúlkun meira að segja borin út. Uppeldisaðferðir Grímkels og Torfa einkennast af harðræði, miskunnarleysi og heift. Bæði börnin hafa fyllst höfnunarkennd og sjálfsvirðingin ekki verið upp á marga fiska. Það þarf engan að undra að bæði börnin lenda í miklum erfð- leikum á lífsleiðinni.

Signý húsfreyja er litlu skárri og veitir ekki syni sínum þá blíðu sem hann þarfnast. Hún er örg í ástlausu hjónabandi og lætur gremju sína bitna á drengnum. Grímkell reiðist og gerir drenginn að bitbeini í hjónabandsrjum sínum og Signýjar og refsar henni með því að taka af henni snáðann. Hörður verður leiksoppur þessa ömurlega hjónabands og ekki að furða að hann fyllist vanlíðan og óöryggi.

Hörður fer strax að sanna sig og stoppa í götin á sjálfsmýndinni. En ekkert nægir til að fylla í tómið sem býr í sálinni og hann er fullur af kvíða og vanmetakennd. Hann myndar einkennilegt samband við Geir fósturbróður sinn og speglar sig í addáun hans. Þetta verður þó ekki Geir til gæfu því að hann dregst inn í afglöp Harð- ar og lætur lífið með honum í átökum þeirra við bændur og búalið.

Hörður fer út í veröldina með bölbænir móður sinnar í farangrinum og tekst að klúðra málum á undraverðan hátt. Hann drepur menn og er dæmdur í útleð. En gifta hans var þó meiri en sumra annarra útlaga því að hann eignaðist ágæta eðalbarna konu, Helgu Haraldsdóttur jarls, og með henni tvo syni sem fóru með honum í út- legð. Sagan endar illa, Hörður og Geir deyja báðir en Helga kemst af með drengina eftir frækilegt sund í Hvalfirði. Eldri sonurinn



reynir að hefna föður síns, aðeins tólf ára gamall, og fellur í þeim átökum en Helga flyst þá til Gautlands á nýjan leik með yngri syninum, Birni.

Í mörgum Íslendingasögum er getið um börn sem reynt er að bera út og bjargað er fyrir tilviljun. Auk þess er víða talað um börn sem tekin eru í frumbersku frá foreldrum sínum og komið fyrir í fóstur hjá frændum eða vandalausum. Hvort tveggja hefur haft djúp áhrif á börnin og fyllt þau miklu öryggisleysi og höfnunarkennd. Höfðingjar skiptust á börnum til að styrkja völd sín og áhrif án nokkurs tillits til þarfa barnanna. Sagan sýnir vel hversu varnarlaus börn voru í þessu miskunnarlausu samfélagi þar sem ungvíðið er oftast en ekki það eða skiptimynt í flóknum átökum manna og fjölskyldna.

GEÐGREINING

Hörður Grímkelsson: Athyglisbrestur, ofvirkni (*Attention deficit hyperactivity disorder*), andfélagsleg persónuröskun (*Antisocial personality disorder*)

Greinilegt er á stuttri lýsingu á sveininum Herði í æsku að hann hefur liðið af athyglisbresti og ofvirkni. Hann er seinn til máls, klaufskur, handóður og erfíður. Algennt er að hjón með ofvirkt barn ráði engan veginn við uppeldi þess og skilji vegna þess hversu ósamstíga þau eru í uppeldinu eins og Grímcell og Signý eru.

Hörður kemur sér í vandræði, drepur fólk og rænir og endar sem útlagi eins og margar siðblindar hetjur Íslendingasagna. Margir afbrotamenn hafa sögu um ofvirkni og athyglisbrest í æsku sem gerir þeim erfitt um vik að ná eðlilegum þroska. Þau afbrot sem hann gerir sig sekan um eru glórulaus. Ungur fer hann utan og leggst í viking og frægðarverk. Ekki er að efa að ránsferðir um framandi byggðir hafa spilt Herði og innrætt honum fyrirlitningu á mannlífum og rétti annarra. Þegar til Íslands er komið sýnir hann þetta eðli sitt og kemur sér ákaflega fljótt í bobba og útlegð.

Hörður hefur verið geðþekkur maður og gæddur mörgum kostum og hann eignast ágæta konu sem ekki virðist illa haldin af einhverri persónuröskun. Ekki er að efa að ástæða vandamála Harðar er sjúkleg og brotin tengslamyndun í æsku þegar hann er bitbein foreldra sinna og á sér ekkert öruggt athvarf. Sjálfsmýndin er skökk og skæld og hann þarf að sanna sig fyrir umheiminum með hetjudáðum sem fljótlega snúast upp í andhverfu sína. Sagan leggur áherslu á að Hörður hafi átt það sammerkt með Gretti að vera mikill og hæfileikaríkur vitmaður en gæfulaus. Hann á að bera af öðrum mönnum hvað varðar hreysti og vit en er ákaflega ósjálfstæður gagnvart félögum sínum í glæpagenginu sem kannski endurspeglar öryggisleysi hans og lélega sjálfsmýnd.

Þeir Grímcell bóndi faðir hans og Torfi móðurbróðir hans eru báðir vondir menn og siðblindir. Báðir eru þeir sjálfhverfir og hugsu fyrst og fremst um eigin hag. Í barnalegu valdatafli þeirra skipta börnin engu máli enda er þeim báðum komið í fóstur til vinnahjóna foreldranna.



Hörður og fjölskylda í nútímanum

Vonandi hefði barnaverndarnefnd bjargað Herði frá foreldrum sínum. En að öllu óbreyttu hefði hann siglt inn í fullorðinsárin með ör á sálinni og kalinn á hjarta. Hann hefði verið fullur af vanmetakennd og keppst við að sanna sig fyrir umheiminum með illu og góðu. Hörður er maður sem hefði náð langt á hverju því sviði sem hann helgaði krafta sína. Hann hefði bæði getað orðið stórvirkur bófaforingi eða vel metinn íþróttamaður, lögmaður eða bóndi.

Helga jarlsdóttir hefði sennilega bjargað honum frá glæpabrautinni svo að hann hefði haslað sér völlu réttu megin við lög og rétt. En hann hefði þurft að berjast við eigin fortíðardrauga sem hefðu gert honum lífið leitt og freistað hans að sveigja af vegi dyggðanna. Tilviljun og heppni hefðu ráðið um framhaldið hvort Hörður hefði blómstrað í lífinu eða lent bak við lás og slá fyrir fjárdrátt og svindl. Helga jarlsdóttir hefði orðið fyrirmyndarnýbúi, íþróttakona og kven-

skörungur. Allar leiðir hefðu staðið þessari stórættuðu, sænsku konu opnar eftir andlát Harðar. Hún hefði endað sem forstöðumaður Norræna hússins og gefið út nokkrar ljóðabækur.



Í SÖGULOK

Harðar saga er enn ein útlagasagan en ólík bæði sögum Grættis og Gísla Súrssonar. Ýkjur eru miklar í sögunni sem gerir hana ósennilega. Frændur Harðar eru í forystu í fjandaflöknum þegar hann er veginn en þessum fjölskylduillindum er svo grunnfærnislega lýst að þau ná því sjaldnast að vera harmsöguleg.

Helga Haraldsdóttir kona Harðar vinnur sér fátt annað til afreka en að synda úr Geirshólma í land. Sú frásögn er eftirminnileg en það er athyglisvert hversu fjarri Helga er atburðarásinni að öðru leyti. Harðar saga er ekki eitt af stórvirkjunum í röð Íslendingasagna en hún dregur upp enn eina myndina af siðblindum ofbeldismanni með barnshjarta úr gulli.



HÁVARÐAR SAGA ÍSFIRÐINGS

Hávarðar saga Ísfirðings er ein þeirra Íslendingasagna sem lítið lætur yfir sér. Í sögunni er að finna eina frábæra lýsingu á alvarlegu þunglyndi og lækningu. Sagan lýsir gömlum manni, Hávarði á Blámýri, sem leggst í djúpt þunglyndi eftir fall Ólafs einkasonar síns í tilgangslausum átökum. Á árum áður var Hávarður mikill víkingur og kappi sem hafði fengið sár á aðra hnéskelina og gekk eftir það haltur. Hann var kvæntur ágætri konu, Bjargeyju að nafni, miklum skörungum af ágætum ættum. Hávarður læknaði ekki af þunglyndinu fyrr en honum tekst að hefna sonar síns.

VIÐTAL VIÐ BJARGEYJU, EIGINKONU HÁVARÐAR

GEÐLÆKNIR: Hver voru upptök þessara deilna og bardaga?

BJARGEY: Þetta er löng saga og sorgleg. Ólafur sonur okkar var gott mannsefni, mikill maður vexti og ákaflega fríður. Hann hafði bjarnar-yl sem þýddi að aldrei þurfti hann að klæðast nema einni brók og skyrtu. Hann lenti í ómerkilegum deilum við Þorbjörn Þjóðreksson að Laugabóli sem enduðu með því að Þorbjörn og hans menn drápu Ólaf eftir frækilega vörn. Okkur var sagt að Þorbjörn hefði misþyrmt líkinu og höggvið úr honum tennurnar dauðum og sett í pokaskjatta. Þegar okkur voru sögð þessi tíðindi gerðist Hávarður bóndi minn svo þunglyndur að hann lagðist í rekkju sína og lá þar í tólf mánuði. Ég varð að sjá um búð og reri á hverjum degi til fiskjar. Engar bætur voru okkur boðnar fyrir Ólaf enda sögðu allir að ójafnaðarmeñn sem þessir mundu aldrei bæta fyrir mannvíg. Einn morgun gekk ég til Hávarðar í rekkjunni og spurði hvort hann svæfi. Hann var vakandi og sagði ég honum að fara að Laugabóli og heimta bætur af Þorbirni fyrir Ólaf. Hann svaraði því til að þetta væri ekki gott ráð en fór samt að Laugabóli og ræddi við Þorbjörn. Hann tók Hávarði illa, gerði gys að honum og bauð honum aflóga hest í sonarbætur. Einn af banamönnum sonar okkar gerði meira að segja hróp að honum og hæddi hann. Hávarður roðnaði og mátti vart mæla fyrir bræði og fór við svo búð heim.

Hann lagðist enn og aftur í rekkju og lá aðra tólf mánuði. Að þessu ári liðnu rak ég Hávarð bónda minn enn á fund Þorbjarnar til að heimta einhverjar sonarbætur. Hann fór þá á þing og fékk fulltingi Gests Oddleifssonar til að ræða við Þorbjörn. Var samið um bætur en Þorbjörn gekk á bak orða sinna og ögraði Hávarði með því að slá hann utan undir með poka sem í voru tennur úr Ólafi syni okkar. Fór svo að Hávarður kom enn og aftur heim og lagðist í rúmið í tólf mánuði. Við þetta varð hann mjög stirður enda ekki holtt gömlum manni að liggja lengi hreyfingarlaus í fleti sínu.

Ég hélt áfram að halda uppi spurnum um ferðir Þorbjarnar og reyndi að finna einhvern möguleika til að koma fram hefndum. Fyrir

mína áeggjan reis Hávarður í þriðja sinn úr rekkju og fór að Þorbirni ásamt fleiri mönnum. Enduðu þau viðskipti á þann veg að Hávarði tókst að drepa Þorbjörn eftir mikil átök. Reyndar átti Þorbjörn alls kostar við Hávarð en hann hét á hinn nýja sið sér til blessunar sem varð til þess að Þorbirni skrikaði fótur og missti stóran stein ofan á sig. Eftirleikurinn varð auðveldur fyrir Hávarð og honum tókst að drepa banamann sonar okkar. Eftir þetta tók hann gleði sína og varð ungur og glaður í annað sinn. Þungu fargi var af mér létt þegar Þorbjörn var loksins dauður og ég endurheimti manninn minn úr myrkviðum þunglyndisins.

GEÐGREINING

Hávarður Ísfirðingur: Djúp geðlæglöta með geðrofseinkennum (Major depression with psychotic symptoms)

Lýsing sögunnar á þunglyndi Hávarðar er einstök í sinni röð. Hann leggst þrisvar í rúmið af sorg og liggur þar í allt að tólf mánuði. Þegar sonarins hafði verið hefnt sagðist hann ekki lengur hafa angur í hjarta sér og var kátur og glaður við hvert mannsbarn sem ungur væri. Þetta minnir á frásögnina um Þorgeir Hávarsson sem tók aftur gleði sína þegar hann hafði hefnt föður síns. Í nútímanum hefðu menn gefið Hávarði raflost sem oft er eina meðferðin við svo alvarlegu þunglyndi. Einkennin eru sjálfsásakanir, vonleysi, mikil sorg og hryggð. Sagan lýsir líkamegum einkennum: Hann stynur mikið af kvölum og bólgnar upp eins og hann hafi verið illa haldinn af bjúg. Hávarður reynir að komast að samkomulagi við Þorbjörn sem ávallt mistekst og veldur enn alvarlegra þunglyndi. Hver ósigur gerir stöðu mála verri og þungbærari.

Hlutur Bjargeyjar í veikindum og bata Hávarðar er stór. Hún heldur í honum lífinu, telur í hann kjark og hvetur hann til dáða. Hún beitir uppörvandi viðtalsmeðferð og krefst þess að hann horfist í augu við vandamál liðandi stundar, leysi þau og komi sér úr rúminu.

Hún notfærir sér hugræna atferlismeðferð, segir honum að eynd sé valkostur, hann verði að skilgreina vandann og hann einn geti læknað eigið þunglyndi. Hávarður rís úr rekkju við þessa brýningu og drepur Þorbjörn með fulltingi Krists og verður alheill á sálinni.

Þorbjörn Þjóðreksson: Geðvillupersónuröskun (*Psychopathic personality disorder*)

Þorbjörn, helsti andstæðingur Hávarðar, er maður siðblindur og fer sínu fram í skjóli ríkidæmis og valds. Víg Ólafs Hávarðarsonar er óvenju niðingslegt og þá sérlega sá verknaður að höggva úr drengnum tennurnar og geyma í pokaskjatta. Viðskipti hans við Hávarð gamla lýsa mikilli mannvonsku. Hann þverneitar að bæta honum sonarmissinn og slær hann utanundir með jöxlunum úr einkasyninum. Svona haga sér bara siðblindir og samviskulausir menn, enda er þessi hegðun langt utan við siðaboðskap og drengskaparhugmyndir sögualdar. En siðblinda höfðingja er smitandi og Þorbjörn safnar um sig liði manna sem haga sér líkt og hann sjálfur og taka fagnandi öllum niðingsverkum hans. Þetta minnir á ákveðin samfélög tuttugustu aldarinnar þar sem siðblinda varð landlæg og stórir hópar fólks virtust glata allri siðgæðisvitund og sameinuðust foringja sínum í niðingsverkum og glæpsamlegri hegðun.

Maður eins og Þorbjörn fær að vaða uppi vegna þess að ekkert framkvæmdavald er í landinu til að vernda lítilmagnann fyrir ofbeldinu. Hann rænir eignum manna, nauðgar konum þeirra og drepur þá sem honum sýnist í skjóli auðs og valds. Þorbjörn fær makleg málagjöld og sjálfur Kristur kemur við sögu enda þurftu liðstyrk frá himnum til að ráða niðurlögum þessa illa manns. Aðkoma almættisins sýnir vel hvaða álit höfundur hefur haft á Þorbirni og ókristilegu athæfi hans.

KYNLÍF Á VESTFJÖRÐUM

Beinar kynlíflýsingar í Íslendingasögum eru ákaflega fáar enda leggja höfundarnir það ekki í vana sinn að lýsa kynferðislegum samskiptum fólks með beinum orðum. Höfundarnir gefa stundum í skyn að kynmök hafi átt sér stað og fylgja þá þeirri meginreglu að hafa sem fæst orð um athöfnina sjálfa en lesandinn velkist þó í engum vafa um hvað hafi gerst. Líklegast má telja að kristin viðhorf hafi ráðið miklu um þetta.

Ekki verður skilið við Hávarðar sögu nema segja litla sögu um skemmtileg samskipti hjóna. Hávarði var ekki vært heima hjá sér eftir verknaðinn og flúði á náðir Steinþórs vinar síns í Arnarfirði ásamt föruneysi. Þegar hann hafði dvalið um hríð hjá Steinþóri þraut vistir. Steinþór leitaði þá til systur sinnar Þórdísar og Atla mágs síns sem bjuggu í nágrenninu um matföng. Þessum hjónum er lýst nokkuð vel. Þórdís var af höfðingjaættum og hin merkasta kona en eiginmaðurinn Atli var vesalingur, blóðniskur og þver og einþykkur, skóllóttur, ljótur og inneygur. Hann var slíkur nirfill að hann gerði sér rúm í búrinu til að geta vakað yfir auðæfum sínum. Honum brá í brún við gestakomuna og óttaðist að menn ásældust mat þann sem safnað hafði verið í geymslur heimilisins. Atli brá á það ráð að fela sig þegar gestina bar að garði til að þurfa ekki að neita þeim um vistir.

Þórdís kona hans leitaði hans en fann ekki og ákvað þá að taka við öllum búsfirráðum og láta bróður sinn fá þann mat sem hann vildi.

Þegar Atli kom fram úr felustað sínum voru gestirnir á bak og burt og höfðu tekið það sem þeir þurftu. Atli varð

sár og reiður vegna þessa en verra var að honum

hafði kólnað svo mjög í felustaðnum að

hann skalf eins og hrísla. Þórdís bauð

honum þá að koma í sæng sína


til að hlýja sér. Atli gerði

það en hélt áfram að

átelja konu sína og

skammast og fírást

yfir ránsmönnum sem



tóku með sér allan mat sem hann hafði safnað að sér í búrinu.

Síðan fór honum að hlýna og þá kættist hann allmjög og smám saman er eins og hann sætti sig við það sem gerst hafði og hann lofar mág sinn þrátt fyrir matarmissinn. Hann sagði við konu sína að hún væri mikil gersemi og sættist algjörlega við Steinþór.

Ekki fer framhá neinum hvað gerist undir sænginni og hvað veldur þessum sinnaskiptum Atla. Boðskapur sögunnar er sá að kynlíf bæti svo mjög geð manna að hinir fúlustu og alvarlegustu menn verði glaðir sem börn eftir vel heppnaðar samfarir. Eftir þetta breytist álit höfundar á Atla og undir lokin er búið að gera hann að hinum mesta kappa. Vesalmennið breytist í hetju og sköllótti, ljóti karlinn sem allt hafði á hornum sér verður ljúfur sem lamb.

Þessi látlausu kynlífslýsing er í raun mjög merkileg. Hún er stutt, fellur vel inn í söguþráðinn og varpar skemmtilegu ljósi á samskipti þeirra hjóna, Þórdísar og Atla. En þegar hjónabandið er gott má leysa öll vandamál og ekkert bætir eins samband hjóna og gott kynlíf. Þegar þeir kveðjast, Atli og Steinþór, síðar í sögunni segir Steinþór: „Veit ég að þú ert ekki lítilmenni en þú gerir þig svo fyrir skaplyndis sakir.“ Þetta gæti verið bein tilvitnun í hvaða kennslubók í geðlæknisfræði sem væri.

Í SÖGULOK

Hávarðar saga er að mestu óraunsæ skopsaga þar sem mönnum er skemmt með ýkjum og engin tilraun gerð til að koma lesendum til að trúa sögunni. Kímnigáfa höfundar er ágæt og sérstaklega lýsingarnar á lítilmenninu Atla. Bæði Hávarður og Atli láta stjórnast af konum sínum sem reka þá áfram. Óvíða er að finna betri lýsingu á alvarlegu þunglyndi þar sem sjúklingurinn leggst í rúmið svo mánuðum skiptir. Sagan staðfestir mikilvægi þess fyrir syrgjendur að ljúka málum á einhvern hátt. Meðan Ólafur liggur óbættur hjá garði er Hávarður ekki mönnum sinnandi en eftir fall Þorbjarnar tekur hann gleði sína á nýjan leik og getur tekið lífið í fang sér.



HREIÐARS ÞÁTTUR HEIMSKA

Sagan af Hreiðari heimska lætur lítið yfir sér. Hún fjallar um þá Þórð Þorgrímsson, hirðmann Magnúsar konungs góða, og Hreiðar bróður hans. Þeir voru ólíkir menn, Þórður var lítill maður vexti en fríður og greindur vel en Hreiðar stórskorinn, ófríður og luralegur, fljótur að hlaupa og ákaflega heimskur. Þeir sigldu saman til Noregs þar sem Þórður kynnti Hreiðar fyrir konungi. Fundur þeirra var nokkuð furðulegur því að þeir skoðuðu hvor annan gaumgæfilega og fundu galla hvor á öðrum. Hreiðar sá að annað auga konungs var ofar en hitt en konungur hafði á orði að Hreiðar væri ljótastur allra manna. Hann leyfði Hreiðari að vera við hirðina um veturinn. Hreiðar lenti í miklum manna-raunum og deilum við annan Noregskonung, Harald harðráða. Smám saman koma í ljós ýmsir eiginleikar Hreiðars sem nýtast honum vel í lífsbaráttunni. Hann er ágætur smíður, stálminnugur og mikill langhlaupari. Hann getur nýtt sér greind sína og lýkur viðskiptum hans við Magnús góða á þann veg að konungur leysir hann út með gjöfum. Hreiðar settist að á Íslandi í Svarfaðardal, kvæntist og eignaðist börn og var sagt að hann hefði gert sér upp fíflaletin.

GEÐGREINING

Hreiðar heimski: Asperger-heilkenni.

Enginn vafi leikur á því að Hreiðar er innhverfur. Hann kemur ein-kennilega fyrir og verður fyrir einelti af hendi hirðmanna sakir alls konar skringilegheita. En Hreiðar er athugull og skynsamur þegar kemur að áhugamálum hans en virðist mikill fáráður á öðrum sviðum. Þegar honum gefst kostur á því að skara fram úr á sérsviði sínu, tekst honum það. Hann kvænist ágætri konu sem ber ábyrgð á honum og sér til þess að mannkostir hans fái að blómstra en veikleikunum sé haldið leyndum.



Hreiðar í nútímanum

Hreiðar hefði í nútímanum lagt stund á tölvunarfræði og orðið bestur allra forritara. Hann hefði verið einangraður og sérlundaður en tekst að finna sér vettvang í lokuðum og rökréttum heimi tölvunnar þar sem hæfileikar hans nýttust til fullnustu.

Hann hefði verið vinalaus og einangraður og átt erfitt með að sýna tilfinningalega hluttekningu. Hreiðar hefði haft einhverja kæki og verið þræll vanans og ákveðinnar smásmugulegrar skipulagn-ingar sem enginn hefði skilið nema hann sjálfur.



LAXDÆLA SAGA

Laxdæla saga lýsir af miklu innsæi nánnum samskiptum og ástum nokk-urra fjölskyldna á Vesturlandi. Sagan fjallar um ævi og örlög afkomenda landnámskonunnar Unnar djúpúðgu, er mikil að vöxtum og kemur víða við á löngu tímabili. Aðalsögusvið hennar er Dalasýsla og Breiða-fjörður en aðalpersónurnar leggjast í ferðalög og fara til Noregs og víðar.

Sagan gæti allt eins heitið Guðrúnar saga Ósvífursdóttur því að ævi hennar og ástir eru sá ás sem sagan snýst um. Hún fjallar um fjögur hjónabönd hennar og voveiflegum dauðdaga allra eiginmanna hennar. Auk þess kemur mjög við sögu Kjartan nokkur Ólafsson, dóttursonur Egils Skalla-Grímssonar og mikill kappi.

Sagan dvelur um stund við Kjartan og frægðarverk hans í Noregi þar sem hann deildi við Ólaf konung. Þau Kjartan og Guðrún voru trúlofuð en hann kom ekki á réttum tíma til brúðkaupsins og var þá Guðrún gefin frænda hans og vini, Bolla Þorleikssyni. Eftir hjónaband þeirra Guðrúnar sárnuðu öll þeirra samskipti. Fór svo að Bolli drap Kjartan og féll nokkru síðar sjálfur fyrir hendi ættingja Kjartans. Þessi samskipti þeirra þriggja eru víðfræg enda fara saman heitar ástríður, svik og ástir. Guðrún giftist í fjórða sinn eftir fall Bolla en litlum sögum fer af þeim manni. Í lokahluta sögunnar er fjallað um hefndir eftir Bolla og afkomendur Guðrúnar.

**Í UPPHAFI SÖGUNNAR ER KYNNTUR TIL SÖGUNNAR AFI
KJARTANS, HÖSKULDUR DALA-KOLLSSON, OG SAGT FRÁ
SAMSKIPTUM HANS VIÐ AMBÁTT SÍNA, MELKORKU.**



HÖSKULDUR DALA-KOLLSSON: *Höskuldur kemur við sögu bæði í Laxdælu og Brennu-Njáls sögu enda faðir sjálfur Hallgerðar langbrókar. Hann bjó að Höskuldsstöðum í Laxárdal í Dalasýslu og var kvæntur Jörunni Bjarnardóttur. Honum er þannig lýst að hann hafi verið vænn maður, vinsæll og gervilegur, ríkur og mikill höfðingi.*

MELKORKA MÝRKJARTANSDÓTTIR: *Ambátt og konungsdóttir frá Írlandi. Hún var tekin til fanga og seld mansali af norrænum víkingum sem fóru rænandi og ruplandi um heimalönd hennar. Hún þótti mjög falleg og glæsileg kona. Melkorka eignaðist soninn Ólaf, sem var afbragð annarra manna, með Höskuldi Dala-Kollssyni. Melkorka bjó um tíma að Höskuldsstöðum en flutti síðan á Melkorkustaði.*

GILLI KAUPAHÉÐINN: *Kaupmaður áttaður úr Gardaríki sem nú heitir Úkraína. Svíar stjórnðu þessu landsvæði á víkingatímunum. Líklegast má telja að Gilli hafi verið samskrar ættar en búsettur á þessum slóðum.*

JÖRUNN BJARNARDÓTTIR: *Eiginkona Höskuldar, attuð frá Bjarnarfirði á Ströndum. Henni er svo lýst að hún hafi verið væn kona en ofláti mikill og skörungur að öllum vitsmunum. Hún þótti besti kvenkostur á Vestfjörðum á stnum tíma. Höskuldur bað Björn föður hennar um hönd hennar og fékk hana strax enda var sómi að honum sem tengdasyni.*

**HÓPSAMTAL VIÐ HÖSKULD-DALA-KOLLSSON, JÖRUNNI,
KONU HANS, GILLA KAUPMANN OG MELKORKU AMBÁTT**

GEÐLÆKNIR: Hvert var upphaf kynna ykkar Melkorku?

HÖSKULDUR: Ég fór til útlanda til að sækja mér húsa við eins og þá var siðvenja. Einhvern daginn úti í Brenney varð mér gengið á markað og fór í ákveðið sölutjald sem stóð afsíðis frá hinum tjaldunum. Þar hitti ég kaupmanninn, Gilla hinn gerska, sem höndlaði með konur, og falaði af honum ambátt. Gilli sýndi mér tólf konur sem sátu í tjaldinu en mér leist ekki nægilega vel á neina þeirra. Ég sá við tjaldskörina illa klædda konu en glæsilega vexti og ákaflega fríða sem sát afsíðis. „Hvað kostar þessi kona?“ sagði ég við Gilla en hann sagði hana þrefalt dýrari en aðrar ambáttir. Mér fannst konan dýr en Gilli var fastur fyrir og sagði mér að velja einhverja af hinum konunum en hann mundi sjálfur eiga þessa. Hann sagði mér þann ljóð eða þann kost á konunni að hún væri mállaus. Ég ákvað þá að kaupa konuna þótt dýr væri og reiddi fram allt það fé sem ég hafði handbært. Síðan fór ég heim með hana og samrekkti henni þessa sömu nótt. Daginn eftir klæddi ég hana í dýr klæði sem ég hafði meðferðis svo að hún sæmði sér vel við hirðina. Ég dvaldist hjá konungi um hríð og lauk mínu erindi og naut þess að vera með ambáttinni allar nætur fjarri vökulum augum Jörunnar húsfreyju.

GEÐLÆKNIR: Hvaðan kemur þú, Melkorka?

MELKORKA: Ég var ung og óspillt stúlka í föðurhúsum á Írlandi þegar norrænir villimenn og víkingar réðust inn í ríki föður míns með ránum og venjulegu ofbeldi. Her föður míns varð að lúta í lægra haldi fyrir þessum skepnum enda fannst okkur þeir vart mennskir. Þeir fóru um byggðir og kveiktu í húsum og kirkjum, drápu menn og rændu öllu fémætu og höfðu á brott með sér mikinn fjölda af ungu og vinnufæru fólki til að selja í ánaud. Ég var tekin úr fangi fóstru minnar og flutt til Noregs og seld í hendur Gilla kaupmanni.

GEÐLÆKNIR: Hvernig stóð á því að þú varst álitin mállaus?

MELKORKA: Mér varð svo mikið um að sjá aðfarir víkinga að ég missti málið þegar þeir tóku mig til fanga. Ég reyndi að kalla á hjálp en kom ekki upp nokkru orði. Málið kom ekki aftur svo að ég gat alls ekki gert mig skiljanlega. En margir litu á þetta sem kost og menn sóttust eftir því að samrekkja mér af þessum sökum. Ég skildi að Gílli krafðist mjög hárrar greiðslu fyrir mig enda var eins og hann vildi ekki selja mig heldur ætlaði að eiga mig sjálfur. En svo kom til okkar í tjaldið íslenskur höfðingi sem hreifst af mér þrátt fyrir málleysið og greiddi fyrir mig ofurverð. Hann fór með mig heim, tók mig strax í rekkju sína og sarð mig margsinnis þennan tíma sem við vorum saman í Noregi, áður en við flúttum til Íslands.

GILLI: Mér fannst skelfilegt að sjá á eftir ambáttinni í fangið á þessum íslenska bónda. Ég reyndi að koma í veg fyrir að hann keypti hana með því að setja upp verð sem ég hélt að hann réði ekki við en hann lét það ekki aftra sér. Sjálfur hafði ég hugsað mér að eiga hana enda ekki á hverjum degi sem maður kemst yfir mállausa ambátt.

GEDLÆKNIR: Hvert fóruð þið eftir þetta?

HÖSKULDUR: Þegar til Íslands var komið fórum við heim að Höskuldsstöðum. Jórunn tók ambáttinni illa. Hún vissi sem var að hún var ástkona mín enda fór hún fljótlega að þykkna undir belti af mínum völdum. Við þetta jukust enn fáleikar milli Jórunnar og ambáttarinnar en ég lét mér þetta vel líka og naut blíðu þeirra beggja.

GEDLÆKNIR: Hvernig leið þér, Melkorka?

MELKORKA: Líf mitt var ömurlegt. Jórunn húsfreyja virti mig ekki við lits og annað heimilisfólk hafði á mér skömm og leit á mig eins og mállausan fáráð sem Höskuldur hefði sér til gamans. Ég eignaðist dreng í fyllingu tímans sem Höskuldur ákvað að heita skyldi Ólafur. Hann var ákaflega fríður og mannvænlegur en ekki léttist lund húsfreyju við það. Hún lagði mikla fæð á okkur bæði en ekki lét Höskuldur það aftra sér heldur hélt uppteknum hætti. En ég talaði alltaf við Ólaf þegar við vorum ein.

HÖSKULDUR: Jórunn tók ambáttinni illa og var henni mjög andsnúin. Það var ekki til að bæta andrúmsloftið á heimilinu að sonur okkar var mikið afbragð annarra barna og lagði ég mikla ást á hann. Tveggja ára var hann altalandi og hljóp einn eins og fjögurra ára gömul börn.

MELKORKA: Ég var áfram mállaus og fannst það að mörgu leyti ágætt. Minni kröfur voru gerðar til mín og ég þurfti ekki að tjá mig.

GEDLÆKNIR: Hvernig komst þú að hinu sanna í málinu, Höskuldur?

HÖSKULDUR: Einn morgun varð mér gengið út og heyrði þá mannamál við læk einn sem rann í túnbrekkunni. Þar stóðu þau Ólafur sonur minn og ambáttin móðir hans í hrókasamræðum. Skildi ég þá að hún var alls ekki mállaus. Ég spurði hana að heiti og sagðist hún þá heita Melkorka Mýrkjartansdóttir og vera írsk konungsdóttir. Hún var tekin til fanga fimmtán ára gömul og hafði æ síðan gert sér upp málleysi. Ég gekk til bæjar og sagði Jórunni frá þessu en hún kvaðst ekki vita hvort ambáttin segði satt. Lagði hún enn meiri fæð á Melkorku og litlu síðar lenti þeim saman. Melkorka átti að draga af henni skóklæði og lagði þau á gólfíð. Jórunn tók þá sokkana og sló hana í höfuðið en Melkorka setti þá hnefann á nasir Jórunni svo að hún fékk blóðnasir. Varð ég að skilja þær svo að ekki hlytist verra af.

GEDLÆKNIR: Breytti það einhverju að þú varst ekki lengur mállaus?

MELKORKA: Já, allt breyttist eftir að Höskuldur komst að raun um það. Hann sagði Jórunni tíðindin og hún var mér verri en nokkru sinni. Eftir þetta var mér ekki vært á heimilinu og þá flúttum við Ólafur að Melkorkustöðum í Laxárdal. Þegar drengurinn minn var sjö ára var honum komið í fóstur til Þórðar á Goddastöðum í algjörri óþökk minni en þessu réði Höskuldur eins og öðru.

JÓRUNN: Ég fagnaði því að losna við ambáttina og drenginn af heimilinu en samband okkar Höskuldar var aldrei samt og áður. Ég gat aldrei fyrirgefið þá óvirðingu sem hann sýndi mér.

ERLEND BRÚÐUR Í KÖLDU LANDI

Þessi stutta frásögn sýnir lesandanum inn í heim íslenskra höfðingja sem einkenndist af frillulífi og framhjáökum. Melkorka er réttlaus kona sem gengur kaupum og sölum. Það er áhugavert að sjá hvernig Höskuldur lætur heillast svo mjög af málleysi Melkorku að hann ákveður að kaupa hana á ofurverði. Þegar heim kemur tekur við venjulegur ástarþrífyrningur Höskuldar, Jórunnar og Melkorku. Jórinni líkar illa samband þeirra en lætur sér það lynda í nokkur ár. Þegar Melkorka byrjar að tala er eins og allt jafnvægi raskist og þeim lendir saman. Þetta minnir á fjölmargar sögur úr samtímanum. Menn fara á fjarlægjar slóðir og falla fyrir glæsilegri konu þótt þeir geti ekkert við hana talað. Ástarbríminn er slíkur að hvorugt setur það fyrir sig. Þau gifta sig og flytjast til heimkynna mannsins. Sambandið gengur venjulega ljómandi vel í byrjun en um leið og hún lærir tungumálið í landinu súrna mjög samskiptin á heimilinu. Kynlífsleikfang breytist í hugsandi veru sem tjáir sig og hefur tilfinningar og manneskjulegar þarfir. Þetta verður mörgum góðum dreng um megn, hann skilur við konuna í flýti og leitar sér að annarri á svipuðum slóðum og fyrr. Ósjaldan tekur konan af skarið og skilur við eiginmanninn um leið og hún hefur lært tungu innfæddra. Þetta hef ég margsinnis séð gerast bæði hérlendis og í starfi mínu meðal Svía og Þjóðverja.



GEDGREINING

Melkorka Mýrkjartansdóttir: Áfallahugröskun
(*Traumatic neurosis*)

Melkorka missir málið þegar víkingar taka hana til fanga. Hún verður

ofsahrædd og getur ekki komið upp nokkru orði. Venjulega gengur þetta yfir á stuttum tíma en hjá henni verður um viðvarandi ástand að ræða. Hugröskunin verður smám saman meðvituð og hún notar málleysi sitt til að mótmæla þeirri meðferð sem hún má sæta.

Henni tekst í einhver ár að lifa í tveimur heimum þar sem hún talar í öðrum en þykist vera mállaus í hinum. Það er henni áfall að Höskuldur kemst að raun um að hún sé altalandi vegna þess að fötlunin gefur henni grið í þessu samfélagi. Örlög Melkorku eru dapurleg. Drengurinn er tekinn frá henni til fósturs hjá öðrum höfðingja, eins og þá var síður þrátt fyrir móttþróa móður sinnar. Hennar hlutskipti er að hlýða og lúta húsbóndavaldi karlmanna í hvívetna en kvarta ekki. Þegar hún ætlar að senda Ólaf son sinn til Írlands löngu síðar til að heimsækja frændur sína vill Höskuldur ekki styrkja hann til þeirrar farar og neyðist hún til að giftast Þorbirni nokkrum skjúp til að afla honum farareyris. Melkorka er úrræðagóð kona og fyrirmyndarnýbúi sem ekki lætur hugfallast þrátt fyrir alla þá erfiðleika sem hún býr við og lagar sig að nýjum aðstæðum hverju sinni og bjargar sér.

Jórunn Bjarnardóttir: Blandin kvíða og geðlægdarröskun
(*Mixed anxiety and depressive disorder*)

Jórunn er dæmigerð óhamingjusöm og ófullnægð eiginkona sem verður að setta sig við framhjáökur eiginmanns síns. Hún neyðist til að taka því að Höskuldur komi með frillu sína inn á heimilið og þar eignist hún hörbarn sitt. Jórunn finnur vel hrifningu Höskuldar af frillunni og syninum. Hún lætur reka Melkorku af heimilinu en eftir standa öll særindin og höfnunin sem að sjálfsgöðu menga allt andrúmsloft á bænum.

Allir geðlæknaþekkingar vel sviknar eiginkonur eins og Jórunni sem bera sig vel en undir sléttu og felldu yfirborði ólga reiði og sárindi. Hjónabandið er löngu dautt þótt fólk láti á engu bera. Í hjónadeilum sem þessum er kynlífið venjulega fyrsta fórnarlamb atakanna svo að fólk er löngu hætt að njótast eða láta vel hvort að öðru. Sambandið einkennist af tilfinningalegum kulda og spennu sem hefur mikil áhrif á alla heimilismenn og þá sérstaklega börnin. Jórunn er höfðingjadóttir

en verður að setta sig við framkomu eiginmannsins án þess að mögla. Hallgerður langbrók, dóttir hennar, er vitni að þessum ósigri móður sinnar en litlum sögum fer af viðbrögðum hennar. Ekki er ólíklegt að þessi lífsreynsla hafi mótað afstöðu hennar til karlmannna og hún hafi ákveðið að láta engan mann fara illa með sig eða kúga.

Höskuldur, Melkorka og Jórunn í nútímanum

Sagan af þessari þrenningu minnir á sögur úr samtímanum af bóndahjónum sem ráða erlenda vinnustúlku að búinu. Bóndinn ler að sofa hjá stúlkunni og saman lifa þau öll þrjú í einkennilegu sambandi sem einkennist af þögn og spennu og miklum vandræðagangi. Þetta hefur ítrekað gerst og oftast en ekki verður vinnukonan þunguð fyrir tilverknað bóndans eins og Melkorka forðum. Lyktir þessara mála minna venjulega á Laxdælu. Bóndinn losar sig við vinnukonuna og sendir hana af bæ með krógann en hjónin reyna að lappa upp á sambandið og hokra saman áfram.

Hjónabandið einkennist þó áfram af mikilli spennu og tortryggni þar sem ekkert er fyrirgefið og málin aldrei rædd eða gerð upp. Börnin á bænum fara venjulega illa í þessum deilum eins og Hallgerður langbrók gerði á Höskuldsstöðum. Þau eru neydd til að taka afstöðu með öðru foreldrinu og lenda venjulega í skotlínunni miðri á átakatímum. Bóndinn heldur einatt einhverju sambandi við ástkonuna og barnið áfram sem gerir ástandið heima fyrir enn erfiðara fyrir vikið. Eiginkonuna grunar með réttu að þau standi enn í ástasambandi. Heimilislífið minnir á styrjöld þar sem barist er með öllum tilteknum vopnum nútímahernaðar. Laxdæla gæti því allt eins verið að lýsa veruleika íslenskra bændahjóna á tuttugustu öld eins og heimilisbragnum á söguöld.

GUÐRÚN, BOLLI OG KJARTAN

Þessi hugljúfa saga um Höskuld og ambáttina Melkorku og Ólaf son þeirra er eins og stuttur forleikur að helstu viðburðum sögunnar sem fjallar um ástir og örlög Guðrúnar Ósvífursdóttur. Hún var allra kvenna glæsilegust og mannvænlegust og átti sér marga vonbiðla. Í upphafi sögunnar, þegar Guðrún er 13–14 ára gömul, dreymir hana nokkra drauma sem Gestur Oddleifsson draumspekingur ræður þannig að hún muni eiga fjóra eiginmenn og missa þá alla. Segja má að sagan fylgi draumunum eftir og þeir eru rauður þráður hennar.



GUÐRÚN ÓSVÍFURSDÓTTIR: *Hún var dóttir Ósvífurs Helgasonar og Þórdísar konu hans. Þau bjuggu að Laugum í Sælingsdal. Auk Guðrúnar áttu þau fimm syni. Hún þótti bæði fríðust og vitrust þeirra kvenna sem þá uxu upp á Íslandi. Hún var vel máli farin og mikil skartkona, örlát og sérlega glæsileg. Guðrún var fjörgift eins og spáð hafði verið en auk þess átti hún Kjartan Ólafsson sem unnusta.*

KJARTAN ÓLAFSSON: *Sonur Ólafs Melkorku- og Höskulds-sonar á Höskuldsstöðum í Laxárdal og Þorgerðar Egilsdóttur Skalla-Grímssonar. Kjartan þótti allra manna fríðastur, mikilleitur, andlitíð vel skapað, manna best eygður og ljós yfirlitum. Hann var mikill íþróttamaður, syndur eins og selur og kunnur vel að handleika öll vopn. Kjartan var mjög vinsæll af allri alþýðu manna enda bæði léttlyndur og örlátur.*

BOLLI ÞORLEIKSSON: *Náfrændi Kjartans og fóstbróðir hans. Þorleikur faðir Bolla og Ólafur þá faðir Kjartans voru hálfbræður. Þeir tókust á vegna erfðamála en þegar þeir settust bauðst Ólafur til að taka Bolla aðeins þriggja ára gamlan í fóstur. Var sagt að Ólafur*

og Þorgerður kona hans hafi elskað hann ekki minna en eigin börn. En Bolli er enn eitt þessara barna sem yfirgefa fjölskyldu sína í frumbersku og flytjast á annað heimili. Bolli fylgdi Kjartani hvert sem hann fór einn og skugginn.



VIÐTAL VIÐ GUÐRÚNU ÓSVÍFURSDÓTTUR

GEÐLÆKNIR: Segðu mér frá hjónaböndum þínum, Guðrún.

GUÐRÚN: Ég var ekki nema fimmtán ára gömul þegar ég var gelin fyrsta eiginmanni mínum, Þorvaldi Halldórssyni frá Garpsdal í Gilsfirði. Mér fannst hann á engan hátt mér sambodinn en faðir minn réði þessu og engu skipti þótt ég væri ósátt. Fljótlega fór ég að gera mér dælt við Þórð nokkurn Ingunnarson sem varð ástmaður minn. Hann ráðlagði mér að skilja við Þorvald með því að saka hann um ergi (samkynhneigð) og gerði ég það eftir tveggja ára samveru.

Við Þórður héldum áfram að hittast en hann var þá giftur Auði sem ég kallaði Bróka-Auði. Hann skildi við Auði eftir mikil átök og giftumst við eftir það. Samband okkar Þórðar gekk vel þótt það færi einkennilega af stað. Þórður hjálpaði mér að losa mig við Þorvald og ég lagði á ráðin um skilnað hans og Auðar. Hann fann það henni til sakar að hún klæddist karlmannsbuxum eins og karlkona og fékk skilnað. Við vorum eins og tveir samsærismenn sem lifðum með sameiginlegan glæp sem styrkti hjónabandið. Við höfðum hjálpað hvort öðru að losna úr hjónaböndum með vafasömum fullyrðingum og orðrómi sem þau Þorvaldur og Auður urðu æ síðan að búa við.

GEÐLÆKNIR: Hvernig tók Bróka-Auður þessum skilnaði?

GUÐRÚN: Hún reiddist mjög og kom ári síðar til okkar að næturþeli, réðist að Þórði í rekkjunni og lagði til hans með saxi svo að af varð mikið sár á geirvörtum og hægri hendi. Þetta var mikið áfall enda jafnaði hann sig aldrei fullkomlega og lá lengi í sárum sínum. Mikið var pískrað um þennan atburð út um land. Fólk sagði að Auður hefði

kvengert Þórð með því að blóðga geirvörtur hans og skemma fyrir honum sverðshöndina. Hún fékk frægð fyrir þetta verk en Þórður háðung sem mér sárnaði.

Við eignuðumst barn saman en Þórður sá það aldrei. Hann lenti í illindum við galdrahyskið Kotkel og Grímu sem höfðu gert móður hans þungar búsigjar bæði með ránum og fjölkynngi. Þessi deila leiddi til þess að þau mögnuðu mikinn seið sem varð til þess að Þórður druknaði við Skálmanes. Ég var þunguð þegar þessir hörmungaratburðir gerðust. Sonur okkar, Þórður, fór í fóstur til Snorra goða á Helgafelli en var ekki hjá mér.

Eftir dauða Þórðar var ég áfram að Laugum og hitti þá fóstbræður Kjartan Ólafsson og Bolla Þorleiksson. Þeir voru báðir mjög myndarlegir en Kjartan var þeim fremri á öllum sviðum. Hann tók að venja komur sínar til Lauga og við-sátum á spjalli eða tefldum við Sælingsdalslaug. Ég var mjög hrifin af Kjartani og fann til mín að þessi glæsilegi maður skyldi vera hrifinn af mér. Mér fannst við Kjartan henta hvort öðru ágætlega og lét mig dreyma um líf með honum en óttaðist draumana.

GEÐLÆKNIR: Hvernig slitnaði upp úr ykkar sambandi?

GUÐRÚN: Það var löng og sársaukafull saga. Kjartan vildi skyndilega fara til Noregs eins og ungir menn þráðu á þessum tíma. Ég vildi fara með honum enda langaði mig ekki til að vera lengur á Íslandi eftir allt sem á undan var gengið. Mig fýsti líka á fund erlendra konunga og kynnast því lífi sem ferðalangar lýstu í framandi löndum. En Kjartan vildi ekki að ég færi með honum heldur lagði til að ég sæti í festum á Íslandi meðan hann lenti í ævintýrum og kynntist konungum og jörlum. Hann bar fyrir sig að faðir minn væri orðinn gamall og bræður mínir óráðnir. Þetta fannst mér ódregilega gert af Kjartani.

Ég fylltist réttlátri gremju og fann fyrir öfund og afbrýðisemi þegar þeir sigldu á braut. Ég fann sárt fyrir einmanaleika og reiði og sat í festum eins og smástelpa í lengri tíma. Þá birtist Bolli skyndilega án Kjartans. Hann kom til okkar að Laugum og sagði mér þá

frá samdrætti Kjartans og Ingibjargar systur Ólafs konungs í Noregi. „Þau sitja saman á hljóðskrafi öllum stundum,“ sagði hann. „Það er almælt við hirðina að konungur vilji fá Kjartan sem mág sinn og ekki sleppa honum til Íslands.“ Mér féll þetta þungt en lét á engu bera og sagði það góð tíðindi að Kjartan fengi góða konu. Bolli bað mín sér til handa eftir nokkurn tíma. Ekki var ég hrifin af þeim ráðahag enda var hugur minn hjá Kjartani. Faðir minn og bræður lögðu hart að mér að giftast Bolla og hann sagði iðulega að ég yrði kona ein og ógefin ef ég ætlaði mér að biða eftir Kjartani. Bolli hafði breyst mikið í útlöndum. Hann var mun ákveðnari og skemmtilegri en áður. Eftir mikinn hráskinnsléik um þetta bónorð fór svo að ég giftist Bolla þar sem ekkert heyrðist frá Kjartani í Noregi.

GEDLÆKNIR: Hvernig gekk ykkar samband?

GUÐRÚN: Ekki vel. Mér leið illa og mig grunaði að ekki væri allt með felldu og var ekki sérlega ástúðleg við Bolla. Svo frétti ég skyndilega að Kjartan væri kominn til landsins. Ég fékk nú alla söguna frá ferðafélögum hans og heyrði að Ólafur konungur hefði haldið Kjartani ásamt fleiri Íslendingum í gíslingu vegna kristnitökumálsins og þess vegna hefði hann ekki komið til Íslands á tilsettum tíma. Bolli hafði logið upp sögunni af Ingibjörgu eða fært hana í stílín til að komast yfir mig. Ingibjörg hafði meira að segja sent mér forláta höfuðfat eða motur til að skryðast í brúðkaupi okkar Kjartans. Ég reiddist við þessar fréttir enda var þetta mjög ódregilega gert.

Samband okkar Bolla versnaði við þetta þótt hann bæri af sér allar sakir og segðist einungis hafa tjáð mér það sem hann vissi sannast. Þessu trúði ég mátulega og áttaði mig á því að Bolli hafði svikið Kjartan fóstbróður sinn í tryggðum. Það kom mér mjög á óvart enda hélt ég aldrei að Bolli hefði dug í sér til að gera Kjartani á móti skapi.

Þegar ég hitti Kjartan var hann mjög afundinn og kenndi mér um þessi málalok. Bolli var eins og vingull. Hann hélt að allt gæti orðið eins og áður og Kjartan mundi fyrirgefa honum og þeir yrðu aftur vinir og félagar.

GEDLÆKNIR: Hvernig leið þér á þessum tíma?

GUÐRÚN: Mjög illa. Ég var eins og refur leiddur í gildru og gat mig ekki hreyft. En þetta átti eftir að versna. Kjartan tók upp á því að gifta sig Hrefnu nokkurri Ásgeirsdóttur sem var á engan hátt jafningi hans. En verra var að hann gaf henni moturinn sem Ingibjörg konungssystir hafði sent mér. Ég frétti að Kjartan hefði verið hinn glaðasti í brúðkaupinu og leikið við hvern sinn fingur. Eftir þetta gengu öll samskipti mjög illa.

Mér féll mjög þungt, þegar Kjartan kvæntist Hrefnu. Ég hafði vonast til að geta skilið við Bolla og tekið saman við Kjartan, en þetta brúðkaup gerði þær vonir að engu. Mér gramdist í veislu að Hjarðarholti nokkru síðar að Kjartan lét hana sitja í því öndvegi þar sem ég hafði áður ávallt setið. Þá tók ég til minna ráða og lét húskarla stela sverði Kjartans og stórskemma og bræður mína bað ég stela frá Hrefnu motrinum umtalaða og brenna. Ég fann vel hversu skammt er á milli ástar og haturs enda vildi ég nú gera Kjartani allt til miska og lét einskis ófreistað að niðurlægja hann og skaprauna honum. Kjartan tók þessu illa og varð ævareidur vegna sverðsins og motursins. Nokkru síðar kom hann með lið manna að Laugum og sat um bæinn í þrjá daga og gætti þess að enginn kæmist á kamarinn. Þetta gerði hann einungis okkur til svívirðingar.

GEDLÆKNIR: Þetta hefur verið ófriðarástand?

GUÐRÚN: Það má segja það en aðallega á milli okkar Kjartans. Bolli var í afneitun á þróun mála og lét sig dreyma um að ná aftur sáttum við Kjartan og allt yrði eins og áður. Hann var mikill einfeldningur og skildi ekki þessar tilfinningar okkar Kjartans. Ólafur faðir Kjartans reyndi allt sem gat til að sætta þá frændur og bað Kjartan að stilla sig í öllum samskiptum við Bolla. En ég var farin að hata Kjartan. Í hvert sinn sem ég hugsaði til þeirra Hrefnu fann ég fyrir nístandi afbrýðisemi og tólmleika. Við Bolli keyptum saman landið að Tungu en Kjartan þröngvaði bóndanum til að ganga á bak orða sinna og selja sér landið. Hann ætlaði sér að niðurlægja okkur og hrekja úr

héraðinu. Smám saman varð ég þess fullviss að hann yrði að deyja.

GEDLÆKNIR: Hvernig átti það að ganga fyrir sig?

GUÐRÚN: Ég eggjaði bræður mína og Bolla til að fara að Kjartani þegar tækifæri gæfist. Þeir voru tilbúnir til þess en Bolli var mjög hikandi. Eftir nokkurn tíma frétti ég af Kjartani fálíðuðum fjarri af faraleið og sá að þetta var tækifærið sem við biðum eftir. Bolli vildi ekki fara en ég hótaði honum með samvistaslitum ef hann færi ekki með bræðrum mínum. Eftir miklar fortölur fór hann með þeim en ég beið heima. Nokkru síðar komu þeir til baka og sögðu mér fall Kjartans Ólafssonar. Mér skildist á bræðrum mínum að Bolli hefði staðið á lengdar í bardaganum og ekki haft sig í frammi fyrr en Kjartan kallaði til hans og eggjaði hann til að drepa sig. Hann veitti Kjartani þá banasár og tók eftir það fóstbróður sinn í fangið þar sem hann dó. Bolli var miður sín af samviskubiti og sorg eftir þennan atburð og reiddist þegar ég þakkaði honum vígið og sagðist fagna því að Hrefna gengi ekki hlæjandi að sænginni í kvöld.

GEDLÆKNIR: Hvernig var samband ykkar Bolla eftir þetta?

GUÐRÚN: Það var gott. Mér fannst Bolli hafa sannað að hann elskaði mig bæði heitt og innilega. Hann var jafnvel tilbúinn að fara og drepa Kjartan vin sinn og frænda fyrir mig. Sæst var um víg Kjartans fyrir orð Ólafs þá Höskuldssonar föður hans og voru bræður mínir dæmdir til að fara af landi brott sem þeir gerðu. Hann var grafinn að Borg á Mýrum en Hrefna fór með bræðrum sínum norður í land og var mjög harmþrungin. Hún giftist aldrei aftur og lifði ekki lengi eftir þetta.

Við Bolli eignuðumst dreng sem kallaður var Þorleikur. Ólafur þá dó þremur árum eftir fall Kjartans og vissum við þá að bræður Kjartans og vinir mundu hefna þessa fyrr eða síðar. Við skynjuðum bæði nálægð dauðans og það styrkti samband okkar. Þorgerður Egilsdóttir móðir Kjartans eggjaði syni sína mjög til að fara að Bolla. Þeir fréttu af honum fálíðuðum í seli að Sælingsdal og komu með mikið lið. Bolli varðist vel en svo fór að þeir drápu hann. Ég var þunguð

þegar Bolli var veginn og banamaður hans, Helgi Harðbeinsson, virtist vita það. Hann lét þau orð falla að ég bæri höfuðsbana hans undir belti þegar þeir komu til að segja mér fall eiginmanns míns.

GEDLÆKNIR: Hvernig leið þér á þessum tíma?

GUÐRÚN: Ég fann fyrir miklum tótleika og var orðin ein á nýjan leik með drengina okkar Bolla. Fljótlega fór ég að huga að hefndum eftir Bolla og spurði nákvæmlega um nöfn þeirra manna sem tóku þátt í aðförinni. Löngu síðar fóru þeir Bolli og Þorleikur synir mínir að Helga Harðbeinssyni og drápu hann. Það var Bolli sem veitti honum banasár með ættarsverðinu Fótbit svo að spádómur Helga kom fram.

Ég giftist í fjórða sinn eins og draumurinn hafði sagt fyrir um, Þorkatli Eyjólfssyni sem var frægur maður og ættstór. Við bjuggum saman að Helgafelli. Sá maður drukknaði í Breiðafirði þegar hann var á heimleið með trjávið í nýja kirkju. Hann ætlaði sér að byggja stærri kirkju en allir aðrir og hafði farið til Noregs til að afla sér byggingarefnis. Ég var enn orðin ekkja og fleiri urðu mennirnir ekki. Einhverju sinni kom Bolli sonur minn og bað mig að bera saman mennina mína fjóra og spurði síðan hvern þeirra ég hefði elskað mest. Hvernig er hægt að svara svona spurningu? Þeir höfðu allir einhverja kosti nema sá fyrsti, hann Þorvaldur. Sá síðasti, Þorkell, var ríkastur og mestur höfðingi, Bolli var gervilegastur en Þórður greindastur. Kjartan var saga út af fyrir sig. Kannski hefði verið best að leggja saman kosti þeirra allra og gera úr einn mann.

GEÐGREINING

Guðrún Ósvífursdóttir: Hambrigðapersonuröskun (*Borderline personality disorder*)


Guðrún er enn ein „borderline“-konan í Íslendingasögum. Hún er stolt og viljasterk og ber ægishjálmm yfir alla karla sem eru í kringum hana, föður, bræður og fjóra eiginmenn. Látið er að því liggja að Kjartan hafi verið jafningi hennar en svo er alls ekki. Þær Guðrún og Hallgerður langbrók eiga margt sameiginlegt þótt þjóðarvitundin hafi tekið þær ólíkum tókum. Þær eru báðar miklar skapkonur og þjóna ávallt lund sinni. Báðar finna þær fyrir höfnun í föðurhúsum og eru giftar liðleskjum gegn vilja sínum. Þeim finnst faðirinn hafa svikið sig og hafnað sér.

Guðrún er alin upp á barnmörgu heimili í samkeppni við fimm bræður. Þeir voru fósturaðir samkvæmt tíðarandanum og sannfærðir um eigið ágæti og yfirburði. Þeir vissu sem var að pabbi réði öllu. Þetta fyllti Guðrúnu bæði vanmáttarkennd og sjálfstæði gagnvart karlmönnum sem litar öll seinni samskipti hennar.

Guðrún lendir í þeirri ógæfu að dreyma draumana góðu og fá Gest spaka Oddleifsson til að ráða þá. Hann spáir henni illu og kona eins og Guðrún trúir á spádóma og dapurleg

forlög sjálfrar sín. Hún fær þá tilfinningu að hún ráði lífi og dauða og örlögum þeirra manna sem hún hittir. Þýðing þessara drauma í sögunni er þannig að þeir móta afstöðu Guðrúnar til lífsins og ala á hugmyndum hennar um eigið mikilvægi.

Allir geðlæknar sem haft hafa með „borderline“-konur að gera þekkja hversu fastar þær eru í alls konar spádómum, teiknum og stjörnumerkjum. Þær óttast að bera



ábyrgð á eigin lífi og trú á forlög og fyrirboða sem stjórna gangi tilverunnar og sjálfar hafi þær ekkert með eigin gæfu eða gæfuleysi að gera. Þessar konur eru tryggir lesendur alls konar spádóma og kunna vel að handleika tarotspil. Guðrún eignir vinina Kjartan og Bolla hvorn upp á móti hinum og alla fjölskyldu sína á móti Kjartani. Henni tekst eins og Hallgerði að valda alls staðar klofningi þar sem hún kemur. Guðrún hatar með jafn miklu offorsi og hún elskar. Henni tekst að hagræða atburðarásinni á þann veg að hún sé alltaf þolandi í hrundans örlaganna. Hún er einn mesti örlagavaldur í samanlögðum Íslendingasögum.

Nútímageðlæknar hefðu greint Guðrúnu með áfallastreituröskun eftir að hafa heyrt um öll áföllin í lífi hennar. En Guðrún lætur lítinn bilbug á sér finna jafnvel þótt eiginmaður hennar eða ástmaður liggi á líkbörunum og banamaður standi hjá og hreyki sér af verkinu. Hún er oft ekki tilfinningalega tengd inn í söguna, sem er einkenni þessarar „borderline“-konu.

„Þeim var ég verst sem ég unni mest!“ Þetta eru frægustu orð Guðrúnar. Guðrún elskaði alltaf sjálfa sig mest og var sjálfri sér verst í sjálfhverfu sinni með því að þjóna alltaf lund sinni og láta tilfinningar annarra sig litlu skipta.

Höfundur sögunnar skilur Guðrúnu vel og í raun er enginn saklaus og enginn einn sekur í sögunni. Allir eru gallaðir, hégómlegir og breyskir. Guðrún heldur þó reisn sinni allt til dauðadags og er einn af fáum sigurvegurum sögunnar. Á ævikvöldinu gerðist Guðrún heilög kona og mikil trúkona og nam fyrst kvenna saltara. Hún gekk í klaustur og var grafin að Helgafelli. Ferðamenn staðnæmast enn við leiði hennar við kirkjugarðsvegginn og signa sig áður en haldið er á fjallið. Guðrún er runnin saman við helgi fjallsins og orðin hluti þess. Það er til merkis um fyrirgefningu þjóðarinnar.



Guðrún í nútímanum

Allir geðlæknar þekkja konu eins og Guðrúnu. Það sópar að þeim

og tilfinningaleg viðbrögð þeirra koma sífellt á óvart. Hún leitar eftir viðurkenningu frá umhverfi sínu og fyllist efasemdum um eigið ágæti þegar eitthvað gengur henni í móti. Sjálfsmýndin er brotin og þrátt fyrir mikinn glæsileika og ytri velgengni gengur henni illa að raða brotunum saman í heillega mynd. Hún æðir úr einu sambandi í annað en enginn er þess umkominn að sannfæra hana um eigið manngildi.

Vandamálið er alltaf djúpur sársauki í sálinni sem gefur henni engan frið og hún finnur ekki það jafnvægi sem hún leitar eftir. Engin viðurkenning er henni nægileg, enginn maður nógu góður, engin börn nógu mannvænleg, engir sigrar nógu glæstir, hún efast alltaf. En Guðrún hefði án efa náð langt í nútímasamfélagi hvort heldur hún hefði ákveðið að setjast á þing, stjórna fyrirtæki, kenna eða ganga listagyðjunni á hönd. Karlamál hennar hefðu verið flókin enda ekki á færi nema mikilla kappi að ganga í eina sæng með þessari ofurkonu. Hætt er við að hjónaböndin hefðu verið fleiri en eitt og margir karlmenn hefðu setið beiskir eftir í sárum, skrifað ævisögu sína og tíundað viðskipti sín við Guðrúnu.



VIÐTAL VIÐ KJARTAN ÓLAFSSON

GEDLÆKNIR: Segðu mér lítillega frá sjálfum þér.

KJARTAN: Ég var alinn upp í Hjarðarholti í Dölum ásamt systkinum mínum. Þegar ég var lítill tóku foreldrar mínir Bolla frænda minn Þorleiksson í fóstur en hann var jafnaldri minn. Við lékum okkur alltaf saman og vorum óaðskiljanlegir. Ég var alltaf foringi í systkinahópnum og réð öllu í samskiptum okkar Bolla enda dáðist hann að mér eins og aðrir. Fljótlega vissi ég að miklar vonir voru við mig bundnar og ég var oft minntur á ættingja mína frá Borg á Mýrum,

Egil og Þórólf bróður hans. Snemma var ég ágætlega vopnfær og mikill íþróttamaður.

GEDLÆKNIR: Segðu mér frá fundum þínum og Guðrúnar?

KJARTAN: Við Bolli fórum oft að Laugum og hittum þar Guðrúnu og vel fór á með okkur. Ég hafði heyrt mikið af henni látið og vissi að hún hafði verið gift tvisvar og átti einn son. Ég varð strax ástfanginn af Guðrúnu enda líktist hún engri annarri konu. Faðir minn hafði áhyggjur af samdrætti okkar enda leist honum ekkert á hana og það orðspor sem af henni fór.

Þegar ég sagði Guðrúnu að mig langaði til Noregs vildi hún koma með mér enda unni hún ekki Íslandi. Ekki vildi ég að hún kæmi með heldur það hana að biða mín í þrjá vetur. Guðrúnu líkaði þessi ráðagerð stórilla og sagðist engu lofa um festarnar. Ég sat fastur við minn keip og vildi fara utan og tók Bolla fóstbróður minn með mér eins og alltaf. Við Guðrún skildum ósátt en ég leit svo á við værum heitbundin. Ég sá útlönd fyrir mér í hillingum og vildi fara frjáls og óbundinn og takast á við það sem biði mín. Mig langaði til að halda öllum leiðum opnum.

GEDLÆKNIR: Hvernig gekk þér við hirðina?

KJARTAN: Mér gekk vel. Ég kynntist Ólafi konungi ágætlega og þreytti við hann kappsund. Ingibjörg konungssystir var við hirðina og urðum við fljótlega ágætir vinir. Mikið var þískrað um samdrátt okkar Ingibjargar og lét ég mér það vel líka. Þetta var skemmtilegur tími og mér leið vel enda var ég í miklum metum hjá konungi og naut virðingar við hirðina. Þegar ég var búinn að vera í Noregi um tíma reiddist konungur Íslendingum vegna kristnitökumálsins og barðaði okkur nokkrum höfðingjasonum að fara heim. En Bolli fóstbróðir minn fékk fararleyfi og ég bað hann að bera kveðju til Guðrúnar, enda var ég farinn að hafa áhyggjur af henni í festum á Íslandi. Nokkru síðar sættist konungur við Íslendinga og aflétti farbanninu. Við Ingibjörg skildum með virktum og hún bað mig að færa Guðrúnu heitkonu minni ágæta gjöf. Þegar ég kom loksins heim voru Bolli og Guðrún

gift! Mér féll allur ketill í eld og reið heim að Hjarðarholti og beið átekta. Bolli reyndi að láta sem ekkert væri og bauð mér til veislu og vildi leysa mig út með gjöfum en ég tók því fálega. Svik hans höfðu komið mér í opna skjöldu. En smám saman náði ég vopnum mínum á nýjan leik og kvæntist Hrefnu Ásgeirdóttur, systur Kálfs stýrimanns. Við gerðum góða veislu þar sem ég var allra manna glaðastur. Ég vissi að sögusmettur myndu bera fregnir af brúðkaupinu til Laugum og ég vildi að Guðrún frétti að ég hefði verið alsæll og hamingjusamur. Hrefna fékk moturinn sem Ingibjörg hafði ætlað Guðrúnu.

GEÐLÆKNIR: Hvernig var framhald þessa sambands?

KJARTAN: Þau Bolli og Guðrún buðu upp á stríð. Ég fór með lið manna að Laugum og sat um húsið í þrjá daga og gætti þess að enginn kæmist út á kamarinn. Mér fannst það bæði skemmtileg og góð tilfinning að vita af Guðrúnu innan dyra pissandi og gangandi örna sinna í fötu innan um annað heimilisfólk. Ég gat rétt ímyndað mér hvílikur fnykur væri innan dyra og ég naut þess að niðurlægja hana og Bolla á þennan hátt.

Skömmu síðar frétti ég að þau Bolli og Guðrún hefðu keypt sér land að Tungu. Ég þröngvaði bóndanum til að ganga á bak orða sinna og selja mér jörðina enda vildi ég gera þeim allt til miska. Mér leið illa og vildi losa mig við Guðrúnu og Bolla úr héraðinu og ögraði þeim eftir mætti. En ég saknaði Guðrúnar og sætti mig ekki við að Bolli hefði haft betur í þessum átökum. Ekkert var eins og ég hefði viljað og því gat ég ekki unað. Lífið hafði glatað öllu gildi sínu og sárast sveið mér ósigur minn í viðureigninni við Bolla.

Samband okkar Hrefnu var ekki gott og mér var sama hvort ég lifði eða dæi. Ég vissi að bræður Guðrúnar og Bolli hugðu á hefndir en ég hafði lítinn andvara á mér og bauð örlögnum byrginn. Þar kom að þeir sátu fyrir mér Ósvífurssynir og Bolli í Hafragili. Ég varðist vel en enginn má við margnum. Það kom mér ekki á óvart að Bolli stóð hjá sem lamaður meðan við hinir börðumst. Ég ákvað að sjá aumur á honum og bað hann að drepa mig sjálfur enda væri hann hingað til þess kominn. Mér þótti betra að þiggja af honum bana

en drepa hann. Mér fannst það við hæfi úr því sem komið væri. Við vorum enn og aftur komnir í gömul hlutverk þar sem ég stjórnaði og Bolli hlýddi. Hann vaknaði úr álögum við þessa brýningu og réðist gegn mér með ættarsverðinu Fótbit.

GEÐGREINING

Kjartan Ólafsson: Blandin kvíða og geðlægðarröskun
(Mixed anxiety and depressive disorder)

Kjartan er sjálfhverfur persónuleiki sem reynir að spegla eigið ágæti í álitum annarra. Hann er fæddur með gullskeið í munni og fær frá guðunum veglegar vöggugjafir. En hégómleikinn er svo mikill að hann þolir ekkert mótlæti eða ósigra. Hann hafði Bolla og síðan Guðrúnu til að dást að sér en þegar Bolli sveik hann og komst yfir Guðrúnu, hrundi heimsmyndin til grunna og hann ber ekki sitt barr eftir það. Speglarnir hans höfðu brotnað og hann horfir á þá í algjöru ráðleysi. Ekkert virðist koma í stað þessara tveggja aðdáenda hans og hjónaband hans sjálfs verður einskis virði. Hann fylltist öryggisleysi og þunglyndi og á banastundinni eygði hann enga lífsvon lengur. Hann trúði því ekki að Bolli hefði sigrast á sér og Guðrún fundið hamingju í fadmi hans. Kjartan var heltekinn af afbrýðisemi og höfnun sem gróf undan sjálfsvirðingu hans og gerði lífið einskis virði.

Það er auðvelt að finna sárindin í sál þessa stolta manns og skynja hvernig sjálfsmýndin er brotin. Segja má að Kjartan hafi eins og Gunnar framið sjálfsmorð með andvaraleysi sínu og gengið fagnandi inn í dauðann. Nútímageðlæknar hefðu greint hann með þunglyndi og mikinn kvíða vegna vonbrigða og mótlætis. En hann er persónuleikaraskaður og sýnir af sér mörg einkenni narsissisma og laskaðrar sjálfsmýndar. Kjartan er einn þeirra manna sem er alinn upp við takmarkalaus aðdáun foreldra og systkina og alls síns umhverfis. Hann fer út í lífið og trúir á eigið almætti. En grunnurinn er ótraustur og kvíðaþol hans er lítið og hann bognar og brotnar fullur undrunar við allan mótbýr.

Kjartan í nútímanum

Allir þekkja þennan sjálfsörugga, sjálfmiðaða mann sem virðist hafa ofurtrú á sjálfum sér en er innst inni eins og lítill, viðkvæmur drengur. Hann er afbrýðisamur og öfundsjúkur, sér miklum ofsjónum yfir velgengni annarra, fullur af barnalegum hugmyndum um sjálfan sig. Kjartan hefði eflaust náð langt en alltaf verið ofurseldur þessu mikla öryggisleysi.

Hann hefði haslað sér völl í samfélaginu sem íþróttamaður, íþróttafréttamaður og íþróttufræðingur en aldrei náð þeim frama sem hann dreymdi um vegna nagandi efasemda um eigið ágæti. Kjartan hefði verið einn þeirra afreksmanna í íþróttum sem alltaf mistekst á ögurstundu. Hann veikist á Ólympíuleikum, meiddist á Heimsmeistaramótinu og nær ekki tilskildu lágmarki fyrir Evrópu mótið. Allir hans ósigrar eru öðrum að kenna og hann skilur ekkert í eigin óheppni. En glöggur geðlæknir áttar sig á því að Kjartan er skæðasti fjandmaður sjálf sín og dregur úr sjálfum sér allan mátt með efasemdum og kvíða þegar mest á riður. Kvennamál hans hefðu einkennst af þessu sama öryggisleysi og hann hefði átt erfitt með að finna varanlega hamingju í faðmi einnar konu.



VIÐTAL VIÐ BOLLA ÞORLEIKSSON

GEÐLÆKNIR: Segðu mér lítillga frá sjálfum þér og þínu bernskuheimili.

BOLLI: Ég var ungur tekinn í fóstur að Hjarðarholti til Ólafs föðurbróður míns og Þorgerðar konu hans. Þar var fyrir Kjartan frændi minn Ólafsson en við vorum jafnaldrar. Hann var óumdeildur foringi í öllum okkar samskiptum og ég fann hvernig ég stóð alltaf í skugga hans. Fólk var í sífellu að dást að honum og bera okkur saman. Ég vandist því snemma að hann skyldi öllu ráða og orð hans væru lög. Stundum saknaði ég foreldra minna og heimilis þeirra og óskaði þess að ég þyrfti ekki sífellt að vera eins og fylgisveinn eða þjónn

Kjartans. Við félagarnir vöndum komur okkar að Laugum og hittum Guðrúnu og ég sá hvernig þau urðu fljótlega ástfangin. Ég var líka hrifinn af Guðrúnu en Kjartan átti hug hennar allan. Hún leit ekki af honum, þegar þau voru saman og virti mig vart viðlits. Enn einu sinni varð ég að sætta mig við það að vera í skugga Kjartans. Það var erfitt að sitja hjá og horfa á þau sitja á hljóðskrafi og hlæja hvort við öðru. Mér fannst ég afskiptur, dáðist að honum, öfundaði hann og fann fyrir afbrýðisemi en lét aldrei á neinu bera.

Svo fór að Kjartan vildi fara til Noregs og ég fór með. Ég fylgdist með orðaskiptum og viðskilnaði þeirra Guðrúnar og fannst hann koma illa fram. Okkur félögum gekk vel framan af í Noregi. Ég fylgdi Kjartani og lét skírast eins og hann til kristinnar trúar fyrir orðastað Ólafs konungs Tryggvasonar. Ég vonaði að hann ílentist við hirðina og kvæntist Ingibjörgu konungssystur og yrði þannig handgenginn maður og mágur konungs. Það fannst mér mjög við hæfi. Mestu skipti að þá yrði Guðrún loksins mín.

GEÐLÆKNIR: Hvernig stóð á því að þú fórst heim en Kjartan ekki?

BOLLI: Kjartan varð eftir við hirðina að kröfu konungs en ég ákvað að fara heim. Þegar ég steig einn á skipið og sá Noreg fjarlægjast var eins og ég losnaði úr álögum. Ég ákvað að berjast með öllum ráðum um hylli Guðrúnar. Þegar heim kom hitti ég hana fljótlega og sagði frá samdrætti Kjartans og Ingibjargar. Ég fann vel hversu mjög henni mislíkuðu þessi tíðindi og ég sagði að konungur vildi heldur gifta hann Ingibjörgu en leyfa honum að halda til Íslands. Guðrún lét eins og henni þættu þetta góðar fréttir, en gekk síðan á braut allraud í andliti. Nokkru síðar spurði ég hana hverju hún svaraði ef ég bæði hennar.

Hún sagðist engum manni giftast meðan Kjartan væri á lífi. Ég sagði að hún yrði að sitja mannlús lengi ef hún ætlaði sér að biða Kjartans. Nokkru síðar bað ég Guðrúnar formlega. Hún tók því illa en faðir hennar vel svo og bræður. Eftir eitthvert stapp var Guðrún föstnuð mér þrátt fyrir trúlofun þeirra Kjartans. Þegar ekkert bólaði á Kjartani vorum við Guðrún gift og ég varð um kyrrt að Laugum

en hún sýndi mér litla kærleika. Ég vonaðist til að samband okkar mundi lagast smám saman, og treysti því að Kjartan kæmi ekki heim. En allt fór á versta veg og hann kom heim. Ég fylltist miklum óhug við þau tíðindi og sérlega þegar ég fann hversu reiður og ósáttfúll hann var. Guðrún varð mér enn fráhverfari en áður svo að ástandið var þrúgandi heima fyrir.

GEDLÆKNIR: Hvernig leið þér með þetta?

BOLLI: Mjög illa, ég fann fyrir reiði og hatri Guðrúnar og hún hafði megna skömm á mér vegna svikanna sem hún kallaði svo. En skjótt skipast veður í lofti og allt breyttist til hins betra þegar Kjartan kvæntist Hrefnu Ásgeirsdóttur. Guðrún reiddist mjög og varð nú afhuga Kjartani og óskaði honum alls illt. Ástalíf okkar varð með miklum ágætum og ég vonaði að nú yrði allt gott á nýjan leik. Innst inni vildi ég helst að okkur tækist að sættast þegar fennt hefði í þessi spor. En smám saman áttaði ég mig á því að ég réði ekkert við Guðrúnu. Hún efldi mikinn ófrið við Kjartan, lét stela sverði hans og motri Hrefnu og eyðileggja hvort tveggja. Kjartan svaraði með því að loka okkur inni að Laugum í nokkra sólarhringa. Við Guðrún keyptum land en Kjartan kom í veg fyrir það. Þetta var einvígi þeirra á milli og ég var í algjöru aukahlutverki.

GEDLÆKNIR: Svo kom að því að hún vildi drepa Kjartan?

BOLLI: Já, heftin og hatrið jukust bara. Guðrún var búin að taka ákvörðun um að Kjartan skyldi deyja. Hún varð mér eftirlátari og ástrikari en áður og hvatti mig til að fara með bræðrum sínum og drepa Kjartan. Ég var milli tveggja elda og hvorugur kosturinn var góður en ákvað að fara með og sitja fyrir Kjartani.

Ég vonaðist með hálfum hug og vonaðist til þess að ná endanlega ástum Guðrúnar ef ég dræpi Kjartan. Bardaginn var harður en ég stóð aðgerðarlaus allan tímann. Ég gat ekki fengið mig til þess að sækja með vopnum að besta og eina vini mínum. Skyndilega kallaði Kjartan til mín og eggjaði mig að sækja að sér. Það var eins og hann vildi ekki lifa lengur og ég ætti að drepa hann. Auðvitað hlýddi ég

Kjartani eins og ég hafði alltaf gert. Hann varðist ekki heldur kastaði frá sér vopnum sínum og beið þess að ég veitti honum bana-sár, sem ég gerði. Eftir það iðradist ég alls þessa og tók hann í fangið þar sem hann dó.



Guðrún tók mér ástúðlega eftir vígið og kvaðst fagna því að Hrefna gengi grátandi til hvílu í kvöld. Þá skynjaði ég hver var raunveruleg ástæða þessa vígs. En samband okkar Guðrúnar gekk ágætlega eftir þetta enda hafði ég sannað mig fyrir henni. Sæst var um vígið og ég var óhræddur um mig meðan Ólafur fóstri minn, faðir Kjartans, var á lífi. Við Guðrún eignuðumst soninn Þorleik og allt lék í lyndi. Þegar Ólafur dó vissi ég að bræður Kjartans hlytu að hefna. En ég beið þess rólegur, þjakaður af sekt vegna Kjartans, og fannst ég hafa framið óhugnanlegan glæp. Innst inni fagnaði ég banamönnum mínum vegna þess að ég verðskuldaði þessa refsingu.

GEDGREINING

Bolli Þorleiksson: Hæðipersónuröskun (*Dependent personality disorder*), blandin kvíða og geðlæggðarröskun (*Mixed anxiety and depressive disorder*)

Bolli er hinn dæmigerði óöruggi og kvíðni einstaklingur sem er háður álitni annarra og gengur eins langt og hann getur til að gera umhverfi sínu til geðs. Hann veit sjaldnast í hvorn fótinn hann á að stíga. Þetta á rót sína að rekja til uppeldisins. Ungum er honum komið í fóstur til frænda síns þar sem hann elst upp með Kjartani jafnaldra sínum og augasteini foreldra sinna. Hann finnur að enginn elskar hann eins og Kjartan er elskaður og hann fyllist vanmetakennd og kvíða. Það er

erfitt að alast upp við sífelldan samanburð við ofurmennið sem alltaf ber hærrí hlut. Bolli finnur í Kjartani æðri mátt sinn og er honum trúr þar til hann svíkur til að ná hylli Guðrúnar.

Bolli er alls ekki siðblindur og hann er ekki narsissisti heldur fyrst og fremst sjúklega meðvirkur og viljalaus í samskiptum sínum við aðra. Á vígvellinum er hann óráðinn, þar til Kjartan biður hann að drepa sig. Hann veitir honum banasár en auðvitað fylltist hann iðrun þegar hann hafði drepið Kjartan enda er erfitt að drepa mann sem hefur lagt niður vopn sín og býður fram hálsinn eins og sláturgripur. Sagan segir ekki hvernig honum tekst murka lífið úr vini sínum með bitlausu vopninu en það hefur verið erfitt.

Næstu árin er Bolli kvíðinn og fullur iðrunar og samviskubitis og efast í sífellu um réttmæti gjörða sinna. Bolli minnir um margt á Gunnar á Hlíðarenda og óákveðni hans og ákvarðanafælni. Munurinn á þeim tveimur er þó sá að Bolli tekur eindregna afstöðu með konu sinni og drepur besta vin sinn og frænda fyrir hennar orðastað. Gunnar valdi á hinn bóginn að taka afstöðu gegn konu sinni en það varð honum ekki heldur til neinna heilla.

Bolli í nútímanum

Bolli hefði sennilega aldrei náð neinum hæðum í nútímasamfélagi. Hann hefði verið alltof óruggur og háður álitu annarra. Martröð manna eins og Bolla er þegar örlögin skola þeim upp á við í mannvirðingastiganum og þeir ráða engan veginn við aðstæður og verkefni. En hann hefði orðið ágætur millistjórnandi, annar stýrimaður á skipi eða kennari. Bolli hefði alltaf þarfnast einhvers foringja sem hefði stjórnað honum og beint lífi hans á réttan veg. Meðal annarra þjóða hefði hann gengið í herinn og náð einhverjum mannvirðingum. Bolli hefði verið fastagestur á stofum geðlækna og sálfræðinga í eilífri leit sinni að tilgangi lífsins og uppgjöri við fortíð sína og barnæsku. Hann hefði farið í áfallahjálp eftir dauða Kjartans en aldrei áttað sig á eigin ábyrgð í því máli.

ÞURÍÐUR

Systir Kjartans, Þuríður, leikur skemmtilegt aukahlutverk í sögunni. Hún var gefin manni sem Geirmundur hét og var faðir hennar ekki alveg sáttur við þann ráðahag. „Ekki var margt um í samförum þeirra Geirmundar og Þuríðar,“ segir sagan svo að ekki hefur verið ýkja mikið fjör í hjónasænginni. Þau eignuðust eina dóttur sem Gróa hét. Þegar mærin var eins árs vildi Geirmundur fara af landi brott og skilja við Þuríði. Ólafur faðir hennar lét hann hafa kaupskip með öllum reiða til fararinnar og virtist ódfús að losna við þennan tengdason sinn. Þuríði líkaði stórilla þessi skilnaður þeirra Geirmundar og greip til sinna ráða. Hún reri út í skip hans og laumaðist um borð meðan menn voru sofandi, skildi meyna Gróu eftir hjá föður sínum en tók með sér sverðið Fótbít og fór í land. Geirmundur vaknaði og kallaði á eftir henni ókvæðisorð og vildi fyrir alla muni fá sverð sitt aftur. En allt kom fyrir ekki og Þuríður komst í land með sverðið en Geirmundur sigldi á haf út með Gróu. Áður hafði hann spáð því að sverðið yrði fjölskyldunni til mikillar ógæfu, sem stóð heima því að sjálfur Kjartan Ólafsson var veginn með sverðinu. Geirmundur fórst í hafi og lýkur svo að segja frá honum og meynni Gróu.

Þuríður er stjórnsöm og sveiflukennd í skapi og hatar jafn auðveldlega og hún áður elskaði. Hún er greinilega ekki tilfinningalega tengd barninu en það er oft mjög áberandi hjá konum með persónuröskun. Þær eiga erfitt með að koma út úr sjálfum sér og samsama sig annarri manneskju og vanrækja oft börn sín. Hún gefur Bolla Þorleikssyni, frænda sínum, sverðið Fótbít sem honum hlýtur að hafa þótt vænt um. Eðlilegast hefði að sjálfsgöðu verið að laukur ættarinnar, sjálfur Kjartan, fengi sverðið, svo að kannski er hún með þessu að spilla sambandi Bolla og Kjartans eins og persónuleikaraskaðar konur gera gjarnan. Þeim tekst á undraverðan hátt að komast upp á milli manna enda skipta þær alltaf heiminum í tvo andstæða hluta.

Í nútímanum hefði Þuríður efflaust verið viðfangsefni barnaverndarnefnda og annarra yfirvalda. Hún hefði átt í stormasömum ástarhaturssamböndum við karlmenn sem hefðu einkennst af mikilli stjórnsemi, sveiflum og forræðisdeilum.

DAUÐASYNDIRNAR

Höfundur Laxdælu er kristinn maður, karl eða kona sem leggur mikla áherslu á skaðleg áhrif hégómleikans og afbrýðiseminnar. Síðasti eiginmaður Guðrúnar, Þorkell, druknaði í Breiðafirði þegar hann var á heimleið með efnivið í kirkju sem hann ætlaði að


byggja stærsta á Íslandi. Drambið (*superbia*) varð honum að falli og kirkjuviðinn rak á fjörur í nokkrar vikur. Aðrar höfuðsyndir kirkjunnar voru öfundin (*invidia*), reiðin (*ira*), ágirndin (*avaritia*), offyllin (*gula*) og letin (*acedia*). Kannski má segja að þessar tilfinningar hafi orðið þeim Bolla og Kjartani að bana og þá sérstaklega

öfundin og ágirndin. Báðir eru þeir gegnumskýrðir af hégómagirnd og afbrýðisemi sem tortímur þeim báðum.

En snilld sögunnar felst í því að ekki er um baráttu milli góðs og ills að ræða vegna þess að allir eru breyskir og brotlegir. Kirkjan tefldi fram höfuðdyggðum sínum, réttlæti, hófsemi, hugrekki og visku, til móts við höfuðsyndirnar. Í baráttu sinni um Guðrúnu urðu þeir dauðasyndum að bráð og ekkert eðlilegra en að bráður bani beggja hlytist af. Ekkert þeirra þriggja sýndi mikla hófsemi, réttlæti eða visku í þessari baráttu. Boðskapur sögunnar er þó sannkristinn því að Guðrúnu er fyrirgefið af skapara sínum og þjóð sinni þrátt fyrir dapurleg örlög Kjartans og Gunnars.

Í SÖGULOK

Laxdæla er um margt ólík mörgum öðrum Íslendingasögum því að ekki er lögð ofuráhersla á hetjuskap og mannvíg, heldur mannleg samskipti. Laxdæla er tímalaust verk því að allar persónur sögunnar gætu verið áhyggjufullir og sorgbitnir nútímamenn á biðstofu einhvers geðlæknis.



Kannski er engin Íslendingasaga betur hæf til sál- og geðfræðilegra athugana vegna þess að ekki er reynt að klæða persónur hennar í skartklæði upphafinna lýsinga eða mikilla hetjudáða. Kjartan Ólafsson, aðalhetja sögunnar, drepur ekki nema brot af þeim fjölda sem Gunnar á Hlíðarenda eða Egill Skalla-Grímsson gera höfðinu styttri. Þarna eru á ferðinni venjulegir íslenskir höfðingjar og alþýðumenn og konur þeirra með öllum sínum kostum og löstum, styrkleikum og veikleikum, sigrum og ósigrum. Laxdæla saga er verk rithöfundar sem safnað hefur saman sögnum og flökkusögum og sett saman í eina listilega vel gerða heild. Margir hafa sagt að engin Íslendingasaga sé líklegri til að vera verk konu en einmitt Laxdæla. Veldur þar bæði að hlutur kvenna í sögunni er óvenju stór og auk þess hefur höfundur mikinn áhuga á skrauti og klæðaburði. Guðrún Ósvífursdóttir ber höfuð og herðar yfir alla karla sögunnar og Bróka-Auður veitir fyrrum eiginmanni sínum verðskuldaða refsingu. En hvort heldur höfundur Laxdælu hefur verið karl eða kona er sagan tímamótaverk og eitt af merkustu ritum íslenskrar sagnaritunar.

SKÁLDASÖGUR

Ástinni er ekki gert hátt undir höfði í Íslendingasögum enda höfðu menn megnustu vantrú á fyrirbærinu. Rómantískar tilfinningar hugnast lítt höfundum sagnanna. Samskipti ungs fólks áttu að byggjast á skynsemi og yfirvegun en ekki girnd og tilfinningum. Í sögunum eru óteljandi frásagnir um samdrátt og samskipti fólks en lítið um tilfinningalegar ástir samkvæmt skilningi nútímamanna. Glöggur lesandi greinir þó ólguna undir niðri þar sem sýður á hatri, þrá, bríma, girnd og sárindum eins og alltaf þar sem tvær manneskjur hittast og laðast hvor að annarri. Höfundarnir áttu reyndar engin orð til að lýsa mörgum þessara fyrirbæra. Í sögunum koma fyrir þrjú nafnorð sem venjulega eru þýdd með ást í nútímaskilningi: kærleikur, elska og ást. Orðið kærleikur sem reyndar er komið úr frönsku táknaði venjulega vináttu eða hlýhug, til dæmis milli konungs og hirðmanna hans. Orðið elska var tiltölulega sjaldgæft og táknaði venjulega ást í trúarlegum skilningi, kristilegan kærleika. Orðið ást er notað um kynferðiskenndir en skortir allan skáldlegan dýrðarljóma.

Í Íslendingasögum er orðið notað til að tákna þá hlýju sem tekst milli hjóna fyrst eftir brúðkaup. Menn áttu því fá orð yfir þær tilfinningar sem kallast ást á okkar tímum. Stundum er sagt að skáldin séu næmest fyrir ástinni, kunni að hrífast meira en aðrir og rati betur um afkíma sálarinnar. Þessi nálægð við eigin tilfinningar gerir skáldin að því sem þau eru. Nokkrar Íslendingasagna fjalla fyrst og fremst um samskipti nafntogaðra, ungra skálda við eina draumadís. Söguþráður þessara sagna er keimlíkur. Ungskáld heillast af stúlku í upphafi sögunnar. Þau ná venjulega ekki saman, heldur eiga í einkennilegu andlegu fjarsambandi um langt skeið í óþökk allra aðstandenda sinna. Skáldin sem þarna eiga hlut að máli eru Hallfreður vandræðaskáld Óttarsson, Kormákur Ögmundarson, Gunnlaugur ormstunga og Björn Hítðælakappi. Þessar sögur eru sérlega áhugaverðar fyrir geðlækna því að þær segja mikið um andlegt ástand fólks, vísurnar segja mun meira um tilfinningar skáldanna heldur en texti sögunnar. Vísurnar hafa þó einhvern tíma verið fleiri og þær klúrustu þeirra hafa ekki ratað á síður bókanna.

HALLFREÐAR SAGA
VANDRÆÐASKÁLDS

Hallfreður Óttarsson skáld varð ástfanginn af Kolfinnu Ávaldadóttur og fjallar sagan að nokkru leyti um samskipti þeirra, ást og ástarsorg. Ávaldi faðir Kolfinnu vildi gefa honum stúlkuna til kvonfangs en Hallfreður vildi ekki kvænast. En hann vildi heldur ekki sleppa stúlkunni og fjandskapaðist við þann mann, Grís að nafni, sem hún var gefin til að bjarga mannorði hennar. Af þessum fjandskap spretta vígafæri og Hallfreður fer utan.

Hallfreður kynnist Ólafi konungi Tryggvasyni og hluti sögunnar er um samskipti þeirra og helgi konungsins. Hallfreður kvænast og eignast tvo syni en eiginkonan deyr og fer hann þá aftur til Íslands og leitar Kolfinnu uppi. Þau eiga saman eina unadnótt í seli en Hallfreði virðist meira í mun að svívirða bónda hennar en að ná varanlegum ástum hennar. Þetta leiðir til vandræða og um tíma lítur út fyrir að Hallfreður muni ganga á hólm við Grís en Ólafur konungur vitrast honum í draumi og ekkert verður úr átökunum.

Þegar Ólafur deyr er eins og Hallfreður missi alla lífslöngun og festi hvorki yndi í Noregi né á Íslandi. Kolfinna var þá endanlega gengin honum úr greipum svo tilgangur og litríki daganna var að baki. Fertugur að aldri varð hann fyrir slysi á siglingu og fékk bana af. Búið var um líkið í kistu ásamt gjöfum þeim sem konungur hafði gefið honum.

Pörupiltar komust í kistuna og stálu þaðan gersemunum en Ólafur Tryggvason vitjaði húsbónda þeirra í draumi og sagði honum frá óknyttum piltanna. Var Hallfreður síðan grafinn með mikilli viðhöfn á Suðureyjum en piltarnir sáu villu síns vegar og skiluðu gripunum.

GEÐGREINING

Hallfreður vandræðaskáld Óttarsson: Hæðispersónuröskun
(*Dependent personality disorder*)

Þessi persónuleikaröskun einkennist af undanlátssemi, ósjálfstæði og mikilli þörf fyrir efnalegan og tilfinningalegan stuðning. Fólk finnur fyrir djúpri ófullnægju og bjargarleysi og treystir á hjálp og stuðning annarra. Slíkir einstaklingar eiga erfitt með að lifa einir, leita sér aðstöðar og uppörvunar í sífellu og finna fyrir miklum aðskilnaðarkvíða. Þeir hafa límkennnda nærveru sem venjulega þreytir aðra í umhverfi þeirra.

Hallfreður er sjálfmiðaður og ósjálfstæður maður sem hugsar um eigin hag og getur ekki tekið ákvarðanir. Hann er fljótfer sveimhugi og veitist mjög auðvelt að koma sér í vandræði. Hann velur að hlutgera ástina sem fyrirbæri en manneskjan Kolfinna skiptir minna máli. Líklega hefur Hallfreður fengist við óleysta öðipusarduld sem gerði honum óhægt um vik að njóta kynlífs með konunni sem hann elskar eða elska konuna sem hann nýtur kynlífs með. Hann bæði þráir Kolfinnu og óttast hana og forðast.

Litlum sögum fer af samskiptum Hallfreðar við foreldra sína en honum er komið í fóstur til móðurafa síns svo að hann hefur ekki notið eðlilegra samskipta í föðurhúsum. Sennilega hefur þetta fóstur valdið honum einhverjum aðskilnaðarkvíða sem hefur gert hann ófæran um að tengjast fólki of nánnum böndum af ótta við að missa það frá sér aftur. Hallfreður er svo óroggur með eigin sjálfsmynd að hann hringsnýst eins og vingull í kringum sjálfan sig. Hann finnur í konungi sinn æðri mátt sem hann trúir á æ síðan. Eftir því sem á

söguna líður verður tómið í sál hans æ stærra og myrkara og honum tekst engan veginn að ná sáttum við sjálfan sig.

Kolfinna Ávaldadóttir: Blandin kvíða og geðlægdarröskun (*Mixed anxiety and depressive disorder*)

Kolfinna hefur litla stjórn á eigin lífi. Dúttlungar karla ráða hennar næturstað og hún hefur lítið um það að segja. Hún elskar skáldið og hefur fundið fyrir mikilli höfnunarkennd þegar Hallfreður velur að kvænast henni ekki þrátt fyrir allar sínar ástarjátningar. Faðir hennar ákveður henni annan eiginmann sem hún þekkir lítið. Sennilega hefur Kolfinna verið kvíðin, toguð og slitin milli þessara manna sem börðust um athygli hennar. Hún elskar Hallfreð en skynjar vel veikleika hans og öryggisleysið sem fylgir honum. Grís er að mörgu leyti betri kostur enda mun jarðbundnari og ábyggilegri en hið sveimhuga skáld. Greinilega hefur hún verið mjög kvíðin og þunglynd í öllum þessum átökum og fundist hún vera næsta áhrifalaus í eigin lífi.



Hallfreður og Kolfinna í nútímanum

Allir geðlæknar hafa hitt mann eins og Hallfreð sem á erfitt með að ákveða í hvorn fótinn hann á að stíga. Hann þjáist af langvinnum valkvíða sem gerir einföldustu mál bæði flókin og óleysanleg. Slíkur maður fer oft úr einu sambandi í annað í leit sinni að þeirri fullkonnun sem hvergi er að finna nema í ímyndun hans sjálfs. Engin kona er í raun nógu góð eða stendur undir þeim væntingum sem hann gerir til hennar. Kannski leitar hann að heilagri guðsmóður eða móður sinni sem reyndar er sama konan.

Lífshlaup Hallfreðar hefði verið viðburðaríkt og hann hefði sætt færi að koma sér á framfæri á sem allra flestum sviðum. Hann hefði verið athyglissjúkur en ákvarðanafælinn. Sennilega hefði honum þó tekist að hasla sér völl í bókmenntum og náð einhverjum frama sem rithöfundur og bókmenntagagnrýnandi. Kvennamálin hefðu þvælst

fyrir honum en hann hefði talið sér trú um að æskuástin, Kolfinna, væri eina konan í lífi sínu og hafnað öðrum af þeim sökum.

Kolfinna hefði notið sín ágætlega í nútímasamfélagi enda ekki háð ofurveldi karlasamfélagsins. Hún hefði getað náð hverju því takmarki sem hana dreymdi um.

Samband þeirra Hallfreðar hefði getað endurtekið sig í nútímanum eins og oft gerist þegar gamalt menntaskólapar, hvort í sínu hjónabandinu, nær saman á miðjum aldri eftir miklar þrengingar. Þau hefðu búið saman um tíma en orðið óánægð hvort með annað. Hún hefði snúið aftur til eiginmannsins og þau staðfest hjúskapar- loforð sín í einhverri kirkjunni en Hallfreður hefði horfið úr lífi þeirra til útlanda og týnst þar. Hann áttaði sig á því að stóra ástin var blekk- ing ein.



Í SÖGULOK

Hallfreðarsaga er ekki mikið listaverk enda sundurlaus að allri byggingu. Hún fjallar annars vegar um ástamál Hallfreðar og hins vegar um heilagleika Ólafs konungs. Mikil áhersla er lögð á yfirnáttúrlegan áhrifamátt konungsins sem fjarstýrir skáldi sínu í draumi.

Ævi Hallfreðar er einkennilega tvískipt. Hann er annars vegar ákveðinn og sjálfstæður maður í Svíþjóð og Noregi undir handarjæðri konungs en hins vegar ráðvilltur og ósjálfstæður maður á Íslandi undir áhrifamætti Kolfinnu Ávaldadóttur.

Boðskapur þessarar rómantísku sögu er margþættur. Ástin er ódauðleg þrátt fyrir alla erfiðleika en færir fólki sjaldnast einhverja hamingju, heldur oftast en ekki vandræði og dauða. Vonlaus eltingaleikur við giftar konur er mönnum ekki til heilla eins og stendur í Hávamálum: „Ver þú við öl varastur/og við annars konur.“ En ástin til Kolfinnu gaf Hallfreði kraft og lífslöngun. Þegar hann hafði ákveðið að gleyma henni og flytjast til Svíþjóðar, dó hann drottni sínum eftir fremur lítillmótlegt slys. Á dauðastundinni yrkir hann um Kolfinnu og deyr með nafn hennar á vörum eins og rómantísku skáldi sæmir.



KORMÁKS SAGA

Sagan fjallar um ástfangið skáld, Kormák Ögmundarson, og dularfull og ástríðufull samskipti hans við Steingerði Þorkelsdóttur. Þau undirbúa brúðkaup en Kormákur mætir ekki, sem ættingjum Steingerðar þótti að sjálf sögðu svívirðileg framkoma. Hún er gefin tveimur öðrum mönnum en þau Kormákur ná aldrei saman þrátt fyrir mikinn vilja beggja. Hann reynir að berjast um Steingerði við eiginmenn hennar en vantar alltaf herslumuninn og deyr með nafn stúlkunnar á vörum, en hún heldur áfram í dapurlegu hjónabandi sínu.

VIÐTAL VIÐ KORMÁK

Kormákur Ögmundarson skáld frá Mel í Miðfirði var svartur á hári með sveip, hörundsljós, mikill og sterkur, áhlaupsmaður í skapi og ágætt skáld.

GEÐLÆKNIR: Segðu mér frá samskiptum ykkar Steingerðar.

KORMÁKUR: Ég hitti Steingerði Þorkelsdóttur fyrst í Gnúpsdal. Hún stóð uppi á þröskuldi til að skyggjast inn í stofu þar sem við sátum svo að ég sá einungis fætur hennar. Ástin sló mig eins og elding og ég vissi frá sömu stundu að þessi fallega stúlka mundi valda mér sorg og ógæfu. Þegar ég sá augu hennar orti ég þessa vísu:

*Brámáni skein brúna
brims und ljósum himni
Hristar hörvi glæstrar
haukfránn á mig lauka.
En sá geisli sýslir
síðan gullmens Fríðar
hvarma tungls og hringa
Hlínar ópurft mína.*

Eftir þetta átti hún hug minn allan og ég hélt áfram að kveða um hana og fegurð hennar. Við tefldum og ég kynntist henni betur og heillaðist af fegurð hennar og gáfum. Samskipti okkar voru altöluð enda heimsótti ég hana margsinnis í Gnúpsdal. Þetta varð til þess að Þorkell faðir hennar fékk menn til að veita mér ráðningu og fæla mig frá komum til Steingerðar en mér tókst að verjast árásum þeirra. Illgjarnt galdraflagð, Þórveig að nafni, lagði á mig þann galdur að við Steingerður myndum aldrei njótast. Ég svaraði henni fullum hálsi og hélt áfram að hitta Steingerði.

Eftir nokkra hríð sættist ég við Þorkel föður hennar og bað Steingerðar og var brúðkaup okkar ákveðið og samið um heimanmund og annað fjárfar. Ekki var ég allsendis sáttur við þessa samninga og hafði efasemdir um heilindi Þorkels. Þegar kom að brúðkaupinu ákvað ég að sitja heima og fara hvergi. Frændur Steingerðar fýrtust

mjög þegar brúðguminn mætti ekki í eigið brúðkaup og töldu mig gera Steingerði hneisu. Margir kenndu Þórveigu um og töldu galdur hennar hafa glapið mér sýn.

Alla vikuna fyrir brúðkaupið velti ég fyrir mér þessum kostum sem til boða stóðu og mig bæði langaði að kvænast og hætta við. Ég var milli tveggja elda og mér fannst þau toga í mig hvort úr sinni áttinni, Steingerður og skáldskapurinn. Mér fannst ég velja skáldskapinn með því að hafna Steingerði.

GEÐLÆKNIR: Hvað varð um Steingerði eftir þetta misheppnaða brúðkaup?

KORMÁKUR: Henni sárnaði mjög. Þorkell gaf hana öðrum manni, Bersa nokkrum, sem kallaður var Hólmgöngu-Bersi sakir vígafarla. Ég krafðist þess að fá Steingerði, en Bersi tók því víðsfjarri. En hann vildi sættast og bauð mér systur sína Helgu til kvonfangs. Enn eitt galdraflagðið kom þá aðvífandi og sagði Helgu vera fífl og ekki sæm-andi nokkrum dugandi manni. Ég hafnaði því boðinu og hitti Steingerði og ásakaði hana fyrir að hafa gifst Bersa en hún átaldi mig fyrir að hafa ekki komið til brúðkaupsins. Þarna mættust stálin stinn og ég vissi ekki hvað gera skyldi. Ég ákvað að skora Bersa á hólmi.

Móðir mín hafði miklar áhyggjur af einvíginu enda var Bersi víðfrægur vígamaður. Hún útvegaði mér sverðið Sköfnung sem var mikið og gott vopn í eigu Miðfjarðar-Skeggja. Hann lánaði mér það með alls kyns leiðbeiningum og reglum. Ég lét þær sem vind um eyru þjóta og sveiflaði sverðinu eins og mig lysti í engu samræmi við fyrirmæli Skeggja. Fór svo að ég fékk lítið sár á fingur í hólmgöngunni og var henni þá aflýst en skarð kom í egg sverðsins. Bersi bauðst reyndar til að græða fingurmeinið en ég skeytti því engu og lét móður mína búa um fingurinn.

Ég fékk mikið ör á höndina af þessari skeinu og erfitt reyndist að gera við sverðið. Skilaði ég Skeggja sverðinu stórskemmdu með þeim orðum að það hefði ekki dugað og reiddist hann mjög.

Nokkru síðar skildi Steingerður við Bersa. Hann gekk á hólmi við fleiri menn og fékk sár á þjóhnappinn eftir eitt einvígið. Batinn

kom seint, sárið greri illa og lá hann lengi veikur vegna þessa. Steingerður skildi þá við hann og fór um hann háðulegum orðum og kallaði hann Rass-Bersa. Það gladdi mig mjög þegar ég fregnaði skilnað þeirra og ummæli hennar um Bersa vígamann.

GEÐLÆKNIR: En hvað var þá til fyrirstöðu?

KORMÁKUR: Ekki tók betra við. Steingerður var fljótlega gift manni sem Þorvaldur hét tinteinn. Ég lét sem ég heyrði ekki þennan orðróm og aðhafðist ekkert. Eftir nokkra útivist hélt ég til Íslands, kom í land í Miðfirði og hitti þá Steingerði í fjörinni. Við fórum saman og gistum í litlum bæ við ströndina. Okkur var skipað hvoru í sitt rúmið og var brik á milli. Ég lamaðist eins og forðum fyrir brúðkaupið og mátti mig ekki hræra og komst aldrei yfir bríkina alla nóttina svo að við lágum þarna án þess að snerta hvort annað. Við vorum nærri hvort öðru en samt var eins og himinn og haf skjildi okkur að. Þetta var minn stærsti ósigur í lífinu. Steingerður lá handan við bríkina mjúk og lifandi og full af girnd en mér tókst ekki að hefja mig upp úr doða stundarinnar og taka hana í fangið. Kannski var þetta enn einn galdurinn sem svipti mig bæði ráði og rænu og allri karlmennsku.

Eftir þetta hélt ég áfram að hitta Steingerði í Svínadal þó að það þætti hin mesta hneisa fyrir nýjan brúðguma og ættingja hans. Fór svo að við Þorvaldur gengum á hólmen en hvorugur fékk endanlegan sigur.

Leikurinn barst til Noregs, ég átti alls kostar við Þorvald og einhverju sinni var Steingerður á mínu valdi. Þá höfðu sjóræningjar haft hana á brott með sér og hann gat ekkert að gert henni til hjálpar. Ég bjargaði henni þá úr klóm þessara manna og bauð þá Tinteinn mér Steingerði og sagði að hún skyldi með mér fara. Steingerður reiddist þessu og fannst eins og við værum að gera með okkur hnífakaup. Hún fylgdi bónda sínum frá þessum fundi en ég hélt aftur til Noregs einn míns liðs. Eftir þetta sáumst við ekki framar.

GEÐLÆKNIR: Hvernig leið þér með þetta?

KORMÁKUR: Ég var harmi sleginn og æ síðan var Steingerður mér

efst í huga. Í bardaga nokkru síðar glímdi ég við tröllaukinn berggrisa í Skotlandi. Ég drap risann en kom mjög þrekaður úr þessum fangbrögðum enda brotnuðu nokkur rif í atganginum. Minntist ég þá faðmlaga Steingerðar sem mér fundust blíðlegri og mýkri en glímutök risans. Ég ákvað þá að deyja með nafn Steingerðar á vörum mér enda hafði ég ekkert til að lifa fyrir lengur.

GEÐGREINING

Kormákur Ögmundarson: Sjálfstýrkunarpersónuröskun (*Narcissistic personality disorder*), hæðispersónuröskun (*Dependent personality disorder*), blandin kvíða og geðlæggðarröskun (*Mixed anxiety and depressive disorder*)

Það er erfitt að hengja eina geðgreiningu á Kormák enda er skapferli hans flókið og margbreytilegt. Kormákur er sjálfmiðaður og sjálfselskur og leitar viðurkenningar frá umhverfi sínu til að staðfesta eigið manngildi. Hann er ákaflega barnalegur og óþroskaður maður sem hleypur ávallt eftir eigin duttlungum og löngunum. Hann er tillitslaus, óráðþæginn og hugrakkur og hirðir ekki um áhættu. Samskipti hans við Miðfjarðar-Skeggja sýna þvermóðskufullan og þrjóskaungan mann sem þiggur engin ráð þar sem hann sjálfur veit alltaf best. Hann er ákvarðanafælinn, vill ekki bera ábyrgð á eigin lífi og flýr inn í yfirnáttúrulegar skýringar eins og algengt er meðal persónuleikaraskaðra einstaklinga. Í samskiptum sínum við Steingerði er hann sem lamaður og það er harla ósennilegt að þau hafi einhvern tíma notist þrátt fyrir allar ástarjátningarnar. Kormákur nýtir sér ekki þau tækifæri sem hann fær, sem mögulega hefur stafað af dulinni samkynhneigð og getuleysi. Geðlæknar þekkja vel flækjufót eins og Kormák sem nýtir hvert tækifæri sem gefst til að gera öll mál enn flóknari og erfiðari. Vandamálið er ekki þær ákvarðanir sem þeir taka, heldur hinar sem þeir taka ekki.

Steingerður Þorkelsdóttir: Blandin kvíða og geðlæggðarröskun
(*Mixed anxiety and depressive disorder*)

Steingerður virðist vera ákveðin ung kona sem veit nokkurn veginn hvað hún vill en verður að játa sig sigraða af karlmannaveldinu. Hún ræður ekki við óákveðni og efasemdir Kormáks og verður að setta sig við að vera gefin Víga-Bersa þegar Kormákur virðist orðinn henni afhuga. En hún hefur bein í nefinu og skilur við Bersa en þá tekur ekki betra við því að hún er óðar gefin öðrum manni.

Steingerður reynir allt hvað hún getur til að fá Kormák til að taka ákvörðun en henni veitist ókleift að lækna hann af þeirri ákvarðanafælni sem hann er haldinn. Hún fær á engan hátt notið hjónabandsinna með Kormák á eftir sér með ástarjátningar sínar á vörum. Hún er jarðbundin og raunsæ en áttar sig engan veginn á geðflækjum Kormáks. Glöggur lesandi greinir þó örvinglan kortunnar. Líf hennar einkennist af stöðugri óvissu og vonbrigðum þar sem allt fer venjulega á versta veg. Hún hefur efast um eigin kvenímynd og kynþokka nóttina góðu í selinu þar sem unnustinn liggur lamaður handan bríkar og getur sig ekki hreyft.

Kormákur og Steingerður í nútímanum

Kormákur var ágætum gáfum gæddur og hefði getað náð langt á fjölmörgum sviðum. Vandamálið hefði ávallt verið óákveðni og endalausar efasemdir um sjálfan sig. Valkviðinn hefði ávallt verið honum fjötur um fót og hætt er við því að hann hefði ósjaldan misst af tækifærum lífsins sakir þess.

Kormákur hefði vafist fyrir nútímamönnum ekki síður en samtíð sinni á söguöld. Skáldskapargáfan hefði fleytt honum langt í lista-samfélagi, hann hefði líklega orðið skáld eða rithöfundur en aldrei tekst að hefja sig upp úr meðalmennskunni sakir eigin óöryggis. Hann hefði aldrei þorað að feta ókunna stigu eða taka af skarið, heldur gerst þræll formsins og gamalla hefða. Sennilega hefði hann

náð langt í félagssamtökum rithöfunda og ferðast til fjarlægra landa til að kynna íslenskar bókmenntir. Ástamálin hefðu þvælst fyrir honum þar sem hann hefði aldrei getað tekið endanlegar ákvarðanir, ekki einu sinni um eigin kynhneigð.

Steingerður er ein þessara tápmiklu og hæfileikaríku kvenna sem samfélag söguvaldar hélt niðri en gæti blómstrað á okkar tímum. Hún gæti náð langt á öllum þeim sviðum sem hún hefði kært sig um sem kennari, stjórnandi eða hjúkrunarfræðingur eða forseti lýðveldisins.

Ástamálin hefðu flækst fyrir henni eins og áður og hún hefði eflaust heillast af töfrum Kormáks og verið tilbúin að yfirgefa mann og börn fyrir hann nú sem þá. Málalyktir hefðu orðið þær sömu. Henni hefði ofboðið úrræðaleysi og ákvarðanafælni Kormáks og farið aftur heim til bónda síns og barna en skilið skáldið eftir í eigin ráðleysi. Ástarsorgin hefði æ síðan verið það afl sem mestu réð í bókmenntaafrekum Kormáks.

GEÐGREINING

Bersi Véleifsson (Hólmögngu-Bersi)

Geðvillupersónuröskun (*Psychopathic personality disorder*)

Sagan dregur upp skýra mynd af Víga-Bersa hólmögngumanni og eiginmanni Steingerðar. Reyndar er mun meira frá honum sagt en nokkur ástæða er til vegna framvindu sögunnar. Honum er lýst sem auðugum manni, góðum dreng og miklum vígamanni. Hann er skáld gott og yrkir mikið um afrek sín á vígvellinum. Bersi lýsir því í kvæðum að hann hafi fellt hátt í fjörutíu menn svo að hann er afkastamikill í drápunum. Þegar hann var orðinn gamall maður var eins og hann saknaði manndrápanna og hann segist alveg eins geta verið dauður ef hann hætti að drepa menn. Bersi drepur enn einn manninn (þann 36. í röðinni) með stuðningi tólf ára fóstursonar síns, Halldórs Ólafssonar

Höskuldssonar. Honum tekst að hagræða þannig málum að hann drepur menn fyrst og fremst í einvígjum svo að erfitt er að sækja hann til saka fyrir manndráp.

Mannvíg virðast vera Bersa lífsnaudsynleg til að sanna fyrir sjálfum sér og umheiminum eigið manngildi og sjálfsmynd. Höfundur leggur ekki siðferðislegt mat á Bersa eða háttalag hans og er í raun mjög tvístígandi í afstöðu sinni. Hann lýsir Bersa sem ágætum dreng og vígamanni en jafnframt sem morðóðum berserki sem ekki er í rónni nema hann sé að ganga á hólm. Hann er siðblindur samkvæmt gildismati nútímamanna en höfundur Kormáks sögu virðist ekki hafa haft þá afstöðu, heldur slær úr og í. Steingerður velur að yfirgefa þennan mikla vígamann þegar hann liggur sár á annarri rasskinn eftir einvígi. Erfitt er að finna ólíkari menn en Bersa og Kormák. Annars vegar fagurkerinn og skáldið Kormákur sem er fullur af tilfinningum og hrifnæmi en hins vegar hinn samviskudaufi og fjarlægji Bersi.

Hólmgöngu-Bersi kemur reyndar skemmtilega á óvart í viðskiptum sínum við Kormák. Hann hagar sér við kappann eins og óþekkan strákpjakk fremur en fullorðinn mann. Bersi býður honum systur sína til kvonfangs þegar Steingerður er runnin Kormáki úr greipum og býðst auk þess til að græða fingurmeinið eftir einvígið. Svona haga drápsóðir vígamenn sér ekki, heldur misskildir mannvínir, svo að kannski hefur Bersi átt sér manneskjulegri hliðar eins og margir siðblindir menn.

Í SÖGULOK

Ástarævintýrið um Kormák og Steingerði er gott dæmi um alla þá óhamingju sem ástin getur valdið. Vísur hans um Steingerði hafa sérstöðu í íslenskum ástarkveðskap. Í einni vísunni jafnar hann ýmsum líkamshlutum hennar við margs konar verðmæti og í annarri metur hann hana til jafns við mörg þjóðlönd. Hann segir einnig að heilar



stórar muni fyrr renna upp í móti en hann hafni henni. Annars staðar segir hann að hellur muni fljóta á vatni og fjöll sökva í sæ áður en jafnfögur kona fæðist. Þessar tilfinningar hefðu menn kallað heita ást á okkar tímum enda lýsir ekkert skáld stúlkunni sinni eins og Kormákur. Kannski má segja að Skáld-Rósa fari svipaða leið í frægum vísum sínum um ástina:

Þó að kali heitur hver,
hylji dali jökull ber,
steinar tali og allt hvað er
aldrei skal ég gleyma þér.

Margir gáfumenn hafa sett fram þá skoðun að sagan fjalli um eilífan vanda listamannsins sem þarf að velja á milli listarinnar og eigin köllunar og lífsins sjálfs. Kormákur valdi milli ástarinnar og listagyðjunnar og kaus þá síðarnefndu. Ævi og örlög Kormáks heilluðu mig á unglingsárunum enda var hann bæði ungur, ástfanginn og óhamingjusamur. Á þessum tíma áttu öll skáld að vera svartklædd og ganga með þjáningarbross á vörum. Skáldskapur var nefnilega ekkert grín heldur blóðug, dapurleg alvara. Góð ástarsorg var eins og ljúfsárt krydd í tilveruna og nauðsynleg til að skáldið næði varanlegum þroska. Ástin og skáldskapurinn nærðu hvort annað. Það er merkilegt við Kormáks sögu að hvergi er þess getið að þau Steingerður hafi náð að njótast og ekki er rætt um aðrar konur í lífi skáldsins. Kannski var hann alltaf hreinn sveinn eða samkynhneigður og fyrst og fremst ástfanginn af hugmyndinni um ástina. Var það orsökinn fyrir uppburðarleysi skáldsins en ekki einhverjar háleitir hugmyndir um val á milli ástar og lista?



BJARNAR SAGA HÍTDÆLAKAPPA

Í sögunni er sagt frá ástum og ævintýrum Bjarnar Hítðælakappa og viðureign hans við keppinaut sinn, Þórð Kolbeinsson, um ástir Oddnýjar eykyndils. Sagan gerist að mestu í Mýra- og Snæfellsnessýslum en leikurinn berst auk þess til fjarlæggra landa. Björn og Oddný eru trúlofuð en Þórði tekst með brögðum að komast yfir konuna meðan Björn er ytra. Hann fer víða í sögunni og berst með konungum við fjarlægjar þjóðir við mikinn orðstír. Þórður og Oddný giftast og eignast fjölda barna en Björn kemur aftur heim og þá etja þeir kappi um hana. Þau átök enda með ósigri þeirra allra.



ÞÓRÐUR KOLBEINSSON: *Bóni í Hítarnesi, skáldmæltur vel og mikill og metnaðarfullur kappi. Hann hafði áður verið í siglingum og hlotið talsverðan frama. Ekki var hann vinsell af alþýðu manna enda spottsamur og grár við alla. Hann var fimmtán árum eldri en Björn. Höfundur sögunnar er í nöp við Þórð og talar niðrandi um hann.*

BJÖRN HÍTDÆLAKAPPI ARNGEIRSSON: *Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson að Borg á Mýrum var langafi hans og svipaði honum til langfeðga sinna. Björn var alinn upp hjá Skúla frænda sínum Þorsteinssyni að Borg. Hann var mikill vexti, rammur að aftli, karlmannlegur og glæsilegur að vallarsýn og ágætt skáld. Sögumanni er mjög hlýtt til Bjarnar og gerir hlut hans sem allra mestan í vidualigninni við Þórð. Þess er getið að Birni hafi verið komið í föstur til Skúla til að forða honum frá stríðni og kerskni Þórðar. Nútímamenn hefðu því sennilega sagt að Þórður hafi lagt Björn í einelti. En þessar deilur frá því að Björn er kornungur máður gefa tóninn varðandi framtíðarviðskipti þessara tveggja kappi. Hann kvæntist Þórdísi nokkurri en lítið fer fyrir henni í sögunni enda er hún í algjöru aukahlutverki í dramanu kringum Oddnýju eykyndil.*

ODDNÝ ÞORKELSDÓTTIR, KÖLLUÐ EYKYNDILL: *Hún þótti allra kvenna vænst og mikill skörungur. Hún ólst upp í Hjörsey fyrir Mýrum.*



VIÐTAL VIÐ BJÖRN HÍTDÆLAKAPPA ARNGEIRSSON

GEDLÆKNIR: Segðu mér frá samskiptum ykkar Oddnýjar.

BJÖRN: Ég vandi snemma komur mínar til Hjörseyjar og sat löngum á tali við Oddnýju enda var hún afbragð annarra kvenna. En ég vildi

halda utan til Noregs og batt það fastmælum við kaupmenn sem ég hafði kynnst. Áður en ég fór hitti ég Þorkel föður hennar og bað hennar og var ákveðið að hún skyldi sitja í festum í þrjá vetur meðan ég væri ytra.

Mér gekk alveg ágætlega í Noregi. Við hirðina hitti ég gamlan sveitunga, Þórð Kolbeinsson frá Hítarnesi, sem reynt hafði mér illa á Íslandi. Hann var eldri en ég og fullur kerskni og stríðni og mér stóð stuggur af honum. En okkur varð vel til vana við hirð Eiríks jarls. Einhverju sinni sátum við saman að drykkju og þá trúði ég honum fyrir því að ég vildi fara í víking með liði jarls. Hann hvatti mig til þess og fékk mig til að selja sér í hendur forlátahringinn Eiríksnaut til að færa Oddnýju til staðfestingar á ást minni og trúmennsku. Kvöddumst við eftir þetta.

Ég hélt í víking til Garðaríkis og barðist þar. Fór svo að ég særðist alvarlega í hölmgöngu og lá lengi í sárum mínum. Eftir þetta var ég jafnan kallaður Björn Hítðælakappi enda fór mikið orð af hreystiverkum mínum. En nokkru síðar fékk ég slæmar fréttir að heiman. Ég heyrði að Þórður Kolbeinsson hefði kvænt Oddnýju heitkonu minni meðan ég var í víking.

En ég ákvað að láta eins og ekkert væri, hélt áfram í víkingaferðum og reyndi að gleyma Oddnýju. Að nokkrum árum liðnum hitti ég Þórð aftur. Ég var í víking þegar fundum okkar bar saman fyrir hreina tilviljun og átti ég allskostar við hann, en ákvað að gefa honum grið. Ekki veit ég af hverju ég þyrmdi lífi Þórðar en ég sagði konungi að það hefði verið sakir vináttu þeirra. Eftir þetta fýsti mig aftur til Íslands. Ég sá eftir því að hafa ekki drepið Þórð þegar ég gat það en nú varð ekki aftur snúið.

GEDLÆKNIR: Fórstu til Íslands í framhaldi af þessum fundi?

BJÖRN: Já, ég gerði það og hitti Þórð. Hann bauð mér að búa hjá sér og Oddnýju í Hítarnesi. Margir vöruðu mig við Þórði og hugðu hann tala fagurt en hugsa flátt. En ég vildi vera nálægt Oddnýju og ákvað að þekkjast boðið. Ég var hertur úr mörgum orrustum og hræddist ekkert og boð Þórðar var enn ein ögrunin frá hans hendi. Ég ákvað

að láta skeika að sköpuðu og flutti inn á heimili fyrrum unnustu minnar og eljara míns. En það gekk alls ekki vel.

Heimilisbragur allur var með miklum endemum. Þau Þórður og Oddný töluðust varla við og spennan á milli okkar allra var óþolandi. Einhverju sinni sló Þórður til hennar og orti ég þá háðvísu um hann og karlmennsku hans. Þórður svaraði með vísu þar sem hann gaf í skyn að ég hefði sorðið kýr í fjósi en ég vændi hann á móti um ergi. Við vorum eins og tveir hanar á fjóshaug og kepptum um hylli Oddnýjar. Mér féll þungt að vera samvistum við hana daglega á þennan hátt og sjá hana í móðurhlutverki með börnum þeirra Þórðar.

Ég flutti frá Hítarnesi og vissi að þangað hefði ég aldrei átt að koma. Við Þórður hötuðum hvor annan og það var eins og fleinn í holdi að sjá konuna sem ég elskaði í örmum þessa svikula manns. Hann sendi menn til höfuðs mér en ég drap þá alltaf. Á næstu miss-erum háðum við nokkrar orrustur en ég hafði jafnan betur. Þetta voru miklir ófriðartímar og ég þurfti alltaf að vera á varðbergi. Ég kvæntist konu sem Þórdís hét en okkar samband var mér lítils virði enda var Oddný eina konan sem ég elskaði og dáði. Mér sveið ósigur minn gagnvart Þórði og ásakaði sjálfan mig stöðugt um heimsku og grunnhyggni í samskiptum við þennan undirförla mann. Svo kom að því að honum tókst að koma mér að óvörum og sækja að mér með ofurefli liðs. Þá áttaði ég mig á því að endalokin voru nærri og Þórður mundi sigrá endanlega í þessum slag okkar um Oddnýju.

GEDGREINING

Björn Hítðalakappi Arngeirsson er frískari andlega en flestar aðrar hetjur sagnanna. Viðbrögð hans eru venjulega fyrirsjáanleg og hann virðist vera heidarlegur maður. Hann er auðtrúa, einfaldur og saklaus og sér ekki við klækjum Þórðar en það er honum eiginlegt. Þegar allir eru komið í óefni tekur hann hraustlega á móti þótt hann verði að bíða lægri hlut. Hann er einkennilega samsettur maður. Miklar sögur eru

sagðar af hreystiverkum hans og framgöngu í Garðaríki en samskipti þeirra Þórðar einkennast af mikilli lággúru. Þeir yrkja tilkomulitlar og barnalegar vísur hvor um annan eins og óþroskaðir unglingar.

Reyndar má Björn eiga það að hann er ekki eins siðblindur og flestir aðrir sem fóru í víking og týndu allri siðgæðisvitund. Hann er sjálfselfskur, speglar sig í döprum augum eykyndils og sættir sig ekki við orðinn hlut en heldur áfram í blindni og þvermóðsku þar til yfir lýkur. Reyndar má segja að ást Björns á Oddnýju jaðri við að vera einhvers konar þráhyggja en það er hæpið að skilgreina ástina sem sjúkdóm þó að sumir geri það. Höfundur er svo heillaður af ástarsögu Bjarnar og Oddnýjar og Þórðar að hann gleymir að mestu eiginkonu Bjarnar sem er í algjöru aukahlutverki í þessum átökum. Hún virðist þó hafa vitað allt um hug eiginmanns síns til eykyndils og sætt sig við að deila manni sínum andlega með annarri konu.



VIÐTAL VIÐ ÞÓRÐ KOLBEINSSON

GEDLÆKNIR: Hvernig bar fundum þínum og Bjarnar Arngeirssonar saman?

ÞÓRÐUR: Við vorum sveitungar og þekktumst vel. Hann var viðkvæmur og ég hafði einstakt yndi af því að stríða honum. Ég frétti að hann hefði trúlofast Oddnýju eykyndli frá Hjörsey og féll það illa því að ég hafði augastað á konunni. Skömmu síðar heyrði ég að Björn væri farinn til útlanda en Oddný sæti í festum. Mér fannst Björn alltaf heldur vitgrannur og saklaus svo að ég ákvað að bíða færís. Við hittumst við hirð Eiríks jarls þar sem ég færði jarli drápu. Björn var á leið í víking en ég ætlaði til Íslands. Varð að ráði að hann seldi mér í hendur forláta hring til að færa Oddnýju ásamt einhverjum innihaldslausum ástarorðum. Fór ég til Íslands um vorið og færði Oddnýju hringinn en sagði jafnframt að Björn hefði gefið mér hana eftir, ef hann andaðist eða kæmi ekki aftur til Íslands. Ég vissi sem var að víkingaferðir væru hættulegar og margir sneru aldrei aftur heim.

Um vorið frétti ég hjá kaupmönnum að Björn hefði særst alvarlega í bardaga og ákvað þá að bæta um betur, sagði hann dauðan og greiddi þeim ærið fé fyrir að staðfesta þá sögu. Hélt ég til Hjörseyjar og bað mér Oddnýjar fyrir konu. Frændur hennar voru þessu mótfallnir en þegar engin tíðindi bárust af Birni var þetta fastmælum bundið og við vorum gift. Við bjuggum að Hítarnesi og eignuðumst saman átta börn, fimm syni og þrjár dætur. Engar spurnir hafði ég af Birni þótt mig grunaði að hann væri enn á lífi. Eftir því sem tíminn leið varð mér rórra og taldi að hann hefði sennilega fest ráð sitt í Noregi og kæmi aldrei aftur til Íslands.



En við hittumst fyrir tilviljun í Danmörku og ég komst að raun um að hann var mér ofsareidur. Nokkru síðar kom hann til Íslands og þá bauð ég honum að vera hjá okkur

Oddnýju í Hítarnesi þar sem mér fannst skynsamlegast að hafa hann í sjónmáli. Björn grunaði að ég hefði illt í hyggju en hann ákvað þó að koma og dveljast hjá okkur. En allt fór á versta veg eftir heimkomu Bjarnar. Við Oddný rifumst í sífellu og við Björn deildum og ortum nið hvor um annan. Neyddist ég til að löðruna hana til að þagga niður í henni en Björn tók það mjög óstínt upp. Svo fór að lokum að Björn flutti frá okkur í mikilli óvináttu.

GEÐLÆKNIR: Hvernig brást Oddný við þessu?

ÞÓRÐUR: Hún brást illa við og ásakaði mig um lygar og svik. Ástandið milli okkar Oddnýjar fór versnandi og ég óttaðist að hún segði skilið við mig og færi til Bjarnar. Ég sendi menn til að drepa hann en honum tókst jafnan að snúa á mig og komast lifandi undan.

Eftir nokkurn undirbúning tókst mér að safna liði og sitja fyrir Birni. Hann varðist vel gegn ofurefli liðs en svo fór að mér tókst að höggva af honum þjóhnappana. Féll hann þá og var dauður. Mér var ákaflega létt þegar ég sá óvin minn liggjandi dauðan í blóði sínu. Mér fannst að loksins yrði Oddný mín. Ég hjó af honum höfuðið og

tók men sem hann bar um háls sér til að færa móður hans og eigin konu. Þegar heim var komið færði ég Oddnýju menið en þá brá svo við að hún hné niður og missti meðvitund. Þegar hún rankaði við sér var hún haldin slíku þunglyndi og óyndi að hún brosti aldrei eftir það. Hún var alltaf friðlaus um allan líkamann af verkjum og það eitt var henni til fróunar að ég leiddi undir henni hest. Ekkert annað var henni til gleði.

GEÐLÆKNIR: Þetta hljómar ekki vel?

ÞÓRÐUR: Nei, þegar ég teymdi hestinn fram og aftur um landareignina undir Oddnýju vitfirtri af harmi, óskaði ég þess að ég hefði aldrei drepit Björn. Mér fannst eins og allt hefði farið á versta veg og kannski hefði verið best að Björn lifði og hefði fengið Oddnýjar. Enginn maður er eins einmana og sá sem teymir gamlan klár undir hugstola konu sinni. Ég hafði nógan tíma til þess að hugsa og rifja upp ævi mína og iðrast þess hversu óbilgjarn ég oft var. Eftir mikil málaferli og samninga var ég dæmdur til að greiða himinháar bætur fyrir Björn en menn mínir sem Björn hafði drepit voru að mestu óbættir. Varð ég að una þessum málalokum svo að segja má að ósigur minn hafi verið algjör.

GEÐGREINING

Þórður Kolbeinsson: Andfélagsleg persónuröskun (*Antisocial personality disorder*)

Þórður er greinilega andfélagslega sinnaður einstaklingur sem svífst einskis til að koma ár sinni sem best fyrir borð. Hann svíkur og lýgur til að ná ástum Oddnýjar, hikar ekki við að segja keppinaut sinn dauðan og kaupir menn til að gera slíkt hið sama. Þórður er sjálfmiðaður tækifærissinni sem vílar ekkert fyrir sér til að ná settu marki. Framkoma hans gagnvart líki Bjarnar er hneykslunarhella nútímamanna

en Þórði finnst skipta miklu að sanna fyrir umheiminum hver hefði sigrað í þessum slag. En konurnar sem hann færir men og höfuð hæða hann og niðurlægja svo að allt snýst upp í andhverfu sína. Sögunni lýkur með algjörum ósigri Þórðar og miklum fébótum. Ekki er að efa að þessum stolta og slóttuga manni féll þungt hvernig mál skipuðust en hann gat ekkert gert annað en hlíta þeim úrskurði.

Oddný eykyndill Þorkelsdóttir: Alvarleg geðlægdarlotta með geðrofseinkennum (*Severe depressive episode with psychotic symptoms*)

Oddný er enn ein konan í sögunum sem ræður litlu um eigin örlög og verður að lúta duttlungum karlmannaveldisins. Hún biður í festum eftir mannum sem hún elskar þegar Þórður kemur og segir hann dauðan. Í sorginni miðri er hún gefin honum. Löngu síðar kemur unnustinn sprellumandi aftur til sögunnar og Oddný verður að endurskoða allt sitt líf í því ljósi. En hún áttar sig fljótlega á því að engu verður breytt og áhrifaleysi hennar er algjört.

Í sögunni er mjög dramatísk lýsing á dauða Bjarnar og eftirmálum hans. Þórður hjó höfuðið af Birni og hengdi á hnakknefið og fór ríðandi til móður hans til að færa henni. Hún svarði reyndar illu einu og sagði honum að færa það Oddnýju enda hefði hún haft meiri mætur á þessu afhöggna höfði en því sem lafði á hálsi hans. Greinilegt er að samband þeirra tveggja hefur verið á allra vitorði. Þórður færði Þórdísi konu Björns hálsmen sem hann hafði tekið af líkinu. Hún kastadi því til hans og bað hann færa það Oddnýju enda væri harmur hennar mestur. Þórður verður að una því að allir líti á hann sem kokkáladan eiginmann og að kona hans hafi elskað annan mann meira en hann. Hann sagði Oddnýju andlátsfréttina og færði henni menið sem varð til þess að hún hneig niður og vissi ekki af sér. Þegar af henni rann óvitið fékk hún mikla vanheilsu og reyndi Þórður allt sem hann mátti til að hugga hana. Hún var altekin af verkjum og ákafast fyrsta veturinn. „Hún mornaði og þornaði og tæði aldrei síðan tanna og lifði þó mjög lengi við þessi óhægindi.“ Hér er lýst alvarlegri geðlægd á snilldarlegan hátt. Hún veslaðist upp og þornaði og brosti aldrei framur (tæja

tanna=láta sjást í tennurnar).

Í lok sögunnar tekur Oddný stjórnina og flýr inn í heim geðveikinnar þar sem hún fær að vera í friði og Þórður gerist þjónn hennar og gengur undir duttlungum hennar og veikindum.

Konur eins og Oddný eru tíðir gestir á geðdeildum. Þær gefast upp fyrir álagi og erfiðleikum daglegs lífs og leita ásjár í skjól sjúkrahússins. Þessu hefur Megas lýst snilldarlega í kvæði sínu um Víðihlíð þar sem raunsönn mynd af þessum veruleika er dregin upp. Með nútímalýfjamæðferð tekst að minnka áhrifin af þessu áreiti og fólk útskrifast til síns heima í mun betra ástandi.



Björn, Þórður og Oddný í nútímanum

Kannski er þessi þrenning næst nútímamönnum hvað hugsunarhátt og lífsskoðanir snertir. Björn hefði haslað sér völl í lækningum eða rannsóknnum og dvalist langdvölum í útlöndum. Helsta vandamál hans hefði verið trúgirnir og sakleysi í viðskiptum við hina fláu veröld. Hann hefði iðulega látið blekkjast í samskiptum við bílasala, bankamenn eða fulltrúa lyfjafyrirtækja.

Oddný hefði gifst og eignast ágætt líf sem húsfreyja og bóndi í sveit. Hún hefði barist við þunglyndi og verið fastagestur á heilsugæslunni í Borgarnesi vegna kvíða og depurðar.

Þórður hefði gerst forystumaður í stéttarsamtökum bænda með eigin hagsmunum að leiðarljósi í hverju máli. Siðblinda hans hefði nýst honum ágætlega við að skara eld að sinni köku og hann hefði auðgast vel. Þórður hefði orðið dæmigerður íslenskur bændahöfðingi með ágæt tengsl inn í stjórnmálaflokka.

Hefðu leiðir þeirra þriggja legið saman í ástarþríhyrningi er hætt við að endalokin hefðu orðið þau sömu. Björn hefði hitt aftur gamla kærustu og komist upp á milli hjóna en Þórður haft betur sakir yfirburða sinna á klækjasviðinu og grandaleysis Björns. Oddný hefði orðið þunglyndinu að bráð eins og áður og lagst ítrekað inn á geðdeild. Björn hefði horfið af sjónarsviðinu til útlanda en þau Þórður setið eftir

á óðalsbúinu. Ekkert hefði dugað á verstu þunglyndisköst Oddnýjar nema langar bílferðir á jeppanum um uppsveitir Borgarfjarðar.



Í SÖGULOK

Sagan um Björn Hítðælakappa og Oddnýju eykyndil er einkennileg og sorgleg ástarsaga. Ekki er að sjá að þau hafi nokkru sinni notið en Oddný eignaðist fjölda barna með Þórði. Þeir berjast um hylli hennar og í átökunum tapa Björn og Oddný bæði, hann lífinu og hún vitinu. Þórður vinnur en stendur uppi í sögulok sem einmana maður sem búinn er að tapa öllu. Myndin sem höfundur dregur upp að leikslökum er dapurleg. Hetjan Þórður teymir hest sinn undir vitfirrtri konu sinni hring eftir hring án endis. Þetta minnir á örlög Sísyfosar hins gríska sem veltir í sífellu steini upp fjallshlíðina í fullkomnu tilgangsleysi. Sagan fjallar um mátt ástarinnar og varnarleysi mannsins gagnvart tilfinningum sínum. Mér finnst sagan af Birni, Oddnýju og Þórði ein sú fallegasta í öllum þjóðararfinum vegna þess hversu manneskjuleg hún er. Allir hugsandi menn geta samsamað sig með einhverri af hetjum sögunnar eða þeim öllum.



GUNNLAUGS SAGA ORMSTUNGU

Saga Gunnlaugs Illugasonar ormstungu er með þekktari ástarsögum í íslenskum bókmenntum. Hún fjallar um ástir Gunnlaugs og keppinautar hans Hrafns Önundarsonar á Helgu hinni fögru Þorsteinsdóttur. Í upphafi sögunnar dreymir Þorstein föður Helgu táknrænan draum um ævi dóttur sinnar ófæddrar og verður svo mikið um að hann fyrirskipar að dóttirin skuli borin út. Henni er bjargað eins og mörgu öðru efnisfólki sem út var borið í Íslendingasögum. Sagan fylgir síðan ævi hennar allt til grafar. Þungamiðja sögunnar eru átök þeirra Gunnlaugs Illugasonar og Hrafns Önundarsonar um hana. Þeir fara báðir í viking og leita sér frægðar og frama við konungshirðir. Þau Gunnlaugur og Helga trúlofast en Hrafn kemst upp á milli þeirra og kvænist Helgu. Gunnlaugur unir því ekki og þeir berjast um hana uns báðir falla. Helga giftist löngu síðar öðrum manni en saknar alltaf Gunnlaugs.



GUNNLAUGUR ILLUGASON ORMSTUNGA frá Gilsbakka í Hvítársíðu í Borgarfirði. Hann var hávaðamaður í öllu skaplyndi, framgjarn, óvæginn og skáld gott og gat verið hvass í kveðskap sínum. Af þeim sökum var hann kallaður ormstunga.

HELGA ÞORSTEINSDÓTTIR HIN FAGRA, höfðingjadóttir af ætt Egils Skalla-Grimssonar frá Borg á Mýrum. Hún var sögð fegurst kvenna og mestur kvenkostur á Íslandi. Helga var sérlega hárprúð og gat hulið sig alla í gullinfögru hári sínu og minnti einna helst á álfkonu.

HRAFN ÖNUNDARSON FRÁ MOSFELLI var mikill maður og sterkur, skáld gott og vel sigldur.



VIÐTAL VIÐ GUNNLAUG ORMSTUNGU ILLUGASON

GEDLÆKNIR: Segðu mér eitthvað frá sjálfum þér.

GUNNLAUGUR: Ég er alinn upp að Gilsbakka í Hvítársíðu hjá foreldrum mínum, Illuga svarta Hallkelssyni og móður minni Ingibjörgu Ásbjarnardóttur ásamt fjölda systkina. Þegar ég var enn á unglingsaldri fór ég að venja komur mínar að Borg á Mýrum á fund Helgu Þorsteinsdóttur. Ég heillaðist af glæsileika hennar og hæfileikum enda var hún fegurst allra stúlkna sem ég hafði séð. Þorsteini föður hennar kynntist ég vel og einhverju sinni bað ég hann að kenna mér að fastna mér konu. Gerði hann það og lét ég hann nefna Helgu á nafn í gríni og sagði að hún væri nú föstnuð mér. Þorsteini féll þessi leikur ekki í geð þótt hann léti ekki á því bera. Þegar ég var átján ára

ákvað ég að halda til Noregs en áður en ég fór lét ég föður minn bera upp bónorð við Þorstein á Borg. Var Helga heitin mér í þrjá vetur.

Ég hélt til Noregs á fund Eiríks jarls Hákonarsonar og lenti í orðaskaki við hann sem varð til þess að ég fór frá hirðinni til Englands. Nokkru síðar hitti ég fyrir landa minn, Hrafn Önundarson frá Mosfelli, við hirð Ólafs Eiríkssonar Svíakonungs. Okkur lenti fljótlega saman og kvöddumst ekki með neinum kærleikum þegar Hrafn fór til Íslands. Ég var orðhvatur og lenti oft í deilum og mannjöfnuði við menn sem enduðu með móðgunum og sárindum. Reyndar fannst mér konungur egna okkur saman með því að láta okkur flytja kvæði hvorn á eftir öðrum og við áttum síðan að meta skáldskap hins. Hrafn sagði að kvæði mitt væri stirðkveðið og stórort eða eins og ég að skaplyndi. Ég sagði á hinn bóginn að kvæði Hrafns væri fagurt og yfirbragðslítið eins og Hrafn sjálfur. Þetta sárnaði honum svo mjög að hann kvaddi með stóryrðum og hótaði hefndum. Ég hélt áfram ferðalögum mínum og bardögum með konungum og frestaði Íslandsför.

Þegar árin þrjú voru liðin ætlaði ég heim en Aðalráður Engla-konungur gaf mér ekki fararleyfi og tafðist ég því um eitt ár ytra. Ég komst ekki frá Englandi fyrr en á miðju sumri og fór þá til Noregs og sigldi heim með síðasta skipi það haustið með Hallfredi vandræðaskáldi. Þegar við vorum lagðir af stað til Íslands sagði hann mér að Hrafn Önundarson hefði bedið Helgu og brúðkaup þeirra væri ákveðið. Þetta kom mér í opna skjöldu en ég var staðráðinn í því að koma í veg fyrir að þetta brúðkaup færi fram.



En skipið tók land á Norðausturlandi og ég glímdi við bóndason frá Melrakkaslétu í lendingunni. Ég hafði hann undir, en fótur minn fór úr liði í þessum átökum. Hann bólgnaði mikið, sem gerði suðurförina þorsóttari en ella enda var erfitt að sitja hest margar dagleiðir fótlama. Við komumst

loks heim að Gilsbakka sama laugardagskvöld og brúðkaupið fór fram. Ég vildi ríða niður að Borg og koma í veg fyrir allt saman en faðir minn taldi það mikið óráð og allir aðrir heimilismenn. Fóturinn var enn svo bólginn að ég gat vart gengið. Ég var þreyttur eftir ferðina svo að ekkert varð úr för til Borgar svo að ég sat sem fastast að Gilsbakka meðan Helga og Hrafn giftu sig.

GEÐLÆKNIR: Hvernig leið þér með þetta?

GUNNLAUGUR: Ég var sem steini lostinn og ofsareiður. Mér fannst skelfilegt til þess að hugsa að unnusta mín væri í fangi Hrafns óvinar míns. Ég hafði verið blekktur og svikinn og fylltist réttlátri bræði gagnvart Hrafn, Helgu og Þorsteini föður hennar. Ég hitti Helgu fljótlega og komst að raun um að hugur hennar gagnvart mér var óbreyttur. Hrafn hafði blekkt hana eins og alla aðra meðan ég var erlendis. Ég hataði Hrafn og fannst hann hafa komið svívirðilega fram. Fór svo að ég skoraði hann á hólm á Alþingi. Þetta einvígi fór ekki betur en svo að ég fékk smáskeinu í andlitið sem varð til þess að menn stöðvuðu okkur. Mér fannst þetta mikil háðung. Hrafn kom skömmu síðar að Gilsbakka og bauð mér í aðra hólmgöngu í Noregi þar sem engir gætu gengið í milli. Þessi einvígismál okkar Hrafns voru aðhláturforni um allt land og ungir piltar léku okkur tvo og hentu að því gaman.

Ég skildi að ég yrði að drepa Hrafn svo að Helga yrði mín. Við fórum til Noregs og börðumst hálfu öðru ári síðar. Ég hafði betur í hörðu einvígi og tókst að höggva annan fótinn undan Hrafn. Hann féll ekki heldur stóð og studdi sig við trjástofn. Hann bað mig þá að færa sér vatn að drekka og lofaði að vinna mér ekki mein. Þetta var það síðasta sem ég gerði því að hann gekk á bak orða sinna og hjó mig banahögg.

GEÐGREINING

Gunnlaugur ormstunga Illugason er hégómlegur, barnalegur, óráðinn og dyntóttur og á erfitt með að taka ákvarðanir. Hann er kjaftfor, óhræddur og montinn töffari sem reynir að hafa sem flest járn í eldinum samtímis og missir fyrir vikið af ástinni í lífi sínu. Hann fer víða, heimsækir konunga og færir þeim kvæði og ætlast til mikils lofs að launum. En þrátt fyrir allt sitt stærilæti er Gunnlaugur óöruggur ungur maður sem sífellt leitar að staðfestingu á eigin mannkostum og karlmennsku. Hann virðist ákveðinn en er í raun ákvarðanafællinn.

Gunnlaugur elskar Helgu af einlægni en hann hefur einstakt lag á að klúðra málum svo að allt fer öðruvísi en hann ætlaði. Hann er haldinn þeirri áráttu að hika einatt þegar gæfa hans ríður á því að stefna beint að marki. En hann hafnar aldrei ástmey sinni eins og sum önnur skáld. Í lokaátökunum hefur hann þó yfirunnið allt hik en á síðustu stundu tefir hann bæði framtíð sinni og Helgu í tvísýnu með því að treysta Hrafn þótt hann gruni hann um græsku. Hann geldur fyrir þessa trúgirni með lífi sínu. Engu er líkara en hann óski sér þessara endaloka innst inni eða hann hafi slíka ofurtrú á sjálfum sér að ekkert geti grandað sér á þessari sigurstundu.

Það er erfitt að setja einhverja eina geðgreiningu á þennan mann. Gunnlaugur er að mörgu leyti dæmigerður ungur maður sem langar til að sigra heiminn en ætlar sér um of og kappið og metnaðurinn snúast upp í andhverfu sína. Hann er að sjálfsögðu mikill narsissisti og oflátí eins og fleiri hetjur sagnanna.



VIÐTAL VIÐ HRAFN ÖNUNDARSON

Geðlæknir: Hvernig er þín saga, Hrafn?

Hrafn: Ég er ættaður frá Mosfelli, sonur Önundar goðorðsmanns og Geirnýjar Gnúpsdóttur konu hans. Við vorum þrír bræður en ég

var jafnan foringi okkar. Snemma frétti ég af fegurð og glæsileika Helgu Þorsteinsdóttur frá Borg á Mýrum. Þegar ég sá hana í fyrsta sinn var ég sem heillaður og vildi kvænast henni. Þegar ég frétti af trúlofun Helgu og Gunnlaugs ormstungu fylltist ég bæði öfund og afbrýðisemi og vildi gera allt til að ónýta þennan ráðahag. Næsta sumar ákvað ég að biðja mér Helgu fögru á Alþingi og fékk til þess styrk frænda minna enda voru árin þrjú sem hún skyldi sitja í festum liðin. Mestu skipti að Helga var fegurst allra kvenna en auk þess þoldi ég ekki Gunnlaug og hroka hans og stærilæti. Sótti ég málið fast og var ákveðið að biðja í eitt ár en kæmi Gunnlaugur ekki að þeim tíma liðnum væri stúlkan mín. Þetta var spennandi tími en Gunnlaugur kom ekki eins og ég reyndar bjóst við og við Helga gengum í hjónaband um haustið.

Ég var kátur í brúðkaupinu en það spillti gleði minni hversu dýpur Helga var. Fólk veitti þessu athygli og sagði hana sakna Gunnlaugs. Ég flutti með brúði mína að Mosfelli en fljótlega frétti hún af heimkomu Gunnlaugs og gerðist mér mjög fráhverf. Hún sagði mig hafa sviðið sig og vélað og gerðist mér enn andsnúnari. Urðum við að flytja aftur til Borgar og fékk ég einskis að njóta í samvistum við hana enda vildi hún ekki deila með mér rúmi lengur. Í öðru brúðkaupi síðar um veturinn kom Gunnlaugur ásamt föður sínum og sátu þau, hann og Helga, lengi á hljóðskrafi. Sjaldan leyna augu þá ann kona manni. Hún hafði ekki augun af Gunnlaugi í boðinu enda var hann sýndarmennskan og montið holdi klætt, klæddur í forláta klæði og reyndi að bera sig eins og höfðingi. Fregnaði ég síðar að hann hefði fært henni dýrindis skikkju að skilnaði sem Aðalráður Englandskonungur hefði gefið honum. Þegar þeir fóru reið Gunnlaugur að mér og hafði í hótunum en feður okkar gengu á milli. Eftir þetta vildi Helga naumast sjá mig og var augljóst hvar hugur hennar dvaldist. Ég skynjaði að ég yrði að drepa Gunnlaug til að bjarga hjónabandi mínu og fá uppreisn æru. Við gengum á hólum á Þingvöllum en ákváðum eftir það að berjast til þrautar í útlöndum. Eftir harðan bardaga hjó Gunnlaugur undan mér annan fótinn. Ég vissi að þetta yrði minn bani en ég gat ekki hugsað mér að hann lifði áfram og fengi að njóta

Helgu. Bað ég hann að færa mér vatn og lofaði að svíkja hann ekki. Hann var svo auðtrúa að hann færði mér vatn í hjálmi þótt ég stæði með sverð í hendinni. Ég nýtti tækifærið, sveik Gunnlaug og hjó hann banahögg. Hann sagði þá eins og kjáni að ég hefði illa sviðið hann og ódregilega. Ég svaraði þá að bragði: *Satt er það en það gekk mér til þess að ég ann þér eigi faðmlagsins Helgu hinnar fögru.*

GEÐGREINING

Hrafn Önundarson: Aðsóknarpersónuröskun
(*Paranoid personality disorder*)

Þessi röskun einkennist af ofurviðkvæmni gagnvart ósigrum og höfnun og tilhneigingu til mikillar öfundsyki og afbrýðisemi. Þessir einstaklingar eru alltaf tilbúnir í átök og standa fast á rétti sínum. Þeir túlka eigin veruleika með óteljandi samsæriskeningum og eru gjarnir á að misskilja og mistúlka.

Allir geðlæknar þekkja menn eins og Hrafn og mörg orlagarík sakamál má rekja til þeirra. Þetta eru menn sem fremja afbrýðiglæpi og ganga frá nýjum eiginmönnum eða ástmönnum fyrrum eiginkvenna sinna eins og þeir þoli ekki að nokkur annar maður fái notið þeirrar ástar sem þeim stendur ekki lengur til boða. Þessir menn gera sig oft seka um mikil ofbeldisverk gagnvart konum sínum vegna þess hversu þjakaðir þeir eru af vanmetakennd og afbrýðisemi sem gerir þá hugstola. Þetta eru menn sem oft eru settir í nálgunarbann gagnvart fyrrum eiginkonum sínum eða börnum þar sem þeim er í engu treystandi vegna sjúklegrar afbrýðisemi. Það er erfitt fyrir geðlækni að tala við slíkan mann vegna þess að hann sér engin vandamál hjá sjálfum sér heldur einungis óvildarmenn og öfundarmenn í hverju horni sem sæta lagi að klekkja á honum. Þeir finna aldrei fyrir samviskubiti eða iðrun enda fullvissir um heilagan rétt sinn í hverju máli.

Hrafn fellur ágætlega að greiningarskilmerkjum aðsóknarpersónu-

röskunar. Hann er tortrygginn, ofurviðkvæmur og alltaf tilbúinn í átök. En hann er líka mjög sjálfmiðaður og móðgunargjarn og þótti ekki Gunnlaug og persónuleika hans.



VIÐTAL VIÐ HÉLGU FÖGRU ÞORSTEINSDÓTTUR

GEÐLÆKNIR: Hvernig leið þér með þessi átök Hrafn og Gunnlaugs?

HELGA: Ég var leiksoppur karlmannna og stjórnaði engu í eigin lífi. Gunnlaugur fór utan og átti ég að sitja í festum í þrjá vetur. Hrafn Öndarson bað mín meðan Gunnlaugur var enn ytra og fékk mín þegar Gunnlaugur kom ekki á tilskildum tíma. Faðir minn réð þessu eins og öðru og spurði mig ekki álits á þessum ráðahag. Hrafn átti öfluga ættingja sem lögðu honum lið og faðir minn bognaði undan álaginu. Þetta var erfiður tími. Ég skyggdist til hafs og upp til fjalla á hverjum degi og vonaðist til að sjá heitmann minn koma en það gerðist ekki. Tími minn í festum var liðinn, heitmaðurinn lét ekki sjá sig og þá var haldið brúðkaup okkar Hrafn.

Ég var mjög sorgbitin í brúðkaupinu og vonaði að Gunnlaugur birtist og bjargaði mér úr þessum vandræðum en kvöldið leið og enginn kom mér til hjálpar. Ekki vissi ég á þeirri stundu að Gunnlaugur væri kominn og sæti í föðurgarði að Gilsbakka. Við hittumst fljótlega og þá uppgötvaði ég að Hrafn hefði blekkt mig. Gunnlaugur lofaði mér því að frelsa mig úr þessari prísund og skoraði Hrafn á hólmen einvígið fór út um þúfur.

Ég fann illa fyrirboða í loftinu en mér var haldið utan við þessar deilur þótt ég væri deiluefnið. Mér þótt vænt um þá báða, ég elskaði Gunnlaug en vildi ekki að Hrafn dæi mín vegna. Verst var hversu langur þessi óvissutími var. Þeir fóru báðir til Noregs til að berjast en fundum þeirra bar ekki saman fyrr en að hálfu öðru ári liðnu. Þá fyrst hittust þeir og féllu báðir. Langur tími leið áður en okkur bárust þessar fréttir en auðvitað hafði ég búist við hinu versta.

GEÐLÆKNIR: Giftist þú aftur?

HELGA: Jú, löngu síðar gifti faðir minn mig manni sem hét Þorkell Hallkellsson. Við eignuðumst saman nokkur börn en aldrei gleymdi ég Gunnlaugi. Oft sat ég og handfjatlaði skikkjuna sem Gunnlaugur gaf mér og hugsaði um mennina tvo sem elskuðu mig svo heitt að þeir voru tilbúnir til að deyja fyrir ástina. Þorkell stóðst engan samburð við þá. En hann lifði og þeir voru báðir dauðir þrátt fyrir allan sinn hetjuskap, orðheppni og skáldskapargáfu.

GEÐGREINING

Helga Þorsteinsdóttir, hin fagra: Endurtekin geðlægdarröskun
(*Recurrent depressive disorder*)

Nokkru áður en Helga fæddist dreymdi Þorstein föður hennar tákna-rænan draum úr fuglaríkinu þar sem tveir ernir berjast um fallega álf til að Borg á Mýrum. Þeirri viðureign lauk þannig að báðir ernirnir drápu en álfinn sat eftir hnípin mjög og dapurleg. Þá kom valur úr vestri og settist hjá álfinni og lét að henni blíðlega. Norðmaður nokkur réð draumana á þann veg að álfinn væri ófædd dóttir hans en ernirnir vonbiðlar hennar sem mundu berjast og deyja. Hún mundi síðan giftast valnum.

Nokkru síðar reið Þorsteinn til þings og skipaði þá Jófríði konu sinni sem þá var þunguð að bera út barnið sem hún mundi fæða ef það væri meybarn, en dreng skyldu þau ala upp. Jófríður varð léttari og fæddi telpu en ákvað að óhlýðnast þessum grimmúðlegu fyrirætlum og sendi barnið þess í stað til föðursystur sinnar, Þorgerðar Egilsdóttur í Hjarðarholti. Hún tók við telpunni og kom henni fyrir í fóstur á annan bæ í grenndinni. Þegar Þorsteinn kom frá þingi sagði Jófríður honum að hún hefði borið út barnið. Sex árum síðar komst hann að hinu sanna og þá flutti telpan heim með föður sínum að Borg.

Ekki er að efa að Helga hefur heyrt þessa sögu og skilið að faðir

hennar vildi ekki að hún kæmist á legg. Þetta hefur eflaust valdið henni sárindum og höfnunarkennd og efasemdum um ást og virðingu foreldra sinna. Það er örlagaríkt fyrir barn að vera á hrakhólum fyrstu sex æviárin vegna þess að foreldrarir vilja það feigt. Slíkt skilur eftir djúp sár í sálinni og veldur bæði kvíða og þunglyndi.

Í lokakafla Gunnlaugs sögu er lýst dauða Helgu hinnar fögru. Hún veiktist alvarlega og lá með höfuð sitt á hné eiginmannsins. Hún lét senda eftir skikkju Gunnlaugs og dó með hana í höndunum. Það er greinilegt að Helga hefur verið mjög þunglynd eftir allar þessar raunir og aldrei sætt sig við fall Gunnlaugs. Á banastundinni hugsar hún til hans þótt hún liggi í kjöltu bónda síns og barnsföður. Sagan um Helgu hina fögru fjallar um ódauðleika ástarinnar og heitra tilfinninga. Gunnlaugur lifir með Helgu þótt hann sé löngu dáinn og verður með tímanum að ósnertanlegri og fullkominni helgimynd.

Þetta hef ég oft séð gerast hjá fólki sem telur sig hafa misst stóru ástina í lífi sínu. Minningu hins látna er gert svo hátt undir höfði að enginn dauðleg manntvera getur nokkru sinni keppt við hana eða skákað henni í daglegu amstri eða hjónabandi. Þorkell eiginmaður hennar hefur eflaust fundið tilfinningalega fjarlægð hennar í sambandinu og skynjað að Gunnlaugur ormstunga var fastur gestur í hjónarúmi þeirra þótt hann væri löngu dauður og grafinn í norskrí mold. Helga dæmir sig til ævilangrar óhamingju með því að velja að lifa í fortíðinni og láta hana stjórna öllu sínu lífi. Fortíðarþráhyggja leiðir venjulega til alvarlegs þunglyndis þar sem löngu liðinn harmur fær að stjórna daglegri líðan.

Gunnlaugur, Hrafn og Helga í nútímanum

Öll eru þau góðum gáfum og hæfileikum gædd. Helga hefði hvarvetna vakið athygli fyrir fegurð sína og glæsileika og náð langt í stjórnámálum, háskólasamfélaginu eða í listum. Helsta vandamáli hennar hefði alltaf verið öryggisleysi og efasemdir um eigið ágæti

og manngildi sem hún hefði borið með sér úr föðurhúsum. Helga hefði reynt að sanna sig á hverjum nýjum vinnustað eða nýju sambandi. Hætt er við því að hún hefði bagnað eða brotnað í mótlæti og verið fastagestur á bráðamóttökum geðdeilda og stofum sálfræðinga. Samskiptin við foreldrana hefðu alltaf verið flókin og hún hefði átt erfitt með að komast yfir nagandi höfnunarkennd gagnvart þeim. Helga hefði tamið sér áunnið hjálparleysi sem hefði laðað að henni ærið misjafna karlmenn.

Gunnlaugur hefði átt brokkgengan feril í íþróttum og eftir það snúið sér að blaðamennsku og bókaútgáfu. Hann hefði ávallt verið umtalaður maður fyrir óbilgirnir sína í viðskiptum, ljóð og kvennamál. Köntóttur persónuleikinn hefði gert það að verkum að hann hefði víða lent í útistöðum við umhverfi sitt og fengið á sig orð fyrir hrokafulla framkomu. Konur hefðu laðast að þessum kjaffora blaðamanni og dáðst að orðfimi hans og birtæfni. Hann hefði alltaf haldið á lofti afrekum sínum á íþróttasviðinu þótt þau væru hvorki merkileg né mörg.

Hrafn hefði ávallt verið á valdi eigin persónuröskunar. Hann hefði verið afbrýðisamur og öfundsjúkur og sannfærður um sviksemi heimsins gagnvart sér. Hjónaband hans hefði verið hamingjusnautt og einkennst af ofbeldi og tortryggni. Hrafn er einn þeirra manna sem hefði getað drepið bæði konu sína og ástmann hennar eða gamlan kærasta og sjálfan sig í afbrýðikasti.

Ef þau Hrafn, Gunnlaugur og Helga hefðu hist í nútímanum er viðbúið að viðskipti þeirra hefðu endað jafn hræðilega og á söguöld. Gunnlaugur hefði komist upp á milli þeirra hjóna og Hrafn brugðist illa við og skorað hann á hólmi. Saman hefðu þeir mætt örlögum sínum hvor með sinn haglarann um öxl og fallið báðir.

SKÁLDIN OG FREUD

Löngu síðar þróuðu Sigmund Freud og fleiri sálkönnuðir kenningu

sem kallast „madonnu-hóru“-heilkennið. Þar er fjallað um karlmanninn sem gírnist ekki konuna sem hann elskar og elskar ekki konuna sem hann gírnist. Skáldin í Íslendingasögum eins og þeir Hallfredur og Kormákur virðast ófærir um að gírnast konurnar sem þeir elska svo að þeir velja að elska þær úr fjarlægð alla ævi en láta aldrei reyna á þessar tilfinningar í holdlegu sambandi. Hallfredur og Kolfinna nutust einhvern tíma á lífsleiðinni en ekki er að sjá að Kormákur og Steingerður hafi nokkru sinni komið saman í eina sæng og því síður Björn Hítðalakappi og Oddný eykyndill. Samskipti þeirra Kormáks og Steingerðar hvors sínu megin við bríkina eru vandræðaleg. Hann virðist gjörsamlega lamaður og ófær um að klöngrast yfir bríkina, taka Kolfinnu í fang sér og láta reyna á karlmennsku sína og ástina. Erfitt er að átta sig á því hvort Gunnlaugur og Helga hafi nokkru sinni fitlað hvort við annað þótt sennilega hafi það gerst í útihúsum að Borg á Mýrum enda var Gunnlaugur mikill töffari og fór yfirleitt þangað sem hann ætlaði sér.

Sigmund Freud segir að þetta einkenni stafi af óleystri ödipusarduld. Menn setji konuna sem þeir elska á stall með móður sinni eða Maríu guðsmóður og ómögulegt sé að gírnast svo heilagar konur, enda væri það ígildi sífjaspells. Hefðu þeir Kormákur, Hallfredur eða Björn lagst á bekkinn hjá Freud gamla hefði hann eflaust spurt þá náði út í samskipti þeirra við mæður sínar og reynt að skýra andlega lömun þeirra út frá þeim. Hann hélt því fram að þessir menn hefðu átt kaldar og fjarlæggar mæður sem þeir hefðu reynt að nálgast en án árangurs. Síðar á lífsleiðinni kæmi upp þessi gamla mynd af móðurinni og lamaði þá í samskiptum við aðrar konur. Reyndar skýrði Freud marga mannlega breyskleika út frá sambandinu við móðurina svo að það hefði ekki verið neitt nýmæli. Litlum sögum fer af mæðrum þessara kappu eða uppeldisadferðum þeirra en allir koma piltarnir úr föðurhúsum ákaflega uppburðarlitir.

Einhvers staðar segir meistarinn að þetta heilkenni stafi af dulinni samkynhneigð manna sem geti ekki gírnst konur líkamlega og velji því ómeðvitað að elska þær úr fjarlægð. Það væri að bera í bakkafullan lækinn að halda því fram að Kormákur hafi verið samkynhneigður

en uppburðarleysi mannsins í kvennamálum æpir eins og drukknandi maður í sjávarháaska. Sennilega dó hann sem hreinn sveinn með nafn Steingerðar á vörum. Hinir höfðu allir einhverja reynslu í ástamálum en gagnvart stóru ástinni í eigin lífi voru þeir eins og í herfjötri.

Talsvert hefur verið skrifað um þetta heilkenni á okkar tímum. Margir hafa orðið til þess að nefna Elvis Aaron Presley söngvara sem þolanda þessara einkenna. Hann átti sér ákaflega sterka, kalda og fjarlæga móður en litlum sögum fer af föður hans. Elvis kvæntist ungri konu, Priscillu að nafni. (Þau kynntust þegar Elvis gegndi herþjónustu í Þýskalandi og Priscilla var aðeins fjórtán ára að aldri.) Hún skrifaði ævisögu sína og talaði þá um getuleysi Elvísar í hjónasænginni og honum hefði verið ókleift að hlutgera þá ást sem hann hafði á henni. Á hinn bóginn var Elvis mikill kvennamaður og svaf hjá miklum fjölda gleðikvenna og smástúlkna en hann virtist ófær um að njóta ásta með konunni sem hann elskaði (Priscillu) eða elska konurnar sem hann gat sofið hjá. Þetta hafði þó mögulega með aldur þessara kvenna að gera því að Elvis virtist missa áhugann á konum sem komnar voru af unglingsaldri. Fleiri kvennamenn hafa verið nefndir til sögunnar sem eru svo illa haldnir af ödipusarduld að þeir geta aldrei notið kvenna vegna þess að móðir þeirra er alltaf með í för.

Í SÖGULOK

Aðalsöguefni Gunnlaugs sögu er örlög Helgu fögru Þorsteinsdóttur og þau forlög sem hún skapar vonbiðlum sínum tveimur. Sögufléttan er glæsilega undirbúin með draumi Þorsteins föður hennar þar sem tveir yngissveinar í líki arna berjast um álftina Helgu og deyja báðir. Aðalstef sögunnar er ofurást og ógæfan sem hún veldur. Heiður og karlmennska koma líka við sögu, ættarstolt og mikill þvergirðingur. Þessi ástarsaga umhverfist fljótlega í harmsögu þar sem Helga er óvirkur þolandi þeirra örlaga sem karlar skapa henni með ástum sínum og illdeilum. Boðskapur sögunnar er sá að ástin deyi aldrei heldur lífi með fólki löngu eftir fráfall þess sem heitast var elskaður.

AÐ LOKUM

Margt hefur verið skrifað um Íslendingasögur og ótal fræðimenn hafa krufið efni sagnanna og fjallað um persónur og leikendur og atburðarásina í heild sinni. Menn hafa velt því fyrir sér hvort sögurnar lýsi raunverulegum atburðum eða séu hugarfóstur höfundanna sem byggja á 2–300 ára gömlum flökkusögum og munnmælum. Vinsældir Íslendingasagna voru alltaf miklar meðal þjóðarinnar og menn trúðu venjulega þeim afrekssögum sem þar voru sagðar af forfedrunum. Sumar persónur sagnanna hafa notið mikilla vinsælda og komist nálægt því að vera þjóðhetjur íslenskrar sögu og hafa gegnt svipuðum hlutverkum og miklir herforingjar eða frelsishetjur meðal annarra þjóða. Þannig hefur Gunnar á Hlíðarenda um aldir verið talinn godum líkur og íslenskar konur elskuðu hann ekki síður en nútímastúlkur leggja ofurást á kvikmyndahetjur eða poppstjörnur.

Hetjur sagnanna fengu eigið líf í vitund þjóðarinnar og runnu smám saman inn í raunveruleikann og Íslandssöguna. Þegar farið er með ferðamenn á Þingvelli eru sýndar búðir fornanna á völlum svo sem þeim er lýst í Íslendingasögum. Sama máli gegnir um ferðir sem farnar eru á söguslóðir þar sem menn skoða gamla bæi og hóla með augum sagnfræðingsins en ekki bókmenntafræðingsins. Menn fara á Njáluslóðir og skoða staðinn við Markarfljót þar sem Skarphéðinn drap Þráin Sigfússon og gleyma því að fljótið hefur margbreytt um farveg á liðnum öldum.

Íslendingasögur eru gott dæmi um skáldskap eða hálsannleik sem smám saman verður að sannleika af því að hann er bæði þægilegur og æskilegur og allir eru á eitt sáttnir um gildi hans. Þannig hafa þingmenn oft vitnað til Njáls Þorgeirssonar í þingræðum og orða hans á Þingvöllum. Um allt land má finna grjóthnullunga sem kenndir eru við Gretti Ásmundsson hinn sterka eða aðra kraftajötna. Ótal ferðamenn hafa staðið á Bergþórshvoli og séð fyrir sér brennumenn þar sem þeir sóttu að bænum. Þannig hefur saga, persónur og landið runnið saman í eina órofa heild sem eignast eigið líf.

Í aldanna rás hafa mótast ákveðin viðmið og hefðir í Íslendingasögum sem leyfilegt er að nota. Ekki er að efa að margir verða ósáttir

við túlkanir og skýringar mínar á persónum Íslendingasagna en vonandi finnst öðrum gaman að velta fyrir sér hugmyndum geðlæknisfræðinnar þótt þær feti ekki þrönga stigu einhverrar rétttrúnaðarstefnu. Í mínum huga eru Íslendingasögur sögulegur skáldskapur þar sem höfundarnir sýna ótrúlega þekkingu á persónuleika og atferli helstu söguhetjanna. Sögurnar eiga að vera umdeildar og túlkun þeirra má aldrei verða einhliða og samróma, enda bjóða þær upp á margháttaða sýn og skoðanir. Ég vona að sem flestir komi að þessum sögum í framtíðinni og stuðli þannig að því að þær verði lifandi veruleiki í samfélaginu en ekki bara viðfangsefni fræðimanna.

BÓKARAUKI

Helstu greiningar geðlæknisfræðinnar sem notaðar eru samkvæmt alþjóðlegri tölfraeðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála. Geðsjúkdómar hafa bókstafinn F og síðan fylgir ákveðið númer sem flokkar ástandið enn frekar. F 00 til F 09 eru geðsjúkdómar sem eiga sér örugglega vefræna skýringu eins og vitglöp af ýmsum orsökum. F 10–F 19 eru ávana og fíknisjúkdómar. F 20–F 29 eru geðklofi, geðklofagerðar og hugvilluraskanir. F 30–F 39 eru lyndisraskanir eins og geðlægð og ofsakæti. F 40–F 48 eru hugraskanir, streitutengdar raskanir og líkömnunarraskanir eins og til dæmis áráttu- og þráhyggjuröskun. F 50–F 59 eru atferlisheilkenni tengd líffræðilegum truflunum og líkamlegum þáttum, eins og átraskanir. F 60–F 60 eru raskanir á persónuleika og atferli fullorðinna. F 70–F 79 er þroskahefting. F 80–F 89 eru raskanir á sálarþroska eins og sértækar mál- og talþroskaraskanir. F 90–F 98 eru atferlis- og geðbrigðaraskanir sem hefjast í bernsku eða á unglingsárum eins og til dæmis ofvirkni og athyglisbrestur. Samkvæmt stöðlum geðsjúkdómafræðinnar þarf ákveðnum skilyrðum að vera fullnægt til að viðkomandi greining sé notuð.

Aðsóknarpersónuröskun

(*Paranoid personality disorder*). **F 60.0**

1. Mann grunar að ástæðulausu að aðrir sitji á svikráðum, sviki og ætli að færa sér veikleika manns í nyt.
2. Maður veltir fyrir sér hversu traustir og tryggir vinirnir séu.
3. Maður treystir ekki öðrum vegna þess að að allt gæti verið notað gegn manni.
4. Maður les ógnandi skilaboð út úr alls kyns athugasemdum og setningum.
5. Maður er alltaf reiður og sár og fyrirgefur aldrei neinar móðganir eða misgjörðir.
6. Maður túlkar saklausa viðburði sem árásir og bregst við af fullri hörku.
7. Maður grunar makann sífellt um svik og framhjáhöld.

Geðklofalík persónuröskun*(Schizoid personality disorder)*. F 60.1

1. Maður sækist ekki eftir nánnum samskiptum við aðra.
2. Maður kys sér alltaf einveru.
3. Maður hefur lítinn kynferðislegan áhuga á öðrum.
4. Maður hefur ánægju af fáu.
5. Maður á enga nána vini eða trúnaðarmenn.
6. Manni er sama um hrós eða gagnrýni annarra.
7. Maður sýnir tilfinningalega flatneskju og kulda gagnvart öðrum.

Andfélagsleg persónuröskun*(Antisocial personality disorder)*. F 60.2

1. Maður hlýðir ekki samfélagslegum lögum og hefðum og lendir ítrekað í útistöðum við lög og rétt.
2. Maður svíkur og lýgur til að hafa gott af öðrum.
3. Maður er hvatvís og skipuleggur ekki fram í tímann.
4. Maður er pirraður og árásargjarn og lendir ítrekað í slagsmálum.
5. Manni er sama um eigið öryggi og annarra.
6. Maður er alltaf óábyrgur og getur ekki haldið í fasta vinnu eða staðið við fjárhagslegar skuldbindingar.
7. Maður iðrast einskis og réttlætir fyrir sjálfum sér og öðrum að hafa meitt og svívirt einhvern.

Hambriðþpersónuröskun*(Borderline personality disorder)*. F 60.3

1. Maður gerir allt til að koma í veg fyrir raunverulega eða ímyndaða höfnun.
2. Maður kemur sér í nán sambönd sem einkennast af annaðhvort mikilli aðdáun og ást eða fyrirlitningu og hatri.
3. Maður á í vandræðum með eigin sjálfsmynd og hefur miklar efasemdir um sjálfan sig.
4. Maður sýnir mikla hvatvísi í kynlífi og á fleiri sviðum.

5. Maður sýnir sjálfsvígshæðun með hótunum, tilraunum, sjálfsskaða og öðrum bendingum.
6. Maður finnur fyrir tilfinningalegum óstöðugleika sem einkennist af miklum geðsveiflum, gleði, óánægju, pirringi, hvatvísi.
7. Maður finnur stöðugt fyrir tómléikatilfinningu og miklu gleðileysi.
8. Maður er alltaf reiður og ósáttur og á erfitt með að stjórna skapi sínu.

Geðhrifpersónuröskun*(Histrionic personality disorder)*. F 60.4

1. Manni líður illa í kringumstæðum þar sem athyglin beinist ekki alltaf að manni.
2. Maður kemur fram við aðra á óviðeigandi, ögrandi eða daðrandi hátt.
3. Maður skiptir oft skapi og fer í fylu.
4. Maður beitir líkamlegri tjáningu til að draga að sér athyglina.
5. Maður tjáir sig á yfirborðskennandan hátt.
6. Maður sýnir leikræna ýkta tilfinningalega hegðun.
7. Maður lætur aðra auðveldlega hafa áhrif á sig.
8. Maður lítur á öll sambönd sem mun nánari en þau í raun eru.

Áráttuþráhyggjupersónuröskun*(Obsessive compulsive disorder)*. F 60.5

1. Maður er sífellt upptekinn af reglum og skipulagi.
2. Maður hefur fullkonnunaráráttu sem gerir það að verkum að erfitt reynist að klára mál eða ljúka erindum.
3. Maður er svo upptekinn af vinnu og skyldum að frístundir og vinir eru vanræktir.
4. Maður er samviskusamur og ósveigjanlegur varðandi siðferðislegar spurningar eða gildi.
5. Maður á erfitt með að losa sig við ónýta hluti sem ekki hafa neitt tilfinningalegt gildi.

6. Maður á erfitt með að eftirláta öðrum einhver verkefni nema allt sé gert nákvæmlega eftir eigin höfði.
7. Maður er alltaf nískur og aðhaldssamur og lítur svo á að peningum eigi að safna en ekki eyða.

Kvíðahliðrunarpersónuröskun

(*Avoidant personality disorder*). F 60.6

1. Maður forðast nán samskipti af ótta við gagnrýni eða höfnun.
2. Maður forðast fólk sem ekki er örugglega vel við mann.
3. Maður forðast persónuleg samskipti af ótta við að verða sér til skammar eða aðhláturs.
4. Maður hugsar stöðugt um mögulega höfnun eða gagnrýni í öllum mannlegum samskiptum.
5. Maður finnur fyrir stöðugum ótta vegna minnimáttarkenndar.
6. Manni finnst maður vera félagslega vanhæfur, klaufskur og síðri en aðrir.
7. Maður þorir ekki að taka áhættu eða takast á við ný verkefni af ótta við að verða sér til skammar.

Hæðispersónuleikaröskun

(*Dependent personality disorder*). F 60.7

1. Maður á erfitt með að taka venjulegustu ákvarðanir án þess að spyrja ráða.
2. Maður vill að aðrir taki ábyrgð á einföldustu ákvörðunum daglegs lífs.
3. Maður á erfitt með að vera ósammála öðrum af ótta við höfnun.
4. Maður á bágt með byrja á einhverju nýju af ótta við að mistakast.
5. Maður gengur allt of langt til að tryggja sér stuðning annarra. (Gerir stundum hluti sem eru óþægilegir.)
6. Maður er óeðlilega hræddur við að vera einn af ótta við að geta ekki séð um sig sjálfur.
7. Maður leitar strax eftir einhverjum nýjum til að annast sig þegar sambandi lýkur.

8. Maður er óraunsær í ótta sínum við að vera skilinn eftir eða þurfa að standa á eigin fótum.

Sjálhverf persónuröskun

(*Narcissistic personality disorder*). F 60.8

1. Maður veit vel af eigin mikilvægi.
2. Mann dreymir um stöðuga sigra, völd, fegurð og fullkomna ást.
3. Maður trúir á eigin sérstöðu, enda skilur mann enginn nema sérstakt fólk.
4. Maður krefst mikillar athygli.
5. Manni finnst maður eiga skilið að að allt gangi í haginn.
6. Maður nýtir sér samskipti við aðra í eigin þágu.
7. Mann skortir hluttekningu og nærgætni.
8. Maður er sífelld öfundsjúkur vegna velgengni annarra.
9. Maður sýnir oft af sér hrokafulla hegðun.

Langvinnur alkóhólismi (*Chronic alcoholism*). F 10.2

1. Mann langar alltaf til að drekka áfengi.
2. Maður á í erfiðleikum við að stjórna drykkju.
3. Maður finnur fyrir alvarlegum fráhrarfseinkennum eftir drykkju.
4. Maður finnur fyrir þolmyndun.
5. Maður hefur dvínandi áhuga á öllu öðru en áfengi.
6. Maður heldur áfram að drekka þrátt fyrir skaðlegar afleiðingar drykkjunnar.

Tvíhverf lyndisröskun

(*Bipolar affective disorder unspecified*). F 31.0

1. Maður finnur hvernig lundin sveiflast niður í dýpstu dali og upp í hæstu hæðir.
2. Maður finnur fyrir tímabilum þegar hugsunin er ör, maður talar hratt og er fullur af orku, maður finnur fyrir auknu sjálfstrausti og fær oft mikilmennskuhugmyndir, maður sefur lítið og þarf ekki að borða.

3. Maður er dómgreindarlaus, eyðir miklum peningum, keyrir hratt og sýnir af sér ábyrgðarleysi.
4. Maður á tímabil þunglyndis þegar heimurinn er bæði leiðinlegur og erfður, maður veltir fyrir sér sjálfsvígi og hefur engan áhuga lengur á daglegum athöfnum.

Endurtekin geðlæggðarröskun

(*Recurrent depressive disorder*). F 33.0

1. Maður er niðurdreginn og dapur.
2. Maður hefur ekki lengur áhuga á daglegu lífi og athöfnum.
3. Maður er alltaf orkulaus og þreyttur.
4. Maður hefur glatað eðlilegu sjálfstrausti.
5. Maður finnur fyrir sektarkennd og sjálfásökunum.
6. Maður á erfitt með einbeitingu.
7. Maður sefur illa.
8. Maður hefur ekki eðlilega matarlyst.
9. Maður bregst á engan hátt eðlilega við áreiti.
10. Maður vaknar snemma á morgnana.
11. Maður finnur fyrir minnkaðri kyngetu.
12. Maður hugleiðir sjálfsvíg.

Blandin kvíða- og geðlæggðarröskun

(*Mixed anxiety and depressive disorder*). F 41.2

1. Maður finnur fyrir ótta eða kvíða við fjölmargar ástæður þar sem engin ástæða er til.
2. Maður óttast óttann eða kvíðir því að verða kvíðinn.
3. Maður finnur alltaf fyrir depurð og gleðileysi.
4. Maður hefur lítið sjálfstraust og rífur sig í sífellu niður.

Áfallastreituröskun

(*Post traumatic stress disorder*). F 43.1

1. Maður hefur orðið fyrir einhverju áfalli sem staðið hefur stuttan tíma eða lengi og veldur öllum miklu álagi og hugarangri.

2. Maður man eftir því sem gerðist og það rifjast stöðugt upp í draumi eða eins og mynd sem skyndilega birtist og hvolfist yfir mann.
3. Maður forðast svipaðar aðstæður.
4. Maður á erfitt með að muna tímabilið þegar atburðurinn gerðist eða stóð yfir.
5. Maður sefur illa og á erfitt með að einbeita sér.
6. Maður er pirraður og spennur og alltaf á varðbergi.

Asperger-heilkenni. Innhverfa. F 84.5

1. Maður á erfitt með venjuleg félagsleg samskipti.
2. Maður á erfitt með tjáskipti, skilur illa talað mál og á erfitt með líkamstjáningu.
3. Maður á erfitt með umheiminn og fellur oft í reglubundna hegðun með þröng áhugamál.
4. Maður er oft ágætlega starfhæfur með háa greindarvísitölu og myndin einkennist af formlegu, smámunasömu tali.

Hegðunarraskanir

(*Conduct disorder*). F 91.0

Venjulega hjá ungu fólki.

1. Maður ógnar öðrum og beitir þá ofbeldi.
2. Maður stofnar til áfloga.
3. Maður beitir vopnum sem skaðað geta aðra alvarlega.
4. Maður er vondur við dýr.
5. Maður stelur frá öðrum.
6. Maður beitir kynferðislegu ofbeldi.
7. Maður brýst inn og stelur eigum annarra.
8. Maður strýkur að heiman og leggst út nokkrar nætur í senn.
9. Maður skrópar í skóla.

Torfi H. Tulinius

SKÁLDSKAPUR UM VERULEIKANN

Óttar Guðmundsson hefur tekið sér fyrir hendur að varpa ljósi nútímageðlæknisfræði á margar af helstu persónur Íslendingasagna. Það gerir hann með aðferð sem er bæði skemmtileg og hugvitssöm. Hann tekur upp helstu atriði úr sögunum sem varða persónurnar, hegðun þeirra og lyndiseinkunnir, og setur fram geðgreiningu sem studd er af ímynduðum viðtölum sem hann á við þær. Á grundvelli þessarar greiningar setur hann fram tilgátu um hvernig slíkri persónu hefði reitt af í nútímasamfélagi. Margar af niðurstöðum hans eru nýstárlegar og að ýmsu leyti ögrun og áskorun fyrir bókmenntafræðing sem hefur að atvinnu að fjalla um og skýra þessar bókmenntir.

Það hefur löngum þótt einkenna Íslendingasögur hve raunveruleikaáhrif þeirra eru sterk. Atburðir og persónur standa lesendum ljós- lifandi fyrir hugskotssjónum og þeim dettur ekki annað í hug en verið sé að draga upp mynd af liðnum veruleika. Svo rammt kvað að þessari trú fyrr á öldum að langflestir sem kynntu sér þessar bókmenntir voru ekki í nokkrum vafa um að Gunnar og Njáll hefðu gengið saman um grundir á Þingvöllum, Egill ort kvæði í Jórvík og leyst þannig höfuð sitt undan reiði Eiríks blóðaxar og Helga fagra dáíð af harmi vegna Gunnlaugs ormsungu. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, fræðimenn vélað um þessar sögur og komist að því að margt sem þar segir um Íslendinga er fengið að láni úr eldri sögum um allt aðrar persónur, þ.á m. Norðmenn og annarra þjóða fólk og að tímatal ým- issa sagna stenst illa. Enn fremur hefur þeim orðið sífellt ljósara að sögurnar lúta fremur lögmálum skáldskaparins en veruleikans eins og við erum flest sammála um að skilgreina hann og silja.

Þess vegna var orðið „raunveruleikaáhrif“ notað hér að ofan. Sög- urnar endurspeglu ekki veruleikann beint heldur beita aðferðum sem

fá lesendur til að trúa því að sá heimur og þær persónur sem lýst er í sögunum séu til, að þau lúti sömu lögmálum og þeir sjálfir og heimurinn sem þeir byggja. „Raunveruleikaáhrif“ er þýðing á hugtaki franska bókmenntafræðingsins Roland Barthes, en hann kynnti það fyrst í stuttri grein árið 1968 og kallaði „l'effet de réel“. Hann notaði það til að skýra hvers vegna 19. aldar höfundar eins og Balzac eða Flaubert gerðu sér far um að lýsa hlutum úr umhverfi persóna sinna jafnvel þótt þessir hlutir komi ekki beint við framvindu sögunnar sjálfrar. Munurinn á Íslendingasögum og frönskum skáldsögum frá 19. öld er sá að hinar síðarnefndu áttu þátt í að móta stefnu sem gerði skáldsöguna einmitt að ríkjandi bókmenntaformi álfunnar þegar líða tók á öldina: realismann eða raunsæisstefnuna.

Eftir því sem best verður séð aðhylltust höfundar Íslendingasagna ekki meðvitaða liststefnu og allra síst raunsæisstefnu sem hefði naumast geta orðið til fyrr en með vísindabyltingu Upplýsingarinnar. Eigi að síður eru raunveruleikaáhrifin svo sterk að argentínska Nóbelskaldið Jorge Luis Borges hikaði ekki við að halda því fram að höfundar Íslendingasagna hefðu fundið upp bókmenntalegt raunsæi löngu á undan öðrum Evrópuþjóðum. Eins og Borges bendir á, fór reyndar fyrir uppfirringu raunsæisins eins og fyrir fundi Ameríku: um síðir týndist Vínland hið góða og sömuleiðis hættu Íslendingar að semja Íslendingasögur og gleymdu sér við rómönsuskrif sem hafa lítið með raunveruleikann að gera, nema á mjög yfirfærðan hátt.

Þegar byrjað var að skrá það sem við nú köllum Íslendingasögur á bókfell einhvern tíma á fyrri hluta þrettánda aldar, vissu þeir auðvitað ýmislegt um menn og málefni á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Til dæmis munu einhverjar sagnir hafa lifað í munnlegri geymd, ásamt aðskiljanlegum kveðskap, bæði kveðnum að hætti dróttskálda og undir edduháttum. Enn fremur höfðu þeir nasasjón, þökk sé „spaklegum fræðum Ara fróða“ frá því snemma á tólftu öld, um tildrög þess að landið var numið, Alþingi var sett og þjóðin snerist til kristinnar trúar. Vafalaust hefur sú vitneskja sem nú er varðveitt í Íslendingabók og Landnámu myndað kjarnann í hugmyndum þeirra um það sem við nú köllum söguöld einmitt vegna þess að Íslendingasögurnar urðu til. Það var þó ekki fyrr en safnast hafði fyrir reynsla af annarri sagnaritun um norska konunga samtímans og fyrri alda, en einnig um hetjur

og konunga aftan úr fornöld. Meðal annars var byggt á frásögnum Íslendinga sem höfðu verið samvistum við Noregshöfðingja, barist fyrir þá (stundum við þá), ort um þá og átt við þá ýmis konar önnur samskipti. Svo datt einhverjum ónefndum snillingi í hug að það gæti verið alveg jafn merkilegt að eyða bókfelli á sögu sem hefði Íslendinga í aðalhlutverki og þá varð til þessi sérstaka bókmenntagrein sem fjallar um Íslendinga sem uppi voru frá landnámi og eitthvað fram yfir kristnitöku.

Persónur sagnanna voru oft nánir forfeður þeirra sem sömdu sögurnar og fyrstu viðtakenda þeirra. Auk þess hafði samfélagið ekki breyst í neinum grundvallaratriðum frá því á söguöld þar til sögurnar voru skrifaðar tveimur til þremur öldum síðar. Atburðir fóru því fram í umhverfi sem allir þekktu. Þetta er sennilega helsta ástæðan fyrir áðurnefndum raunveruleikaáhrifum. Höfundar og viðtakendur deildu sömu reynslu af náttúrunni og mannlífni og þetta setti sagnamönnunum ákveðnar skorður í því hvernig þeir matreiddu söguna fyrir lesendur og/eða áheyrendur. Harmur Helgu í Gunnlaugs sögu ormstungu er talandi dæmi um þetta. Höfundur sögunnar hefur áreiðanlega þekkt til franskra rómansa sem voru í tísku á hans dögum. Bókmenntaminni úr þeim þrýsta á að Helga hin fagra deyi drottni sínum eftir fráfall Gunnlaugs, líkt og Ísönd hin fagra lifir ekki af dauða Tristrams eða hin ljúfa Alda springur af harmi þegar hún fréttir víg Rólants. Eins og þær, hugsar Helga Þorsteinsdóttir um sinn heitelskaða þegar hún gefur upp öndina, en í Íslendingasögunni er það ekki fyrr en löngu seinna, eftir að hún hefur alið manni sínum mörg börn og farsótt hefur geisad hefur í nágrenninu og kvatt dyra. Sameiginleg veruleikaskynjun temprar áhrif bókmenntatískunnar. Því á andlát Helgu sér lengri, og að því sem við teljum, eðlilegri aðdraganda. Sagnaminni eru löguð að kröfum raunverulegs lífs eins og höfundar og njótendur sögunnar þekkja það.

Sérstaða Íslendingasagna felst þannig í því að þær endurspeglar sameiginlegan skilning á veruleikanum, jafnvel þótt þær gerist í fortíð sem er orðin nokkuð fjarlæg, tveggja eða þriggja alda frásagnir af fólki og atburðum sem hafa breyst og mótast bæði í munnlegri geymd og af meðferð höfunda. Þótt þær sverji sig meira í ætt við skáldskap en veruleika, eru þær eigi að síður skáldskapur um veruleika og því

gefa þær okkur margvíslegar upplýsingar um reynslu fólks á 13. öld af mannlífinu og skynjun þess á því.

Það er þetta eðli Íslendingasagna sem réttlætir ágæta tilraun Óttars Guðmundssonar til að greina persónur þeirra, um leið og það setur henni ákveðin takmörk. Sameiginleg reynsla höfundar og viðtakenda sagnanna af veruleikanum hefur tryggt það að persónurnar og það sem hendir þær fellur að hugmyndum þeirra um það sem er líklegt að geti gerst. Þannig er umfjöllun Óttars um Helgu fögru mjög trúverðug (sjá bls. 214–216): Í hjónabandi sem var bæði langt og farsælt, að því leyti að börnin urðu mörg og mannvænleg, gaf Helga sig aldrei fyllilega að eiginmanni sínum. Í staðinn hélt hún tryggð við minningar um æskuástina, Gunnlaug, þótt hann væri löngu dáinn og grafinn. Þetta tengdist þunglyndi, hvort sem það var afleiðing þess að hún syrgði Gunnlaug alla tíð, eða orsök þess að hún komst aldrei yfir fráfall hans. Í tilfellum sem þessum er erfitt að segja hvort komi á undan, hænan eða eggjð, eins og Sigmund Freud rakti ágætlega í frægri ritgerð sinni um sorg og þunglyndi sem kom út í íslenskri þýðingu Sigurjóns Björnssonar.

Mörg fleiri dæmi um trúverðugar greiningar eru í bók Óttars. Þannig eru Hallgerði langbrók gerð sannfærandi skil með hugkvæmri úttekt á heimilishögum hennar í bernsku. Það verður ákveðið rof í fjölskyldu hennar þegar Höskuldur kemur heim frá útlöndum með frilluna Melkorku, sem reynist vera írsk prinsessa. Þjóðfélagsstaða hennar og sú staðreynd að Ólafur pá, sonur Höskuldar og Melkorku, tekur hálfstykkinum sínum fram að mannkostum og gjörvileik og uppsker því meira af ást og virðingu föður þeirra, skapar tómarúm í sálarlífi Hallgerðar sem skýrir hegðun hennar. Ekki síst varpar það ljósi á það hve mikilvægt það er henni að vera vel ættuð. Hún er komin af Auði djúpúðgu, sem var konungsmóðir á Skotlandi áður en hún gerðist landnámskona á Íslandi. Hún er auk þess af miklum höfðingjaættum á Vesturlandi. Það er því skiljanlegt að hún skyldi eiga erfitt með að vikja úr heiðursseti fyrir tengdadóttur Bergþóru þegar hún er flutt suður á land. Hins vegar er sjálfsmýndin brothætt og þolir illa að skugga sé á hana varpað. Enda hafði sjálfur Hróður föðurbróðir hennar gert fyrstu atlögu að henni þegar hann sagði hana bráðunga

vera með þjófsaugu. Því eru viðbrögð hennar í boðinu að Bergþórs-hvoli ýkt mjög og öll hegðun hennar eftir það samræmist greiningu Óttars.

Athyglisvert er að hér byggir Óttar á upplýsingum sem greint er frá í Laxdæla sögu, en ekki Njálu, en það er réttlætjanlegt, ekki síst vegna þess að höfundur síðarnefndu sögunnar hefur augljóslega þekkt til þeirrar fyrrnefndu og að einhverju leyti gert ráð fyrir því að lesendur sínir kynnu líka á henni skil. Að einu leyti er ég þó ósammála Óttari, en það varðar meint kynferðissamband Hallgerðar og föstra hennar Þjóstöls (sjá bls. 29–31). Ekkert í sögunni gefur ótvírætt til kynna að slíkt hafi átt sér stað. Hins vegar liggur kynferðissamband óneitanlega í loftinu, eins og Óttar rekur ágætlega: augljósir kærleikar milli Þjóstöls og fösturdótturinnar, ögrandi samræður þeirra í fyrstu brúðkaupsveislunni, beiskja hans í garð Glúms, miðmannsins sem Hallgerður virðist elska einlæglega, klámfengnar dylgjur hans um brölt á maga Hallgerðar, að ógleymdu því að hann stendur yfir höfuðsverði fyrstu tveggja eiginmanna hennar. Hins vegar þarf eiginlegt kynferðissamband ekki að hafa átt sér stað til að það sé nálægt í huga persónanna, og raunar höfundar og viðtakenda sögunnar líka. Hugarórar um þetta samband, og samhliða því hliðruð tengsl þess við sífaspell þar sem Þjóstölfur er í eins konar föðurhlutverki gagnvart Hallgerði, nægja samkvæmt Freud til að vera undirstaða taugaveiklunar af því tagi sem Hallgerður gæti verið fulltrúi fyrir.

Þessi skoðanamunur okkar Óttars tengist raunar umræðu sem kemur alltaf upp öðru hverju um kenningar Freuds um dulvitaðar kynferðislanganir. Eins og alkunna er, gerði hann ráð fyrir því að allir upplifðu slíkar kenndir til foreldra sinna en að þær væru kirfilega bældar í dulvitundinni. Ófullkomin lausn á ódipusarduldinni, ásamt tilheyrandi bælingu á frumhvötum, leiddi til taugaveiklunar. Eftir að hafa trúað því lengi að slík taugaveiklun ætti oft rætur að rekja til raunverulegra sífaspella, sneri hann við blaðinu og hélt því fram að í fleiri tilfellum væru sífaspellin ímynduð. Dulvitaðir órar um þau nægðu til að vekja taugaveiklun. Hafa ýmsir orðið til þess að gagnrýna Freud fyrir að loka augunum fyrir því að kynferðisleg misnotkun fedra á börnum sínum væri algengt þjóðfélagslegt mein og tengist þetta gjarnan femínísku endurmati á kenningum sálgreiningarinnar. Hér

skal ekki lagt mat á það hvort sú gagnrýni sé réttmæt en þessi umræða var aftur á döfinni nýlega í sambandi við það hvort fullyrðingar yfirlýstra fórnarlamba sífaspells gætu hugsanlega stafað af svokölluðum „fölskum minningum“ fremur en raunverulegum en bældum minningum sem koma fram í viðtalsmeðferð.

Það eru fleiri eftirminnilegar persónur Íslendingasagna sem Óttar varpar á athyglisverðu ljósi. Ein af þeim er Grettir Ásmundarson. Raunar hafa ýmsir orðið til þess áður að velta honum fyrir sér með hliðsjón af sálfræðikenningum, meðal annars Nýsjálandingurinn Russell G. Poole, sem er sérfræðingur í íslenskum miðaldabókmenntum og háskólakennari í Kanada. Hann fjallar um ýmis taugaveiklunareinkenni sem glögglega má greina í hegðun Grettis og styðst við huggræna atferlissálarfræði. Einnig hefur Haukur Ingi Jónasson sálgreinir farið rækilega í frásögn Grettis sögu í óprentaðri doktorsritgerð og stuðst við margs konar fróðleik úr auðugum þekkingarheimi sálgreiningarinnar.

Grettir liggur vel við höggi, ef svo má að orði komast, fyrir þá sem vilja nálgast hann á þennan hátt. Langar frásagnir um æsku hans, samhlíða lýsingum á kvillum eins og myrkfælni og svefnleysi, falla vel að hugmyndum nútímageðlæknisfræða um að orsakabætti taugaveiklunar sé að hluta til að leita í bernsku, ekki síst í sambandi barnsins við foreldraparið. Það sem mér finnst einkar athyglisvert við nálgun Óttars er sú áhersla sem hann leggur á meinta meðvirkni Ásdísar, móður Grettis. Ég tel þetta bæta við skilning okkar á Gretti: hún er honum of eftirlát, verndar hann fyrir föðurnum og ýtir þar með undir hegðunarvandamál hans frekar en að hvetja hann til að beygja sig undir reglur samfélagsins og tileinka sér þær.

Þegar á heildina er litið, takmarkast nálgun Óttars af því að hann getur ekki kallað á hetjur Íslendingasagna til sín og lagt þannig mat á geðheilbrigði þeirra, og enn síður grandskoðað líkamlegt ásikkomulag þeirra. Hann verður því að geta í eyðurnar, enda eru þetta bókmenntapersónur en ekki manneskjur af holdi og blóði. Það gerir hann gjarnan með því að sviðsetja ímynduð viðtöl við þær. Oft tekst honum skemmtilega upp, til dæmis þegar hann lætur Gretti bregða fyrir sig orðskviðum í læknaviðtölunum, eins og ósjaldan er raunin í þeim tilsvörum sem Grettluhöfundur leggur honum í munn.

Þarna fetar Óttar í fótspor margra rithöfundu frá Jóhanni Sigurjónssyni til Vilborgar Davíðsdóttur sem hafa ort í eyður fornsagnanna, endursagt þær um leið og þeir hafa gætt þær sínum eigin skilningi og samtíma síns. Eins og ótalmargir hafa gert í gegnum aldirnar og Jón Karl Helgason hefur rannsakað í bókum sínum, „endurskrifar“ Óttar sögurnar út frá eigin brjósti og hyggjuviti. Sérstafa Óttars liggur í viðtækri þekkingu hans á geðsjúkdómum, hegðunartruflunum og persónuleikaröskunum að viðbætti áratuga reynslu sem geðlæknir. Fyrir fræðimenn sem fást að staðaldri við sögurnar er hún, eins og allar djarfar og frumlegar nálganir, áskorun um að bregðast við nýjum spurningum.

ÞAKKARORÐ

Mig langar til að þakka öllum sem hjálpuðu mér
að gera þessa bók að veruleika:

Hæst ber konu mína, Jóhönnu V. Þórhallsdóttur, sem hlustaði
og horfði á þessa bók verða til og sýndi ótrúlega þolinmæði,
skilning og stuðning. Hún gaf mér góð ráð og hvatti mig
til dáða eins og kvenskörungur í sögunum.

Nokkrir lásu yfir handritið, gáfu ómetanleg ráð
og brýndu höfundinn.

Torfi Tulinius sýndi verkinu mikinn áhuga, ritaði eftirmála
og var alltaf tilbúinn að ræða nýja túlkun sagnanna.

Sonja B. Jónsdóttir las handritið yfir og færði fjölmargt til betri vegar.

Andri Óttarsson leit handritið nútímaaugum
sem veittu mér aðra sýn á viðfangsefnið.

Þorvaldur Þorsteinsson las frumdrög handritsins yfir
og eygði möguleika sem aðrir sáu ekki.

Þeir Steingrímur Eiríksson, Magnús Þór Jónsson (Megas),
Guðmundur B. Guðmundsson og Vilhjálmur Bjarnason
flettu bókinni og veittu mér andlegan styrk.